birta

JÓNAS ÖRN HELGASON

*Jarðbundinn meistari*

Tónlistarhátíðin Reykjavík Trópík

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




HM Í ÞÝSKALANDI:

*Allt um liðin sem spila á HM 2006*

Sérblað um heimsmeistarakeppnina

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Opnunartilboð!

Ellingsen

300.000 kr. afsláttur af öllum hjólhýsum

– fullt hús ævintýra

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. júní 2006 — 147. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000



## Til annarra starfa

Vinsælustu ólátabelgir Íslands stjórna nýjum þáttum á Stöð 2 eftir sumarfrí.

FÓLK 62



## Kynntust í gegnum Björk

Valgeir Sigurðsson stjórnaði upptökum á nýjustu plötu tónlistarmannsins Wills Oldham.

FÓLK 50

## Stefnufesta og sveigjanleiki



Ósigur Framsóknar mun kalla á mikla naflaskoðun í flokknum og ekki er að efa að sú skoðun mun að verulegu leyti snúast um skilgreiningar, segir Birgir Guðmundsson.

Í DAG 32

## Erfitt gegn Andorra



Íslenska U-21 árs landsliðið lenti í miklum vandræðum með Andorra á Akranesi í gær en sigraði þó að lokum, 2-0. Strákarnir tryggðu sér þar með sæti í undankeppni Evrópumótsins.

ÍÞRÓTTIR 58

## VEÐRIÐ Í DAG




**VÆTA Í FYRSTU** - Í dag verður hæg vestlæg átt. Víða dálítil væta með morgninum en eftir hádegi léttir víðast til. Hiti 5-14 stig, hlýjast á Suðausturlandi.

VEÐUR 4






# Biðin kostar 2,6 milljónum meira

**Hver legudagur fyrir 97 aldraða einstaklinga sem liggja á Landspítalanum, og hafa lokið meðferð og bíða annarra úrræða, kostar fjórar milljónir. Ef sami hópur dveldi á Eir myndi dagurinn kosta samtals 1,4 milljónir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Hver legudagur 97 aldraðra einstaklinga sem lokið hafa meðferð á Landspítalanum og eru á biðlista eftir úrræðum utan sjúkrahússins kostar samtals fjórar milljónir króna. Ef sami hópur dveldi á hjúkrunarheimilinu Eir kostaði dagurinn um það bil 1,4 milljónir. Þetta kom fram í svari Sivjar Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Erlu Pálmadóttur um kostnað við hjúkrun aldraðra á LSH.

Í svari ráðherra kom fram, að samkvæmt gagnagrunni spítalans frá 26. apríl biði 97 aldraðir sem liggja á Landspítalanum eftir plássi á hjúkrunarheimili. Tekið er meðaltal þeirra sem hafa dvalið á spítalanum í þrjátíu daga eða lengur og eru 75 ára eða eldri. Þeir skiptast niður á fimm svið, sem eru skurðlækningasvið, lyflækningasvið, geðsvið, endurhæfingasvið og öldrunarsvið spítalans. Á skurðlækningasviði er legukostnaðurinn hæstur, 80.651 krónur á dag fyrir hvert pláss. Á geðsviði er hann lægstur, 24.067 krónur.

Samkvæmt upplýsingum Sigurðar Helga Guðmundssonar, forstjóra hjúkrunarheimilisins Eirar, er legukostnaður þar á dag að meðaltali 14.350 krónur.

Á ársgrundvelli er legukostnaður þessa 97 manna hóps rúmlega 1,4 milljarðar króna, en 500 milljónir króna á Eir. Þarna munar næstum því milljarði króna.

„Hjá okkur eru nú fjögur hundruð manns á biðlista," segir Sigurður. „Það hafa verið frá 68 til 86 prósent heimilismanna á Eir sem hafa komið beint af Landspítalanum. Það er hrópandi skortur á rýmum fyrir aldraða," segir Sigurður Helgi Guðmundsson. - jss

**LEGUKOSTNAÐUR**

**-MIÐAÐ VIÐ 97 ALDRAÐA EINSTAKLINGA**

| Tímabil | Landspítali | Eir |
|---|---|---|
| Dagur | 4,0 | 1,4 |
| Mánuður | 120 | 42 |
| Ár | 1.440 | 500 |

Allar tölur eru í milljónum króna.



**VÉLMENNADANSINN** Hinn hávaxni framherji enska landsliðsins, Peter Crouch, sýnir hér Vilhjálmi Bretaprins vélmennadansinn sem hann tók á Old Trafford er hann skoraði gegn Ungverjum. Vilhjálmur og félagar Crouch í enska landsliðinu kunna greinilega vel að meta tilþrif framherjans frá Liverpool. Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu, sem fram fer í Þýskalandi, hefst eftir aðeins eina viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Utanríkisráðherrar sex stórvelda funduðu um kjarnorkumál Írans:

# Samkomulag um sáttatilboð

**VÍNARBORG, AP** Stórveldin fimm sem hafa neitunarvald í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, auk Þýskalands, náðu í gærkvöld samkomulagi um sáttatilboð til Írana.

Tilboðið felur í sér ýmsan efnahagslegan ávinning fyrir Írana gegn því að þeir falli frá starfsemi sem gæti gert þeim kleift að koma sér upp kjarnorkuvopnum, en refsiaðgerðir samþykki þeir það ekki. Margaret Beckett, utanríkisráðherra Bretlands, tilkynnti þetta eftir fund ráðherra stórveldanna sex í Vínarborg.

Fulltrúar Bandaríkjastjórnar sögðust á miðvikudag reiðubúnir til að taka þátt í beinum viðræðum við Íransstjórn, að því gefnu að hún hætti auðgun úrans. Í þessu fólst stefnubreyting af hálfu Bandaríkjastjórnar, þar sem hún hefur í áratugi ekki verið tilbúin til að eiga bein samskipti á æðstu stigum við klerkastjórnina í Teheran.

En ráðamenn í Teheran hafa engan bilbug látið á sér finna. „Íran fagnar viðræðum með sanngjörnum skilyrðum, en við munum ekki gefa frá okkur réttinn [til nýtingar kjarnorkunnar]," hafði íranska ríkissjónvarpið eftir Manouchehr Mottaki utanríkisráðherra. Þessi ummæli féllu áður en samkomulagið um sáttatilboð stórveldanna náðist.



**MARGARET BECKETT** Utanríkisráðherra Bretlands í Vínarborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkomulagið þykir sæta tíðinum ekki síst fyrir þær sakir að það sameinar ekki aðeins vesturveldin fjögur, Bandaríkin, Bretland, Frakkland og Þýskaland, heldur einnig Rússland og Kína að baki tilraunum alþjóðasamfélagsins til að fá Írana ofan af kjarnorkuáformum sínum. - aa



**KJÖRGÖGN Á RITSTJÓRN FRÉTTABLAÐSINS** Refsivert væri að nýta kjörgögn til þess að hafa áhrif á úrslit kosninga eða gera það með öðrum sviksamlegum hætti.

Ónotaðir kjörseðlar á flakki:

# 80 kjörseðlar á glámbekk

**KOSNINGAR** Fréttablaðið hefur undir höndum 80 ónotaða kjörseðla til þess að greiða atkvæði utan kjörfundar. Hverjum seðli fylgja tvö umslög og fylgiseðill svo sem lög gera ráð fyrir.

Lögfræðingar, sem Fréttablaðið hefur ráðfært sig við, furða sig á því að unnt sé að komast yfir ónotaða kjörseðla í slíkum mæli. Illmögulegt er að nota kjörseðlana nema með því að falsa embættisstimpil, en einnig þyrfti að koma til áritun af hálfu viðkomandi kjörstjórnar.

Ekki er vitað hvernig seðlarnir komust upprunalega úr réttum hirslum yfirvalda. Þeim verður komið í hendur réttra yfirvalda við fyrsta tækifæri. - jh

Veðrið um hvítasunnuna:

# Best fyrir norðan og austan

**VEÐUR** Veðurstofan spáir sunnanátt næstu daga og nokkuð góðu ferðaveðri um hvítasunnuhelgina.

Veðrið verður best fyrir norðan og austan en þar verður hlýtt og hiti um 18 gráður. Á Suður- og Vesturlandi verður kaldara og nokkur væta en rigningin mun aukast á sunnudag.

Á mánudaginn verður sunnanátt og væta um allt land en mjög hlýtt á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti getur farið upp í 20 stig á þessu svæði og því er upplagt að skella sér austur eða norður um helgina. - gbg

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

7 dagar í HM 2006

SÝN besta sætið

MasterCard Landsbankinn olís Iceland Express



## SPURNING DAGSINS

*Ólafur, hefur þú komið í Laugardalsréttir?*

„Nei, ekki hef ég nú komið þangað en ég hef komið víða við þar sem fólk er að eyrnamerkja sér hjarðir."

Ólafur Hannibalsson er talsmaður Þjóðrhreyfingarinnar, sem hefur sakað Framsóknarmenn um að smala nýbúum í Reykjavík í Laugardalshöllina til að greiða atkvæði í utankjörfundarkosningu.

Karlmaður á þrítugsaldri dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi í Hæstarétti:

# Nauðgunardómur þyngdur

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi í Hæstarétti fyrir nauðgun. Einn dómaranna skilaði sératkvæði.

Maðurinn var dæmdur fyrir að hafa í samkvæmi á Akranesi haft kynmök við stúlku sem ekki gat spornað við því sökum ölvunar og svefndrunga. Maðurinn sagði samfarirnar hafa hafist með fullu samþykki stúlkunnar en í þeim miðjum hafi hún frosið og snúist hugur. Hann hafi þá klætt sig og yfirgefið herbergið.

Stúlkan segist hafa lagst til svefns í rúmi í lokuðu herbergi og vaknað við það að maðurinn lá ofan á henni og hafði við hana samfarir. Eitthvað var um ósamræmi í framburði mannsins að því er fram kemur í dómnum.



**HÆSTIRÉTTUR** Einn dómara skilaði séráliti og lagði til að maðurinn yrði sýknaður.

Maðurinn hafði verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi í Héraðsdómi Vesturlands og til að greiða stúlkunni sjö hundruð þúsund krónur í bætur, en Hæstiréttur þyngdi dóminn um þrjá mánuði.

Einn dómaranna, Ólafur Börkur Þorvaldsson, skilaði sératkvæði þar sem hann lagði til að ákærði yrði sýknaður af ákærunni. Benti hann aðallega á ósamræmi í framburði tveggja vitna og sagði meint ósamræmi í framburði ákærða ekki svo mikið að það ætti að hafa áhrif til sakfellingar. - sh

Óvissa í Mosfellsbæ:

# Framsókn sleit viðræðunum

**KOSNINGAR** Framsóknarflokkurinn sleit í gær formlegum meirihlutaviðræðum sínum, Samfylkingar og Vinstri grænna í Mosfellsbæ. Ástæðan er sögð vera að tillaga framsóknarmanna um jafna skiptingu embætta og nefndarsæta hafi ekki hlotið hljómgrunn.

Marteinn Magnússon, oddviti Framsóknarmanna, sendi hinum oddvitunum bréf í gærmorgun þar sem hann sagðist vilja slíta viðræðum. Einhverjar frekari þreifingar áttu sér þó stað milli flokkanna í gærkvöldi. Heimildir herma að Sjálfstæðisflokkur hafi ekki rætt við neinn flokk um meirihlutasamstarf. - sh



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON FORSETI** Ársþingið er haldið í höfuðborg Litháen og sækja það fulltrúar frá 26 Evrópulöndum.

Forseti Íslands í Litháen:

# Baráttan gegn fíkniefnum

**FORSETI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, flutti í gær setningarræðu á ársþingi evrópskra borga sem sameinast hafa í baráttunni gegn fíkniefnum.

Forsetinn lagði áherslu á víðtæka samvinnu til að skapa nauðsynlega vörn gegn alþjóðlegri glæpastarfsemi tengdri fíkniefnasölu. Forsetinn ræddi meðal annars íslenskar rannsóknir um árangur í forvarnarstarfi og lýsti hugmynd um sérstakan forvarnardag þar sem sveitarfélög, æskulýðssamtök, íþróttafélög, fjölmiðlar, foreldrar og skólar ynnu saman að forvörnum. - sdg

## ÍRAK

**Neyðarlög í Basra** Nouri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, lýsti á miðvikudag yfir neyðarástandi í Basra. Tilgangurinn er að reyna að binda enda á síversnandi skærur milli trúarhópa sjía- og súnnímúslima.

## SAMRÆMDU PRÓFIN

**Einkunnir afhentar** Einkunnir tíundu bekkinga í samræmdu prófunum voru afhentar í gær. Upplýsingar verða veittar í dag um hvernig prófin komu út.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Bíll valt** Einn var fluttur á sjúkrahús með minni háttar meiðsl eftir veltu fólksbíls í Þrengslunum. Slysið varð klukkan þrjú í fyrrinótt. Tildrög þess eru ekki þekkt en aðstæður voru ekki með besta móti, þoka og rigning.

# Þingið annist rannsókn hlerunargagna

**Stjórnarandstæðingar vilja að forræði yfir rannsókn á símhlerunum og öðrum gögnum frá kaldastríðsárunum verði ekki í höndum ráðherra heldur Alþingis. Þrír ráðherrar eiga að óbreyttu að hafa umsjón með rannsókninni.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstæðingar gagnrýndu ráðherra á Alþingi í gær fyrir að hafa ekki samráð við þingið og þingflokksformenn allra flokka um skipan nefndar sem heimilað verður að rannsaka gögn er varða öryggi þjóðarinnar.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Samfylkingunni, kvaddi sér hljóðs um málið og spurði forseta Alþingis hvort til stæði að hálfu þingsins að kalla til fulltrúa allra þingflokkanna til þess að ná sátt um það hvernig fjallað yrði um upplýsingar sem Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hefur lagt fram um símhlerun stjórnvalda á kaldastríðsárunum.

Hlerun náði ekki aðeins til stjórnmálaflokka og verkalýðshreyfingarinnar heldur einnig alþingismanna sem njóta friðhelgi.

Steingrímur J. Sigfússon, vinstri grænum skoraði á forseta Alþingis að fara sömu leið og gert hefði verið í svipuðum tilvikum, meðal annars á vegum norska stórþingsins. Taldi Steingrímur þingsályktunartillögu forsætisráðherra um málið allt of takmarkaða. „Þetta snýst um að þinghelgi hafi verið rofin og þingmennirnir hafi sætt stórfelldum pólitískum njósnum," sagði Steingrímur og taldi brýnt að fyrirbyggja að njósnir af þessu tagi gætu endurtekið sig.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kvaðst gera ráð fyrir að farið yrði yfir málið í samræmi við þingsályktunartillöguna og nefnd sérfróðra mundi skila af sér fyrir árslok. Hann kvaðst ekki vilja verja símhleranir með neinum hætti. Kanna yrði hvað satt og rétt væri í málinu og framhald þess réðist af því.

„Hins vegar finnst mér að menn eigi að fara varlega í fullyrðingar sínar um þessi atriði, tala um að brotin hafi verið þinghelgi... Mér þætti eðlilegast að þingið sameinaðist um þessa tillögu," sagði Geir H. Haarde utanríkisráðherra í umræðunum. Mörður Árnason, Samfylkingunni, sagði að í orðum Geirs fælist sú afstaða að honum þætti í lagi að hann og dómsmálaráðherra mættu láta hlera síma án þess að það teldist rof á þinghelgi. „Það er algerlega nýr skilningur í lýðræðislegum vinnubrögðum í landinu," sagði Mörður. johannh@frettabladid.is



**GEIR H. HAARDE** „Hins vegar finnst mér að menn eigi að fara varlega í fullyrðingar sínar um þessi atriði, tala um að brotin hafi verið þinghelgi..."



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Stjórnarandstaðan vill að Alþingi annist rannsókn hlerunargagna og annarra gagna er varða öryggi þjóðarinnar á kaldastríðsárunum.

Sló leigubílstjóra í andlitið:

# Ákærður fyrir líkamsárás

**DÓMSMÁL** Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir árás á leigubílstjóra og að hafa valdið honum meiðslum. Málið hefur verið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Það var aðfaranótt laugardagsins 1. apríl 2005 sem maðurinn réðst á leigubílstjórann. Atvikið átti sér stað á gatnamótum Miklubrautar og Snorrabrautar. Maðurinn greip um vinstri framhandlegg leigubílstjórans, sló hann hnefahögg í andlitið og sparkaði í vinstra hné hans með þeim afleiðingum að bílstjórinn hlaut mar, roða og eymsli. -jss



**SABINE HILSCHENZ** Hin dæmda ásamt lögmanni sínum í réttarsal í Frankfurt an der Oder. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fertug þýsk móðir dæmd:

# Myrti átta af börnum sínum

**ÞÝSKALAND, AP** Sabine Hilschenz, fertug móðir í Þýskalandi, var í gær dæmd í 15 ára fangelsi fyrir að hafa myrt átta af börnum sínum þegar þau voru nýfædd.

Hún hlaut þyngsta mögulega dóminn fyrir þessi verk, en að auki lék grunur á að hún hefði myrt níunda barnið sitt árið 1988. Það morð var hins vegar fyrnt og kom því ekki til kasta dómstólsins. Hilschenz átti þrjú börn fyrir, og bar hún að eiginmaður hennar hafi ekki viljað eignast fleiri. Þau voru bæði drykkjusjúk. ■


BÍLL DAGSINS
NISSAN X-TRAIL ELEGANCE
Nýskr 08.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 47 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


Ríkisstjórnin í Litháen fallin eftir að einn stjórnarflokka sagði sig úr samstarfinu:

# Brazauskas hefur sagt af sér

**LITHÁEN, AP** Ríkisstjórnin í Litháen er fallin eftir að einn stjórnarflokkanna sagði sig úr stjórninni. Algirdas Brazauskas forsætisráðherra sagði formlega af sér á miðvikudag, en Zigmantas Balcytis fjármálaráðherra var fenginn til þess að stýra bráðabirgðastjórn þangað til ný ríkisstjórn tekur við.

„Ég sé enga möguleika til þess að gegna skyldum mínum og segi því af mér ásamt ríkisstjórninni," sagði Brazauskas forsætisráðherra á miðvikudag eftir að ljóst var að Verkamannaflokkurinn væri genginn úr stjórnarsamstarfinu.

Verkamannaflokkurinn hefur yfir 31 þingsæti að ráða á þinginu, sem er skipað 141 þingmanni. Stjórnina skorti þó nokkuð til þess að hafa meirihluta á þingi, þannig að Brazauskas átti engan kost annan en að segja af sér.

Valdas Adamkus forseti hefur nú tveggja vikna frest til þess að gera tillögu um nýjan forsætisráðherra, sem síðan verður borin undir þingið.

Verkamannaflokkurinn sagði sig úr stjórnarsamstarfinu eftir að þrír af fimm ráðherrum flokksins höfðu verið ásakaðir um að hafa misnotað fjármuni bæði ríkis og flokks.

Ríkisstjórnin hafði áður orðið fyrir áfalli í apríl síðastliðnum þegar annar stjórnarflokkur, Nýtt bandalag, dró sig út úr stjórninni til þess að mótmæla því að leiðtogi þess flokks, Arturas Paulauskas, hafi verið rekinn úr stöðu þingforseta. -gb



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BRAZAUSKAS Á RÍKISSTJÓRNARFUNDI** Algirdas Brazauskas sagði af sér ásamt ríkisstjórninni í fyrradag. Zigmantas Balcytis stýrir bráðabirgðastjórn uns ný verður mynduð.

www.toyota.is

# Toyotasýning

## Nýtt Toyota-umboð á Egilsstöðum

**Reynsluakstur, girnilegar veitingar, happdrætti, Formúluklúbbur Toyota og Formúlugjafir á Egilsstöðum 2. og 3. júní.**




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 32777 06/2006

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

### Toyota til Egilsstaða

Nú opnum við nýtt Toyota-umboð að Miðási 2 á Egilsstöðum og efnum til bílasýningar dagana 2. og 3. júní af því tilefni. Komdu og skoðaðu úrval glæsilegra bíla frá Toyota og Lexus, mótorhjól og „leiktæki“ frá Yamaha og upplifðu skemmtilega stemningu á opnunarsýningu Toyota á Austurlandi. Njóttu girnilegra veitinga, fáðu veglegan Formúluglaðning og taktu þátt í spennandi happdrætti með því að reynsluaka nýjum Toyota. Komdu með bílinn þinn og við tökum hann upp í nýjan að undangenginni söluskoðun. Öllum seldum bílum fylgir helgarferð til London með hótelgistingu.*

**Opið:**
**Föstudag 16:00 - 20:00**
**Laugardag 12:00 - 17:00**

Láttu sjá þig og vertu velkomin(n) í Toyota-fjölskylduna.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Austurlandi
Miðási 2
700 Egilsstaðir
Sími: 470-5070

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 31.5.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,1 | 72,44 |
| Sterlingspund | 134,38 | 135,04 |
| Evra | 91,99 | 92,51 |
| Dönsk króna | 12,335 | 12,407 |
| Norsk króna | 11,816 | 11,886 |
| Sænsk króna | 9,924 | 9,982 |
| Japanskt jen | 0,6375 | 0,6413 |
| SDR | 107,11 | 107,75 |

*Gengisvísitala krónunnar*
127,4115

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Öryggisgæsla við hafnirnar í Reykjavík er nógu góð segir hafnarstjóri:

# Myndavélar sjá um gæsluna

**ÖRYGGISMÁL** Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, segir öryggisgæslu við hafnir í Reykjavík ekki hafa slaknað þó að mönnuð sólarhringsgæsla við kaupskip við Vogabakka, Ártúnshöfða, Korngarð og vesturhöfn í Reykjavík hafi verið hætt hinn 28. mars síðastliðinn. „Öryggisgæsla hefur verið efld við hafnirnar á undanförnum árum. Hafnarsvæðið er vaktað allan sólarhringinn með myndavélum og þá er mjög vel fylgst með aðgengi að höfnum.“

Í Fréttablaðinu í gær lýsti Agnar Þór Agnarsson, verkefnisstjóri Öryggismiðstöðvarinnar, því yfir að sú ákvörðun að hætta með mannaða öryggisgæslu væri ekki í takt við alþjóðlegar áherslur í öryggisgæslu, þar sem víðast hvar erlendis væri verið að efla öryggisgæslu.

Í grein á vefsvæði Samtaka atvinnulífsins er frá því greint að kostnaður vegna laga sem sett voru til þess að tryggja vernd skipa, áhafna, farþega og farms fyrir hvers kyns ógn af hryðjuverkum, og öðrum ólögmætum aðgerðum væri um 500 milljónir króna á ári.

Pétur Reimarsson, verkefnisstjóri hjá Samtökum atvinnulífsins, segir kostnaðinn leggjast á atvinnulífið. „Þessi kostnaður leggst á fyrirtæki og neytendur í landinu og er innheimtur af höfnum og skipafélögum. Mikil óánægja hefur ríkt vegna þessa kostnaðar.“

- mh



**FRÁ HAFNARBAKKANUM** Deilt hefur verið um það að undanförnu hvort eðlilegt hafi verið að hætta að manna öryggisgæslu við kaupskip við höfnina í Reykjavík.

Meirihlutamyndun í Árborg:

## Rætt um skiptingu embætta

**ÁRBORG** Gert var ráð fyrir að meirihlutamyndun sjálfstæðismanna og framsóknarmanna í Árborg myndi skýrast eftir samningafund flokkanna í gærkvöld. Ellert Tómasson, kosningastjóri Sjálfstæðisflokksins, taldi í gær að þá myndi liggja fyrir hvort af meirihlutamyndun yrði eða ekki.

„Það hefur ekki steytt á neinu ennþá,“ sagði Ellert í gær og staðfesti að skipting embætta hefði lauslega verið rædd en vildi ekki greina frá því. „Ég er í mjög góðu starfi og vil ekki sleppa því,“ sagði Þorvaldur Guðmundsson, oddviti B-lista, spurður um bæjarstjóra-



**SANDGERÐI** Sigurður Valur Ásbjarnarson mun áfram gegna starfi bæjarstjóra.

Meirihluti í Sandgerði:

## K-listi og D-listi áfram saman

**KOSNINGAR** Sjálfstæðisflokkurinn og K-listinn í Sandgerði undirrituðu samning um áframhaldandi meirihlutasamstarf í bæjarstjórn á miðvikudag. Sigurður Valur Ásbjarnarson, efsti maður Sjálfstæðisflokks mun áfram gegna starfi bæjarstjóra og Óskar Gunnarsson, oddviti K-listans, verður forseti bæjarstjórnar.

Áherslur listanna eru meðal annars að rekstur bæjarfélagsins verði jákvæður öll árin, framkvæmdir verði í samræmi við gefin loforð og skuldir standi í stað miðað við eignir.

- sh

### SVÍÞJÓÐ

**Bjóðast til að fangelsa Taylor** Sænska þingið samþykkti í gær lagafrumvarp sem heimilar sænskum yfirvöldum að bjóðast til að láta Charles Taylor, fyrrverandi forseta Líberíu sem nú svarar til saka fyrir stríðsglæpi, afplána í Svíþjóð fangelsisdóm þann sem hann kann að verða dæmdur til.

### DALVÍK

**Enn enginn meirihluti** Sjálfstæðismenn á Dalvík hafa slitið viðræðum um meirihlutasamstarf með óháðum sem skipa J-lista. Svanfríður Jónasdóttir, fyrsti maður á J-listanum, sagði óháða bíða átekta eftir framhaldinu. Útskýringar á viðræðuslitunum hafi verið óljósar en óháðir útiloki engan og haldi enn öllum dyrum opnum.

# Fréttablaðið sýknað af kröfum Jónínu

**Hæstiréttur staðfesti í gær sýknudóm héraðsdóms yfir 365 prentmiðlum og Kára Jónassyni, ritstjóra Fréttablaðsins. Ekki gengið of nærri einkalífi Jónínu, segir Hæstiréttur. Afar óheppileg niðurstaða, segir lögmaður Jónínu.**

**DÓMSMÁL** „Þetta er mikill léttir fyrir íslenska fjölmiðlun,“ sagði Sigurjón M. Egilsson, fréttaritstjóri Fréttablaðsins, eftir að Hæstiréttur staðfesti sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Jónínu Benediktsdóttur gegn 365 prentmiðlum og Kára Jónassyni, ritstjóra Fréttablaðsins.

Jónína Benediktsdóttir höfðaði mál eftir að hafa lagt fram kröfu hjá sýslumanninum í Reykjavík um staðfestingu á lögbanni sem hún fékk lagt á birtingu á hluta úr tölvupósti, sem verjandi Jónínu, Hróbjartur Jónatansson, hélt fram fyrir dómi að hefði verið fenginn með ólögmætum hætti úr tölvupósthólfi Jónínu.

Í dómi Hæstaréttar segir að lögbannskrafa Jónínu hafi verið of víðtæk. Jafnframt segir að umfjöllun Fréttablaðsins um aðdraganda Baugsmálsins hafi ekki gengið of nærri einkalífi Jónínu, þó greint hafi verið frá fjárhagsmálefnum hennar, þar sem þau hafi verið samofin fréttaefninu, sem varðaði almenning.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Jónínu, sagði niðurstöðu Hæstaréttar hafa komið sér verulega á óvart. „Ég hef ekki enn farið nákvæmlega í gegnum dóminn og get því ekki tjáð mig um forsendur Hæstaréttar fyrir niðurstöðunni. Ég tel þetta vera mjög óheppilega niðurstöðu. Kjarni málsins finnst mér vera þessi; finnst fólki það í lagi að almenningur geti lesið einkatölvupóst sinn í fjölmiðlum? Ég held að flestir svari þeirri spurningu neitandi.“

Jón Magnússon, lögmaður 365 prentmiðla og Kára Jónassonar, telur Hæstarétt hafa staðfest eðlileg vinnubrögð Fréttablaðsins í stóru fréttamáli. „Hæstiréttur segir í dómi sínum að miðað við hvernig efnistök Fréttablaðsins voru í málinu þá sé ekkert óeðlilegt við það hvernig fréttirnar af málinu voru unnar. Það þýðir, að það var í lagi að birta hluta úr tölvupóstunum sem um var rætt. Fréttaskrif um Baugsmálið voru eðlileg og réttmæt. Efni tölvupóstbréfanna hafði fréttagildi. Hæstiréttur segir því, að sú blaðamennska sem var viðhöfð, hafi verið til sóma.“

Sigurjón M. Egilsson telur góð vinnubrögð Fréttablaðsins, við fréttaflutning á aðdraganda Baugsmálsins, hafa verið staðfest af Hæstarétti. „Ef lögbannið hefði verið staðfest hefðu blaðamenn átt það á hættu að vinnugögn þeirra yrðu sótt með ofbeldi, og það af þeim tekið. Það skiptir líka miklu máli að Hæstiréttur skuli staðfesta það að vinnubrögð okkar hafi verið góð, og að við röskuðum ekki friðhelgi Jónínu Benediktsdóttur.“

magnush@frettabladid.is



**SIGURJÓN OG HRÓBJARTUR TAKAST Í HENDUR** Máli Jónínu Benediktsdóttur gegn 365 prentmiðlum og Kára Jónassyni lauk í gær. Sigurjón Magnús Egilsson og Hróbjartur Jónatansson, lögmaður Jónínu Benediktsdóttur, sjást hér takast í hendur eftir að dómur féll. Kári Jónasson og Jón Magnússon fylgjast með. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR**

Þjóðarhreyfingin kærir:

## Vilja aðgang að kjörgögnum

**KOSNINGAR** Fulltrúar Þjóðarhreyfingarinnar ætla í dag að leggja fram kæru vegna framkvæmdar atkvæðagreiðslu utan kjörfundar í kosningunum í Reykjavík síðastliðinn laugardag.

Talsmenn hreyfingarinnar segja að óskað sé eftir því við yfirkjörstjórn að engum gögnum varðandi kosningarnar verði eytt fyrr en kæran hafi hlotið löglega afgreiðslu. Beðið sé um aðgang að gögnum sem kunni að varða framkvæmd kosninganna, svo sem nafnalista þeirra sem neyttu atkvæðisréttar síns utan kjörfundar, en alls kusu um 9.200 manns fram að kjördegi í Reykjavík.

Þá vilja fulltrúar Þjóðarhreyfingarinnar fá upplýsingar sem nota megi til að kanna hvort hlutfall nýbúa, sem kusu utan kjörfundar, sé óeðlilega hátt.

- jh



**EFTIR FUNDINN** Hjálmar Árnason, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, að fundi loknum.

Framsókn fundaði í gær:

## Boðar fund í miðstjórninni

**STJÓRNMÁL** Landstjórn Framsóknarflokksins fundaði í gærkvöld og samþykkti að boða fund í miðstjórn flokksins á föstudaginn eftir rétta viku. Á miðstjórnarfundinum mun gengi flokksins í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum verða rætt.

Miðstjórnin, sem í eru 150 manns, fundar að jafnaði tvisvar á ári, vor og haust. Síðasti fundur var haldinn í lok mars og fundurinn að viku liðinni verður því undantekning á reglunni.

- sh






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**FYRRIPARTUR LOFAR GÓÐU**

Þessa fyrstu stóru ferðahelgi sumarsins má segja að séu bara ágætar veðurhorfur. Síðdegis í dag verður víða léttskýjað og á morgun einnig. Reyndar má búast við lítilsháttar súld við ströndina vestan til enda andar hann af hafi á morgun. Framan af sunnudegi verður skaplegt veður með súld sunnan og vestan til en á sunnudagskvöld fer að rigna með nokkuð ákveðinni suðaustlægri átt.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Hæg vestlæg átt. Lítilsháttar væta í fyrstu en léttir svo til. Hiti 6-9 stig.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C léttskýjað | London | 21°C skýjað | Alicante | 25°C heiðskírt |
| Billund | 13°C skúrir | París | 19°C skýjað | Mallorca | 22°C hálfskýjað |
| Osló | 18°C skúrir | Frankfurt | 18°C léttskýjað | Algarve | 26°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 14°C léttskýjað | Friedrichshafen | 11°C skýjað | Krít | 27°C heiðskírt |
| Gautaborg | 13°C skýjað | Berlín | 18°C léttskýjað | Las Palmas | 24°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Alfreð Ómar Alfreðsson
Matreiðslumeistari
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

# LAMBAHRYGGUR

## AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

1 stk. lambahryggur
Pottagaldrar lamb islandia
Maldon salt

Skerið rendur í fitulagið á hryggnum, eftir endilöngu og svo þvert yfir. Kryddið vel með lamb islandia kryddinu og maldon salti. Setjið hrygginn inn í 200°C heitan ofn og steikið í 15 mín. Lækkið hitann niður í 160°C og eldið áfram í um klukkustund.




**Lambahryggur**
úr kjötborði
TILBOÐ 1.298 kr/kg
Verð áður 1.575,-




**Svínakótilettur**
kryddlegnar 2 teg.
TILBOÐ 1.189 kr/kg
Merkt verð 1.698,-



**Nautalundir**
úr kjötborði
TILBOÐ 2.999 kr/kg
Verð áður 3.998,-

Jói FEL

**Hefur þú prófað mest seldu salötin í Hagkaupum?**






TILBOÐ 99 kr/pk

**Lakerol giant**
- makes people talk!




**EAS**
- Vantar þig aukaorku í útiveruna?
Ótrúlegt úrval af EAS í Hagkaupum




TILBOÐ 559 kr/stk
Verð áður 759,-

**Mjúkís 2l**
- 5 bragðtegundir

Gildir til 5. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Er nauðsynlegt að endurskoða lög um nálgunarbann?*

| | |
|---|---|
| Já | 92% |
| Nei | 8% |

**SPURNING DAGSINS**

*Þarf að bæta öryggisgæslu við hafnir landsins?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Mikael Torfason er nýr ritstjóri Séð og heyrt hjá Fróða:

# Kemur að rekstri Vikunnar

**FJÖLMIÐLAR** Fróði hefur ráðið Mikael Torfason, fyrrverandi ritstjóra DV, sem ritstjóra blaðsins Séð og heyrt. Hann fær einnig það verkefni að koma að rekstri Vikunnar næstu mánuði. Ritstjórum blaðanna Séð og heyrt og Vikunnar var sagt upp fyrir mánaðamót og ritstjórnarfulltrúa Séð og heyrt sömuleiðis.

Elín Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri Fróða, segir að ástæða uppsagnanna sé rekstrarleg og mikil vinna sé framundan, verið sé að endurskipuleggja Vikuna og komi Mikael að þeirri vinnu. Hann sé þegar mættur til starfa. Ekki standi til að selja nein af tímaritum Fróða.

Páll Baldvin Baldvinsson, ritstjóri DV, hefur sagt upp Breka Logasyni, ritstjóra tímaritsins Hér og nú, og nokkrum blaðamönnum DV hefur einnig verið sagt upp starfi. Einn þeirra verður, að sögn Páls Baldvins, endurráðinn á annað blað 365 prentmiðla.

Páll Baldvin segir að breytingarnar nú séu framhald á þeim breytingum sem urðu fyrir mánuði þegar hætt var að gefa út DV sem dagblað og farið að gefa það út sem helgarblað. DV hafi fylgt tvö undirblöð, Sirkus og Hér og nú. Ekki náðist í Mikael Torfason í gær. **- ghs**



**MIKAEL TORFASON** Hinn nýi ritstjóri vikuritsins Séð og heyrt.

Danadrottning undir hnífinn:

# Fékk gervihnjálið í vinstra hné

**DANMÖRK, AP** Margrét Þórhildur Danadrottning gekkst í gær undir aðgerð á vinstra hné á sjúkrahúsi í Árósum.

Samkvæmt fréttatilkynningu frá hirðinni gekk aðgerðin vel, en í henni fékk hún gervilið í staðinn fyrir slitinn hnjálið. Gert er ráð fyrir að drottningin verði útskrifuð af sjúkrahúsinu eftir viku. Hún mun ekki geta sinnt opinberum embættisverkum næstu tvo mánuðina.

Margrét Þórhildur hefur lengi þjáðst af slitgigt og hefur af þeim sökum gengist á síðustu árum undir aðgerðir á báðum hnjám og baki. **- aa**






# Gera kröfu um ógildingu úrskurðar

**Hópur einstaklinga krefst þess að úrskurðir vegna umhverfismats Norðlingaölduveitu verði ógiltir, vegna mikilla annmarka. Lögmaður sagði tengsl forstjóra skipulagsstjóra við einn þeirra sem kom að matsskýrslu, óviðeigandi.**

**DÓMSMÁL** Hópur einstaklinga hefur stefnt íslenskum stjórnvöldum og Landsvirkjun vegna umhverfismats- og úrskurðar setts umhverfisráðherra, Jóns Kristjánssonar, við mat á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum. Málið var tekið til aðalmeðferðar í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Hópurinn gerir þá kröfu að úrskurður umhverfisráðherra frá því í janúar 2003 og úrskurður Skipulagsstofnunar frá því í ágúst 2002 verði ógiltir.



**KATRÍN THEODÓRSDÓTTIR**



**ÞORSTEINN HILMARSSON**

Katrín Theodórsdóttir, lögmaður einstaklinganna sem að málinu standa, fór í gegnum liði sem að mati einstaklinganna geta hver fyrir sig leitt til ógildingar á úrskurðunum.

Katrín hélt því fram við aðalmeðferð málsins að skipulagsstjóri, Stefán Thors, hefði verið vanhæfur til þess að fjalla hlutlaust um málið þar sem sonur hans, Stefán Gunnar Thors, hefði verið einn helsti starfsmaður Landsvirkjunar við gerð skýrslu vegna Norðlingaölduveitu.

Stefán Gunnar, sem er fagstjóri skipulags- og umhverfismála VSÓ Ráðgjafar og hagfræðingur að mennt, þvertekur fyrir það að tengsl þeirra feðga hefðu haft áhrif á vinnu þeirra. Stefán Gunnar kom að gerð matsskýrslu vegna Norðlingaöldu ásamt fleirum. „Um þetta mál var rætt fyrir fjórum árum og þá var leitað til lögfræðinga og umhverfisráðuneytisins, sem staðfestu að tengsl okkar hefðu ekki áhrif á vinnubrögð okkar."

Stefán Thors, skipulagsstjóri, tekur í sama streng. „Það var farið aftur yfir þetta þegar Jón Kristjánsson var settur umhverfisráðherra í þessu máli og hann komst að þeirri niðurstöðu að tengsl okkar hefðu ekki áhrif á vinnu við þetta verkefni."

Katrín gerði miklar athugasemdir við það að fallist hefði verið á mótvægisaðgerðir, með úrskurði setts umhverfisráðherra, sem gætu valdið miklu umhverfistjóni einar og sér, án þess að tjón af völdum þeirra aðgerða hefði verið metið sérstaklega. Einnig sagði Katrín hagkvæmnisjónarmið hafa stýrt að miklu leyti vinnu við umhverfismatið, án þess að gert sé grein fyrir samfélagslegum ávinningi með einum eða öðrum hætti. Að auki gerði Katrín grein fyrir því að skort hefði á lögbundna kynningu á setlónum, haugsetningu og leiði- og varnargörðum vegna mannvirkja austan Arnarfells.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir það rétt einstaklinga að leita réttar síns fyrir dómi ef þeir telja á sér brotið. „Það er lögbundinn réttur fólks að leita réttar og það er ekkert óeðlilegt þó stefnendur í þessu máli vilji fara með málið fyrir dómstóla, ef þeir telja á sér brotið."

**magnush@frettabladid.is**




**TILLAGA LANDSVIRKJUNAR UM 568 METRA HÁTT LÓN** Virkjun í Þjórsárverum hefur verið deilumál í langa tíma en sátt skapaðist, að minnsta kosti til skamms tíma, um úrskurð Jóns Kristjánssonar, setts umhverfisráðherra, vegna Norðlingaölduveitu.



**LANDSVIRKJUN** Þorsteinn Hilmarsson upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar segir það rétt hvers og eins og leita réttar síns fyrir dómi.

**STEFNENDUR Í MÁLINU**

- Sigþrúður Jónsdóttir
- Arnór Karlsson
- Árdís Jónsdóttir
- Erlingur Lofsson
- Finnur Logi Jóhannsson
- Gísli Már Gíslason
- Guðmundur Arason
- Halla Guðmundsdóttir
- Magnús Hallgrímsson
- Ólafur Jónsson
- Ragnhildur Sigurðardóttir
- Sigrún Helgadóttir
- Sigrún Valbergsdóttir
- Sigurður Steinþórsson
- Svanborg Rannveig Jónsdóttir
- Tryggvi Felixson
- Valgerður Erlingsdóttir
- Þorvaldur Örn Árnason
- Örn Þorvaldsson
- Hjörleifur Guttormsson
- Áhugahópur um verndun Þjórsárvera


Bjartir dagar

Lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar

1.-10. júní 2006

Í DAG 2. júní

Kl. 10:00 **Söngurinn ómar um bæinn.** Samsöngur 4. bekkinga á Thorsplani.

Kl. 12:00 **Bastien og Bastienne** eftir W.A. Mozart. Óperusýning fyrir börn í Hafnarfjarðarleikhúsinu í samvinnu við barnaóperuna „Piccolino" frá Vínarborg. Börnin eru virkir þátttakendur.

Kl. 13.30 **Bastien og Bastienne.**

Landsbankinn

Kl. 17:00 **Brynja og börnin.** Opnun myndlistarsýningar í gamla Lækjarskóla. Brynja Árnadóttir sýnir verk barna í Lækjarskóla frá 1985-2000 í bland við hennar eigin verk.

Kl. 19:00 **Hljómsveitakeppni í Gamla bókasafninu.**

Kl. 20:00 **Agnes High Quality leiksýning í Jaðarleikhúsinu.** Athugið að sýningin er á ensku. *Aðgangseyrir 1000 kr./ 800 kr - ókeypis fyrir börn yngri en 16 ára.*

Kl. 19:00 **Hljómsveitin Mogadon leikur á A. Hansen fram eftir kvöldi.**

Aðgangur ókeypis á viðburði nema annað sé tekið fram

ALLA BJARTA DAGA - Rativ - Tungur í leikhúsi - Míkróveröld og morgunstemningar Ljóð í lauginni - Leikskólalist - Sumarlestur - Brynja og börnin

Allar nánari upplýsingar í Þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6 Sími 585 5500 - www.hafnarfjordur.is

vilborga@centrum.is



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# SNÚÐU VERÐBÓLGUNNI ÞÉR Í HAG

VERÐTRYGGÐUR

**BÚSTÓLPI** **3,9%** raunávöxtun + **7,6%** verðbólga* = **11,5%** nafnávöxtun

Bústólpi er verðtryggður reikningur sem ber hámarksávöxtun.
Hver innborgun er bundin í 48 mánuði en eftir þann tíma er hún laus
til úttektar í einn mánuð í senn á sex mánaða fresti.

Kynntu þér Bústólpa og aðrar góðar sparnaðarleiðir í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.

KB BANKI

*Verðbólga á síðustu 12 mánuðum

ENNEMM / SÍA / NM21994



## VEISTU SVARIÐ

1 Hver er borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2006?

2 Hvað eru mörg ár síðan Þorskastríðinu lauk?

3 Hvað heitir leikstjórnandi NBA-liðsins Phoenix Suns?

SVÖR Á SÍÐU 62

FÍB stendur við fullyrðingar sínar um álagningu stóru olíufélaganna:

# Olís segir tölurnar rangar

**SAMKEPPNI** Félag íslenskra bifreiðaeigenda segir tölur Olíuverslunar Íslands, Olís, um tæplega hundrað milljóna kostnaðarauka vegna olíugjaldsins ýta undir málstað þeirra. FÍB telur olíufélögin bæta sér upp herta samkeppni á díselmarkaði og lægri álagningu með hærri álagningu á bensínið.



**BENSÍNIÐ AFGREITT** FÍB segir bensínkaupendur borga fyrir samkeppni.

„Stóru olíufélögin hafa lýst því yfir að stóraukinn kostnaður hafi fylgt olíugjaldinu. Við mælum það hins vegar öfugt í okkar útreikningum, því álagningin á díselolíu lækkaði í kjölfarið. Það rennir stoðum undir okkar ábendingar sem byggja á þeim gögnum sem öll systurfélög okkar í nágrannalöndunum byggja á og eru sú viðmiðun sem heimsmarkaðurinn horfir á,“ segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri samtakanna.



**RUNÓLFUR ÓLAFSSON** Framkvæmdastjóri FÍB.

Samúel Guðmundsson, framkvæmdastjóri vörustýringarsviðs Olís, segir álagningartölurnar sem FÍB styðjist við ekki réttar. „Við skiljum ekki hvaða tölur samtökin horfa á. Þær standast ekki samkvæmt okkar bókum.“ Beðin um að birta réttu tölurnar svarar Samúel: „Eðli málsins samkvæmt birtum við ekki framlegðartölur okkar, enda veit ég ekki um neitt fyrirtæki sem gerir slíkt. Ég vil hins vegar ítreka að álagning er frjáls og Olís býður viðskiptavinum upp á samkeppnishæft verð og góða þjónustu.“ **- gag**

Höfuðkúpubrotnaði við högg:

# Dæmdar 220 þúsund krónur

**DÓMSMÁL** Maður hefur verið dæmdur til að greiða öðrum ríflega 220 þúsund krónur í miskabætur og 120 þúsund í málskostnað vegna líkamsárásar. Farið hafði verið fram á tæpar 780 þúsund krónur.

Mennirnir voru í áhöfn Sunnutinds frá Djúpavogi fyrir rúmum tveimur árum. Skipið var í höfn á Seyðisfirði og sátu mennirnir ölvaðir á kaffihúsi í bænum er árásin var gerð. Hinn dæmdi segir hinn hafa manað sig upp í að kýla sig, því engum hefði tekist að rota sig í boxi sem hann stundaði. Hinn segist hafa verið sleginn án fyrirvara. Við höggið höfuðkúpubrotnaði hann. **- gag**





Tyrkland-Marmaris

Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. 29.950 kr.
Brottför 6. og 13. júní.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **OZAY** eða **Club lilayta**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Krít 5.og 12. júní 29.950 kr.

Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. Brottför 5. og 12.júní.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Helios**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Portúgal-Albufeira 13. júní

Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman. 33.055 kr.
Brottför 13. júní.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Mirachoro**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

Mallorca 6.og 13. júní 29.980 kr.

Netverð á mann miðað við að 2-4 fullorðnir ferðist saman.
Brottför 6. og 13. júní.
Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur á **Pil Lari Playa**, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.

VISA · Færð þú MasterCard ferðaávísun? · EFLING

plús FERÐIR

Bókaðu strax besta Plúsferðaverðið

www.plusferdir.is

Plúsferðir · Lágmúla 4 · 105 Reykjavík · Sími 535 2100


# Skrefi nær álveri

**Forstjóri Century Aluminum er sannfærður um að bygging álvers í Helguvík verði að veruleika árið 2010 enda sé nánast búið að tryggja þá orku sem til þarf.**

**STÓRIÐJA** „Frumniðurstöður úr umhverfismati eru jákvæðar og góðar líkur eru á að við fáum þá orku sem til þarf svo ég er afar bjartsýnn og sannfærður um að hér rísi okkar næsta álver,“ sagði Logan W. Kruger, forstjóri Century Aluminum, móðurfyrirtækis Norðuráls, sem vill reisa 150 þúsund tonna álver í Helguvík árið 2010 og stækka það í 250 þúsund tonna álver þegar fram líða stundir.

Í gær var undirrituð viljayfirlýsing milli Norðuráls annars vegar og Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur hins vegar um raforkusölu til fyrsta áfanga fyrirhugaðs álvers í Helguvík en það hefur hingað til verið einn mesti þrándur í götu þessa verkefnis. Hafði Orkuveitan áður hafnað aðild að málinu en með frekari rannsóknum og borunum þykir nú sýnt að fyrirtækið geti mögulega afgreitt allt að hundrað megawöttum fyrir fyrsta áfanga álversins að fjórum árum liðnum.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, ítrekar þó að um viljayfirlýsingu sé að ræða og í henni felist engin skuldbinding. „Hitaveita Suðurnesja hefði annars ekki getað afgreitt þá orku sem á þarf að halda til að taka fyrsta áfanga álversins í notkun á þeim tíma sem um er rætt. Að því leyti er um mikilvægt skref að ræða. Þetta er ekki skuldbindandi yfirlýsing heldur aðeins ákvörðun um að fara í ákveðin verkefni til að reyna að verða við beiðnum um orku en við getum ekki ábyrgst afhendingu og erum ekki að skuldbinda okkur á nokkurn hátt.“

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, sagði að með yfirlýsingunni væri mestu hindruninni við byggingu álvers rutt úr vegi. „Ríkisstjórnin hefur sagt að þetta sé sá þrándur sem þurft hafi að ryðja úr vegi en hér eru menn að finna lausn á því. Hvað Norðurál varðar hafa þeir verið að bíða þess að þetta liggi fyrir og að gengið verði frá umhverfismati. En þeir hafa sagt og lýst yfir að að uppfylltum þessum skilyrðum séu þeir reiðubúnir og ég dreg ekki í efa að það sé rétt.“

Forstjóri Century Aluminum segir að fyrirtækið muni gæta þess að bygging álversins reynist efnahagskerfi landsins ekki erfið. „Við erum að horfa til uppbyggingar þessa álvers eins og annarra slíkra í litlum skrefum svo áhrifin á efnahagskerfi landsins verði minniháttar. Við byrjum á að byggja 150 þúsund tonna álver og stækkum það svo í áföngum þegar fram líða stundir svo að afkastagetan verði 250 þúsund tonn á síðari stigum.“ **albert@frettabladid.is**



**FYRIRHUGAÐ ÁLVER NORÐURÁLS Í HELGUVÍK** Nú eru öll púsl að falla saman og líkurnar á að 150 þúsund tonna álver verði að veruleika í Helguvík árið 2010 mjög góðar að mati framkvæmdaraðila.



**FRÁ UNDIRRITUN YFIRLÝSINGARINNAR** Mikil bjartsýni um framhaldið ríkti bæði hjá forstjóri Century Aluminum, Logan W. Kruger og ekki síður Árna Sigfússyni, bæjarstjóra, enda mun álverið skapa fleiri hundruð störf. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Staðfest mannfall í jarðskjálftanum á Jövu hækkar stöðugt:

# Mikill fjöldi þarf neyðarhjálp

**INDÓNESÍA, AP** Alþjóðlegt neyðarhjálparlið hafði í gær ekki náð til afskekktari staða á svæðinu sem verst varð úti í jarðskjálftanum á Jövu um síðustu helgi. Indónesísk yfirvöld sögðu í gær að staðfestur fjöldi fólks sem fórst af völdum skjálftans væri kominn í 6.200 manns.

Um hálf milljón manna er á vergangi eftir skjálftann, enda eyðilagði hann híbýli fólks á stóru svæði. Alþjóðleg aðstoð barst tiltölulega fljótt, enda er enn unnið að uppbyggingu eftir fyrri hamfarir í landinu, ekki síst flóðbylgjuna miklu um jólin 2004. En fólk í afskekktari þorpum kvartar yfir því að engin hjálp hafi borist því. Mikil úrkoma þessa dagana bætir heldur ekki úr skák fyrir heimilislaust fólkið.

Staðfest mannfall af völdum skjálftans hækkaði í 6.234 manns eftir að tilkynnt var um fund 388 líka til viðbótar í afskekktari byggðum Bantúl-héraðs, sem varð verst úti í hamförunum. Talsmaður indónesíska félagsmálaráðuneytisins greindi frá þessu. **- aa**



**ALLT Í RÚST** Þorpsbúi í Yogyakarta á Jövu í rústum keramikverslunar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



vega bréf
Esso
Ferðastu um landið með ESSO í sumar!
Nældu þér í vegabréf á næstu ESSO stöð og láttu stimpla það hjá ESSO um allt land í sumar. Fullstimpluðu vegabréfi skilar þú svo inn og færð um leið sérstakan sumarglaðning. Vegabréfin fara í pott og glæsilegir vinningar eru dregnir út vikulega í allt sumar. Þú gætir unnið glæsilegt gasgrill, kassabíl, DVD ferðaspilara eða jafnvel vespu með hjálmi og tryggingum frá VÍS! Aðalvinningurinn er svo dreginn út í sumarlok þegar einn heppinn þátttakandi fær vikuferð fyrir fjóra til Kanarí með ferðaskrifstofunni Apollo ásamt 50.000 kr. í gjaldeyri frá ESSO.
Færri stimplar – fleiri vinningar!



**KLÓSETTSKÁL FÓTBOLTAÁHUGAMANNSINS** Grænn fótboltavöllur, hvítt mark og agnarlítill rauður bolti bíða fótboltaáhugamanna á salerni knæpunnar Ackermanns í Stuttgart í Þýskalandi þar sem heimsmeistaramótið í fótbolta hefst innan skamms. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norski fjármálaráðherrann fékk ekki að fara yfir rússnesku landamærin:

# Áttu ekki pappír í áritunina

**NOREGUR** Norski fjármálaráðherrann, Kristin Halvorsen, fékk ekki að fara yfir rússnesku landamærin til þess að skoða landamærastöðina þar í opinberri heimsókn hjá vararíkisstjóranum hinum megin við landamærin. Ástæðan var sú að það var ekki til pappír í vegabréfsáritun.

Fjármálaráðherrann, Nikaolai Beresjnoj vararíkisstjóri og Evgenij Aleksejev tollstjóri höfðu komið sér saman um að skoða tollstöðvarnar hvoru megin landamæranna í þeim tilgangi að opna landamærin meira en nú er og auka samstarfið milli þjóðanna.

Fréttavefurinn Dagbladet segir að Halvorsen hafi skömmu áður verið á fundi í Finnmörku og talað þar fallega um að bæta samstarfið milli landanna, til dæmis milli tollyfirvalda, og einfalda vegabréfaútgáfu til að auðvelda heimsóknir milli landanna. Hún hefði sagt að sérstök áritun fyrir norðlægar slóðir, Barentsáritun, kæmi til greina.

Þegar Halvorsen ætlaði svo að fara yfir landamærin til að hitta Rússana í landamærastöð sem var byggð fyrir norska peninga árið 2002 var hún stöðvuð. Rússarnir komu því bara yfir til Noregs og fundurinn var haldinn í norsku landamærastöðinni í staðinn. - ghs



**KRISTIN HALVORSEN** Norski fjármálaráðherrann Kristin Halvorsen var stöðvuð við rússnesku landamærin af því að Rússarnir áttu ekki pappír í vegabréfsáritanir. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Gróðurhúsaáhrifin:

## Yfirborð sjávar hækkar hratt

**HOLLAND, AP** Hollendingar verða að bregðast við hlýnun loftslags, og það fljótt, því þeir eiga von á því að yfirborð sjávar hækki um allt að 35 sentimetra fyrir árið 2050, samkvæmt skýrslu veðurstofu Hollands sem birt var í vikunni. Jafnframt er líklegt að veturnir verði mun votviðrasamari en hingað til. Þar sem 60 prósent alls lands í Hollandi er undir sjávarmáli geta Hollendingar ekki virt hættuna að vettugi, að sögn Melanie Schultz van Haegen, ráðherra samgöngu- og vatnsmála.

Hún bætti við að engin aðkallandi hætta steðjaði þó að stíflugörðum eða síkjum landsins. - smk

### BANDARÍKIN

**Sexfalt lífstíðarfangelsi** Dómstóll í Rockville í Maryland dæmdi í gær John Allen Muhammad til sex lífstíðardóma án möguleika á náðun, fyrir launmorð á sex mönnum í nágrenni Washingtonborgar árið 2002. Saksóknarar lýstu fangelsisdómunum sem „tryggingu“ ef dauðadómnum sem Muhammad hlaut í Virginíu skyldi einhvern tímann verða hnekkt.

### SRI LANKA

**Kynt undir ófriðarbáli** Aftaka skæruliða á tólf verkamönnum af ætt sinhalesa, sem meirihluti Sri Lanka-búa tilheyrir, í þorpi á austurhluta eyjarinnar á mánudagskvöld, hefur kynt undir ófriðarbáli sem stefnir jafnvel í að verða að óheftu borgarastríði. Norskir sáttasemjarar hafa í þrjú ár reynt að fá fulltrúa stríðandi fylkinga að samningaborðinu.

EINU SINNI VAR...
Ævintýralegir tilboðsdagar
20%
af öllum vörum
dagana 31. maí - 3. júní
Fákafen 9, Sími 5331118
einusinnivar.is

NET SÓL
Ódýrt
Tyrkland
Portúgal
Tyrkland - Anastasia eða Faber í 7 nætur 6. eða 13. júní
Verðdæmi: 39.900* kr.
á mann m.v. 4 íbúð með 1 svefnherb. 49.900 kr. ef 2 ferðast saman.
Portúgal - Brisa Sol eða Ondamar í 14 nætur - 13. júní
Verðdæmi: 44.900* kr.
á mann m.v. 4 í íbúð með 1 svefnherb. 54.900 kr. ef 2 ferðast saman.
Fleiri eða færri?
Finndu verð á þinni ferð og kynntu þér tilboðin á öðrum brottförum og öðrum áfangstöðum á www.urvalutsyn.is
* Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn.
www.urvalutsyn.is
Bókaðu á netinu, það borgar sig.
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 32981 06/2006



**ÞRJÚ HIV-SMITUÐ BÖRN Á INDLANDI** Suresh, Gopika og Subiksha heita þessi börn, sem öll eru HIV-smituð og dveljast á munaðarleysingjahæli í Madras á Indlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Loforð gefin fyrir fimm árum svikin

**Kofi Annan segir að ekkert þýði að stinga höfðinu í sandinn, þótt loks sé byrjað að draga úr útbreiðslu alnæmis í heiminum. Fjörtíu milljónir eru smitaðar.**

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, sagði að leiðtogar heimsins hefðu ekki staðið við loforð sem þeir gáfu fyrir fimm árum um að berjast gegn alnæmi. Nú verði þeir að horfast í augu við raunveruleikann og gera sér grein fyrir því að til þess að stöðva útbreiðslu alnæmis verði þeir að vernda þá sem í mestri hættu eru, nefnilega vændiskonur, fíkniefnaneytendur og samkynhneigða.

„Við munum ekki ná árangri með því að stinga höfðinu í sandinn og láta eins og þetta fólk sé ekki til eða að það þurfi ekki á hjálp okkar að halda.“ Annan sagði þetta við upphaf þriggja daga leiðtogafundar Sameinuðu þjóðanna í New York. Hann vitnaði þar í nýútkomna skýrslu Sameinuðu þjóðanna þar sem fram kemur að hægt hefur á útbreiðslu alnæmis, þótt faraldurinn sé enn alvarlegur.

Meðal þess sem leiðtogarnir deila um er hvort réttlætanlegt sé að minnast sérstaklega á áhættuhópa, sem einkum tengjast vændi, fíkniefnum og samkynhneigð.

Samkvæmt skýrslunni, sem kom út á þriðjudaginn, eru nærri fjörutíu milljónir manna um heim allan smitaðar af HIV-veirunni, sem veldur alnæmi. Flest smit verða nú orðið á Indlandi, en ástandið er þó enn verst í Afríku sunnan Sahara, þar sem dánartíðnin fer enn hækkandi í sumum löndum.

Á leiðtogafundinum í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York er ætlunin að fara yfir stöðuna og athuga hvernig gengið hefur að standa við þau loforð sem gefin voru á svipaðri ráðstefnu, sem haldin var árið 2001.

Einnig er meiningin að horfa fram á við og skipuleggja varnir gegn HIV-veirunni um heim allan.

gudsteinn@frettabladid.is





## Atvinnulíf

Egilsstaðir eru krossgötur Austurlands og miðstöð þjónustu og samgangna í landshlutanum. Sunnan Egilsstaðaflugvallar er hafin uppbygging athafnasvæðis fyrir atvinnustarfsemi og þjónustu.

Fljótsdalshérað, með Egilsstaði og Fellabæ sem kjarnabyggð, er krafmikið og vaxandi sveitarfélag í gríðarlegri uppbyggingu. Aldrei hafa búsetu- möguleikar, atvinnu- og viðskipta- tækifæri verið meiri á svæðinu og framtíðarhorfur eru með besta móti.



## Framtíðarheimili

Á suðursvæði Egilsstaða er stórglæsileg íbúðabyggð í mótun. Svæðið er tæplega 25 hektarar að stærð og afmarkast af íbúðarhverfi miðbæjarins til norðurs, iðnaðarsvæði til vesturs, ósnortinni náttúru til suðurs og Hömrunum til austurs. Alls er gert ráð fyrir að byggðar verði 185 íbúðir, þar af 101 einbýlishús, 60 par- og raðhús og 24 íbúðir í fjölbýlishúsum.

# Fljótsdalshérað
# - ný svæði til uppbyggingar

fljotsdalsherad.is

- Íbúafjöldi 3.900
- Víðfeðmasta hérað landsins
- Krossgötur Austurlands
- Veðraparadís
- Einstök náttúrufegurð
- Blómleg menning





## Hjarta bæjarins

Ímynd og ásýnd hvers bæjarfélags mótast oft verulega af miðbæ þess. Egilsstaðir ráðast nú í metnaðarfulla framkvæmd og byggja nútímalegan og fallegan miðbæ. Í gegnum nýja miðbæinn liggur göngugata, Strikið, þar sem sjá má fyrir sér iðandi götulíf á góðviðrisdögum sem einkenna sumrin á Fljótsdalshéraði. Þjóðvegur 1, sem nú liggur í gegnum miðbæinn, verður um leið færður til vesturs. Í nýja miðbænum munu risa rúmlega 30 nýjar byggingar og sex nýjar götur eru í skipulagshlutanum.

Það er aldrei að vita nema fólk muni í framtíðinni eiga í vandræðum með að velja milli Striksins á Egilsstöðum og þess gamla góða í Kaupmannahöfn!

## Hesthúsabyggð

Í nágrenni Egilsstaða, að Fossgerði, er hafin upp- bygging hesthúsabyggðar. Á Fljótsdalshéraði eru frábær skilyrði til hestamennsku og með tilkomu þessa nýja hverfis stórbatnar aðstaða hestafólks.

Fljótsdalshérað - Lyngási 12 - 700 Egilsstaðir - sími 4 700 700 - www.fljotsdalsherad.is



**FJÖR Í ÍRAK** Tveir írakskir piltar stinga sér til sunds í fljótið Efrat. Miklir hitar eru nú í Írak og leita börn og unglingar allra leiða til að kæla sig niður. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kona fékk skilorðsbundinn dóm í Héraðsdómi Reykjaness:

# Sex mánuðir fyrir skjalafals

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær konu í sex mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir margþætt skjalafals. Ákæruliðir sem voru níu talsins vörðuðu fölsun á undirskriftum á skuldabréfum, víxlum og fleiru upp á ríflega 7,2 milljónir króna.

Konan var í sambúð til ársins 2002. Í marsmánuði 2001 komst sambýlismaðurinn að því að fasteign sem hann átti hafði verið auglýst á framhaldsuppboði. Komst hann enn fremur að raun um að það væri vegna skulda sem hann kannaðist ekki við að hafa samþykkt eða heimilað að fasteignin yrði sett að veði fyrir. Konan hafði áður reynt að leysa skuldamál sín með því að falsa nafn sambýlismannsins, en nú var mælirinn fullur. Sambýlismaðurinn kærði meintar falsanir til sýslumannsins í Kópavogi og fór fram á opinbera rannsókn á því hvort konan hefði falsað nafn hans á ýmis skjöl.



**SKJALAFALS** Sambýlismaðurinn kannaðist ekki við að hafa undirritað skuldabréf, víxla og fleiri skjöl.

Konan neitaði sök og var því leitað álits sænsks rithandarsérfræðings, sem kvað upp úr með að sambýlismaðurinn hefði ekki undirritað umrædd skjöl.

Dómurinn kvað liggja fyrir að konan hefði framvísað þeim skjölum sem ákæran varðaði og notið góðs af því. Auk fangelsisdómsins var henni gert að greiða allan sakarkostnað, ríflega 460 þúsund krónur. -jss

Sjónvarpsþáttur gagnrýndur:

# Berir hermenn á skotæfingu

**SVÍÞJÓÐ** Hörð gagnrýni hefur komið fram í kjölfarið á sjónvarpsþættinum Uppdrag Granskning í Svíþjóð síðustu daga þar sem sýnt er myndband með nöktum hermönnum á skotæfingum með sprengjuvörpu. Hermennirnir liggja í grasinu með sprengjuvörpuna í fanginu og svo heyrist þegar þeir brenna sig á henni.

Myndbandið var tekið árið 2004 af hermönnunum sjálfum. Yfirmenn hersins hafa ekki gefið neinar skýringar á því af hverju hermennirnir, sem gegna herskyldu, þurfa að vera naktir á heræfingunni, að sögn vefútgáfu Aftonbladet. - ghs

Fundin sek um ölvunarakstur:

# Sektuð og svipt ökuleyfinu

**DÓMSMÁL** Kona var fundin sek um ölvunarakstur fyrir Héraðsdómi Vesturlands í gær og var henni gert að greiða tæpar 300 þúsund krónur í sekt auk þess sem hún missir ökuréttindi sín í þrjú ár.

Var konan dæmd fyrir tvö brot vegna ölvunaraksturs. Í báðum tilvikum mældist áfengismagn í blóði hennar vel yfir tveimur prómillum sem þýðir umtalsverða ölvun. Hún hefur ekki áður gerst brotleg við lög svo vitað sé. - aöe

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

**Meirihluti M og O-lista** Samkomulag hefur náðst um myndun meirihluta M-lista xmotor og O-lista Samstarfs til sóknar í sameinuðu sveitarfélagi Skeggjastaða -og Þórshafnarhrepps á komandi kjörtímabili. Farið verður þess á leit að Björn Ingimarsson gegni starfi sveitarstjóra. Málefnasamningur verður undirritaður á næstunni.

Rússar taka við formennsku í Evrópuráðinu:

# Vilja slá á gagnrýni

**MOSKVA, AP** Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, ítrekaði á mánudag gagnrýni Rússlandsstjórnar á Evrópuráðið, nú er Rússar eru í fyrsta sinn að taka við formennsku í ráðinu.



**SERGEI LAVROV**

Evrópuráðið, sem 46 Evrópuþjóðir eiga aðild að og hefur fremur öðru því hlutverki að gegna að standa vörð um Mannréttindasáttmála Evrópu, er fyrsta samevrópska stofnunin sem Rússar veita forystu. Búist er við að rússneskir ráðamenn muni notfæra sér formennskumisserið til að koma böndum á gagnrýni þá sem ráðið hefur ítrekað beint gegn Rússum frá því þeir fengu aðild að ráðinu fyrir áratug.

Lavrov sakar ráðið um tvískinnung, að það beiti tvöföldum mælikvarða er það gagnrýnir Rússa fyrir hluti sem látnir væru óátaldir hjá öðrum aðildarþjóðum. Ráðið hefur einkum gagnrýnt rússnesk stjórnvöld fyrir gerðir þeirra í Tsjetsjeníu, fyrir meint mannréttindabrot af hálfu rússnesku lögreglunnar, svo og fyrir brot gegn prent-, félaga- og trúfrelsi sem og réttindum minnihlutahópa.

Rene van der Linden, formaður þingmannasamkomu Evrópuráðsins, sagði í yfirlýsingu að formennskumisseri Rússa gæfi þeim tækifæri til að „sýna að Rússland sé hluti af lýðræðislegri Evrópu, á jafnræðisgrundvelli.“ - aa



**ALFREDO REINADO** Leiðtogi uppreisnarsveita hersins segist ekki vera sökudólgurinn, heldur sé ástandið Alkatiri forsætisráðherra að kenna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ráðherrann þarf að víkja

**Leiðtogi uppreisnarmanna úr hernum á Austur-Tímor krefst þess að Alkatiri forsætisráðherra víki áður en friður getur orðið að veruleika.**

**AUSTUR-TÍMOR, AP** Mikill þrýstingur er á Mari Alkatiri, forsætisráðherra Austur-Tímor, um að segja af sér vegna ástandsins í landinu, þar sem hundruð óánægðra hermanna hafa efnt til óeirða. Forsætisráðherranum hefur ekki tekist að hafa neina stjórn á ástandinu og meira en tvö þúsund erlendum friðargæsluliðum, sem komnir eru til Austur-Tímor, hefur ekki tekist að stilla til friðar.

„Lít ég út fyrir að vera uppreisnarmaður?“ spyr Alfredo Reinado, leiðtogi uppreisnarsveitanna úr hernum, sem segist ekki ætla að láta af baráttu sinni fyrr en forsætisráðherrann segi af sér. „Ég vil bara vera góður borgari og vil að landið mitt eigi góða framtíð.“

Reinado var herforingi þangað til hann var rekinn í apríl síðastliðnum ásamt um það bil sex hundruð hermönnum, sem höfðu kvartað undan því að þeim væri mismunað innan hersins.

Átök milli hinna reknu hermanna og þeirra sem eftir voru hafa þróast yfir í almennar óeirðir þar sem fólk fer um ruplandi og rænandi, setur eld að húsum og tugir þúsunda hafa ekki séð sér annað fært en að flýja höfuðborgina Dili þar sem ástandið hefur verið hvað verst.

Hátt í þrjátíu manns hafa týnt lífi í þessum átökum, þar á meðal fimm manns í átökum þann 28. apríl sem Reinado segir að hafi byrjað sem friðsamlegur mótmælafundur óánægðra hermanna en snúist upp í óeirðir þegar stjórnarherinn hóf skothríð.

Reinado kennir forsætisráðherranum alfarið um ástandið og Xanana Gusmao forseti hefur einnig lýst sökinni á hendur Alkatiri, sem þó lætur þessar ásakanir sem vind um eyru þjóta og segist ekki ætla að segja af sér, þrátt fyrir sívaxandi þrýsting.

„Alkatiri verður að segja af sér og fara fyrir dóm vegna allra þeirra glæpa sem hann hefur fyrirskipað,“ segir Reinado.

Reinado hafði barist lengi gegn hernámi Indónesíu og lítur á sig sem mann fólksins, og þar með lítur hann sjálfkrafa á sig sem samherja forsetans, sem var helsti leiðtogi sjálfstæðisbaráttunnar.

gudsteinn@frettabladid.is

Farsímabyltingin í Finnlandi:

# Færri nota fastlínu

**FINNLAND, AP** Finnar töluðu meira í farsíma en fastlínusíma á síðasta ári, en það er í fyrsta sinn sem það gerist frá því farsímabyltingin hófst. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá finnsku hagstofunni.

Í heimalandi Nokia, stærsta farsímaframleiðanda heims, töluðu farsímanotendur alls í 10,8 milljónir mínútna í síma sína í fyrra. Í finnska símakerfinu voru fastlínusímtöl hins vegar aðeins 7,6 milljónir mínútna á árinu 2005, en voru 11,4 milljónir mínútna árið áður. - aa



**FINNSKUR FARSÍMI** Finnar töluðu mun meira í far- en fastlínusíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP









– allt til framkvæmda

Kraftur, gæði og öryggi

Þegar fjárfesta á í tækjum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim alhliða fagþjónustu.

MEST býður upp á Metabo rafmagnsverkfæri fyrir fagaðila og framkvæmdafólk. Hafðu samband við söluráðgjafa okkar fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.

mest

– allt til bygginga

Hörmungarnar á Jövu:

# Kirkjan sendir eina milljón

**NEYÐARHJÁLP** Hjálparstarf kirkjunnar hefur í kjölfar jarðskjálftanna á Jövu ákveðið að senda eina milljón króna til neyðaraðstoðar. Fyrsta beiðni Alþjóðaneyðarhjálpar kirkna nam rúmum 200 milljónum króna. Félags- og áfallahjálp verður veitt fórnarlömbum skjálftans. Forvarnir, meðal annars vegna alnæmis, eru fléttaðar inn í starfið og stuðlað verður að skjótri aðhlynningu slasaðra.

Tekið er við framlögum í söfnunarsíma Hjálparstofnunar kirkjunnar 907-2002 og hjá Rauða krossinum dragast 1000 krónur af símreikningnum sé hringt í 907-2020. - sgj

Laun ófaglærðra á sjúkrahúsinu á Akranesi hækka:

# Allt að 18.000 króna hækkun

**KJARAMÁL** Laun ófaglærðra starfsmanna í fullu starfi við Sjúkrahúsið á Akranesi hækka um allt að átján þúsund krónur á mánuði frá 1. maí.

Ásgeir Ásgeirsson, skrifstofustjóri hjá sjúkrahúsinu, segir launamun milli starfsmanna ríkis og bæja hafi verið jafnaðan: „Það er af hinu góða,“ segir hann, þó hann efist um að margir starfsmannanna nái átján þúsund króna hækkuninni.

Formaður Verkalýðsfélags Akraness, Vilhjálmur Birgisson, telur starfsmennina nokkuð vel mega við una sé miðað við verkafólk sem starfi við sambærileg störf á almennum vinnumarkaði, því tekist hafi að jafna launamuninn sem ríkt hafi á milli starfsmanna sem starfa hjá ríkinu á við starfsmenn sveitarfélaganna sem starfa við sambærileg störf.

„Núna verður það skýlaus krafa að laun verkafólks á hinum almenna vinnumarkaði verði lagfærð til fulls á við þær hækkanir sem hafa orðið hjá sveitarfélögunum og ríkinu. Ef það ekki gerist þá er ekkert annað í stöðunni en að sækja þær lagfæringar fyrir verkafólk á hinum almenna vinnumarkaði með fullu afli,“ ritar formaðurinn á vef félagsins. - gag



**VILHJÁLMUR BIRGISSON** Formaður Verkalýðsfélags Akraness segir næst að jafna muninn milli sambærilegra starfa á almenna vinnumarkaðnum og þeim opinbera.

Gömlu seðlarnir innkallaðir:

# 119 milljónir króna í umferð

**PENINGAR** Seðlabanki Íslands hefur veitt frest til 1. júní 2007 til að innleysa gamla 10, 50 og 100 króna seðla. Að þeim fresti liðnum verða seðlarnir ekki lengur gjaldgengir í viðskiptum.

Í lok apríl á þessu ári voru um 119 milljónir króna af þessum gömlu seðlum í umferð. Árið 1984 var útgáfu 10 króna seðla hætt, þremur árum seinna var útgáfu 50 króna seðla hætt og árið 1995 var útgáfu 100 króna seðla hætt. Mynt með sömu verðgildum var slegin í staðinn. Árið 2005 var ákveðið að þessir seðlar skyldu innkallaðir og þar til 1. júní 2007 ber bönkum skylda til að taka við þeim. - sh



**FRÁ STYRKVEITINGUNNI.** Á myndinni eru Ingi Hans Ágústsson varaformaður Alnæmissamtakanna, Jóhannes Sigurðsson frá Kaupangi og Birna Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Alnæmissamtakanna.

Alnæmissamtökin fá styrk:

# Með tvö verkefni í sigtinu

**STYRKVEITING** Alnæmissamtökin á Íslandi hafa fengið fjárstyrk frá Kaupangi en fyrirtækið hefur áður veitt slíka styrki.

Alnæmissamtökin hafa tvö verkefni í sigtinu og er áætlað að nota styrkinn í annað hvort þeirra. Annars vegar er um að ræða fræðslufundi og forvarnir til nemenda í níunda og tíunda bekk grunnskóla en það verður í þriðja skiptið sem þeir verða haldnir.

Hitt verkefnið er langþráður draumur samtakanna en það er að efna til ráðstefnu til stuðnings HIV-jákvæðum á Íslandi. - gbg

Ásdís Halla Bragadóttir:

# Verður verndari UNIFEM í tvö ár

**SAMTÖK** Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri Byko, hefur tekið að sér hlutverk verndara UNIFEM, þróunarsjóðs Sameinuðu þjóðanna í þágu kvenna, á Íslandi. Í því felst meðal annars að koma fram fyrir hönd félagsins og vekja almenning til vitundar um starfsemina.



**ÁSDÍS HALLA BRAGADÓTTIR**

Í tilkynningu frá UNIFEM kemur fram að Ásdís Halla hafi um árabil verið málsvari málefna sem tengjast starfsáherslum UNIFEM, til dæmis hvatt konur til stjórnmálaþátttöku. Ásdís mun gegna þessu hlutverki næstu tvö árin hið minnsta. - sh

Meirihluti í Fjallabyggð:

# Auglýst eftir bæjarstjóra

**FJALLABYGGÐ** Ákvörðun um myndun meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í Fjallabyggð, hinu nýsameinaða sveitarfélagi Ólafsfjarðar og Siglufjarðar, var tekin á sameiginlegum fundi flokkanna í gærkvöldi.

Staða bæjarstjóra verður auglýst og málefnaáherslur meirihlutans kynntar á næstu dögum. Birkir J. Jónsson, bæjarfulltrúi Framsóknarflokks, segir það markmið meirihlutans að sjá til þess að íbúar beggja bæja hins nýsameinaða sveitarfélags finni samhug sín á milli og á von á farsælu samstarfi innan nýrrar bæjarstjórnar. -sgj





Sólskinstilboðin
Frábær ferðabox
350 ml box 139 KR.
Nýtt í Bónus!
Minnsta boxið
VACUTOP
Stærsta boxið
1900 ml box 249 KR.
ALI GRILLKJÖT: Marineraðar svínkótelettur og úrbeinaður hnakki
40% afsláttur við kassann
ALI GRILLKÓTELETTUR/HNAKKI
1019 kg
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1698kr.
...fyrir góðan dag!
KRYDDAÐUR LAMBABÓGUR
899 kg KR.
KS LAMBABÓGUR
Kryddaður lambabógur
PEPSI
2 lítrar
98 KR.
FRÁBÆRT Í FERÐABOXIÐ
HRAUN/ÆÐI 200g
149 KR.
6 saman
6 súkkulaðihringir
159 KR.
FRÁBÆRT Í FERÐABOXIÐ
Bónus býður betur!
BEINLAUS ÝSA -HARÐFISKUR FRÁ SJÓMANNINUM
LONDONLAMB frá Kjarnafæði
KF LONDONLAMB
979 KR.
MERKT VERÐ 1399
30% afsláttur við kassann
HARÐFISKUR 230g
998 KR.
LANGVINSÆLASTA hangikjötið í Bónus!
HANGIFRAMPARTUR m/BEINI
679 kg KR.
MERKT VERÐ 799KR.
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
5 flatkökur
5 FLATKÖKUR
59 KR.
Bónus hangiálegg
BÓNUS HANGIÁLEGG
1749
30% afsláttur
Þjóðlegt og gott!
Hágæða ferðatöskur
SERVÖRU VERSLANIR
FERÐATÖSKUSETT
7999
3 saman
3 í setti
Saltskot og saltfroskar
SALTSKOT/FROSKAR
98 KR.
200g
TRAVEL
NAMMIBOX 700g
399 KR.
700g Ferða nammiblanda
Pinquin salttöflurnar
Eitt vinsælasta Fríhafnarsælgætið!
SALTPILLUR 310g
299
Afgreiðslutími laugardag: 10.00 til 18.00
II. hvítasunnudag í sunnudagsbúðum 12.00 til 18.00
BÓNUS BÓNUS BÓNUS


á Fullu í Bónus!
Verðlaunakrydd sem bragð er að!
Nýtt í Bónus!
Grillkjötið frá Pottagöldrum er með 20% afslætti í Bónus!
ÁN SALTS ÁN MSG
POTTAGALDRAR
LAMBALÆRI
20% kynningarafsláttur
Pottagaldrar
Marineraður lax
LAX Á GRILLIÐ
998 KR.
BEINLAUS OG MARINERAÐUR FROSINN
Frosnir beinlausir laxabitar FRÁBÆRIR Á GRILLIÐ
EKKERT BRUÐL
FROSNIR LAXABITAR BEINLAUSIR MEÐ ROÐI
899 KR.
Túnfiskur olía/vatn
185g DÓS
69 KR.
Túnfiskur í salatið eða pastað
RYÐFRÍTT STÁL!
4 hluta grillsett
4 PCS B.B.Q. SET
4 ÁHÖLD RYÐFRÍTT STÁL
1499 KR.
SÓLGLERAUGU Í STÍL VIÐ GRILLIÐ? MIKIÐ ÚRVAL!
SERVÖRU VERSLANIR
FULLORÐINS SÓLGLERAUGU
799 KR.
GÓÐAR VIÐ GRILLIÐ!
3 XL rúllur
298 KR.
3 Eldhúsrúllur
BÓNUS
XL
3 risa eldhúsrúllur
ALI BEIKON með 40% afslætti!
Ali
BACON
ALI beikon
1031 KR.
40% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Merkt verð 1719kr.
40% afsláttur við kassann
100% NAUTAKJÖT innflutt
10 stykki 100g hamborgarar
100% NAUTAKJÖT
BÓNUS
HAMBORGARAR
10 hamborgarar
899 KR.
1 kíló
Sprite ZERO
2 lítrar
98 KR.
BÓNUS PYLSUR
479 KR.
Merkt verð 599KR.
BÓNUS
Vínarpylsur
Bónus vínarpylsur
4 XL brauð
98 KR.
4 XL BÓNUS hamborgarabrauð
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



**VARÐ FYRIR KONUNGLEGRI BIFREIÐ** Þessi tyrkneska stúlka, sem heitir Aysegul Goksen, varð fyrir bifreið sænsku konungshjónanna, Karls Gústafs og Silvíu, á götu í Istanbúl í gær. Stúlkan féll til jarðar, en reyndist ekki alvarlega meidd. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Nýtt framboð N-listans með meirihluta í Garði:

# Konur í þremur efstu sætum

**KOSNINGAR** N-listinn hlaut meirihluta atkvæða í Garði en aðeins tveir flokkar buðu fram að þessu sinni.

Á N-listanum eru níu konur og fimm karlmenn, þar af eru konur í þremur efstu sætunum. Oddný G. Harðardóttir, oddviti N-listans, segir að ekki hafi verið erfitt að virkja konurnar. „Það er búið að telja okkur konum trú um að ástæðan fyrir því að við erum ekki á listum sé sú að við viljum ekki vera með. En það var ekki vandamál hér, heldur var þvert á móti mikil ásókn kvenna í sæti.“ Að sögn Oddnýjar var kveikjan að þessu sú að tuttugu konur úr öllum flokkum ákváðu að setjast niður og velta fyrir sér hvernig hægt væri að gera hlutina betur. Oddný segir að þeim hafi þótt þörf á að bæta vinnulag og lýðræðislega aðkomu bæjarbúa að málum. I-listamenn höfðu samband við hópinn um samstarf og úr varð nýtt framboð, N-listinn. H-listanum var einnig boðið að vera með en í ljós kom að þeir ætluðu ekki að taka þátt í kosningunum. Einstaklingar af H-listanum höfðu þó aðkomu að N-listanum.

„Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð og gegnsæja stjórnsýslu. Sömuleiðis að í öllum málaflokkum verði sett fram aðgerðaáætlun og kostnaðaráætlun fyrir kjörtímabilið,“ segir Oddný. - sdg



**ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR** Oddný mun taka við embætti bæjarstjóra í Garði.

Forsætisráðherra Íraks:

## Skipun ráðherra í nánd

**ÍRAK** Forsætisráðherra Íraks, Nouri al-Maliki, sagðist í gær munu tilkynna þinginu innan þriggja daga hverja hann skipar sem nýja varnar- og innanríkisráðherra. Mjög er þrýst á forsætisráðherrann að skipa í þessar mikilvægu stöður í kjölfar vaxandi átaka stríðandi fylkinga í landinu.

Ráðherrann segist einnig hafa sagt stjórnskipaðri nefnd að ræða við bandaríska herinn um meintar árásir hermanna á óbreytta borgara í Haditha í fyrra. Nú í ár hafa yfir 4.000 Írakar, margir þeirra óbreyttir borgarar, látið lífið í stríðstengdu ofbeldi. - sgj

Viðskiptaháskólinn á Bifröst:

## Jón Baldvin ráðinn kennari

**HÁSKÓLAR** Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi sendiherra og ráðherra, hefur verið ráðinn stundakennari við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Hann mun ásamt Eiríki Bergmann Einarssyni kenna námskeiðið Ísland í evrópsku samstarfi, sem kennt verður í nýju meistaranámi í Evrópufræðum, sem skólinn býður upp á í fyrsta sinn á Íslandi. Í námskeiðinu er skoðað hvernig Ísland tengist ESB gegnum EES-samninginn og Schengensamstarfið. Einnig verður farið í námsferð til Brussel og alþjóðlegar stofnanir heimsóttar. -sgj



**JÓN BALDVIN HANNIBALSSON**

Heilbrigðisráðherra um vöktun á smygltilraunum:

# Leitað innvortis hjá fjórtíu manns á ári

**FÍKNIEFNI** Á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum er leitað að eiturlyfjum innvortis hjá 30 til 40 manns á ári hverju og í 7 til 10 tilvikum finnast efni. Þetta kom fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur alþingismanns um einstaklinga með eiturlyf innvortis.

Jafnframt kom fram í svari ráðherra, að annars staðar á landinu, einkum á Seyðisfirði, er leitað hjá innan við 10 manns á ári að eiturlyfjum innvortis. Engin efni hafa fundist við leit þar enn sem komið er.

Ekki er kunnugt um að nein sjúkrastofnun hafi synjað óskum um að koma einstaklingi til aðstoðar við að losna við eiturlyf sem hann hefur haft innvortis, að sögn heilbrigðisráðherra og þykir afar ólíklegt að svo sé.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsfólki í heilbrigðisþjónustunni koma einstaklingar nánast aldrei sjálfviljugir vegna þessara aðstæðna til heilbrigðisstofnana. Nær allir eða allir leita til heilbrigðisþjónustunnar fyrir tilstilli lögreglu við þessar aðstæður. Ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála og dómsmála skoða nú lagaákvæði sem fjalla um þagnarskyldu, tilkynningaskyldu og vitnaskyldu varðandi eiturlyfjaburð innvortis. -jss



**MARKAÐUR MEÐ FÓLKSBÍLA AÐ METTAST** Í mars voru fluttir inn bílar fyrir 3,5 milljarða króna en í apríl fyrir rúma 2 milljarða.

# Neysla fólks dregst saman

**Gengisfall krónunnar og neikvæð umræða um íslensk efnahagsmál hafa valdið samdrætti í innflutningi á bílum og almennum neysluvörum.**

**EFNAHAGSMÁL** Samsetning vöruskiptajöfnuðs hefur tekið stakkaskiptum. Það sýna nýútgefnar tölur Hagstofunnar fyrir aprílmánuð. Undanfarna mánuði hefur hallinn verið rekinn áfram af neyslu en nú stjórnar hann að miklu leyti af auknni fjárfestingu. „Það er í raun betra því fjárfesting skilar sér í auknum útflutningstekjum í framtíðinni,“ segir Ásgeir Jónsson, aðalhagfræðingur KB banka.

Skýr merki eru um áhrif stóriðjuframkvæmda í vöruskiptajöfnuðinum þar sem mikil aukning hefur verið í innflutningi á fjárfestingarvörum. Hins vegar hefur orðið snarpur viðsnúningur í innflutningi á fólksbílum og varanlegum neysluvörum en undir þann flokk falla meðal annars húsgögn og ýmis rafmagns- og heimilistæki. „Almenningur virðist vera að endurmeta ástandið. Minnkandi einkaneysla helst í hendur við væntingarvísitölu Gallup sem birt var á dögunum og sýnir að neytendur hafa ekki verið svartsýnni síðan í desember 2002,“ segir Ásgeir.

Í mars voru fluttir inn bílar fyrir 3,5 milljarða en í apríl fyrir rúma tvo milljarða. Það er mikill samdráttur og telst líklegt að mettun sé orðin á markaði með fólksbíla. Ásgeir segir ekki ólíklegt að það taki tvö til þrjú ár þangað til innflutningur tekur að aukast aftur miðað við það sem sagan sýnir. Þegar gengi krónunnar féll árin 2000 til 2001 hafi innflutningur á bílum og varanlegum neysluvörum hrunið. Það sama hafi gerst á árunum 1987 og 1998.

Greiningardeild KB banka þykir líklegt að innflutningur neysluvara muni halda áfram að dragast saman þegar líður á árið þó töluverð aukning verði áfram í fjárfestingavöru. Hér skipta þrír þættir mestu máli – mettunaráhrif einkaneyslu, veiking krónunnar og háir vextir. Aukin verðbólga og minni væntingar neytenda spila einnig inn í.

holmfridur@frettabladid.is






Albert II Mónakófursti viðurkennir að vera faðir:

# Gengst við stúlku

**MÓNAKÓ, AP** Albert II, fursti af Mónakó, hefur gengist við að vera faðir 14 ára stúlku sem býr með móður sinni í Kaliforníu. Lögmaður furstans greindi frá þessu í viðtali við franska blaðið Le Figaro í gær.

Stúlkan heitir Jazmin Grace Rotolo, en hún er annað óskilgetna barnið sem Albert gengst opinberlega við faðerninu á. Hitt er hinn þriggja ára gamli Alexandre, sem hann átti í lausaleik með flugfreyju frá Tógó. - aa



**EKKI VIÐ EINA FJÖL FELLDUR** Albert fursti í búðum kappakstursmanna í Mónakó um liðna helgi. NORDICPHOTOS/AFP

# Menningarveisla Sólheima í allt sumar!

**3. júní–7. ágúst**

Menningarveisla Sólheima hefst laugardaginn 3. júní og stendur samfellt í 10 vikur. Á dagskrá menningarveislunnar verða m.a. þrjár handverks- og listsýningar auk sýningarinnar Byggt og búið í sátt við náttúruna. Boðið verður upp á skoðunarferðir um Sólheima, trjásafnið og höggmyndagarðinn. Guðsþjónustur eru reglulega í Sólheimakirkju.









Fjöldi frábærra tónlistarmanna verða með tónleika í Sólheimakirkju. Meðal þeirra eru:
Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson, Vallargerðisbræður, Renaissance brass, Svavar Knútur og djasspíanistinn Árni Heiðar.



- *Tónleikar alla laugardaga*
- *Fjórar listsýningar*
- *Staðarskoðun alla sunnudaga*
- *Guðsþjónusta í Sólheimakirkju annan hvern sunnudag*

***Kynntu þér dagskrána á www.solheimar.is.***



## Opnunarhátíð

í Miðgarðstjaldi laugardaginn 3. júní kl. 13.00.

***Allir landsmenn velkomnir og aðgangur ókeypis!***

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

GLITNIR

SÓLHEIMAR
Sjálfbært samfélag

# Svona viljum við hafa það

Sumt í lífinu er sjálfsagt, svo sjálfsagt að maður veit varla af því. Þjónusta Orkuveitu Reykjavíkur miðar að því að maður taki henni sem sjálfsögðum hlut. Ekkert vesen og allt í góðu lagi.



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN ORK ISL32979 06.2006


Orkuveita
Reykjavíkur



**ÖÐRUVÍSI HLAUPAHJÓL** Þótt þetta sérkennilega rafknúna farartæki hafi ekki notið þeirra vinsælda á almennum markaði sem framleiðendur þess áttu von á fyrir fimm árum, þá nýtur það æ meiri vinsælda meðal lögreglumanna og öryggisvarða víða um heim. Þessi öryggisvörður starfar í Los Angeles í Bandaríkjunum, og virðist alsæll með farartækið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Breytingar á frumvarpi um Ríkisútvarpið breyta ekki afstöðu stjórnarandstöðu:

# Vilja enn vísa frumvarpinu frá

**RÍKISÚTVARPIÐ** Breytingartillögur við frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið hafa verið lagðar fram á Alþingi ásamt viðbótarnefndaráliti meirihluta menntamálanefndar.

Inn í frumvarpið er búið að fella ákvæði sem bannar RÚV að eiga hlut í öðru fyrirtæki sem gefur út dagblað eða rekur útvarpsstöð.

Þá er gert ráð fyrir því að málefni RÚV heyri undir upplýsingalög, en sæti ekki ákvæðum um hlutafélög. Á þetta lagði stjórnarandstaðan ríka áherslu.

Í lögunum er nú einnig gert ráð fyrir að Ríkisútvarpinu sé óheimilt að selja frá sér verðmæti sem hafi menningarleg og söguleg gildi fyrir íslensku þjóðina og varðveitt eru hjá fyrirtækinu.



**RÍKISÚTVARPIÐ** Frumvarp um RÚV var rætt á Alþingi í vikunni. Minnihlutin leggur enn til að frumvarpinu verði vísað frá þrátt fyrir breytingar sem gerðar hafa verið á því.

Sigurður Kári Kristjánsson, formaður menntamálanefndar, fylgdi úr hlaði viðbót við meirihlutaálit á Alþingi í vikunni. Hann sagði að hlutafélagið yrði að geta selt eignir, til dæmis vegna endurnýjunar tækjabúnaðar, rétt eins og önnur félög.

Mörður Árnason, Samfylkingunni, mælti fyrir minnihlutaáliti og sagði meðal annars að engin tilraun væri enn gerð til þess að tempra vald ráðherra yfir Ríkisútvarpinu hf. Stjórnarandstaðan leggur enn til að frumvarpinu verði vísað frá. **- jh**

Hrefna á reki:

## Gæslan eyddi hvalshræi

**LANDHELGISGÆSLAN** Lagt var í leiðangur í vikunni eftir að Landhelgisgæslunni hafði borist tilkynning um að hvalshræ væri á reki við Gróttu. Kom í ljós að þarna var á ferð 6 metra löng hrefna sem skapaði hættu fyrir smærri báta. Einnig var hætta á að hræið ræki á fjörur þar sem rotnun með tilheyrandi ólykt gæti orðið til ama.

Áhöfn björgunarskips Landsbjargar og sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar hófu leit að hræinu. Þegar það fannst komu sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar sprengiefni fyrir ofan á því og sökktu því. **- jss**

Danir og Bandaríkjamenn:

## Karlmenn fela sig á klósettum

**DANMÖRK** Danskir karlmenn fela sig á klósettum en bandarískir karlar fela sig í skúrum og fataskápum. Þetta kemur fram á fréttavef danska blaðsins Politiken.

Fyrr í vikunni birti danska blaðið niðurstöður viðamikillar rannsóknar sem sýndi fram á að danskir karlmenn eyða nú tveimur tímum meira á klósettinu í viku hverri en fyrir fjórum árum. Blaðamaður bandaríska blaðsins New York Times rakst á greinina, og komst að því að bandarískir karlar nota jafnframt fataskápa, kjallara, háaloft og skúra sem felustaði.

Felustaðirnir uppfylla karlmannlega þörf, að sögn James B. Twitchell, bandarísks höfundar bókarinnar „Where Men Hide,“ eða „Þar sem karlar fela sig“. **-smk**

Ályktun Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna:

# Vilja frekari sameiningu slökkviliða

**SLÖKKVILIÐ** Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna samþykkti ályktun um öryggismál á þingi sínu sem haldið var nýverið. Þar segir meðal annars að sameina þurfi slökkviliðin á Suðvesturlandi í eitt öflugt björgunarlið.



**VERNHARÐ GUÐNASON**

Í ályktuninni segir að orðið slökkvilið sé rangnefni fyrir það alhliða björgunarlið sem slökkvilið eru orðin. Slökkvilið sinni margháttaðri björgunarstarfsemi langt umfram það sem almenningi er kunnugt um. Þar megi nefna sjúkraflutninga og margháttaða starfsemi sem er af þeim meiði, svo sem björgun og meðhöndlun bráðveikra og slasaðra sem séu í eðli sínu björgunarstörf þar sem kappkostað sé fyrst og fremst að bjarga mannslífum. Einnig megi nefna viðbrögð við eiturefnaslysum.

Það myndi hafa mikil samlegðaráhrif að efla og stækka slökkviliðin á suðvesturhorninu og ætti ríkisstjórnin og sveitarfélögin án tafar að semja um sameiningu þeirra.

Í ályktuninni er einnig óskað eftir að virðisaukaskattur og vörugjald af tækjum og búnaði fyrir slökkvilið verði afnuminn og Brunamálaskólinn verði efldur með auknum fárveitingum. Þá er lagt til að gerð verði rannsókn á lífaldri slökkviliðsmanna og að þeim verði gert kleift að hætta störfum um 55 ára aldur án skerðingar lífeyrissjóðsgreiðslna.



**SLÖKKVISTARFI LOKIÐ** Slökkviliðsmenn hvíla sig eftir að hafa lokið slökkvistarfi á Fiskislóð fyrir nokkru. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Vernharð Guðnason var einróma endurkjörinn formaður sambandsins til tveggja ára og Sverrir Björn Björnsson var endurkjörinn í embætti varaformanns. **- sh**






**RÁÐHERRA Á VETTVANGI** Nicolas Sarkozy innanríkisráðherra á vettvangi í einu hverfa Parísar þar sem til óspekta hefur komið. NORDICPHOTOS/AFP

Óspektir í úthverfum Parísar:

## Óánægjan kraumar enn

**FRAKKLAND, AP** Af litlum neista – í þessu tilviki handtöku – blossuðu aftur upp óeirðir í einu af úthverfum Parísar aðfaranótt þriðjudags og endurtóku þær sig næstu nótt á eftir. Ungmenni gengu berserksgang með hornaboltakylfum og bensínsprengjum. Bílar, opinberar byggingar og lögreglumenn urðu helst fyrir barðinu á reiði ungmennanna.

Rólegt var þó í fyrrinótt, en óspektirnar minna óþægilega á þá hamslausu öldu óeirða sem gekk yfir úthverfi Parísar og annarra franskra borga síðla síðasta árs og sýndu að óánægjan kraumar enn í þessum hverfum innflytjenda þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir stjórnvalda til þess að ná tökum á vandamálum eins og atvinnuleysi ungmenna og kynþáttamisrétti. **- aa**

### TÆKNI OG VÍSINDI

**Alnæmisfaraldurinn stöðvaður** í fyrsta sinn í sögunni hefur náðst árangur gegn útbreiðslu alnæmis í heiminum en fjöldi nýrra tilvika hefur ekki aukist samkvæmt nýrri skýrslu. Enn er þó mikið óunnið ennþá.

**Einhverfa og málmar** Franskir vísindamenn kanna nú hvort tengsl geti verið milli einhverfu og þungmálma, en reynist tilgáta þeirra rétt verður mögulega hægt að finna lyf sem hreinsað gæti slíka þungmálma úr líkamanum.

# 20-50% afsláttur af öllum grillum

**Þú færð grillið samsett og heimsent þér að kostnaðarlausu***



Grandhall Professional



BBQ Master 2301



Sterling 2555



BBQ Master 2300



Sterling 1714



Sterling 1104



Grillino Champ



Fire Friend ferðagasgrill

*Gildir fyrir stórhöfuðborgarsvæðið og Akureyri, heimsendingar eiga ekki við um Fire Friend eða Grillino Champ.

Gildir til 8. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## „ORÐRÉTT“

### *Gott vinnuheilræði*

**„Það getur enginn unnið af gleði með uppsagnarbréfið í vasanum.“**

**Elín Albertsdóttir ritstjóri Vikunar. Eftir að henni var sagt upp og boðið að reyna að ná auglýsingasölunni upp á þremur mánuðum og halda þá starfinu. Fréttablaðið 1. júní.**

### *Þessi tónlist nú til dags!*

**„Það vakti alltaf fyrir mér að semja nútímatónlist sem hljómar ekki eins og nútímatónlist.“**

**Atli Heimir Sveinsson tóskáld. Sinfónía nr. 2 eftir hann var frumflutt í gær. Morgunblaðið 1. júní.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** LÁRUS JÓHANNESSON Í 12 TÓNUM

## *Ný verslun í Kaupmannahöfn*

„Já, það er nú helst að frétta að ég var að ljúka við upptökur á væntanlegri breiðskífu hljómsveitarinnar Jakobínarínu,“ segir Lárus Jóhannesson, einnig þekktur sem Lalli í 12 Tónum, þegar blaðamaður bjallaði í hann. Lalli hefur í nógu að snúast þessa dagana, enda gengur búðin og plötuútgáfan vel um þessar mundir. „Upptökur á plötunni voru afar spennandi en hún kemur síðan út einhvern tíma seinna á árinu,“ segir Lalli glaður í bragði, en platan var tekin upp af upptökustjóranum góðkunna Ken Thomas, sem hefur unnið með mörgum Íslendingum í gegnum tíðina, til dæmis Sykurmolunum og Sigurrós. Lalli tekur virkan þátt í yfirstandandi útrás íslenskra fyrirtækja og ætlar á næstu dögum að reyna fyrir sér í höfuðborg Dana. Hann er bjartsýnn á gang mála þar. „Upp á síðkastið hef ég verið meira og minna í því að skipuleggja nýju plötubúðina sem við í 12 Tónum erum að opna úti í Kaupmannahöfn. Formleg opnun hennar er ráðgerð þann 8. júní og það hefur verið töluverð vinna í því og mikið fjör.“

En Lalli gefur sér líka tíma til að slappa af. „Ég var í ansi góðum gír á Sirkus í gær, en þar tróðu upp stórsjarmörarnir í Langa Sela og Skuggunum. Þeir voru þrusugóðir og hafa greinilega engu gleymt. Gaman að sjá þá aftur.“



**LÁRUS JÓHANNESSON Í 12 TÓNUM**
Upptökur á plötunni voru afar spennandi.



**JÓN EGGERT GUÐMUNDSSON** Hér sést göngugarpurinn með hryggsúluna dularfullu sem hann fann sunnan Akureyrar. Fyrir nokkrum árum fann hann bein úr konu frá 17. öld þegar hann var í göngutúr nálægt Straumsvík.

## *Dularfull bein á vegi gönguarps*

Jón Eggert Guðmundsson strandgöngugarpur hóf seinnipartinn í gær göngu yfir Ólafsfjarðarmúla sem er mikil ófæra og var hann því alls óviss um hvernig til myndi takast. Vegnum þar hefur ekki verið haldið við frá því Ólafsfjarðargöng voru opnuð fyrir umferð árið 1991.

En fleiri ögranir hefur hann fundið á vegi sínum en ófærur því í vikunni fann hann hryggsúlu í vegarkanti sunnan Akureyrar. Beinin voru of stór til að geta verið úr kind og of lítil til að geta verið úr hrossi svo hann afréð að skila hryggnum til lögreglunnar á Akureyri í von um að þeir leystu úr þessari ráðgátu. Þess má geta að Jón Eggert gekk fyrir nokkrum árum að beinum skammt frá Straumsvík en þau reyndust vera úr konu frá 17. öld.

Á leiðinni að múlanum fór hann nokkra króka til þess að vera nær ströndinni og komst þá að því að kortabókin sýndi vegi sem ekki reyndust vera til. En hvað sem því líður segist hann ávallt ganga á guðs vegum.

# Strandagaldrar í franskri bók

**Út er komið í Frakklandi fyrsta bindið í teiknimyndaröðinni Islandia eftir Marc Vedrines. Ferðalag um Vestfirði og þá sérstaklega um Strandir fyllti listamanninn andagift og gefur afrakstur ferðarinnar að líta í þessari bók. Forlagið Dargaud gefur bókina út en það er stærsta forlag teiknimyndasagna í Frakklandi.**

Marc Vedrines er kvæntur íslenskri konu, Sigríði Eysteinsdóttur að nafni, og hefur því oft komið hingað til lands. Í einni slíkri ferð fóru þau hjúin í mikla Vestfjarðaferð og varð hann fyrir miklum áhrifum á Ströndum enda komst hann þar í tæri við galdra fyrir milligöngu Sigurðar Atlasonar, sem oft er kallaður galdramaðurinn á Ströndum. „Hann kom hingað og skoðaði kotbýli kuklarans með það í huga að gefa sem raunsannasta mynd af



**SÖGURPERSÓNUR VIRÐA FYRIR SÉR NORÐURLJÓSIN**



**MARC VEDRINES** Þessi Íslandsvinur virðist hrifast af flestu sem íslenskt er og mun næsta bókaröð vera innblásin af áhrifum frá Vestmannaeyjum.

bústöðum almúgafólks á 17. öld,“ segir Sigurður galdramaður. Í kotbýli þessu í Bjarnarfirði, sem er 27 kílómetrum norðan Hólmavíkur, er galdrasýning. Þar er leitast við að færa gesti til þess tíma sem galdrar og ofsóknir skóku samfélagið fyrir vestan.

Það er einmitt söguvið þessarar sögu en hún fjallar um franskan svein sem ræður sig á fiskiskip sem heldur til veiða við Íslandsstrendur. Fer piltur svo að spyrja fólkið á Ströndum og vill fá hjálp til að skilja dularfullar sýnir sem hafa fylgt honum frá bernsku. Sú eftirgrennslan á eftir að koma honum í bobba í þessu vestfirska samfélagi á 17. öld þar sem galdrar og galdraofsóknir tröllríða samfélaginu. Kemst hann svo að raun um að tengsl eru milli þessara dularfullu sýna og íslenskra galdra.

Hélène Werlé, kynningafulltrúi hjá Dargaud segir að menn séu vongóðir um að bækurnar fái góðar viðtökur hjá frönskum lesendum.




**FYRSTA BINDI Í TEIKNIMYNDARÖÐINNI ISLANDIA** Franskir teiknimyndaaðdánedur fá 17. aldar Ísland beint í æð í nýjustu bók Marc Vedrines sem virðist heillast af öllu sem íslenskt er. Bókin er innblsáin af áhrifum sem hann varð fyrir á ferðum sínum um Strandir.

Sigrún Davíðs, tengdamóðir Marcs, segir hann vera hugfanginn af Íslandi og öllu sem íslenskt er. „Til dæmis er hann sérlega hrifinn af matnum hér svo það er alveg stórkostlegt að gefa honum að borða sem er náttúrulega draumur hverrar tengdamóður,“ segir hún og hlær við.

Útlit er fyrir að Frakkar fái að kynnast mun meiru af vættum og veruleika Íslands fyrir tilstilli Marcs. Ekki er nóg með það að tvö hefti eiga eftir að koma út um ævintýrin á Ströndum heldur er von á annarri bókaröð frá Íslandi. „Hann fór fyrir skömmu til Vestmannaeyja en þá var Krassinsky kollegi hans með í för en hann er víðþekktur,“ segir Sigrún. „Þeir voru svo heillaðir að nú hyggjast þeir gefa út bókaröð sem á að vera byggð á þeim áhrifum sem Vestmannaeyjar höfðu á

vísir VEF TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS

# Fyrsti tjaldferðamaður ársins í Ólafsfirði

Þótt sumarið láti bíða eftir sér fyrir norðan þetta árið er ekki þar með sagt að sumarferðamennirnir geri hið sama. Fyrsti tjaldferðamaður ársins kom til Ólafsfjarðar í vikunni og lét Nýsjálendingurinn sá vel af tveggja daga dvöl sinni þar þó að enn sé snjóþungt fyrir norðan. Það varð honum reyndar til happs að mokað hefur verið á tjaldsvæðinu þar sem fyrirhugað er að koma fyrir upp leiktækjum fyrir sjómannadaginn.

„Hann var að koma hjólandi frá Siglufirði,“ segir Gísli Rúnar Gylfason, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi, en ferðamaðurinn leitaði til hans til að fá upplýsingar um eitt og annað á staðnum. „Ég spurði hann hvort honum væri ekki kalt en hann kvað svo alls ekki vera og sagði veðrið hlýtt þó snjór væri á jörðu. Hann hafði reyndar séð myndir af Netinu frá Ólafsfirði í vetrarham svo honum þótti þetta kunnuglegt þó vissulega væri hann nokkuð hissa á því að enn væri snjór á þessum árstíma.“



**FYRSTI ERLENDI FERÐAMAÐURINN Á ÓLAFSFIRÐI Í ÁR** Hann kallar ekki allt ömmu sína þessi vaski Nýsjálendingur sem gisti tvær nætur í snjónum á tjaldstæðinu á Ólafsfirði eftir að hafa hjólað frá Siglufirði. Umsjónarmaður tók það ekki í mál að rukka garpinn fyrir gistinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI

Þegar kappinn ætlaði svo að borga fyrir gistinguna tók Haukur Sigurðsson, forstöðumaður íþróttamiðstöðvarinnar, til sinna ráða. „Þetta er harður tappi greinilega. Kom hjólandi frá Siglufirði og blés ekki úr nös, gisti svo í snjónum og lét vel af dvölinni svo ég tók það ekki í mál að hann borgaði neitt fyrir. Enda er ekki búið að opna tjaldstæðið enn.“

Hann segir að Nýsjálendingurinn ætli að hjóla hringinn. „Hann var vel búinn, var með góðan svefnpoka og hlíf utan um hjólið svo það færi ekki illa í snjónum,“ segir Haukur að lokum.

- jse

# Við bjóðum besta úrvalið ...

## og HM 2006 í knattspyrnu fylgir með!



**Pioneer**

**PDP–436SXE PLASMA SKJÁR**
Skjá stærð 109 cm (43 ").
Skjáhlutfall 16:9.
Upplausn 1024 x 768 punktar.
HD ready / X HDMI.
Pureblack/Pure drive 2HD.
Skerpa: 3.000:1
Innbyggður móttakari
Hátalarar og borðstandur fylgja
**Verð: 459.900**



40" Háskerpu LCD Sjónvarp

VIÐ BJÓÐUM MARGVERÐLAUNUÐ **GÆÐATÆKI**
FRÁ HEIMSÞEKKTUM FRAMLEIÐENDUM
– **MEÐ 3ja ÁRA ÁBYRGÐ**.
HVAÐ ER Á BAK VIÐ "NO-NAME"
FRAMLEIÐSLUNA?

**GÆÐI** Á EINSTÖKU **TILBOÐI**:

**SAMSUNG LE40R51B**
40" Háskerpu LCD Sjónvarp
· (High-Definition TV)
· Upplausn: 1366 x 768
· Skerpa: 3000:1
· Birta: 500 cd/m2
· DNIe myndleiðrétting
· 170° sjónarhorn
· SRS TruSurround XT hljóðkerfi
· 1000 síðna textavarpsminni

**SAMSUNG DVD-125**
DVD Upptökutæki og spilari
· DVD, DVD-RAM, DVD-R, DVD-RW,
· SVCD, CD, CD-R, CD-RW,
· MP3 CD, JPEG CD DivX
· Sjálvirkur kaflaskiptir
· HDMI, scart,
· Komponent
· DV-Inngangur

*Þú sparar þér 70.000.- kr.*

DVD Upptökutæki og spilari



SAMSUNG

**Aðeins kr.: 259.900,-**

FYRIR **BÆÐI** TÆKIN!
DVD UPPTÖKUTÆKIÐ FYLGIR **FRÍTT** MEÐ SJÓNVARPINU!



**LOEWE.**

**LOEWE INDIVIDUAL**
32 " Háskerpusjónvarp. HD Ready.
Upplausn: 1366 x 768.
Innbyggður DVB-T /S
stafrænn sjónvarpsmóttakari.
Skerpa 800:1.
Birta: 450 cd/m2
**Verð: 349.900**



**LOEWE.**

**LOEWE XELOS**
32 " Háskerpusjónvarp. HD Ready.
Upplausn: 1366 x 768.
Innbyggður DVB-T stafrænn
sjónvarpsmóttakari.
Skerpa: 800:1.
Birta: 450 cd/m2
**Verð: 299.900**



**LE-32R41B**
32" Breiðtjaldssjónvarp
Háskerpusjónvarp(HDTV)
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 3000:1
Birta: 500 cd/m2
DNIe myndleiðrétting
170° sjónarhorn
SRS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 199.900**

SAMSUNG

SÝN

**FYLGIR FRÍTT**
með öllum 32" - og stærri
sjónvörpum sem keypt eru
hjá ORMSSON.*

*Undantekning er ofangreint tilboð á SAMSUNG LE40R51B



**SAMSUNG LE40M61BX**
**Valið besta LCD sjónvarpið 2005–2006**
40" LCD sjónvarp.
Háskerpusjónvarp (HDTV). 6,4 milljarðar lita.
Upplausn 1366 x 768.
Skerpa 5000:1.
Birta 500 cd/m2.
DNIe myndleiðrétting.
178° sjónarhorn.
SrS TruSurround XT hljóðkerfi
1000 síðna textavarpsminni
**Verð: 399.900**

SAMSUNG

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

**ORMSSON**

GERÐU KRÖFUR OG VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800

SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

RADIONAUST, AKUREYRI
SÍMI 461 5000

HAFNARGÖTU 25, KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

WWW.ORMSSON.IS

**Umboðsmenn: Suðurland:** Árvirkinn, Selfossi, **Eyjaradíó** og **Geisli**, Vestmannaeyjum, **Verslunin Rás**, Þorlákshöfn. **Vesturland: Model**, Akranesi. **Vestfirðir: Þristur**, Ísafirði. **Norðurland: Bókaverslun Þórarins Stefánssonar**, Húsavík, **Kaupfélag Skagfirðinga**, Sauðárkróki, **SR Byggingavörur**, Siglufirði, **Krákur**, Blönduósi, **Verslunin Urð**, Raufarhöfn. **Austurland: Verslunin Vík** Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, **HS Raf**, Eskifirði, **Beint í Mark**, Vopnafirði.

## Svona erum við

> Fjöldi útvarpsstöðva




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÖRYGGISRÁÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

# *Ein valdamesta stofnun heims*

Ísland hefur boðið sig fram til setu í öryggisráðinu árin 2009 til 2010, en þar sem önnur Vestur-Evrópuríki hafa jafnframt boðið sig fram mun koma til kosninga. Öryggisráðið hefur mikið verið í fréttum undanfarið vegna afskipta þess af kjarnorkuáætlun Írans.



**Hvað er öryggisráð Sameinuðu þjóðanna?**
Meginhlutverk öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna er að viðhalda friði og efla öryggi í heiminum öllum. Ráðið tekur á öllum þeim málum sem lögð eru fyrir það og hætta þykir á að geti grafið undan friði þjóða í milli. Yfirleitt reynir öryggisráðið fyrst að koma á viðræðum milli deiluaðila til að miðla málum. Í einstaka tilfellum getur ráðið sent eftirlitssveit á vettvang til að rannsaka ástandið.

Komi til átaka vegna deilna sem ekki hefur tekist að leysa með friðsamlegum hætti reynir öryggisráðið að stöðva átökin eins fljótt og mögulegt er. Getur það verið með skipunum um vopnahlé milli stríðandi aðila eða með beinu inngripi friðargæsluliða SÞ. Einnig getur ráðið í sérstökum tilfellum sett viðskiptabann á þjóðir sem ekki hlíta skipunum ráðsins.

Öryggisráðið hefur starfað síðan árið 1946 og eiga fimmtán þjóðir sæti í því. Stórveldin Bandaríkin, Kína, Bretland, Frakkland og Rússland eiga varanleg sæti og hafa þau jafnframt neitunarvald.

Auk þessara fimm eru svo tíu aðildarríki kosin til tveggja ára í senn og er þess gætt að jafnvægi sé milli heimshluta. Hver þjóð hefur eitt atkvæði en níu slík þarf til að fá niðurstöðu í smærri málum. Við allar stærri ákvarðanatökur þarf einnig níu atkvæði en þá þurfa einnig allir fimm fastafulltrúarnir í ráðinu að vera meðal þeirra.

**Hví ætti Ísland að hafa fastafulltrúa þar?**
Mikil aðsókn smærri ríkja heims er í aðild að öryggisráðinu og stjórnmálaskýrendur segja að fái smærra ríki fulltrúa kosinn til tveggja ára, sé það mikil traustsyfirlýsing við viðkomandi þjóð. Seta Íslands í ráðinu myndi gefa Íslendingum tækifæri til að stuðla „að friði, frelsi og efnahagslegri velferð í heiminum,“ sagði Geir H. Haarde utanríkisráðherra nýverið.

## SPURT & SVARAÐ
ALNÆMISSAMTÖKIN



**BIRNA ÞÓRÐARDÓTTIR**
Formaður stjórnar Alnæmissamtakanna

### *Forvarnir mikilvægar*

Alnæmissamtökin fengu nýlega veglegan styrk frá Kaupangi en hann kemur sér vel í starfi félagsins. Samtökin voru stofnuð árið 1988 og formaður stjórnar er Birna Þórðardóttir.
Hvert er hlutverk samtakanna?
Það er að styðja við bakið á þeim sem hafa smitast sem og aðstandendum þeirra. Í húsnæði samtakanna að Hverfisgötu 69 geta HIV jákvæðir og aðstandendur þeirra hist og boðið er upp á þjónustu hjá félagsráðgjafa einu sinni í viku. Hlutverk þeirra er einnig að fræða almenning um HIV sjúkdóminn og vinna gegn fordómum.
Hvaðan koma tekjurnar?
Samtökin eru ekki á fjárlögum og hafa því ekki fastar tekjur en reiða sig á styrki frá hinu opinbera og fyrirtækjum. Öryrkjabandalagið og Heilbrigðisráðuneytið hafa veitt samtökunum styrki undanfarin ár en einnig hafa þau notið framlaga frá fyrirtækjum og Landlæknisembættinu.
Að hverjum beinast forvarnirnar?
Samtökin hafa tvívegis farið í fræðsluferð í kringum landið til þess að fræða unglinga í efstu bekkjum grunnskólans en það er gert í samráði við Landlækni. Áætlanir eru uppi um að fara í þriðju ferðina núna í haust en enn hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um það.




# Hjálpar manni að vakna

**Margir karlar híma einir í herbergi úti í bæ, eru hættir að hafa samband við börnin, hlaða upp skuldum og missa öll tengsl. Tveggja mánaða atvinnuleysi dugar til að rugla svefnvenjum fólks og smám saman hætta þeir að vakna á morgnana. Eftir því sem lengra líður þeim mun meiri verður kvíðinn og skömmin og stöðugt verður erfiðara að koma sér af stað. Karlasmiðjan miðar að því að efla karlkyns einstæðinga þannig að þeir geti tekist á við sitt eigið líf.**



VILJUM MEIRI HÓPAVINNU Guðmundur Fjalar Ísfeld er einn af körlunum sem sækja Karlasmiðjuna núna. Hann hefur átt við veikindi og langtíma atvinnuleysi að stríða og telur að Karlasmiðjan hafi hjálpað sér í gang aftur. „Þegar maður hefur dottið út úr vinnu er ofboðslega erfitt að komast af stað aftur,“ segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Karlkyns einstæðingum fer ört fjölgandi í hópi viðskiptavina Þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar. Þessir menn eiga það sameiginlegt að hafa misst fótanna í lífinu. Þeir hafa verið atvinnulausir og margir þeirra hafa átt við veikindi og stundum neyslu að stríða. Margir þeirra skulda mikið. Þeir geta ekki staðið í skilum og sjá ekki fram á að komast út á vinnumarkaðinn því að heimilt er að taka 75 prósent af tekjum þeirra upp í meðlagsskuldir. Af 25 prósentunum geta þeir ekki lifað.

### Erfitt að komast af stað

Guðmundur Fjalar Ísfeld er einn af þeim sem sækja Karlasmiðjuna, samstarfsverkefni á vegum Tryggingastofnunar og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Hann hefur átt við langtíma atvinnuleysi og veikindi að stríða og átt í erfiðleikum með að koma sér í gang aftur. „Karlasmiðjan hjálpar manni að vakna á morgnana. Ég var alltaf að stökkva inn í vinnu og datt svo út úr henni strax aftur þannig að mig vantaði eitthvað sem væri hnitmiðað og einstaklingsmiðað þar sem ekki væru gerðar sömu kröfur og á vinnustað,“ segir Guðmundur.

Guðmundur hefur unnið fyrir sér frá tólf ára aldri. Hann var langt kominn með matreiðslunám þegar hann uppgötvaði að kokkastarfið hentaði honum ekki. Áður hafði hann unnið ýmis almenn störf, til dæmis hjá Landspítalanum. „Þegar maður hefur dottið út úr vinnu er ofboðslega erfitt að komast af stað aftur. Það tekur alltaf meira og meira á eftir því sem tíminn líður,“ segir hann.

### Viljum meiri hópavinnu

Karlasmiðjan er kennd í þremur sex mánaða tímabilum og stendur fyrsti hlutinn í Karlasmiðju 2 nú yfir. Þátttakendur eru tæplega tuttugu. Þeir eru misduglegir að mæta en nú hefur myndast kjarni sem mætir reglulega. Guðmundur segir að andinn sé góður þó að þátttakendurnir komi úr mismunandi áttum. Í Karlasmiðjunni fer fram kennsla í hefðbundnum fögum eins og íslensku, stærðfræði, ensku og félagsfræði. Til viðbótar er kennsla í sjálfseflingu, fjármálum, námstækni, næringarfræði og tölvum svo að dæmi séu nefnd. Eftir því sem á líður þyngist námið og um leið kröfurnar. Þátttakendurnir fá punkta sem þeir geta nýtt sér til stúdentsprófs. „Við viljum meiri hópvinnu og verkefni af einhverju tagi til að þjappa okkur saman,“ segir Guðmundur sem stefnir að því að ljúka stúdentsprófi.



GUÐMUNDUR FJALAR ÍSFELD Þátttakendur í Karlasmiðjunni eru tæplega tuttugu og hefur nú myndast fastur kjarni sem alltaf mætir. Guðmundur Fjalar Ísfeld er þátttakandi í Karlasmiðjunni en hann vantar ekki mikið til að ljúka stúdentsprófi. Námið í Karlasmiðjunni getur hann fengið metið til stúdentsprófs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við erum flestallir með fjármálin í hönk þannig að fjármálanámskeiðið hefur reynst vel. Þar er kennt hvernig á að halda utan um fjármálin okkar. Við fáum að vita hver staða okkar er og lærum að vinna okkur út úr því svo að við getum komist á beina braut í fjármálunum,“ segir hann.

### Ræðum alla hluti

Stefanía Sörheller er verkefnisstjóri hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar og Eymundur Garðar Hannesson er félagsráðgjafi og situr jafnframt í stýrihópi Karlasmiðjunnar. Þau láta vel af reynslunni með Karlasmiðjuna og benda á að verkefnið sé í mótun, þátttakendur geti komið með hugmyndir og tillögur að því sem betur má fara. Í upphafi gera þátttakendurnir samning við félagsráðgjafann sinn og eru síðan í reglulegu sambandi við hann. Eymundur segir að reynt sé að vanda valið á þátttakendum þannig brottfall verði minna. Þannig hefur hann þrjá þátttakendur á sínum vegum og reynir að hitta þá tvisvar í mánuði.

„Hvað erfiðasta hópinn varðar er mikilvægast að fá mennina til að mæta reglulega klukkan níu á morgnana, taka þátt í félagslífinu, tengjast hópnum og vera í sambandi við félagsráðgjafa eða sérfræðing þannig að hægt sé að meta þörfina fyrir aðra aðstoð. Við reynum að skoða alla hluti, ræðum meðal annars samskipti við fjölskylduna sem oft eru mjög brotin,“ segir Eymundur.



**LÁTA VEL AF KARLASMIÐJUNNI**
Stefanía Sörheller, verkefnisstjóri hjá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, og Eymundur Garðar Hannesson félagsráðgjafi og fulltrúi í stýrihópi Karlasmiðjunnar. Þau láta vel af reynslunni með Karlasmiðjuna.


FRÉTTAVIÐTAL
**GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.**
ghs@frettabladid.is

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ




**SÉRTILBOÐ Í JÚNÍ**
BERLÍN – MÜNCHEN – BARCELONA – MADRID
Aðeins **24.900** kr.***

**SÉRTILBOÐ Í JÚNÍ OG JÚLÍ**
# OSLÓ
Aðeins **23.900** kr.*

**SÉRTILBOÐ Í JÚNÍ**
# MANCHESTER
Aðeins **19.900** kr.**

**SÉRTILBOÐ Í JÚNÍ OG JÚLÍ**
# STOKKHÓLMUR
Aðeins **23.900** kr.*

+ Bókaðu á www.icelandair.is – Munið 20% barnaafsláttinn.

NJÓTTU SUMARSINS Á NÝJUM STAÐ
# NETKLÚBBSTILBOÐ
Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

Vildarpunktar
VISA
MasterCard Ferðaávísun gildir

WWW.ICELANDAIR.IS

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 32948 06/2006

*Síðasta heimkoma 31. júlí. Sölutímabil til og með 9. júní. **Síðasta heimkoma 30. júní. Sölutímabil til og með 9. júní. Flug til Manchester, Stokkhólms og Osló gefa frá 3.000 Vildarpunkta.
***Sölutímabil til og með 6. júní. Flug til Berlín, München, Barcelona og Madrid gefa 3.600 Vildarpunkta. Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar. Tilboð gilda einungis þegar bókað er á Netinu. Takmarkað sætaframboð.



landslag
*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** ÚTGERÐIN FARSÆLL

# *Dreymdi um að eignast Farsæl*

Þegar Þorgeir Þórarinsson frá Selvogi var ungur drengur á fyrri hluta síðustu aldar dreymdi hann um að eignast áraskip líkt Farsæli, sem þá var gerður út frá heimabyggð hans. Það var Steinn Guðmundsson frá Eyrarbakka sem smíðaði skipið fyrir Pál Grímsson, útvegsbónda frá Nesi í Selvogi. Sá Farsæll er nú varðveittur á sjóminjasafninu á Eyrarbakka. Þetta er tólfróið skip með sérstöku lagi sem Steinn innleiddi á báta sína og hefur það því verið kallað Steinslag. Það bátalag var hannað með aðstæður á verstöðvum á Suðurlandi í huga og þótti gefast vel þar.

Ekki fór svo að Þorgeir eignaðist slíkan Farsæl en nú gera synir hans, Hafsteinn og Grétar, út 60 tonna bát sem ber þetta heiti. Þorgeir, sem féll frá fyrr á þessu ári, var lengi útgerðarmaður frá Grindavík og jafnvel eftir að synir hans tóku við útgerðinni gat hann ekki slitið sig



frá sjónum og reri á trillu til nokkurra ára þótt hann stæði þá á sjötugu.

Fimm manna áhöfn er á Farsæli og segir Grétar góðan starfsanda ríkja enda hafa flestir unnið þar lengi. Ýmislegt er gert til að viðhalda þessum góða starfsanda. Til dæmis fóru kapparnir nýlega ásamt konum sínum til Kúbu og skemmtu sér hið besta. Myndir frá Kúbu ber að líta á tölvuskjá í brúnni og líta menn oft á hana meðan þeir láta hugann reika yfir ólguhafið. Einnig fara nokkrir saman á skytterí meðan aðrir renna fyrir lax saman.

Um þessar mundir landar Farsæll í Grindavík en þorsksaflinn fer til vinnslu í fiskverkunina Nýfisk í Sandgerði en aðrar tegundir fara á fiskmarkaðinn. Hinn helming ársins er Farsæll hins vegar á kolaveiðum í Faxaflóa en þá er landað í Keflavík og fer aflinn þá til vinnslu í K&G þar í bæ.

## STAÐURINN
TÖLUR OG STAÐREYNDIR



### *Reykjanesröst*

**Staðsetning:** Milli Eldeyjar og Reykjaness

**Næsta höfn:** Grindavíkurhöfn

**Fjarlægð frá næstu höfn:** átta sjómílur, eða tæpir fimmtán kílómetrar

**Helstu tegundir:** Þorskur, ufsi og ýsa

**Breidd:** Tvær sjómílur, eða tæpir fjórir kílómetrar

**Einkenni:** Getur verið afar straumþung. Varhugaverð í suðaustanátt.

**Dýpt:** Mikið misdýpi. Er allt frá áttatíu til tuttugu faðma.

AUGLÝSINGASÍMI 550 5000 FRÉTTABLAÐIÐ

# Röstin gefur rausnarlega

**Það er rjómablíða þegar Grétar Þorgeirsson skipstjóri tekur á móti Jóni Sigurði Eyjólfssyni um borð í Farsæli GK 162 við Grindavíkurhöfn. Svo er látið úr höfn og stefnan tekin á Reykjanesröst.**

Reykjanesröst er í Húllinu sem er sundið milli Eldeyjar og Reykjaness. Hún er straumþung og getur öldugangur verið afar krappur þar í vissum áttum. Til allrar hamingju er þó nokkuð gott í sjó þennan dag því 60 tonna bátur er ódæll íverustaður þegar ekki er rótt í röstinni.

Það er létt yfir karlinum í brúnni, Grétari Þorgeirssyni, á útstíminu en restin af áhöfninni nýtir þann klukkutíma sem það tekur að komast á miðin í kojunni.

### Sjómannsgenin

„Ég er búinn að vera til sjós frá því ég var unglingur og ég vildi hvergi annars staðar vera,“ segir Grétar. „Ég gæti ekki hugsað mér að vinna í landi; að sitja við símann frá níu til fimm er ekki fyrir mig.“

Hann á ekki langt að sækja sjómannslundina því faðir hans, Þorgeir Þórarinsson, var mikill útgerðarmaður frá Grindavík á árum áður. Grétar er einn sex Þorgeirssona en þeir eru allir til sjós nema einn. Einn bróðirinn, Hafsteinn, er stýrimaður á Farsæli. „Við ákváðum það að vera aðeins tveir bræður á sama bátnum því það er aldrei að vita hvað getur gerst,“ segir Grétar og verður djúpt hugsi stundarkorn. „En þó myndi fólk kannski ekki spá í það ef fimm bræður væru saman í bíl, sem er í raun mun hættulegri en báturinn, en ef þeir eru á sama bát þykir fólki það hin mesta goðgá.“

### Ræs!

Ekki þarf að sigla lengi áður en allt er farið að iða af fiskalífi. „Hvað eru menn að sækja í norska síldarstofninn? Það liggur við að það sé hægt að veiða þetta af bryggjunni. Sjáðu bara,“ segir Grétar og bendir á mælana sem sýna þykkar síldartorfur þó ekki hafi verið siglt lengra en hálfa mílu frá höfn. Ekki líður á löngu áður en hrefnur sjást gæða sér á sjávarsilfrinu. „Það er nóg til af síld og þorski líka. Hann er bara ekki alltaf mættur þegar Hafró á stefnumót við hann,“ segir skipstjórinn og hlær við. „Sjáðu bara,“ segir hann og bendir á mælana. „Þetta er þorskur.“ Því næst stingur hann nefinu niður í lúkar og áhöfnin vaknar við hressilegt ræs.

### Mokveiði

Hallur Gunnarsson netamaður fer út á dekk og setur bauju fyrir borð og svo aðra þegar stímt hefur verið í góðan hring en þá fer dragnótin á eftir. Þegar búið er að draga í fjörutíu mínútur er nótin dregin inn og þá ríkir eftirvænting hjá mannskapnum. Nótin flýtur upp og þá kætast karlar. „Þetta eru svona sex eða sjö tonn,“ segir Hafsteinn og reyndist síðari talan vera rétt. Viðar Geirsson vélstjóri hífir aflann um borð í hollum, ofan í karið þar sem Sveinn Eyfjörð Jakobsson matsveinn losar um hann. Þá er ekkert annað að gera en að taka sér hníf í hönd og byrja að blóðga og flokka en innan um þann gula er ýsa, ufsi, langa, karfi og koli. Eftir rúman hálftíma eru tonnin sjö komin niður í lest og voðin er komin útbyrðis öðru sinni. Grétar er í stöðugu símasambandi og fær fiskifréttir frá næstu bátum. Honum til mikillar undrunar hafði áhöfnin á Benna Sæm aðeins fengið rúmt tonn en þeir köstuðu rétt sunnan við Farsæl. Farsælingar báru vel úr býtum í sínu seinna kasti þennan dag, fimm tonn. „Það er best að hætta þessu fyrst maður er ekki með meiri þorskskvóta,“ segir Grétar þá og stefnan er tekin heim á leið.

### Langar ekki í löngu

Sveinn tók eina væna löngu og matreiddi listilega. Blaðamanni var þó ýmislegt ofar í huga en að borða fiskmeti með hrásalati og kokkteilsósu eftir vinnu og velting í slorinu. Sveinn var hins vegar ekki á því að láta kauða komast upp með slíkan gikkshátt svo ekki varð undan vikist. Það var svo ekki til að auka kæti kokks þegar blaðamaður skilaði löngunni eftir fáeina bita.

„Það var ekki heiglum hent að sigla inn í Grindavíkurhöfn áður en þessi hafnargarður kom,“ segir Grétar þegar siglt er inn í höfn. Eitt sinn áður en hafnargarðurinn kom varð Farsæll vélarvana úti við höfnina og strandaði. Það eru mestu raunir sem hann hefur komist í á Farsæli en þó hefur hann komist í hann krappari á sinni sjómannsævi því nítján ára gamall fór hann útbyrðis eftir að hafa fest löppina í trolli.

Það er föstudagur og eftir löndun heyrast Pink Floyd-lög hljóma úr brúnni svo dynur í bátnum. Það þýðir bara eitt: föstudagshreingerningar.



**SVEINN EYFJÖRÐ JAKOBSSON OG HAFSTEINN ÞORGEIRSSON** Aflinn er kominn um borð og Sveinn og Hafsteinn hafa tekið upp hnífinn og eru farnir að blóðga. Það tók áhöfnina ekki nema um hálftíma að koma sjö tonnum niður í lest. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**VIÐAR VÉLSTJÓRI** Viðar er hrekkjalómurinn um borð og á það til að hringja í skipstjórann og gera at í honum. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**KARLINN Í BRÚNNI** Grétar kann hvergi betur við sig en á sjó og það er oft kátt á hjalla þegar hann er að tala við kollega sína á næstu bátum. Allt er látið vaða í slíkum samtölum og skipstjórar jafnvel kallaðir rastaskrattar, drullur eða voðlausir. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**HALLUR ÚTI Á DEKKI** Margt er þessum netamanni til lista lagt en hann hefur sett upp sjávardýrasafn á Sjómannastofunni Brimi í Grindavík. Þar ber að líta tröllakrabba og fleiri uppstoppuð kvikindi. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

**Komin í kilju**

„Erlendur klikkar ekki ... Arnaldur sækir í sig veðrið með hverri bók."
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON, FBL.

# ARNALDUR INDRIÐASON

## VETRARBORGIN

„Vetrarborginni verður örugglega víða fagnað, og fer vísast í upplagi hátt í þrjátíu þúsund eintök mörgum til skemmtunar.“
*– Páll Baldvin Baldvinsson, DV*

„Fléttan er þétt og vandlega unnin og heldur lesandanum vel við efnið ... Arnaldur sýnir hér mikla hæfni í sköpun andrúmslofts og stemmningar og minnir Vetrarborgin að því leyti á Mýrina og Grafarþögn.“
*– Gunnþórunn Guðmundsdóttir, bokmenntir.is*



Edda
edda.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS* *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.737 **+0,49%** **Fjöldi viðskipta:** 114 **Velta:** 637 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Tryggingamiðst.** | +2,76% | **Atorka** | -0,86% |
| **Dagsbrún** | +2,17% | **Avion** | -0,55% |
| **Alfesca** | +1,28% | **FL Group** | -0,51% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 65,90 +0,00% ... Alfesca 3,97 +1,28%... Atorka 5,75 -0,86% ... Bakkavör 49,50 +0,20% ... Dagsbrún 6,13 +2,17% ... FL Group 19,40 -0,51% ... Flaga 4,18 +0,97% ... Glitnir 18,10 +0,56% ... KB banki 785,00 +0,90% ... Landsbankinn 22,10 +0,91% ... Marel 69,90 +0,00% ... Mosaic Fashions 16,50 +0,00% ... Straumur-Burðarás 17,20 +0,00% ... Össur 110,00 +0,00%

* í gær klukkan 13.00

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Tap sama sem hagnaður

Tap þarf ekki alltaf að þýða tap. Eins furðulega og þetta kann að hljóma þá varð það raunin þegar uppgjör Hampiðjunnar var gert ljóst. Útgerðarfyrirtækið HB Grandi er skráð sem hlutdeildarfélag í bókum Hampiðjunnar og þar sem Grandi tapaði miklum fjármunum á fyrsta ársfjórðungi nam tap Hampiðjunnar af þessum tíu prósenta eignarhlut um 150 milljónum króna á sama tímabili. Hins vegar hækkaði eignarhluturinn um 120 milljónir króna að markaðsvirði vegna hækkunar á markaðsvirði HB Granda. Hampiðjan bókfærir hlutinn á 930 milljónir króna en markaðsvirði hlutarins stóð í tæpum tveimur milljörðum króna við lok fjórðungsins. Myndaðist því „dulinn“ hagnaður upp á 120 milljónir.



### Að byrgja brunninn

Marc Faber er skarpskyggn svissneskur hagfræðiprófessor sem talar enga tæpitungu. Hann hefur viðurnefnið Doktor Dómsdagur, sem lýsir því hversu bjartsýnn hann er. Hann hefur þó oft reynst giska sannspár um það sem koma skal í hagkerfum og á mörkuðum heimsins. Í nýjasta pistli sínum segir hann að ef Seðlabankastjóri Bandaríkjanna hefði verið í námi hjá sér hefði hann fellt hann og losað heiminn við það að slíkur maður hefði stýrt Seðlabanka Bandaríkjanna. „Ég hefði sagt honum að prentiðn lægi betur fyrir honum en hagfræði. Í prentsmiðju hefði hann getað prentað allt frá klámi til bóka um kristna bókstafstrú.“ Í stað þess segir Faber Bernanke taka við af Greenspan í prentun peninga. Í ljósi þessara ummæla er það kannski huggun harmi gegn að það hefur ekki verið á færi hagfræðiprófessora að koma í veg fyrir hverjir yrðu höfuð Seðlabanka Íslands.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Heimsmarkaðsverð á olíu lækkaði annan daginn í röð í gær í kjölfar þess að Bandaríkjastjórn lýsti sig viljuga til beinna samningaviðræðna við Íransstjórn vegna kjarnorkuáætlunar hennar.

Seðlabanki Noregs hækkaði stýrivexti sína um 25 punkta á þriðjudag og standa þeir nú í 2,75 prósentum. Greiningardeild Glitnis segir hækkunina hafa komið mörgum á óvart enda hafi flestir búist við óbreyttum stýrivöxtum.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins spáir methagvexti innan sambandsins á árinu. Hagvöxtur mældist 0,6 prósent á fyrsta ársfjórðungi og er búist við að hann verði 0,7 prósent út árið. Viðvarandi hagvöxtur hefur ekki verið jafn mikill síðan í júní árið 2000.

# Tap Flögu minnkar

Flaga Group hf. tapaði 877 þúsund Bandaríkjadölum, jafnvirði 63 milljóna íslenskra króna, á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þetta er 228 þúsund dölum eða tæpum 16,4 milljónum krónum minna tap en á sama tímabili fyrir ári. Þá nam tap fyrirtækisins fyrir skatta rúmri 1,1 milljón dala, jafnvirði 79 milljóna króna, sem er 350 þúsund dölum eða 25,1 milljón króna minna tap en fyrir ári.

Tekjur Flögu Group námu 7,4 milljónum dala, tæpum 532 milljónum íslenskra króna, sem er 10 prósenta samdráttur frá sama tíma í fyrra. Rósa Steingrímsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Flögu, segir afkomuna í takt við væntingar. Samdráttinn megi aðallega rekja til skipulagsbreytinga hjá Medcare og SleepTech, dótturfélögum fyrirtækisins, en dreifing félaganna fluttist til Bandaríkjanna. Höfuðstöðvar



**FRÁ FLÖGU** Búist er við að viðsnúningur verði á afkomu Flögu á öðrum og þriðja ársfjórðungi. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

fjármálasviðs og hluti tækniþjónustu verða eftir sem áður á Íslandi. Rósa segir breytingarnar hafa gengið hratt fyrir sig en þær hófust seint á síðasta ári.

Áætlað er að viðsnúningur náist á öðrum og þriðja ársfjórðungi þegar kostnaðar vegna skipulagsbreytinga gætir ekki lengur. „Við erum mjög bjartsýn á framtíðina því þetta er ört vaxandi markaður,“ segir Rósa. - jab

# Starfsemi Samskipa undir einu nafni með haustinu

**Samskip veitti í gær tveim nýjum kaupskipum móttöku og lagði hornstein að nýjum höfuðstöðvum í Rotterdam.**

Öll flutningastarfsemi Samskipa verður sameinuð undir nafni Samskipa í haust. Hingað til hefur starfsemi flutningafyrirtækjanna Van Dieren Maritime, Seawheel og Geest, sem öll eru í eigu Samskipa, verið rekin undir nafni Geest.

Þetta var tilkynnt í Rotterdam í gær en þar tóku Samskip við tveimur nýjum kaupskipum sem sérsmíðuð eru fyrir félagið til gámaflutninga til Evrópu. Skipin hlutu nöfnin Samskip Pioneer og Samskip Courier.

Gámafloti Samskipa telur nú um þrettán þúsund gáma og eru tuttugu og sjö gámaskip í föstum áætlanasiglingum á vegum félagsins milli Íslands, Bretlands, Írlands, Spánar, Skandinavíu, Eystrasaltslandanna, Rússlands og meginlands Evrópu. Skrifstofur Samskipa eru nú fimmtíu og níu talsins í tuttugu og þremur löndum og starfsmenn um fjórtán hundruð.

Rotterdam-höfn er þungamiðja starfsemi Samskipa og lagði Michael F. Hassing forstjóri hornstein að nýjum höfuðstöðvum Samskipa á gamla hafnarsvæðinu í Rotterdam í gær. - jsk



**KÁTIR SAMSKIPAMENN** Samskip hleyptu af stokkunum tveimur nýjum skipum.



# Laun knattspyrnumanna lækka

**Enska úrvalsdeildin ber höfuð og herðar yfir aðrar deildir Evrópu samkvæmt skýrslu Deloitte.**

Laun knattspyrnumanna í ensku úrvalsdeildinni lækkuðu í fyrsta skipti milli ára, samkvæmt árlegri knattspyrnuskýrslu endurskoðunarfyrirtækisins Deloitte & Touche. Lækkunin nam þremur prósentum en áður höfðu laun hækkað um tuttugu prósent á ári að meðaltali frá stofnun deildarinnar. Skýrslan tók til tímabilsins 2004 til 2005.



Enska úrvalsdeildin ber sem fyrr höfuð og herðar yfir aðrar knattspyrnudeildir Evrópu. Tekjur úrvalsdeildarliðanna námu alls tæpum 180 milljörðum íslenskra króna. Manchester United var tekjuhæsta liðið með tæplega 22 milljarða króna tekjur.

Tekjur liða í ítölsku Serie-A deildinni námu alls tæpum 124 milljörðum króna. Tekjur af þýsku Bundesligunni voru tæplega 110 milljarðar króna og um 96 milljarðar af spænsku fyrstu deildinni.

Athygli vakti að næstefsta deild á Englandi, Championship-deildin svokallaða, var sú sjötta stærsta í Evrópu miðað við tekjur. Samtals námu tekjur liðanna 42 milljörðum króna. - jsk

# Skýrr og Teymi sameinast

Ákveðið hefur verið að Skýrr hf. og Teymi ehf. verði sameinuð undir nafni Skýrr hf. Formlegur sameiningardagur hefur ekki enn verið ákveðinn. Skýrr og Teymi eru dótturfélög Kögunar hf. sem er í meirihlutaeigu Dagsbrúnar hf., en Dagsbrún er skráð í Kauphöll Íslands.

Sigþór Samúelsson, frakvæmdastjóri Teymis, segir í tilkynningu að fyrirtækin hafi átt samstarf um árabil, verið lengi í eigu sömu aðila og deilt húsnæði. Samlegðaráhrif séu því mikil. Þá segir Þórólfur Árnason að með samrunanum fái Skýrr frábært fólk til liðs við fyrirtækið sem mikill fengur sé í. - jab




**ÞÓRÓLFUR ÁRNASON** Forstjóri Skýrr segir mikinn feng í starfsfólki Teymis. Mynd/GVA

# Tíu ára áætlun VÍS lauk á tæpum tveimur árum

**Félagið hefur nálega sexfaldast að stærð í forstjóratíð Finns Ingólfssonar.**

Þegar Finnur Ingólfsson kom til starfa hjá VÍS seint árið 2002 var félagið metið á tólf milljarða króna. Virði VÍS eignarhaldsfélags í dag er tæpir 66 milljarðar króna eftir að greint var frá því að Exista hefði eignast félagið að fullu.

„Við settum okkur tíu ára markmið þegar við skipulögðum fyrirtækið árið 2003. Á um það bil tveimur árum höfðum við náð flestum markmiðunum. Vöxturinn og árangurinn fór langt fram úr því sem björtustu vonir stóðu til,“ segir Finnur. Hann lætur nú af störfum sem forstjóri VÍS eignarhaldsfélags en verður starfandi stjórnarformaður Vátryggingafélags Íslands. Hann er bæði sáttur við eigendaskiptin og eigin vistaskipti en Ásgeir Baldursson tekur við starfi framkvæmdastjóra VÍS.

Þegar flestar stærðir eru bornar saman má segja að félagið hafi sexfaldast. Heildareignir félagsins hafa vaxið úr tuttugu milljörðum króna í 110 milljarða og eigið fé farið úr 4,9 milljörðum í þrjátíu. Markaðshlutdeild VÍS hefur einnig vaxið jafnt og þétt á þessum tæpu fjórum árum, farið úr 32 prósentum í tæp 40 prósent.

Finnur lýsir betur þeim breytingum sem urðu eftir að hann koma til starfa. „Við skipulögðum fyrirtækið út frá því að það væri tryggingafélag en víkkuðum út hlutverk þess þannig að það væri jafnframt öryggis- og fjármálaþjónustufyrirtæki.“ Frá þeim tíma hefur VÍS bætt við sig hlutabréfum í Öryggismiðstöð Íslands, keypt Lýsingu og tryggingafélögin Vörð og Íslandstryggingu. Jafnframt er VÍS brautryðjandi í útrás íslenskra tryggingafélaga með fjárfestingum í Englandi og Noregi. Telur Finnur að vöxtur tryggingafélaganna liggi á erlendum miðum á næstu árum. „Samkeppnin hér heima er mikil og tryggingamarkaðurinn vex lítið. Þú verður í vextinum að leita út fyrir landsteinanna. Við höfum skilgreint okkar markað sem Norðurlöndin og Bretland.“



**Í FORSTJÓRATÍÐ FINNS INGÓLFSSONAR HEFUR VÍS-SAMSTÆÐAN SEXFALDAST AÐ STÆRÐ** Finnur tekur við starfi starfandi stjórnarformanns Vátryggingafélags Íslands eftir að Exista eignaðist VÍS eignarhaldsfélag að öllu leyti.

**VÍS SEXFALDAST ***

| Ár | Eignir | Eigið fé |
|---|---|---|
| 2002 | 24 | 4,6 |
| 2003 | 28,9 | 6 |
| 2004 | 43,1 | 14,4 |
| 2005 | 92,1 | 27,7 |
| 2006 ** | 110 | 30 |

* Upphæðir í milljörðum króna
** Miðað við 31.03.2006

En til þess að ná árangri þurfa ýmsir þættir að vera til staðar að mati Finns. Fyrirtækið þarf að vera fjárhagslega öflugt til þess að geta tekið áhættu sem snýr að kraftmiklum vexti. Finnur nefnir einnig að fyrirtæki verði að eiga trausta og ánægða viðskiptavini og síðast en ekki síst ánægt og gott starfsfólk. „Allt þetta hefur verið til staðar hjá okkur.“

Finnur er spurður um kaup VÍS á hlutabréfum ríkisins í Búnaðarbankanum í ársbyrjun 2003 en þessi hlutur hefur margfaldast að virði. „Það hefur verið afskaplega vel spilað úr þeirri fjárfestingu og þar skipti höfuðmáli sameining Búnaðarbankans á sínum tíma við Kaupþing.“ Hann bætir við að töluverð áhætta hafi legið í þessum kaupum fyrir þá aðila sem komu að kaupunum.

eggert@frettabladid.is



# Við opnum fullt hús




300.000 kr. afsláttur af öllum hjólhýsum



Char-Broil gasgrill 6.995 kr. áður 16.900 kr.



Montana tjaldvagn með yfirbr. og fortjaldi 599.000 kr. áður 694.132 kr.



Nielsen Powerflex 9 feta flugustöng 16.900 kr. áður 22.900 kr.



Coleman Spa nuddpottur 895.000 kr.



6 m fánastöng, fáni og sökkull 49.900 kr. áður 59.900 kr.



Permasteel gasgrill 64.900 kr. áður 79.900 kr.



Garðhúsgögn Borð og 4 stólar 44.900 kr. áður 59.900 kr.



Himinn og haf / SÍA

# ævintýra að Fiskislóð 1



Opið föstudag kl. 8–18
laugardag kl. 10–16

**Við opnum nýja og glæsilega stórverslun Ellingsen að Fiskislóð 1.**

Vöruúrval Ellingsen hefur verið stóraukið og meiri áhersla lögð á ferðavagna, nuddpotta, skot- og stangveiðivörur, auk alls þess sem fyrir var; slöngubátar, grillvörur, útivistarfatnaður o.fl. o.fl. Nýja verslunin er sannkölluð draumaveröld útivistar-, ferða- og athafnafólks. Fullt hús ævintýra!

Í tilefni af opnuninni og 90 ára afmæli Ellingsen, verður hátíð alla helgina. Hoppkastalar, lifandi tónlist og grillað ofan í gesti.

**Verið velkomin!**

**Ellingsen**

*– fullt hús ævintýra*

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Póstsendum um allt land

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Fiskveiðilögsagan:

## Þrjátíu ára friður

Þrjátíu ára friður um íslensku fiskveiðilögsöguna markar tímamót sem vert er að minnast. Yfirráðin yfir fiskimiðunum voru sannarlega og með réttu hluti fullveldisbaráttunnar. Á þorskastríðin er gjarnan litið sem hátinda þeirrar baráttu.

Þó að stundum hafi verið skiptar skoðanir um aðferðir voru kröfur Íslendinga bornar fram af einurð og lögvísi. Aðeins fjórum árum eftir stofnun lýðveldisins var með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins lögð sú lína sem síðan var fylgt.

Sérfræðingar ríkisstjórnarinnar í hafrétti og framúrskarandi vísindamenn á sviði fiskifræði lögðu til efnivið í sterka málefnalega röksemdafærslu. Framsýnum stjórnmálamönnum tókst á endanum að gera drauminn að veruleika.

Átökin á miðunum milli litlu varðskipanna og bresku herskipanna eru flestum minnisstæð. Áhafnir varðskipanna voru sannkallaðar þjóðhetjur. En lokasigurinn vannst við samningaborðið í Osló. Sú stund líður engum úr minni sem að henni varð vitni.

Á tímamótum sem þessum er líka ástæða til að meta hvernig til hefur tekist. Í flestu tilliti verður ekki annað sagt en árangurinn hafi verið góður. Í dag er horft til Íslendinga um vísindalega verndun fiskistofnanna. Aukheldur er litið hingað til þess að sjá hvernig markaðslausnir í sjávarútvegi skila hámarks efnahagslegum afrakstri.

Hinu verður ekki neitað að í of langan tíma skorti á pólitíska ábyrgð varðandi verndun fiskistofnanna. Segja má að gripið hafi verið í taumana á síðustu stundu. Sumir þeirra stjórnmálamanna sem stóðu að útfærslu fiskveiðilögsögunnar höfðu mismunandi skilning á verndun eftir því hvort hagsmunirnir sneru að útlendingum eða kjósendum þeirra sjálfra. Í byrjun nutum við því réttindanna en sýndum ónóga ábyrgð.

Ísland er hins vegar einstakt í hópi fiskveiðiþjóða fyrir þær sakir að skilningurinn á mikilvægi ábyrgrar fiskveiðistjórnunar hefur alla tíð verið meiri röðum forystumanna í atvinnugreininni en í röðum stjórnmálamanna. Í þeim efnum hafa flest hagsmunasamtök í sjávarútveginum sýnt meiri framsýni og ábyrgð en margur stjórnmálamaðurinn. Það er ekki síst fyrir þá sök að á Ísland er nú litið sem fyrirmyndarríki um ábyrga nýtingu auðlinda sjávar.

Þegar samið var um aðild Íslands að innri markaði Evrópusambandsins var algjör pólitísk samstaða um að undanskilja útgerðina frá almennum opnum reglum um erlenda fjárfestingu. Rökin voru einföld. Það stóð ekki til að gefa eftir það sem áunnist hafði í baráttunni fyrir ráðunum yfir fiskimiðunum. Útlendingum átti ekki að hleypa bakdyramegin í íslenska auðlind.

Nú, rúmum áratug síðar, er alvarlega rætt um að opna þessa heimild. Það er til marks um hversu hratt tímarnir breytast. Þó að slík breyting yrði ekki óumdeild myndu væntanlega fáir halda því fram nú að hún væri svik við hetjur þorskastríðanna. Hún er ótímabær af öðrum ástæðum.

Þar vegur þyngst það sjónarmið að samkeppnisstaðan er ekki jöfn á helstu markaðssvæðunum í Evrópu. Þar njóta sjávarútvegsfyrirtækin enn ríkulegra styrkja í ýmsu formi. Þetta álitaefni er því fyrst og fremst spurning um tíma.

Hitt er ljóst að um leið og opnað verður fyrir útlendinga til þess að koma inn um „bakdyrnar" í fiskveiðilögsöguna falla burt öll rök um að sjávarútvegshagsmunir standi í vegi aðildar að Evrópusambandinu.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Um karlrembu

Valgerður Sverrisdóttir viðskiptaráðherra var spurð um verðtryggingu lána og svaraði hún fyrirspurninni á þingi í fyrradag. Jón Gunnarson, Samfylkingunni, fór í ræðustól að því loknu og kvaðst hafa hlustað á Valgerði lesa upp ræðu sem hún hefði greinilega ekki lesið áður. Valgerður tók þessu illa og taldi fullvíst að Jón hefði aldrei ávarpað karlmann með þessum orðum. Hún væri orðin von slíkum trakteringum og orð Jóns bæru vott um karlrembu.



Forseti meinaði Jóni að bera af sér sakir og gerði hann þá athugasemd við fundarstjórn. Kvaðst hann hafa haft þessi orð áður um ráðherra, karla og konur, og enginn fótur væri fyrir ásökunum um karlrembu.

### Um réttarfar

Í dag ræðst hvort Þjóðarhreyfingin leggur fram kæru hjá sýslumanni í Reykjavík varðandi meint atkvæðakaup Framsóknarflokksins meðal nýbúa í Reykjavík. Verði kært setur sýslumaður á fót nefnd sem rannsakar efni málsins og úrskurðar. Uni Þjóðarhreyfingin ekki niðurstöðunni getur hún skotið málinu áfram til félagsmálaráðuneytisins. Þar er aftur við Jón Kristjánsson félagsmálaráðherra að eiga. Ekki er víst að menn uni því heldur. Athygli vekur að hlutur Framsóknarflokksins í utankjörfundarkassanum var 36 prósentum hærri en endanlegt fylgi hans í borginni. Kassinn hífði einnig sjálfstæðismenn upp, en aðrir flokkar töpuðu heldur á talningunni upp úr utankjörfundarkassanum.



### Um hleranir

Ríkisstjórnin ætlar sjálf að hafa forræði yfir rannsókn á símhlerunum – meðal annars hjá friðhelgum alþingismönnum – á kaldastríðstímanum. Tillaga forsætisráðherra um sérfræðinganefnd gengur út á að þrír ráðherrar verði með puttana í málinu.

Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og kaldastríðssérfræðingur, var ekki viðstaddur umræður á þingi um málið í gær. Það var líka borin von að hann fengi að segja eitt orð um málið án áreitni stjórnarandstöðunnar. Faðir hans, Bjarni Benediktsson, var sá dómsmálaráðherra sem réði mestu um slíkar hleranir á sínum tíma. Nú á Björn að líta til með sérfræðingum sem fá að kíkja á gögnin.

johannh@frettabladid.is

## Stefnufesta og sveigjanleiki

Í DAG
MEIRIHLUTAMYNDANIR



BIRGIR GUÐMUNDSSON

*Ósigur Framsóknar mun kalla á mikla naflaskoðun í flokknum og ekki er að efa að sú skoðun mun að verulegu leyti snúast um skilgreiningar. Hún mun snúast um að flokkurinn þarf að skilgreina sig betur hugmyndafræðilega og skerpa á því fyrir hvað hann ætlar að standa.*

Það vekur athygli að einn helsti sigurvegari sveitarstjórnarkosninganna, Vinstrihreyfingin - grænt framboð, virðist ekki ætla að vinna neina sigra þegar kemur að meirihlutamyndunum. Þegar þessar línur eru skrifaðar virðist hugsanlegt að flokkurinn taki ef til vill þátt í meirihluta í einu sveitarfélagi. Kosningasigur VG mun því nýtast í stjórnarandstöðu hér og þar, en þó stjórnarandstaða sé vissulega mikilvæg veitir hún óneitanlega minni áhrif en aðild að meirihluta.

En þessi niðurstaða hefur víðtækari áhrif fyrir Vinstri græna og getur skipt mjög miklu máli bæði fyrir sjálfsmynd flokksins og þá ímynd sem hann fær hjá hinum almenna kjósanda. Ætlar Vinstrihreyfingin - grænt framboð að vera hreinn mótmælaflokkur sem hefur það hlutverk eitt að standa á hliðarlínunni og gagnrýna það sem miður fer og tala fyrir félagslegum áherslum og ætar hann að vera flokkur sem gagnrýnir það sem miður fer, talar fyrir félagslegum áherslum og er tilbúinn að taka þátt í meirihlutasamstarfi á landsvísu eða í sveitarstjórnum þótt það kosti einhverjar málamiðlanir? Hið stóra mikilvægi stjórnarandstöðu er jú að stjórnin sé raunhæfan valkost við stjórnina – ekki bara sýndarvalkost.

Á þessu tvennu er mjög mikill munur. Meðal annars skiptir þetta máli fyrir matreiðsluna á stefnumálum flokksins. Óhjákvæmilega hefur það áhrif hvort flokkurinn þarf að hafa í huga að hann kunni sjálfur einn góðan veðurdag að lenda í stjórn sveitarfélags eða ríkisins eða hvort hann telur sig hafa frítt spil. Ef hann velur seinni kostinn mun hann haldast í því að vera mótmælaflokkur – flokkur sem kosinn er þegar óánægja er almenn með aðra valkosti. Ef hann velur seinni kostinn þá er eðli flokksins óhjákvæmilega annað og yfirbragðið „ábyrgara". Það er með öðrum orðum mikill munur á því hvort Vinstri grænir skynja sig og eru skynjaðir sem valdasækinn flokkur eða valdafælinn. Rétt er að undirstrika að hér er verið að tala um ímynd flokksins og sjálfsmynd í tengslum við meirihlutasamstarf. Í þessari viku hafa komið upp dæmi þar sem þessi ímynd/sjálfsmynd hefur skipt miklu máli fyrir myndun meirihluta. Þannig má segja að valdafælni hafi birst í því að flokksmenn hafa verið tilbúnir að fórna meirihlutasamstarfi fyrir til þess að gera smávægileg atriði, eins og í Árborg og jafnvel víðar. Sömuleiðis má segja að ímynd annarra stjórnmálaafla af VG sem valdafælnum mótmælaflokki hafi orðið til að menn treystu sér ekki til að mynda knappa meirihluta með flokknum, eins og segja má að gerst hafi á Akureyri og jafnvel Reykjavík.

Öfugt við VG má segja að sá flokkur sem mestu tapaði hafi náð mjög verulegum árangri við að hafa áhrif í meirihlutamyndunum. Framsókn hefur í undanförnum kosningum átt á brattann að sækja, jafnan unnið sína sigra með því að gera betur en kannanir sögðu til um. Í þetta sinn var það þó á mörkunum að flokkurinn sigraði kannanirnar, nema kannski í Reykjavík þar sem flokkurinn náði inn manni með ærnum herkostnaði. Ósigur Framsóknar mun kalla á mikla naflaskoðun í flokknum og ekki er að efa að sú skoðun mun að verulegu leyti snúast um skilgreiningar. Hún mun snúast um að flokkurinn þurfi að skilgreina sig betur hugmyndafræðilega og skerpa á því fyrir hvað hann ætlar að standa. Að því leyti er ímynd flokksins mjög óskýr, bæði hjá almenningi og hjá flokksmönnum sjálfum.

Ýmis af grundvallarmálum flokksins virðast komin á flot í stökkbreyttu samfélagi á sama tíma og engum dylst að flokkurinn er valdasækinn og vill hafa áhrif og er sérstaklega flinkur í að tefla slíkar skákir. Enda sýnir það sig að framsóknarmenn eru víða komnir að í meirihluta og geta fyrir vikið haft veruleg áhrif. Gagnrýnin beinist enda ekki síst að því að þeir hafi verið of tilbúnir til samstarfs og málamiðlana – þeir hafi verið of valdasæknir og ekki staðið fast á neinu grundvallarmáli. Eflaust eru dæmi um það að Framsókn komist að meirihlutasamstarfi á grundvelli óskýrrar grundvallarhugmyndafræði og enn á t.d. eftir að koma í ljós hvernig endanlegur málefnasamningur í Reykjavík lítur út. Hitt er líka víst að leikni og færni framsóknarmanna í meirihlutasamstarfi - valdasækni þeirra - hefur skapað þeim ímynd sem veldur því að önnur stjórnmálaöfl treysta þeim til samstarfs.

Þannig gerist það að einn helsti ósigur flokks í kosningunum snýst upp í sigra Framsóknarflokksins í meirihlutamyndun. Á sama tíma tekst einum helsta sigurvegara kosninganna, VG, að ræna ósigrinum af Framsóknarflokknum þegar kemur að meirihlutasamstarfi næstu fjögur árin. Skýringanna er að leita í hlutföllum stefnufestu og sveigjanleika – nokkuð sem báðir flokkar þurfa að taka afstöðu til fyrir alþingiskosningarnar að ári.


Kópavogur




Samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunnar í mars 2006.

Flestir Kópavogsbúar kjósa að Atlantsolía fái að reisa mannlausa bensínstöð í nágrenni sínu. Við þökkum traustið. Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.atlantsolia.is.

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



**BLÓMLEGT Á LÖNGUM LAUGARDEGI**

Hinn árlegi blómadagur verður haldinn á Skólavörðustíg á laugardaginn.

LANGUR LAUGARDAGUR 6



**ANANAS, ÁVÖXTUR KONUNGA**

Ananas er upprunninn í Brasilíu og Paragvæ en sætt bragð hans og erfiðleikar við að koma honum til Evrópu gerðu hann að ávexti konunga á endurreisnartímabilinu.

MATUR 2



## ALLT HITT

**[MATUR TILBOÐ]**

**Einu** sinni var, barnafataverslun, stendur fyrir ævintýralegum tilboðsdögum dagana 31. maí til 3. júní þar sem veittur er 20 prósenta afsláttur af öllum vörum.

**Nings** hefur opnað nýja veitingastaði í Kringlunni, Smáralind og á Akureyri, Wok Bar Nings. Þar geta viðskiptavinir valið sjálfir samsetningu á kjöti eða fisk, grænmeti og sósu. Matreiðslumeistari snöggeldar á Wok pönnu fyrir gesti. Einnig má fá tilbúnar samsetningar á köldum réttum og heilsuréttum.



**Hagkaup** afnemur virðisaukaskatt af öllum Prostyle reiðhjólum í verslunum sínum. Hjólin eru til í mörgum stærðum og litum. Tilboðið gildir meðan birgðir endast.

**Nýja** Skátabúðin er með tilboð á stafagöngustöfum á aðeins 2.995 krónur. Einnig eru gönguskór úr Karrimor-línunni á tilboði á 9.797 krónur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 2. júní, 153. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.20 | 13.26 | 23.33 |
| Akureyri | 2.30 | 13.10 | 23.54 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Stefán Svan Aðalheiðarson, verslunarstjóri Kron Kron, sveiflar sleifum og spöðum í eldhúsinu og töfrar fram góða rétti eftir hendinni.FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ritzkex, egg og gular baunir

***Stefán Svan í Kron Kron hefur ekki eingöngu gott auga fyrir fallegum fötum heldur er hann einnig lunkinn við að betrumbæta mataruppskriftir.***

„Ég bý einn og vinn mikið og borða því mikið af 1944 réttum og Daloon rúllum,“ kímir Stefán Svan Aðalheiðarson, verslunarstjóri Kron Kron. „ Mér finnst rosalega gaman að elda. Ég skoða mikið uppskriftir í blöðum og prófa mig áfram. Maður sér pínu hvað það er við hverja uppskrift sem maður vill betrumbæta. Ég mæli með því að fólk eldi meira eftir hendinni, prófi sig áfram en ekki festast í að fylgja uppskriftum. Svipað eins og í lífinu sjálfu.“

Aðspurður um sitt mesta eldunarafrek fer Stefán á fortíðarflakk. „Einu sinni bjó ég með vinkonu minni sem kunni ekki að elda og ekki áttum við mikla peninga. Eitt kvöldið eldaði ég mjög góðan rétt úr eggi, gulum baunum og ritzkexi,“ segir Stefán stoltri röddu. „Mér fannst það ákveðið afrek. Ég kannski reyni við þá uppskrift aftur einn daginn.“

Uppskriftin sem Stefán gefur lesendum er komin alla leið frá Spáni. „Uppskriftin er orðin einskonar flökkuuppskrift og hefur breyst svolítið gegnum árin. Ég tók bara grunninn að henni og svo bæti ég við eða breyti eftir því hvernig liggur á mér. En réttinn kalla ég Tuddasalat,“ segir Stefán sem kann vel að meta öll þau matarboð sem hann fær. „Ég fer í mörg matarboð og hef gaman af því,“ segir Stefán og samþykkir að gott matarboð í góðra vinahópi dragi fram lífsins ljúfu stundir. „Það eru bestu tímarnir, að borða góðan mat yfir góðum samræðum.“ Uppskrift Stefáns má finna á síðu 3.

*johannas@frettabladid.is*




:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

SUMARFJARNÁM

Skráning á sumarönn fer fram

22.maí - 2.júni

á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam





**Epli er 87% vatn** en í 100 g eru einnig 0,3 g af fitu, 0,3 g af prótíni, 10,9 g af kolvetni og ekkert kólesteról. Enn fremur færðu 48 kílókaloríur úr grömmunum hundrað.

# Ananas: ávöxtur konunga

***Ananas er uppruninn í Brasilíu og Paragvæ en sætt bragð hans og erfiðleikar við að koma honum til Evrópu gerðu hann að ávexti konunga á endurreisnartímabilinu.***



Ferskur ananas er ekki það sama og niðursoðinn ananas. Smakkaðu og finndu muninn.
NORDICPHOTO/GETTY IMAGES

Ananasplantan samanstendur af rót og 30 til 40 safaríkum blöðum sem raðast í rósettulaga krans kringum stífan stöngul. Efst á stönglinum myndast þyrping blóma sem með tímanum renna saman og umbreytast í ananasávöxtinn. Harði parturinn í miðju ananas er því í raun stöngullinn.

Kólumbus og menn hans voru fyrstir Vesturlandabúa til að smakka ananas. Frumbyggjar Karíbahafsins höfðu flutt hann með sér frá meginlandinu en þeir kölluðu hann „anana,“ sem þýðir „frábæri ávöxturinn“.

Þar sem ananas er mjög sætur, og sykur var munaðarvara í Evrópu á þessum tíma, sáu Portúgalir strax að þarna var verðmæt afurð á ferð. Vegna fjarlægðarinnar og lélegra aðstæðna um borð í nýlenduskipum var hins vegar sjaldgæft að ananasávextir kæmust alla leið til Evrópu og því var hann mjög dýr í gamala heiminum. Hann varð fljótlega stöðutákn og væri hann á boðstólum í veislu sýndi það ekki aðeins fjárhagslegan styrk gestgjafa heldur einnig útsjónarsemi.

Nú er ananas ræktaður í hitabelti Asíu, Afríku og Suður-Ameríku. Mesta ræktunarlandið er Taíland en þaðan eru tuttugu prósent allra ananasávaxta í búðarhillum upprunnin.

Þrátt fyrir að vera mjög sætur getur ananasávöxturinn brennt tungu og munn. Sé borðað mikið af ferskum ananas getur hann kallað fram sviða í munni sem hverfur fljótlega eftir að neyslu er hætt.

**MALAYA SVÍNAKÓTILETTUR MEÐ ANANAS**

**1,2 kg svínakótilettur**
**400 g tómatar, niðursoðnir, 1 dós um 400 g**
**2½ dl vatn**
**2½ dl rjómi**
**100 g kókosmassi**
**2 msk. olía**
**2 stk. hvítlauksrif, pressuð**
**1 stk. laukur**
**½ stk. ananas, niðursoðinn, í dós**
**salt**
**kryddlögur**
**2 msk. olía**
**2 msk. sítrónusafi**
**2 tsk. indversk kryddblanda, garam masala**
**1 tsk. kóríander, malað**
**1 tsk. broddkúmen, malað**
**½ stk. delhi-karrísósa, dós**



Kótiletturnar eru látnar liggja í kryddleginum í 2 klst. Því næst eru þær látnar brúnast á báðum hliðum á pönnu við vægan hita áður en þær eru settar í ofnfast mót. Ananasinn er settur ofan á.

Saxaður laukurinn og hvítlaukurinn er steiktur á sömu pönnu og kókómassanum, tómötunum, og afganginum af kryddleginum er bætt út í. Þetta er látið krauma í 2 mínútur en að því loknu er vatni og rjóma hellt út á eins og þurfa þykir. Þetta er látið malla í tvær mínútur í viðbót en til að fá meiri sósu má hella ananassafanum út í.

Sósunni er hellt á kótiletturnar og rétturinn er bakaður í ofni í 25 mínútur við 180°C hita.

Með réttinum er gott að hafa hrísgrjón og naan-brauð.

**GRILLAÐUR ANANAS**

**1 stykki stór ananas**
**dökkt romm eða kanill**
**smjör**

Ananasinn er skorinn í sneiðar og penslaður með smjöri. Sneiðarnar eru lagðar á vel heitt grill í stutta stund og grillaðar báðu megin. Þegar ananasinn er kominn af grillinu er örlítlu rommi dreypt á sneiðarnar. Einnig er hægt að nota kanil í stað romms.

(Uppskriftirnar eru fengnar af uppskriftir.is) *tryggvi@frettabladid.is*

# Ískaffi

***Kaffi er kannski ekki vinsælasti drykkurinn á heitum sumardögum en kaffið má auðveldlega gera að svaladrykk með lítilli fyrirhöfn.***



Þegar sumarhitinn rýkur upp úr öllu valdi eru kaffidrykkir ekki það sem kemur fyrst upp í sumarhuga manna. En það er ekki erfitt að umbreyta kaffinu í góðan svalandi drykk á heitum sumardegi.

Hellið upp á gott könnukaffi og passið að hafa það ekki of sterkt. Hellið kaffinu í hátt glas og bætið við einni til tveimur vanilluískúlum. Ekkert er því til fyrirstöðu að setja þeyttan rjóma á toppinn með smá sósu til að gera drykkinn sætari. Einnig má setja klaka í glasið til að kæla kaffið en þá er mælt með sterkari uppáhellingu. **- jóa**


Fluttir á Háteigsveg 1
(gamla Austurbæjarapótek)



OPNUNARTILBOÐ
MIKILL AFSLÁTTUR
aman
www.aman.is
S. 533 1020
VERSLUN VÍNGERÐARMANNSINS

Reklama/Auglýsing

W zwiazku z obchodzonym w miescie Hafnarfjörður Swietem Bialych Nocy, oferujemy klientom ceny promocyjne na nasze produkty, w polskim sklepie Stokrotka, przy ul. Hvaleyrarbraut 35 w Hafnarfjörður.

30% bonifikata obejmuje wszystkie artykuly w naszym sklepie i bedzie trwac przez trzy dni, od piatku 2-go czerwca do niedzieli 4-go czerwca wlacznie.
Zapraszamy równiez na wyjatkowo tanie w tych dniach obiady polskie (schabowy,placki po cygansku), cena obiadu 500 kr.
Bedzie mozna równiez posluchac polskiej muzyki na powietrzu o ile pogoda nam dopisze.
Serdecznie zapraszamy !

Godziny otwarcia sklepu:
Piatek 11.00 do 19.00
Sobota 11.00 do 18.00
Niedziela 11.00 do 18.00



Í tilefni af Björtum dögum í Hafnarfirði bjóðum við viðskiptavinum okkar 30% afslátt af öllum matvörum í versluninni Stokrotka.

Einnig bjóðum við uppá sérstaklega góðan hádegismat á aðeins 500 kr.
Hægt verður að hlusta á pólska tónlist utandyra ef veður leyfir.

Verið hjartanlega velkomin
Tilboðið gildir í 3 daga 2.-4. júní.

Stokrotka
Hvaleyrarbraut 35
517-1585



Opnunartími
Virka daga 11-19
Lau 11-18
Sun 11-18

allt heimili
Alla fimmtudaga

Madonna Ristorante

Þriggja rétta matseðill

| | Verð fyrir einrétta | Verð fyrir tvírétta |
|---|---|---|
| Okkar rómaða humarsúpa | 990 | |
| Steiktur skötuselur með hvítvínssósu | 3.390 | 4.390 |
| Kjúklingabringa „a la Italiana“ | 2.950 | 3.890 |
| Lambafillet með sherrybættri sveppasósu | 3.390 | 4.390 |
| Nautalundir með Chateubriandsósu | 3.700 | 4.690 |
| Súkkulaðifrauð | 790 | |

Einnig úrval annarra rétta á „a la Cartseðli“

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27-29
Borðapantanir í síma 562 1988 • Madonna síðan 1987 • www.madonna.is



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

## Hakkabuff

Stundum er ástand mála bara þannig að að þörf er á að fá sér ærlegt hakkabuff. Ó, hvað það getur verið gott! Hrúgur af vel steiktum lauk, og gott hakk sem kryddað er af list. Svo er buffið kórónað með grútspældu eggi. Eftir þvílíka máltíð verður léttara að beita seglunum í mótbyr af ýmsu tagi.

**500 g ungnautahakk**
**1 hvítlauksgeiri (pressaður)**
**1 msk. fennelfræ (marin í mortéli)**
**1 egg**
**1 brauðsneið (rifin niður og lögð í 1/2 dl af mjólk)**
**1 msk. tómatkraftur**
**1 msk. balsam edik**
**1 dl fersk steinselja (söxuð)**
**1 tsk. salt og slatti af nýmöluðum pipar**

**6 rauðir laukar**
**ólífuolía til steikingar**
**4 egg (til spælingar)**
**smjör til steikingar**
**graslaukur til skreytingar**

**1.** Byrjið á að útbúa buffin. Blandið saman nautahakki og pressuðum hvítlauk, mörðum fennelfræjum, eggi, brauði uppleystu í mjólk, tómatkrafti, balsamediki og saxaðri steinselju. Hrærið öllu vel saman og saltið og piprið. Útbúið og hnoðið hakkið saman í fjögur væn buff.

**2.** Afhýðið laukana og skerið þá í þunna fleyga. Steikið laukinn í ólífuolíu á pönnu við miðlungshita í nokkra stund (um 10 mín.) þar til hann mýkist og brúnast. Takið hann þá af pönnunni og haldið heitum.

**3.** Setjið meiri olíu á pönnuna og steikið buffin fyrst við háan hita í um 1 mínútu á hvorri hlið. Lækkið hitann og steikið áfram með lokið á pönnunni í 5-10 mínútur , eftir því hversu vel steikt þið viljið að buffið verði.

**4.** Á annari pönnu bræðið smjör við lágan hita. Brjótið eggin, eitt af öðru, í skál og hellið hverju og einu varlega út á pönnuna. Steikið eggin við lágan hita þar til hvítan er orðin vel hvít og rauðan er orðin heit en er samt ennþá fljótandi.

**5.** Skiptið lauknum á milli 4 diska og setjið buffin ofan á þessi beð af rauðum lauk og spældu eggin þar ofaná. Skreytið með klippum af graslauk.



## Uppskrift Stefáns }

### Tuddasalat

KJÚKLINGASALAT FYRIR ÞRJÁ TIL FJÓRA

**2 kjúklingabringur**
**1 lárpera**
**4 tómatar**
**1 poki klettasalat**
**hálfur poki af spínat**
**1 rauðlaukur**
**1 heill hvítlaukur skorinn niður**
**engiferrót**
**vínber eftir smekk**
**4 til 5 msk. sojasósa**
**ferskur parmesan rifinn**
**graskersfræ**

Kjúklingurinn er skorinn í bita og látinn liggja í sojasósunni, hvítlauknum og engiferrótinni. Passið að láta kjúklinginn ekki liggja of lengi þar sem hann gæti orðið of saltur. Það passar fínt að setja kjúklinginn fyrst í löginn, skera þá niður grænmetið og þá passar að taka kjúklinginn úr leginum og steikja. Uppskriftin er ekki heilög og auðvelt er að útfæra og bæta við. Stráið graskersfræum eða parmesan yfir og njótið vel.

## Húsráð }

### Að geyma epli

EPLI MÁ GEYMA VEL OG LENGI EF RÉTT ER FARIÐ AÐ.

Geymdu eplin í plastpoka á kaldasta staðnum í ísskápnum.

Ekki geyma epli lengur en í sex vikur.

Hentu skemmdum eplum strax því þau skemma út frá sér og geta eyðilagt þau epli sem enn eru heil.

Ekki geyma epli á sama stað og brokkólí, hvítkál, gúrkur og blómkál. Epli gefa frá sér etelýngas sem getur skemmt þessar grænmetistegundir. Á hinn bóginn getur verið gagnlegt að geyma epli hjá óþroskuðum banönunum, plómum og ferskjum því etelýngasið getur flýtt fyrir þroskun þessara tegunda.

Ekki **sneiða** hjá þessum




Farðu alla leið ! Njóttu lífsins með heilbrigðum lífsstíl




Þúsundeyjasósa...
... þegar vindur hvín!




Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Hvítlaukssósa...
... þegar sólin skín!




VOGABÆR

Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.

# allt tilboð o.fl.

**50%** Fjórar tegundir vara deila toppsætinu þessa viku og lækka um 50%. Það er Boland Choc heilhveitikex í Kaskó, Xtra franskar kartöflur í Nettó, túnfiskur í Bónus og Sumarpylsur Nóatúni.






## Bónus

Tilboðin gilda til 7. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| K.F.hangiframpartur m/beini | 679 | 799 | 679 | 15 |
| K.F.londonlamb | 979 | 1.269 | 979 | 25 |
| K.S.lambabógur kryddaður | 899 | nýtt | 899 | |
| K.F. hrásalat 350 g | 98 | 159 | 280 | 30 |
| Túnfiskur á grillið 250 g | 99 | 199 | 396 | 50 |
| Bónus flatkökur 5 stk. í pk. | 59 | 69 | 12 | 15 |
| Cult orkudrykkur 250 ml dós | 95 | 125 | 380 | 25 |
| Bónus fetaostur 250 g í gleri | 198 | nýtt | 792 | |
| Euroshopper túnfiskur í dós 185 g | 69 | nýtt | 373 | |
| Euroshopper maísstönglar 450 g | 98 | nýtt | 217 | |

## Fjarðarkaup

Tilboðin gilda til 3. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Nauta piparsteik úr kjötborði | 2.398 | 2.895 | 2.398 | 15 |
| Ali reyktar svínakótilettur | 1.498 | 1.998 | 1.498 | 25 |
| Lamba rib-eye úr kjötborði | 1.998 | 2.698 | 1.998 | 25 |
| Svínakótilettur úr kjötborði | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Svínalundir úr kjötborði | 1.698 | 1.998 | 1.698 | 15 |
| Hamborgarar 2x115 g | 298 | 372 | 149 | 20 |
| Ferskur ananas | 119 | 219 | 119 | 45 |
| Ferskur mangó | 189 | 319 | 189 | 40 |
| Toppur þeytirjómi | 129 | 178 | 129 | 30 |
| McCain súkkulaði terta frosin 510 g | 367 | 448 | 720 | 20 |
| Hatting speltbrauð | 348 | 398 | 348 | 15 |
| Hatting smábrauð | 198 | 248 | 198 | 20 |
| Bounty eldhúsrúllur 3 stk. | 448 | 469 | 149 | 5 |
| Pepsi 6x2L á verði 4ra | 698 | 1.134 | 58 | 40 |

## Hagkaup

Tilboðin gilda til 4. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| New Orleans BBQ svínarif | 1.239 | 1.549 | 1.239 | 20 |
| Lambahryggur úr kjötborði | 1.298 | 1.575 | 1.298 | 20 |
| Ali svínakótilettur Mexíkókryddaðar | 1.189 | 1.698 | 1.189 | 30 |
| Ali svínakótilettur hunangsreykt.úrbein. | 1.399 | 1.998 | 1.399 | 30 |
| Freschetta roma ostapizza 400 g | 299 | 439 | 747 | 30 |
| Freschetta roma pizza Royale 400 g | 299 | 439 | 747 | 30 |
| Jói Fel. marineraðar grísakótilettur | 1.699 | Nýtt | 1.699 | |
| Kjörís mjúkís „ís ársins 2005" 2 l | 559 | 759 | 279 | 25 |
| Kjörís mjúkís banana 2 l | 559 | 759 | 279 | 25 |
| Kjörís mjúkís súkkulaði 2 l | 559 | 759 | 279 | 25 |
| Kjörís mjúkís vanilla 2 l | 559 | 759 | 279 | 25 |

## Kaskó

Tilboðin gilda til 4. júní

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Goði lambalæri | 899 | 1.165 | 899 | 25 |
| Lambaframpartssneiðar þurrkryddaðar | 1.399 | 1.998 | 1.399 | 30 |
| Goði bayoneskinka | 953 | 1.588 | 953 | 40 |
| Borgarnes hangiálegg 150 g | 362 | 482 | 2.413 | 25 |
| Fjallalamb Sirloin-grillsneiðar | 1.415 | 1.887 | 1.415 | 25 |
23. Boubacar Barry, 27 ára, Beveren

# HM TILBOÐ




## THOMSON

**42PB120S5** 42" ED PLASMA BREIÐJALDSSJÓNVARP með 852x480 punkta upplausn og 3000:1 skerpu,1000 cd/m2 birtu, HDTV Ready, mynd í mynd (1 móttakari), 28w Nicam Stereó hljóðkerfi, textavarp með 2100 síða minni, 2 Scart, Component, SVHS og CVBS tengjum, PC tengi (DVI), borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 199.990




**THOMSON 20LB125B4**

20" LCD SJÓNVARP 800x600 punkta upplausn, Progressive Scan, 24w stereó hljóðkerfi með tónjafnara, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 79.990**
FULLT VERÐ kr. 99.990




**THOMSON 27LB130S5**

27" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix2 myndtækni, 2x20w Nicam Stereo hljóðkerfi með BBE Viva Surround, 3 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi, kortalesara og USB tengi, VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 119.990**
FULLT VERÐ kr. 129.990




**THOMSON 32LB125B5**

32" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix myndtækni, Progressive Scan, 2x16w Nicam stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS, VGA, heyrnartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 149.990**
FULLT VERÐ kr. 159.990




**THOMSON 32LB220B4**

LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix myndtækni, Progressive Scan, mynd í mynd (2 móttakarar), 2x12w Nicam stereó hljóðkerfi með 16w bassa, 3 Scart (með RGB), Component, CVBS, kortalesara og USB tengi, VGA og DVI tengi, textavarpi og fjarstýringu.

**TILBOÐ 169.990**
FULLT VERÐ kr. 229.990

DVD VIDEO · DivX VIDEO

Spilar DVD, DVD+R/RW, CD-R/RW, DivX, VCD/SVCD, MP3 og JPEG



**THOMSON DPL912VD**

HEIMABÍÓKERFI með fjölkerfa DivX DVD spilara, 160w (5x25 og 1x35) Dolby Digital/DTS magnara, 5 litlum umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, útvarpi með FM og 40 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.

**TILBOÐ 19.990**
FULLT VERÐ kr. 29.990

## DVD HEIMABÍÓ MEÐ UPPTÖKU



Spilar DVD, DVD+R/RW, CD-R/RW, VCD/SVCD, MP3 og JPEG

**THOMSON DPL953REC**

HEIMABÍÓKERFI með DVD upptökuspilara og 160w (5x20 og 1x50) Dolby Digital/DTS magnara, 5 litlum umhverfishátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, útvarpi með FM og 40 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.

**TILBOÐ 29.990**
FULLT VERÐ kr. 49.990

Alltaf gæði og góð kaup!
1971 - 2006

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Þristur, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Verslunin Vík, Reyðarfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.

# D - RIÐILL



# Þessi riðill leynir mjög mikið á sér

Portúgal og Mexíkó teljast vera sterkustu liðin í D-riðli á heimsmeistaramótinu. Portúgalar eru taldir líklegir til afreka og ættu að eiga greiða leið að sextán liða úrslitunum.

„Við erum í mjög erfiðum riðli, sama hvað hver segir, og hann leynir mikið á sér. Mexíkó er eitt af efstu liðum í heimi samkvæmt heimslista FIFA og er í fjórða sæti. Það vita allir hversu sterkir Mexíkóar eru. Íran er land sem hefur sannað sig í Asíu og hefur leikmenn sem spila með sterkum liðum. Allir vita um samband okkar og Angóla, við eigum frábært samstarf við þá en við verðum að einbeita okkur að eigin liði. Ef leikmennirnir vilja vinna HM verða þeir að skora mörk, leggja hart að sér, hlaupa mikið og gefa allt í þetta,“ segir Luiz Felipe Scolari, landsliðsþjálfari Portúgals.

Íran og Angóla eru langt frá því að vera talin til afreka á mótinu. Angóla varð reyndar á undan Nígeríu í undankeppninni í Afríku en er að keppa í fyrsta skipti á HM og mun koma með það að markmiði að njóta leikjanna sinna þriggja.

## PORTÚGAL

**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1966, 1986, 2002

**HEIMSÁLFA:** Evrópa
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 7.
**ÍBÚAFJÖLDI:** 10,1 milljón




**LÍKLEGT BYRJUNARLIÐ** *4-3-3*





**ÞJÁLFARI:** Luiz Felipe Scolari, Brasilíumaðurinn ákveðni sem stjórnaði sinni þjóð til sigurs í Heimsmeistarakeppninni í Suður-Kóreu og Japan fyrir fjórum árum. Allir vita að Scolari er afar fær þjálfari sem hefur náð eftirtektarverðum árangri með Portúgal. Og hans markmið er skýrt – hann ætlar að „verja“ titilinn sem hann vann árið 2002.

**KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti í undanriðli 3 í Evrópu.

**VISSIR ÞÚ ...** Að árið 1966, í sinni fyrstu HM, sló lið Portúgals í gegn og fram á sjónarsviðið skaust einn besti framherji samtímans, Eusebio. Hann varð markahæsti leikmaður mótsins með níu mörk og Portúgalar höfnuðu í 3. sæti eftir að hafa tapað fyrir verðandi heimsmeisturum Englands í undanúrslitum.



**FYLGSTU MEÐ:** Simao Sabrosa
Eldfljótur og tæknilega sinnaður vængmaður sem er aðalmaðurinn í liði sínu Benfica. Sabrosa var næstum genginn til liðs við Liverpool fyrir ári og er nú eftirsóttur af Chelsea, sem segir kannski mest um hversu miklum hæfileikum hann býr yfir. Á góðum degi er hann einn sá besti í heimi.

**STÓRA SPURNINGIN:** Er tími fyrirliðans Luis Figo liðinn eða mun hann gegna lykilhlutverki hjá Portúgölum í Þýskalandi, í sínum síðustu leikjum með landsliðinu?

**Leikmannahópurinn**
1. Ricardo, 30 ára, Sporting
2. Paulo Ferreira, 27 ára, Chelsea
3. Caneira, 27 ára, Sporting
4. Ricardo Costa, 25 ára, Porto
5. Fernando Meira, 28 ára, VfB Stuttgart
6. Costinha, 32 ára, Dynamo Moskva
7. Luis Figo, 34 ára, Inter
8. Petit, 30 ára, Benfica
9. Pauleta, 33 ára, Paris St. Germain
10. Hugo Viana, 23 ára, Valencia
11. Simao Sabrosa, 27 ára, Benfica
12. Quim, 31 árs, Benfica
13. Miguel, 26 ára, Valencia
14. Nuno Valente, 32 ára, Everton
15. Luis Boa Morte, 29 ára, Fulham
16. Ricardo Carvalho, 28 ára, Chelsea
17. Cristiano Ronaldo, 21 árs, Manchester United
18. Maniche, 29 ára, Chelsea
19. Tiago, 25 ára, Lyon
20. Deco, 29 ára, Barcelona
21. Nuno Gomes, 30 ára, Benfica
22. Bruno Vale, 23 ára, Estrela Amadora
23. Helder Postiga, 24 ára, Saint-Etienne



**LYKILMAÐUR:** Deco
Það sést vel á leik Barcelona þegar Deco vantar í liðið. Það sama á við um portúgalska landsliðið. Leikstjórnendur í nútíma knattspyrnu gerast ekki mikið betri, Deco leitast við að gera hlutina sem einfaldasta, á sjaldan sendingu sem ratar ekki á samherja og getur skotið á markið nánast af hvaða færi sem er.

## MEXÍKÓ



**HEIMSÁLFA:** Mið-Ameríka
**ÍBÚAFJÖLDI:** 104,9 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 4.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1930, 1950, 1954, 1958, 1962, 1966, 1970, 1978, 1986, 1994, 1998, 2002

**ÞJÁLFARI:** Ricardo Lavolpe (f. 6. feb. 1952)
**KOMST Á HM** – Með því að hafna í öðru sæti Ameríkuriðilins, á eftir Bandaríkjunum.

**LYKILMAÐUR: JARED BORGETTI** Hefur skorað 37 mörk í 73 landsleikjum og er sá maður sem mexíkóka þjóðin leggur allt sitt traust á. Borgetti er goðsögn í heimalandi sínu sem markahæsti leikmaður landsins frá upphafi. Mikill potari og er þekktur fyrir góðar staðsetningar auk þess sem skallatækni hans á sér fáar hliðstæður.

**VISSIR ÞÚ....** Að Mexíkó hefur í sögunni gengið langbest þegar HM fer fram þar í landi. Árin 1970 og 1986, þegar HM var haldin í Mexíkó, komst liðið í undanúrslit í bæði skiptin og tapaði þá fyrir liðunum sem áttu eftir að hafna í 2. sæti. Tap í vítaspyrnukeppni gegn Ítölum í undanúrslitunum 1970 hefur verið kallað „versta tapið í sögu Mexíkó“.

**STÓRA SPURNINGIN:** Þjálfarinn Lavolpe hefur legið undir mikilli gagnrýni í heimalandi sínu fyrir að horfa framhjá innfæddum leikmönnum og kjósa þess í stað leikmenn sem eru með tvöfalt ríkisfang, eins og t.d. Guillermo Franco, sem er fyrst og fremst Argentínumaður. Mun Lavolpe halda þessari stefnu áfram á HM?

**Leikmannahópurinn**
1. O. Sanchez, 33 ára, Guadalajara
2. Claudio Suarez, 38 ára, Chivas
3. Carlos Salcido, 26 ára, Guadalajara
4. Rafael Marquez, 27 ára, Barcelona
5. Ricardo Osorio, 26 ára, Cruz Azul
6. Gerardo Torrado, 27 ára, Cruz Azul
7. Zinha, 30 ára, Toluca
8. Pavel Pardo, 30 ára, America
9. Jared Borgetti, 31 árs, Bolton
10. Guillermo Franco, 30 árs, Villarreal
11. R. Morales, 31 árs, Guadalajara
12. Jose Corona, 25 ára, Tecos
13. Guillermo Ochoa, 21 árs, America
14. G. Pineda, 24 ára, Guadalajara
15. Jose A. Castro, 26 ára, America
16. Mario Mendez, 27 ára, Monterrey
17. Jose Fonseca, 27 ára, Cruz Azul
18. Andres Guardado, 20 ára, Atlas
19. Omar Bravo, 26 ára, Guadalajara
20. Rafael Garcia, 32 ára, Atlas
21. Jesus Arellano, 33 ára, Monterrey
22. F. Rodriguez, 25 ára, Guadalajara
23. Luis Perez, 25 ára, Monterrey

## ÍRAN



**HEIMSÁLFA:** Asía
**ÍBÚAFJÖLDI:** 68,3 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 23.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1978, 1998

**ÞJÁLFARI:** Branko Ivankovic (f. 28 feb. 1954)
**KOMST Á HM** – með því að hafna í öðru sæti í einum af lokariðlum undankeppninnar í Asíu.

**LYKILMAÐUR: ALI KARIMI** Leikmaður ársins í Asíu og leikmaður Bayern München í Þýskalandi, svo segja má að hann kannist við aðstæðurnar á HM. Spilið hjá Íran á að fara í gegnum Karimi því hann hefur mikla tækni og er frábær í stöðunni maður á mann. Þá er Ali Daei enn til staðar í framlínunni, með 107 mörk í 143 landsleikjum. Ekki slæmur árangur það.

**VISSIR ÞÚ ...** Að Íran hefur aðeins unnið einn leik í lokakeppni HM í þau tvö skipti sem liðið hefur náð svo langt? Það var árið 1998 þegar liðið vann Bandaríkin, 2-1.

**STÓRA SPURNINGIN:** Munu Íranar hljóta stuðning þýskra áhorfenda á völlunum þar sem í liði þeirra er að finna nokkra leikmenn sem spila með þýskum félagsliðum, svo sem Karimi, Mehdi Mahdavikia og Vahid Hashemian?

**Leikmannahópurinn**
1. E. Mirzapour, 28 ára, Foolad Ahvaz
2. M. Mahdavikia, 29 ára, Hamburger SV
3. S. Bakhtiazadeh, 29 ára Saba Battery
4. Y. Golmohammadi, 35 ára, S. B.
5. Rahman Rezaei, 31 árs, Messina
6. Javad Nekounam, 26 ára, Al Sharjah
7. F. Zandi, 27 ára, Kaiserslautern
8. Ali Karimi, 28 ára, Bayern München
9. V. Hashemian, 30 ára, Hannover 96
10. Ali Daei, 37 ára, Saba Battery Teheran
11. Rasoul Khatibi, 28 ára, Pas Teheran
12. H. Roudbarian, 28 ára, Pas Teheran
13. H. Kaabi, 21 árs, Foolad Ahvaz
14. A. Teymourian, 23 ára, AbooMoslem
15. A. Borhani, 23 ára, Pas Tehran
16. R. Enayati, 30 ára, Esteghlal Teheran
17. J. Kazemeian, 25 ára, Pirouzi
18. S. Zare, 24 ára, Bargh Shiraz
19. H. S. Amir, 25 ára, Esteghlal Ahvaz
20. M. Nosrati, 24 ára, Pas Teheran
21. Mehrzad Madanchi, 25 ára, Pirouzi
22. V. Talebloo, 24 ára, Esteghlal Teheran
23. M. Shojaei, 22 ára, Saipa Karadj

## ANGÓLA



**HEIMSÁLFA:** Afríka
**ÍBÚAFJÖLDI:** 10,8 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 57.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** Aldrei

**ÞJÁLFARI:** Luís Oliveira Goncalves (f. 22. júní 1960)
**KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti í undanriðli 4 í Afríku, á undan Nígeríu.

**LYKILMAÐUR: MANTORRAS** Óumdeilanlega besti knattspyrnumaðurinn sem Angólar geta teflt fram, en hann hefur átt við meiðsli að stríða í næstum tvö ár. Byrjaði að spila aftur með landsliðinu í janúar sl. eftir að hafa tekið lítinn þátt í undankeppninni og þarf að vera í sínu besta formi á HM.

**VISSIR ÞÚ ...** Að Angólar munu gera allt sem í sínu valdi stendur til að ná fram hefndum gegn Portúgölum í fyrsta leik liðanna á HM. Liðin hafa mæst tvisvar á knattspyrnuvellinum; árið 1989 vann Portúgal 6-0 og árið 2001 var leikur liðanna flautaður af eftir að fjórir leikmenn Angóla höfðu fengið rautt spjald. Staðan var þá 5-1, Portúgölum í vil.

**STÓRA SPURNINGIN:** Tengsl Angóla við Portúgal eru mikil, t.d vegna þess að landið er fyrrum nýlenda Evrópuþjóðarinnar og margir leikmanna liðsins spila með félagsliðum í Portúgal. Verður hitinn í leik liðanna á HM jafn mikill og í leiknum árið 2001 þegar fjórir sáu rautt?

**Leikmannahópurinn**
1. Ricardo Joao, 36 ára, Varzim
2. Marcos Airosa, 22 ára, Barreirense
3. Jamba, 29 ára, AS Aviacao
4. Lebo Lebo, 29 ára, Petro Atletico
5. Kali, 28 ára, Barreirense
6. Miloy, 25 ára, Interclube
7. Figueiredo, 34 ára, Varzim
8. Andre, 28 ára, Al Kuwait
9. Mantorras, 24 ára, Benfica
10. Akwa, 29 ára, AS Aviacao
11. Mateus, 23 ára, Gil Vicente
12. Lama, 25 ára, Petro Atletico
13. Edson, 26 ára, Pacos Ferreira
14. Mendonca, 24 ára, Varzim
15. Rui Marques, 29 ára, Hull City
16. Flavio, 27 ára, Al Ahly
17. Ze Kalanga, 23 ára, Petro Atletico
18. Love, 27 ára, AS Aviacao
19. Titi Buengo Andre, 26 ára, Clermont
20. Loco, 22 ára, Primeiro de Agosto
21. Delgado, 27 ára, Petro Atletico
22. Mario, 21 árs, Interclube
23. Marco Abreu, 33 ára, Portimonense

# E - RIÐILL



# Það má ekki vanmeta neinn á HM

Búist er við miklu af Ítölum, eins og svo oft áður. Helsta spurningarmerkið er það hvort þeir standist pressuna, frá sjálfum sér og þeim blóðheitu stuðningsmönnum sem fylgjast grannt með öllu á Ítalíu.

Bandaríkin eru talin vera sterkasta þjóð Norður-Ameríku og Gana, með mann á borð við Michael Essien innanborðs, sterkasta lið Afríku. Þá eru Tékkar ávallt líklegir til afreka. „Riðillinn er jafn heillandi og hann er erfiður. Tékkar og Bandaríkin eru bæði fyrir ofan okkur á heimslista FIFA, en við stöndum þeim jöfnum fæti, og kannski rúmlega það. Það væru stór mistök að vanmeta Ganverja, eins og önnur lið reyndar, þeir eru ekki þekktir sem Brasilíumenn Afríku fyrir ekki neitt," segir Marcelo Lippi, landsliðsþjálfari Ítala.

Riðillinn verður vafalítið spennandi og skemmtilegur og þrátt fyrir að Ítalir séu taldir sigurstranglegastir er ekkert gefið fyrir fram á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu.

## ÍTALÍA

**HEIMSÁLFA:** Evrópa
**ÍBÚAFJÖLDI:** 58 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 13.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1934, 1938, 1950, 1954, 1962, 1966, 1970, 1974, 1978, 1982, 1986, 1990, 1994, 1998, 2002






**LÍKLEGT BYRJUNARLIÐ** 4-3-1-2



■ **ÞJÁLFARI:** Marcelo Lippi (f. 11. apríl 1948) Einn sigursælasti þjálfari sinnar kynslóðar eftir að hafa gert Juventus fimm sinnum að ítölskum meisturum og stjórnað liðinu til sigurs í Meistaradeildinni sömuleiðis. Lippi er mjög taktískur þjálfari og leggur mikið upp úr öguðum varnarleik og skipulögðum sóknarleik.

■ **KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti í undanriðli 5 í Evrópu.

■ **VISSIR ÞÚ...** Að Ítalir hafa alls orðið heimsmeistarar þrisvar sinnum í þeim 15 lokakeppnum sem liðið hefur tekið þátt í, meðal annars þeirri annarri árið 1934? Ítalir vörðu titilinn fjórum árum síðar en þurftu svo að bíða til ársins 1982 til að endurheimta hann á ný, en þá sigraði liðið Þjóðverja í úrslitaleik.

■ **FYLGSTU MEÐ**

### Gianluca Zambrotta



Gríðarlega vanmetinn leikmaður enda hefur hann ekki hlotið þá athygli sem hann á skilið eftir að hafa verið lykilmaður í ítalska liðinu og Juventus í mörg ár. Nánast þindarlaus bakvörður sem er jafnvígur í sókn og vörn.

■ **STÓRA SPURNINGIN** Lippi hefur heilan haug af framherjum til að velja úr en þegar kemur að vörninni er mikill skortur á breidd. Hvað tekur Lippi til bragðs ef Cannavaro eða Nesta verða fyrir meiðslum eða ná sér einfaldlega ekki á strik?

**Leikmannahópurinn**
1. Gianluigi Buffon, 28 ára, Juventus
2. Cristian Zaccardo, 25 ára, Palermo
3. Fabio Grosso, 29 ára, Palermo
4. Daniele De Rossi, 23 ára, Roma
5. Fabio Cannavaro, 33 ára, Juventus
6. Andrea Barzagli, 25 ára, Palermo
7. Alessandro Del Piero, 32 ára, Juventus
8. Gennaro Gattuso, 26 ára, AC Milan
9. Luca Toni, 29 ára, Fiorentina
10. Francesco Totti, 30 ára, Roma
11. Alberto Gilardino, 24 ára, AC Milan
12. Angelo Peruzzi, 36 ára, Lazio
13. Alessandro Nesta, 30 ára, AC Milan
14. Marco Amelia, 24 ára Livorno
15. Vincenzo Iaquinta, 27 ára, Udinese
16. Mauro Camoranesi, 30 ára, Juventus
17. Simone Barone, 28 ára, Palermo
18. Filippo Inzaghi, 33 ára, AC Milan
19. Gianluca Zambrotta, 29 ára, Juventus
20. Simone Perrotta, 29 ára, Roma
21. Andrea Pirlo, 27 ára, AC Milan
22. Massimo Oddo, 30 ára, Lazio
23. Marco Materazzi, 33 ára, Inter



■ **LYKILMAÐUR:**

### Francesco Totti

Í stjórnartíð Lippis hefur ítalska liðið stillt upp í leikkerfið 4-3-1-2 þar sem Totti hefur verið nánast sjálfskipaður í stöðuna fyrir aftan framherjana tvo. Frábær knattspyrnumaður sem getur jafnt búið til mörkin eins og skorað þau.

## TÉKKLAND



**HEIMSÁLFA:** Evrópa
**ÍBÚAFJÖLDI:** 10,3 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 2.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1934, 1938, 1954, 1958, 1962, 1970, 1982, 1990 – alltaf sem Tékkóslóvakía

**ÞJÁLFARI:** Karel Bruckner (f. 13 nóv. 1939)
**KOMST Á HM** – með því að sigra Noreg, 2-0 samanlagt, í umspili.

■ **LYKILMAÐUR: PAVEL NEDVED** Hefur um árabil verið í hópi bestu miðjumanna Evrópu og mikilvægi hans sást best þegar tékkneska liðið var án hans í fjórtán mánuði eftir EM árið 2004. Nedved ákvað þá að að taka fram landsliðsskóna á ný og leikur Tékklands batnaði til muna. Með eða án Nedved er Tékkland eins og tvö ólík lið.

■ **VISSIR ÞÚ...** að Tékkar hafa aldrei tekið þátt í lokakeppni HM sem Tékkland en átta sinnum sem Tékkóslóvakía. Tvisvar sinnum komst Tékkóslóvakía í úrslit HM, gegn Ítalíu 1934 og Brasilíu 1962. Í bæði skiptin náðu Tékkar 1-0 forystu en í bæði skiptin töpuðu þeir leiknum á endanum.

■ **STÓRA SPURNINGIN:** Mun Nedved, hjarta og sál tékkneska liðsins, haldast heill heilsu allt mótið? Hinn 33 ára gamli miðjumaður hefur verið að glíma við smávægileg meiðsli nánast vikulega síðasta árið og hann verður hreinlega að haldast heill í þann mánuð sem HM stendur yfir ef Tékkar ætla sér stóra hluti í keppninni.

**Leikmannahópurinn**
1. Petr Cech, 24 ára, Chelsea
2. Zdenek Grygera, 26 ára, Ajax
3. Pavel Mares, 30 ára, Zenit St. Petersburg
4. Tomas Galasek, 33 ára, Ajax
5. Radoslav Kovac, 27 ára, Spartak Moskva
6. Marek Jankulovski, 29 ára, AC Milan
7. Vladimir Smicer, 33 ára, Bordeaux
8. Karel Poborsky, 34 ára, Ceske Budejovice
9. Jan Koller, 33 ára, Borussia Dortmund
10. T. Rosicky, 26 ára, Arsenal
11. Pavel Nedved, 34 ára, Juventus
12. Vratislav Lokvenc, 33 ára, Austria Salzburg
13. Martin Jiranek, 27 ára, Spartak Moskva
14. David Jarolim, 27 ára, Hamburger SV
15. Milan Baros, 25 ára, Aston Villa
16. Jaromir Blazek, 34 ára, Sparta Prag
17. Jiri Stajner, 30 ára, Hanover 96
18. Marek Heinz, 29 ára, Galatasaray
19. Jan Polak, 25 ára, Nuremberg
20. Jaroslav Plasil, 24 ára, Monaco
21. Tomas Ujfalusi, 28 ára, Fiorentina
22. David Rozehnal, 26 ára, Paris St. Germain
23. A. Kinsky, 31 árs, Saturn Moskva Region

## BANDARÍKIN



**HEIMSÁLFA:** Norður-Ameríka
**ÍBÚAFJÖLDI:** 290 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 5.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1930, 1934, 1950, 1990, 1994, 1998, 2002

**ÞJÁLFARI:** Bruce Arena (f. 21. sept. 1951)
**KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti Ameríkuriðilsins í undankeppninni.

■ **LYKILMAÐUR: LANDON DONOVAN** Donovan telur sig eiga margt að sanna fyrir Þjóðverjum eftir algjörlega misheppnaða dvöl hans hjá Bayer Leverkusen fyrir nokkrum árum. Hann er stærsta stjarnan í bandarísku deildinni en hefur, þrátt fyrir fullyrðingar margra fótboltaspekinga, aldri náð að sýna sitt rétta andlit utan síns heimalands.

■ **VISSIR ÞÚ...** að þjálfarinn Bruce Arena er sá þjálfari á HM sem hefur stjórnað liði sínu til lengst tíma samfellt? Arena hefur verið við stjórnvölinn frá árinu 1998 og á þeim tíma hafa Bandaríkin tekið miklum framförum.Í undankeppninni tapaði liðið aðeins einu sinni í átján leikjum og varð á undan Mexíkó í fyrsta sinn.

■ **STÓRA SPURNINGIN:** Getur fyrirliðinn og reynslumesti leikmaður Bandaríkjanna, hinn 32 ára gamli miðjumaður Man. City, Claudio Reyna, sloppið við að lenda í meiðslum á HM – eins og hann hefur nánast alltaf gert á stórmótum í gegnum tíðina?

**Leikmannahópurinn**
1. Tim Howard, 27 ára, Manchester United
2. Chris Albright, 27 ára, Los Angeles Galaxy
3. Carlos Bocanegra, 27 ára, Fulham
4. Pablo Mastroeni, 30 ára, Colorado Rapids
5. John O´Brien, 29 ára, Chivas
6. Steve Cherundolo, 27 ára, Hannover 96
7. Eddie Lewis, 33 ára, Leeds
8. C. Dempsey, 23 ára, N. England Revolution
9. Eddie Johnson, 22 ára, Kansas City Wizards
10. Claudio Reyna, 33 ára, Manchester City
11. Brian Ching, 28 ára, Houston Dynamo
12. Cory Gibbs, 26 ára, ADO Den Haag
13. J. Conrad, 29 ára, Kansas City Wizards
14. Ben Olsen, 29 ára, DC United
15. Bobby Convey, 23 ára, Reading
16. Josh Wolff, 29 ára, Kansas City Wizards
17. Damarcus Beasley, 24 ára, PSV Eindhoven
18. K. Keller, 37 ára, Borussia Mönchengladbach
19. Marcus Hahnemann, 34 ára, Reading
20. Brian McBride, 34 ára, Fulham
21. L. Donovan, 24 ára, Los Angeles Galaxy
22. Oguchi Onyewu, 24 ára, Standard Liege
23. Eddie Pope, 33 ára, Real Salt Lake

## GANA



**HEIMSÁLFA:** Afríka
**ÍBÚAFJÖLDI:** 20,5 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 48.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** Aldrei

**ÞJÁLFARI:** Ratomir Dujkovic (f. 24. feb. 1946)
**KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti undanriðils 3 í Afríku.

■ **LYKILMAÐUR: MICHAEL ESSIEN** Dýrasti knattspyrnumaður Afríku frá upphafi er nú orðinn alþjóðleg stjarna sem lykilmaður hjá meistaraliði Chelsea. Hefur sannað sig sem mikill leiðtogi landsliðsins og skoraði mörg mikilvæg mörk fyrir þjóð sína í undankeppninni. Gana getur með engu móti verið án hans.

■ **VISSIR ÞÚ...** að knattspyrnuhefðin í Gana er ein sú elsta og mesta hjá nokkurri Afríkuþjóð? Landið er þekkt fyrir að framleiða mjög hæfileikaríka knattspyrnumenn og tvívegis hefur Gana orðið heimsmeistari u-17 ára landsliða. Yfirburðirnir í yngri landsliðunum hafa þó ekki skilað sér í A-landsliðið enn sem komið er.

■ **STÓRA SPURNINGIN:** Hvernig munu leikmenn liðsins taka á móti varnarmanninum Samuel Kuffour, sem er aftur kominn í hópinn eftir að hafa átt í útistöðum við þjálfarann Dujkovic í langan tíma og verið í kuldanum í allan þann tíma?

**Leikmannahópurinn**
1. Sammy Adjei, 33 ára, Ashdod
2. Hans Sarpei, 30 ára, Wolfsburg
3. Gyan Asamoah, 21 árs, Modena
4. Samuel Kuffour, 30 ára, Roma
5. John Mensah, 24 ára, Rennes
6. E. Pappoe, 25 ára, Hapoel Kfar Saba
7. Illiasu Shilla, 23 ára, Asante Kotonko
8. Michael Essien, 24 ára, Chelsea
9. Derek Boateng, 23 ára AIK Solna
10. Stephen Appiah, 26 ára, Fenerbahce
11. Sulley Muntari, 22 ára, Udinese
12. A. Tachie-Mensah, 29 ára, St. Gallen
13. Habib Mohamed, 23 ára, King Faisal
14. M. Amoah, 26 ára, Borussia Dortmund
15. John Pantsil, 25 ára, Hapoel Tel-Aviv
16. George Owu, 24 ára, Ashanti Gold
17. Daniel Quaye, 26 ára, Hearts
18. Eric Addo, 28 ára, PSV Eindhoven
19. R. Pimpong, 24 ára, FC Kaupmannahöfn
20. Otto Addo, 31 árs, Mainz 05
21. Issah Ahmed, 24 ára, Randers FC
22. Richard Kingston, 28 ára, Ankaraspor
23. Haminu Dramani, 20 ára, Crvena Zvezda

# F - RIÐILL



# Hver getur stöðvað heimsmeistarana?

Heimsmeistararnir frá Brasilíu, með Ronaldinho fremstan í flokki, eru liðið sem allir vilja sjá spila á HM. Þeir eru í athyglisverðum riðli þar sem baráttan verður án efa hörð um annað sætið á eftir þeim gulklæddu.

„Það er ekkert launungarmál að Brasilíumenn eru með sterkasta liðið og eru sigurstranglegastir, ekki bara í riðlinum heldur líka á mótinu. Það er ótrúlega erfitt að finna rétta taktík til að nota gegn þeim og þeir hafa leikmenn í öllum stöðum sem geta klárað leiki upp á sitt einsdæmi. Augljóslega erum við ekki búnir að bóka tap gegn þeim, við getum vel komið á óvart. Það höfum við sýnt en mínir menn þurfa að koma vel undirbúnir til leiks og andlega tilbúnir í slaginn,“ segir Guus Hiddink, landsliðsþjálfari Ástrala.

Brasilíumenn ættu að rúlla riðlinum upp en hin liðin þrjú að berjast um laust sæti í sextán liða úrslitunum. Öll hafa þau sína styrkleika og veikleika og bíður forvitnilegur slagur um annað sætið. Króatar hafa sannað ágæti sitt, líkt og Japanar, en Ástralir þurfa að sýna allar sínar bestu hliðar ætli þeir sér að komast lengra en í riðlakeppnina.

# BRASILÍA

**HEIMSÁLFA:** S-Ameríka **SÆTI Á HEIMSLISTA:** 1.
**ÍBÚAFJÖLDI:** 182 milljónir
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1930, 1934, 1938, 1950, 1954, 1958, 1962, 1966, 1970, 1974, 1978, 1982, 1986, 1990, 1994, 1998, 2002






**LÍKLEGT BYRJUNARLIÐ** *4-2-4*



■ **ÞJÁLFARI:** Carlos Alberto Perreira (f. 27. feb 1943). Perreira er tekinn aftur við landsliði þjóðar sinnar eftir að hætt með liðið í kjölfarið á heimsmeistarakeppninni sem liðið vann undir hans stjórn árið 1994. Perreira hefur sannað að hann kann að hafa hemil á stórstjörnunum, hann vill hafa hlutina einfalda og er lítið fyrir að hrófla of mikið við liði sínu. Er með stórkostlegan leikmannahóp í höndunum.

■ **KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti Suður-Ameríkuriðilsins.

■ **VISSIR ÞÚ AÐ ...** síðan 1982 hafa Brasilíumenn aldrei verið eins sigurvissir fyrir HM? Liðið er ríkjandi heimsmeistari, Suður-Ameríkumeistari og álfumeistari og hefur innanborðs ótrúlegan fjölda stórkostlegra leikmanna. Það er aðeins einn hængur á... Brasilía varð ekki heimsmeistari árið 1982.



■ **FYLGSTU MEÐ** Emerson

Í leikskipulagi hins stjörnum prýdda og afar sóknarsinnaða liði Brasilíu sinnir Emerson einhverju vanþakklátasta hlutverki fótboltans í dag sem miðjumaðurinn sem má varla fara fram yfir miðjuhringinn. Hann er sannkallaður brimbrjótur á miðjunni og er hálfgerður þriðji miðvörður.

■ **STÓRA SPURNINGIN** Hver af hinum „fimm fræknu,“ Ronaldinho, Ronaldo, Adriano, Kaka eða Robinho, verður skilinn út undan í byrjunarliðinu? Parreira hefur lýst því yfir að fjórir þessara leikmanna verði inni á í einu, líklegast þykir að Robinho verði að víkja.

**Leikmannahópurinn**
1. Dida, 33 ára, AC Milan
2. Cafu, 36 ára, AC Milan
3. Lucio, 28 ára, Bayern Munchen
4. Juan, 27 ára, Bayer Leverkusen
5. Emerson, 30 ára, Juventus
6. Roberto Carlos, 33 ára, Real Madrid
7. Adriano, 24 ára, Inter
8. Kaka, 24 ára, AC Milan
9. Ronaldo, 30 ára, Real Madrid
10. Ronaldinho, 26 ára, Barcelona
11. Ze Roberto, 32 ára, Bayern München
12. Rogerio Ceni, 33 ára, Sao Paulo
13. Cicinho, 26 ára, Real Madrid
14. Luisao, 25 ára, Benfica
15. Cris, 29 ára, Lyon
16. Gilberto, 30 ára, Hertha Berlín
17. Gilberto Silva, 30 ára, Arsenal
18. Edmilson, 30 ára, Barcelona
19. Juninho Pernambucano, 31 árs, Lyon
20. Ricardinho, 30 ára, Corinthians
21. Fred, 23 ára, Lyon
22. Julio Cesar, 27 ára, Inter
23. Robinho, 22 ára, Real Madrid



■ **LYKILMAÐUR**
## Ronaldinho

Það þarf vart að kynna þennan snilling. Besti leikmaður heims síðustu tvö ár, nýkrýndur Spánar- og Evrópumeistari með Barcelona og núverandi heimsmeistari. Ef Ronaldinho leiðir Brasilíu til sigurs í Þýskalandi kemst hann í hóp með Pele, Maradona, Cruyff og félögum sem einn af allra bestu leikmönnum sem uppi hafa verið.

# KRÓATÍA



**HEIMSÁLFA:** Evrópa
**ÍBÚAFJÖLDI:** 4,4 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 23.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1998, 2002

**ÞJÁLFARI:** Zlatko Kranjar (f. 15. nóv. 1956)
**KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti undanriðils 8 í Evrópu.

■ **LYKILMAÐUR: DARIJO SRNA** Króatar spila eins konar 3-5-2 leikkerfi þar sem aðeins einn leikmaður er á hvorum vængnum. Það er með ólíkindum að Srna, sem getur hlaupið upp og niður vinstri vænginn í níutíu mínútur, skuli ennþá leika með Shakhtar Donetsk í Úkraínu. Gríðarlega öflugur leikmaður sem fór m.a. afar illa með leikmenn íslenska landsliðsins í undankeppninni.

■ **VISSIR ÞÚ...** Að Króatar hafa aðeins tvisvar sinnum tekið þátt í lokakeppni HM? Undir forystu Davor Suker stóð liðið sig frábærlega í sinni fyrstu keppni árið 1998 og komst alla leið í undanúrslit þar sem það beið lægri hlut gegn verðandi heimsmeisturum Frakka.

■ **STÓRA SPURNINGIN:** Munu Króatar hafa forskot á keppinauta sína í þeirri staðreynd að hálft byrjunarlið liðsins annaðhvort hefur spilað eða spilar nú með félagsliðum í Þýskalandi? Auk þess búa margir innflytjendur frá Króatíu í Þýskalandi svo liðið má búast við miklum stuðningi úr stúkunni.

**Leikmannahópurinn**
1. Stipe Pletikosa, 27 ára, Hajduk Split
2. Darijo Srna, 24 ára, Shakhtar Donetsk
3. Josip Simunic, 28 ára, Hertha Berlin
4. Robert Kovac, 34 ára, Juventus
5. Igor Tudor, 28 ára, Siena
6. Jurica Vranjes, 26 ára, Werder Bremen
7. Dario Simic, 31 árs, AC Milan
8. Marko Babic, 25 ára, Bayer Leverkusen
9. Dado Prso, 32 ára, Rangers
10. Niko Kovac, 35 ára, Hertha Berlín
11. Mario Tokic, 31 árs, Austria Vín
12. Joe Didulica, 29 ára, Austria Vín
13. Stjepan Tomas, 30 ára, Galatasaray
14. Luka Modric, 21 árs, Dinamo Zagreb
15. Ivan Leko, 28 ára, Club Brugge
16. Jerko Leko, 26 ára, Dynamo Kiev
17. Ivan Klasnic, 26 ára, Werder Bremen
18. Ivica Olic, 27 ára, CSKA Moskva
19. Niko Kranjcar, 22 ára, Hajduk Split
20. Anthony Seric, 27 ára, Panathinaikos
21. Bosko Balaban, 28 ára, Club Brugge
22. Ivan Bosnjak, 27 ára, Dinamo Zagreb
23. Tomislav Butina, 32 ára, Club Brugge

# ÁSTRALÍA



**HEIMSÁLFA:** Eyjaálfu
**ÍBÚAFJÖLDI:** 19,7 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 42.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1974

**ÞJÁLFARI:** Guus Hiddink (8. nóv. 1946)
**KOMST Á HM** - með því að vinna Úrúgvæ í vítaspyrnukeppni í tveimur umspilsleikjum.

■ **LYKILMAÐUR: HARRY KEWELL** Vinstri vængmaður Liverpool er aftur búinn að finna sitt besta form eftir mögur síðustu ár. Hann, ásamt Tim Cahill hjá Everton, mun draga vagninn fyrir sitt lið á HM og þurfa þeir að nýta sína hæfileika við að skora mörk til hins ýtrasta í Þýskalandi í sumar.

■ **VISSIR ÞÚ...** Að 82 þúsund manns á Telstra-leikvanginum í Ástralíu og 3,2 milljónir sjónvarpsáhorfenda sáu John Aloisi skora sigurmark Ástrala í vítaspyrnukeppni gegn Úrúgvæ í síðari viðureign liðanna í umspili um laust sæti á HM. Þetta kvöld, hinn 16. nóvember í fyrra, hefur verið nefnt það stórkostlegasta í sögu ástralskar knattspyrnu.

■ **STÓRA SPURNINGIN:** Hversu mikið mun það há Guus Hiddink að hafa stjórnað PSV í hollensku úrvalsdeildinni í allan vetur? Hversu mikið mun það hafa bitnað á undirbúningi ástralska liðsins fyrir HM?

**Leikmannahópurinn**
1. Mark Schwarzer, 34 ára, Middlesbrough
2. Lucas Neill, 28 ára, Blackburn Rovers
3. Craig Moore, 31 árs, Newcastle
4. Tim Cahill, 27 ára, Everton
5. Jason Culina, 26 ára, PSV Eindhoven
6. Tony Popovic, 33 ára, Crystal Palace
7. Brett Emerton, 27 ára, Blackburn Rovers
8. Josip Skoko, 31 árs, Wigan
9. Mark Viduka, 31 árs, Middlesbrough
10. Harry Kewell, 28 ára, Liverpool
11. Stan Lazaridis, 34 ára, Birmingham City
12. Ante Covic, 31 árs, Hammarby
13. Vince Grella, 27 ára, Parma
14. Scott Chipperfield, 31 árs, Basel
15. John Aloisi, 30 ára, Alaves
16. M. Beauchamp, 25 ára, C. Coast Mariners
17. Archie Thompson, 28 ára, PSV Eindhoven
18. Zeljko Kalac, 34 ára, AC Milan
19. Joshua Kennedy, 34 ára, Dynamo Dresden
20. Luke Wilkshire, 25 ára, Bristol City
21. Mile Sterjovski, 27 ára, Basel
22. Mark Milligan, 21 árs, Sydney FC
23. Marco Bresciano, 26 ára, Parma

# JAPAN



**HEIMSÁLFA:** Asía
**ÍBÚAFJÖLDI:** 127,2 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 18.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1998, 2002

**ÞJÁLFARI:** Zico (f. 3. mars 1953)
**KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti í einum af lokariðlum undankeppninnar í Asíu.

■ **LYKILMAÐUR: SHUNSUKE NAKAMURA** Hefur tekið við keflinu af Hidetoshi Nakata sem leikstjórnandi liðsins en nýtur engu að síður góðs af því að hafa Nakata sér við hlið á miðjunni. Leikur með Celtic í Skotlandi og hefur því fengið að kynnast Evrópubolta eins og hann gerist hraðastur.

■ **VISSIR ÞÚ...** Að Japanir sýndu hversu sterkir þeir eru með því að vinnaa Asíukeppnina árið 2004 auk þess sem liðið sigraði Evrópumeistara Grikkja og gerði jafntefli við heimsmeistara Brasilíu í síðustu Álfukeppni.

■ **STÓRA SPURNINGIN:** Japanar hafa á að skipa sterkri miðju með þá Hidetoshi Nakata, Shunsuke Nakamura og Shinji Ono, sem allir leika í Evrópu, og aukaspyrnusérfræðinginn Mitsuo Ogasawara. Munu þessir leikmenn ná að draga vagninn í markaskorun Japana á HM þar sem sóknarkraftur liðsins þykir af skornum skammti?

**Leikmannahópurinn**
1. Seigo Narazaki, 30 ára, Nagoya Grampus Eight
2. Makoto Tanaka, 31 árs, Jubilo Iwata
3. Yuichi Komano, 25 ára, Sanfrecce Hiroshima
4. Yasuhito Endo, 26 ára, Gamba Osaka
5. Tsuneyasu Miyamoto, 29 ára, Gamba Osaka
6. Koji Nakata, 27 ára, Basel
7. Hidetoshi Nakata, 29 ára, Bolton
8. Mitsuo Ogasawara, 27 ára, Kashima Antlers
9. Naohiro Takahara, 27 ára, Hamburger SV
10. Shunsuke Nakamura, 28 ára, Celtic
11. Seiichiro Maki, 26 ára, JEF United Chiba
12. Yoichi Doi, 33 ára, FC Tokýó
13. Atsushi Yanagisawa, 29 ára, Kashima Antlers
14. Alessandro Santos, 29 ára, Urawa Reds
15. Takashi Fukunishi, 30 ára, Jubilo Iwata
16. Masashi Oguro, 26 ára, Grenoble
17. Junichi Inamoto, 27 ára, WBA
18. Shinji Ono, 27 ára, Urawa Reds
19. Keisuke Tsuboi, 27 ára, Urawa Reds
20. Keiji Tamada, 26 ára, Nagoya Grampus Eight
21. Akira Kaji, 26 ára, Gamba Osaka
22. Yuji Nakazawa, 28 ára, Yokohama F Marinos
23. Yoshikatsu Kawaguchi, 31 ára, Jubilo Iwata



Lukkudýr HM er gríðarsterkt ljón:

# Konungur teitanna

**HM 2006** Sú hefð hófst fyrir löngu að hafa lukkudýr á HM. Í Þýskalandi heitur lukkudýrið Goleo VI en hann er ljón sem ekki bítur og öllum líkar vel við. Hann er lifandi, talar og hugsar. Þar að auki hefur hann sínar eigin skoðanir þar sem enginn er fæddur eingöngu til að vera lukkudýr.

Goleo hefur sett sér það göfuga takmark fyrir HM að keppnin verði ein stór skemmtun þar sem allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Hann ætlar síðan að vera aðalmaðurinn í teitunum á HM enda konungur teitanna.

Annað sem á að einkenna Goleo er að hann er svakalega svalur og hann mun dansa við knattspyrnuaðdáendur frá öllum heimshornum á götunum jafnt sem á leikvöngunum. Goleo er ekki einn á ferð því hann fer hvergi án félaga síns Pille, talandi fótboltans. Þeir eru dýnamískt dúó. Pille hefur mikinn áhuga á knattspyrnu rétt eins og Goleo og þeir tala í raun ekki um neitt annað. Það er sameiginlegur áhugi þeirra og ást á fótbolta sem sameinar þá.



**MAGNAÐ MANNVIRKI** Allt í kringum völlinn er stórglæsilegt, en hann er þó kominn til ára sinna. Þó kemur alls ekki til greina að rífa hann og byggja nýjan vegna sögulegs gildis. NORDICPHOTOS/AFP

Maracana-leikvangurinn í Rio de Janeiro:

# Tákn brasilísku knattspyrnunnar

**HM 2006** Fáir leikvangar í heiminum standa jafnhliða hinum stórbrotna Maracana-velli í Rio de Janeiro í Brasilíu. Völlurinn var byggður fyrir HM 1950 í Brasilíu og hýsti mörg ótrúleg augnablik í sögu heimsmeistarakeppninnar. Hann er oft nefndur tákn brasilíska fótboltans og það með réttu. 10.000 verkamenn byggðu völlinn á tæpum tveimur árum.

Brasilíumönnum, þar sem knattspyrnan er öllum í blóð borin, fannst vanta leikvang á borð við Maracana til að leggja áherslu á hverjir væru bestir fyrir HM 1950.

Brasilíumenn spiluðu sex af sjö leikjum sínum á HM á Maracana-vellinum, þar á meðal æsispennandi úrslitaleik gegn Úrúgvæ. Bæði lið höfðu á frábærum leikmönnum á að skipa, 199.854 áhorfendur troðfylltu leikvanginn og stemmningin átti sér enga hliðstæðu.

Opinberar áhorfendatölur segja töluna vera 174.000 en margir vilja meina að skarinn hafi verið yfir 200 þúsundin. Flestir halda sig þó við uppruna-legu töluna. Allt í sambandi við leikvanginn fór á réttan veg en eitt atriði fór þó úrskeiðis - Brasilía tapaði í síðasta leiknum og Úrugvæ varð heimsmeistari.

Í dag hefur leikvangurinn verið minnkaður til muna af öryggisástæðum en litlu mátti muna að hann yrði rifinn og nýr byggður á sama stað. Vegna ótrúlegra mótmælta var þeim áætlunum þó rutt af teikniborðinu en í dag tekur leikvangurinn um 80.000 manns í sæti.

„Maracana-völlurinn á sérstakan stað í hjörtum allra Brasilíumanna, en sérstaklega fyrir mig. Þar skoraði ég mitt fyrsta mark fyrir landsliðið, gegn Argentínu, og þar skoraði ég einnig 1.000 markið mitt á ferlinum. Andrúmsloftið á þessum velli er engu líkt,“ segir knattspyrnugoðsögnin Pele um Maracana-leikvanginn.



# G - RIÐILL



# Bæta Frakkar fyrir vonbrigðin 2002?

Frakkar voru í riðli með Dönum, Senegal og Úrugvæ á HM 2002. Flestir bjuggust við því að þáverandi Evrópumeistarar ættu greiða leið í sextán liða úrslitin. Skemmst er frá því að segja að þeir skoruðu ekki mark í keppninni og fóru heim með eitt stig og skottið á milli lappanna. Það skal því enginn dæma G-riðilinn of snemma.

„Þessi riðill verður ekki auðveldur fyrir okkur. Við stefnum á að læra á mótinu,“ heyrist Stephen Keshi, þjálfari Tógó, segja á meðan hinn franski kollegi hans, Raymond Domenech, er kokhraustur. „Það muna allir hvað gerðist á síðasta heimsmeistaramóti. Ég er þó sannfærður um ágæti okkar liðs og fyrsti leikurinn okkar, gegn Sviss, verður algjör lykilleikur. Ef við vinnum hann ættum við að komast áfram,“ segir Domenech en nokkuð hefur borið á óróa í herbúðum frönsku leikmannanna fyrir mótið.

Tógó kemur á HM fyrst og fremst til að njóta sín og mun væntanlega ekki blanda sér í neina baráttu um sæti í sextán liða úrslitunum. Svisslendingar geta orðið örlagavaldar en þeim hefur vegnað vel gegn Frökkum. Suður-Kóreumenn komust alla leið í undanúrslit á heimavelli á síðasta HM, hafa frábæra leikmenn og geta því vel komið á óvart.

## FRAKKLAND

**HEIMSÁLFA:** Evrópa
**ÍBÚAFJÖLDI:** 60,2 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 8.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1930, 1934, 1938, 1954, 1958, 1966, 1978, 1982, 1986, 1998, 2002






**LÍKLEGT BYRJUNARLIÐ** 4-4-2



■ **ÞJÁLFARI:**
Raymond Domenech (f. 24. jan. 1952)
Var áður þjálfari u-21 árs landsliðs Frakka en tók við af Jacques Santini eftir vonbrigðin á EM 2004. Hefur oft verið gagnrýndur fyrir val sitt á liðinu, bæði vegna þess að hann hefur sleppt því að velja menn sem kannski áttu það skilið og vegna þess að hann hefur valið leikmenn án þess að hafa nokkuð fyrir sér í því. Í Þýskalandi þarf hann að láta verkin á vellinum tala sínu máli.

■ **KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti í undanriðli 4 í Evrópu.



■ **FYLGSTU MEÐ:** Zinedine Zidane

Orðinn 33 ára og frekar lúinn mun Zidane spila sína síðustu fótboltaleiki á ferlinum í Þýskalandi. Hann mun án efa gefa allt sitt í leikina, enda þráir hann ekkert meira en að enda ferilinn með stærsta titli fótboltans. Ef örlögin fengju að ráða yrði HM í Þýskalandi keppnin hans Zidane.

■ **STÓRA SPURNINGIN:**
Munu hinir sumir öldnu en mögnuðu fótboltamenn Frakklands ná aftur jafnvel saman og þeir gerðu fyrir 6-8 árum, þegar franska liðið var það besta í heimi? Ljóst er að kynslóðaskipti munu eiga sér stað í franska liðinu eftir HM en mun núverandi kynslóð kveðja með viðeigandi hætti?

**Leikmannahópurinn**
1. Mickael Landreau, 27 ára, Nantes
2. J. Boumsong, 27 ára, Newcastle
3. Eric Abidal, 27 ára, Lyon
4. Patrick Vieira, 30 ára, Juventus
5. William Gallas, 29 ára, Chelsea
6. Claude Makelele, 33 ára, Chelsea
7. Florent Malouda, 26 ára, Lyon
8. V. Dhorasoo, 33 ára, Paris St. Germain
9. Djibril Cisse, 25 ára, Liverpool
10. Zinedine Zidane, 34 ára, Real Madrid
11. Sylvain Wiltord, 32 ára, Lyon
12. Thierry Henry, 29 ára, Arsenal
13. Mikael Silvestre, 29 ára, Man. Utd.
14. Louis Saha, 28 ára, Man. United
15. Lilian Thuram, 34 ára, Juventus
16. Fabien Barthez, 35 ára, Marseille
17. Gael Givet, 25 ára, Monaco
18. Alou Diarra, 25 ára, Lens
19. Willy Sagnol, 29 ára, Bayern Munchen
20. David Trezeguet, 29 ára, Juventus
21. Pascal Chimbonda, 27 ára, Wigan
22. Frank Ribery, 23 ára, Marseille
23. Gregory Coupet, 34 ára, Lyon

■ **VISSIR ÞÚ....**
Að Frakkar eru áberandi þegar rýnt er í sögubækur HM? Sjálfur titillinn var lengi á leiðinni, en sem kunnugt er urðu Frakkar heimsmeistarar 1998. Færri vita að það var Frakki, Jules Rimet að nafni, sem kom HM á laggirnar fyrir tæpum áttatíu árum. Auk þess var það Frakkinn Lucien Laurent sem skoraði fyrsta markið í sögu HM.



■ **LYKILMAÐUR:**
Thierry Henry
Þrátt fyrir að allir séu sammála um að Henry sé einn sá allra besti í heimi hefur hann einhvern veginn aldrei náð að sýna sitt rétta andlit með landsliðinu á undanförnum árum. Henry þarf að spila með Frakklandi eins og hann gerir með Arsenal, ef svo fer mun liðið fara langt í keppninni.

## SVISS



**HEIMSÁLFA:** Evrópa
**ÍBÚAFJÖLDI:** 7,3 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 35.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1934, 1938, 1950, 1954, 1962, 1966, 1994

**ÞJÁLFARI:** Koebi Kuhn (f. 12 okt. 1943)
**KOMST Á HM** – með samanlögðum sigri á Tyrkjum í umspili

■ **LYKILMAÐUR: ALEXANDER FREI** Besti sóknarmaður liðsins og markahæsti leikmaður Sviss í undankeppninni. Frei er mjög fljótur og sterkur framherji og sá fyrsti sem getur talist verðugur arftaki Stephane Chapuisat í sókn Svisslendinga. Hefur skorað 23 mörk í 42 leikjum.

■ **VISSIR ÞÚ...** að áður en Sviss tapaði fyrir Tyrkalandi í síðari leik liðanna í umspili fyrir HM hafði liðið leikið 14 leiki á heilu ári án þess að tapa, sem er til marks um þá uppbygginu og framför sem hefur átt sér stað? Landsliðið í dag er að nokkru leyti byggt á leikmönnum sem urðu Evrópumeistarar u-17 ára liða 2002.

■ **STÓRA SPURNINGIN:** Þjálfarinn Kuhn lýsti því yfir á síðasta ári að ástæðan fyrir velgengni Sviss væri „fjölskylduandinn“ sem ríkti innan liðsins. Flestir muna hins vegar eftir ofbeldinu sem leikmenn liðsins sýndu í umspilinu gegn Tyrkjum í slagsmálunum eftir síðari leikinn. Mun það óorð verða til þess að sundra „fjölskylduandanum“?

**Leikmannahópurinn**
1. Pascal Zuberbühler, 35 ára, Basel
2. Johan Djourou, 19 ára, Arsenal
3. Ludovic Magnin, 27 ára, VfB Stuttgart
4. Philippe Senderos, 21 árs, Arsenal
5. Xavier Margairaz, 22 ára, FC Zürich
6. Johann Vogel, 29 ára, AC Milan
7. Ricardo Cabanas, 27 ára, FC Cologne
8. Raphael Wicky, 29 ára, Hamburger SV
9. Alexander Frei, 27 ára, Rennes
10. Daniel Gygax, 25 ára, Lille
11. Marco Streller, 25 ára, FC Cologne
12. D. Benaglio, 23 ára, Nacional Madeira
13. Stephane Grichting, 27 ára, Auxerre
14. David Degen, 23 ára, Basel
15. Blerim Dzemaili, 20 ára, FC Zürich
16. T. Barnetta, 21 árs, Bayer Leverk.
17. C. Spycher, 28 ára, Eintracht Frankfurt
18. Mauro Lustrinelli, 30 ára, Sparta Prag
19. Valon Behrami, 21 árs, Lazio
20. Patrick Müller, 30 ára, Lyon
21. Fabio Coltorti, 26 ára, Grasshopper
22. Johan Vonlanthen, 20 ára, NAC Breda
23. P. Degen, 23 ára, Borussia Dortmund

## S-KÓREA



**HEIMSÁLFA:** Asía
**ÍBÚAFJÖLDI:** 48,3 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 29.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1954, 1986, 1990, 1994, 1998, 2002

**ÞJÁLFARI:** Dick Advocaat (f. 27. sept. 1947)
**KOMST Á HM** – með því að hafna í öðru sæti í einum af lokariðlunum í undankeppni Asíu.

■ **LYKILMAÐUR: PARK JI-SUNG** Hefur sannað sig hjá Manchester United í vetur sem mjög frambærilegur vængmaður sem getur komist framhjá velflestum bakvörðum heims. Óhemju snöggur og tekniskur vængmaður sem skorar mörk með reglulegu millibili.

■ **VISSIR ÞÚ...** að Suður-Kórea er sigursælasta þjóðin frá Asíu á HM frá upphafi? Liðið hefur nú verið með í öllum lokakeppnum HM frá árinu 1986 og í síðustu keppni vann liðið eftirminnilega sigra á ekki minni þjóðum en Ítalíu og Spáni en tapaði síðan fyrir Þýskalandi í sextán liða úrslitum.

■ **STÓRA SPURNINGIN:** Forkálfar knattspyrnusambandsins hafa greinilega mikla trú á hollenskum þjálfurum því við stjórnvölinn nú er Dick Advocaat. Fyrir fjórum árum var það Guus Hiddink sem var þjálfari liðsins og náði eftirtektarverðum árangri. Nær Advocaat að toppa þann árangur forvera síns og landa?

**Leikmannahópurinn**
1. Woon Jae Lee, 33 ára, Suwon Bluewings
2. Y. Kim, 30 ára, Seongnam Ilhwa Chunma
3. Dong Jin Kim, 24 ára, FC Seoul
4. Jin Cheul Choi, 35 ára, Chonbuk Hyundai Motors
5. Nam Il Kim, 29 ára, Suwon Bluewings
6. Jin Kyu Kim, 21 árs, Jubilo Iwata
7. Ji Sung Park, 25 ára, Manchester United
8. Do Heon Kim, 24 ára, Seongnam Ilhwa Chunma
9. Jung Hwan Ahn, 30 ára, MSV Duisburg
10. Chu Young Park, 21 árs, FC Seoul
11. Ki Hyeon Seol, 27 ára, Wolves
12. Young Pyo Lee, 29 ára, Tottenham
13. Eul Yong Lee, 31 árs, Trabzonspor
14. Chun Soo Lee, 25 ára, Ulsan Hyundai
15. Ji Hoon Baek, 21 árs, FC Seoul
16. K. Ho Chung, 26 ára, Gwangju Sangmu
17. Ho Lee, 22 ára, Ulsan Hyundai
18. S. Kim, 30 ára, Seongnam Ilhwa Chunma
19. Jae Jin Cho, 25 ára, Shimizu S-Pulse
20. Y. Kim, 27 ára, Seongnam Ilhwa Chunma
21. Young Kwang Kim, 23 ára, Chunnam Dragons
22. Chong Gug Song, 27 ára, Suwon Bluewings
23. Won Hee Cho, 23 ára, Suwon Bluewings

## TÓGÓ



**HEIMSÁLFA:** Afríka
**ÍBÚAFJÖLDI:** 5,4 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 61.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** Aldrei

**ÞJÁLFARI:** Otto Pfister (f. 24. nóv. 1937)
**KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti í undanriðli 1 í Afríku, á undan Senegal.

■ **LYKILMAÐUR: EMMANUEL ADEBAYOR** Þessi fyrrum leikmaður Monaco var keyptur til Arsenal í upphafi árs fyrir sjö milljónir punda og fékk dýrmæta reynslu hjá enska liðinu í fjarveru Thierry Henry fyrr á tímabilinu. Adebayor er yfirburðamaður í liði Tógó, hann var langmarkahæstur hjá liðinu í undankeppninni með 11 mörk, þar af markið ómetanlega gegn Senegal sem kom liðinu á HM.

■ **VISSIR ÞÚ...** að Þjóðverjinn Otto Pfister er elsti þjálfarinn á HM í Þýskalandi í sumar? Pfister verður sjötugur á næsta ári og er 27 árum eldri en Marco van Basten hjá Hollandi, sem er yngsti þjálfarinn á HM.

**STÓRA SPURNINGIN:** Eftir slakt gengi í Afríkukeppninni fyrr á árinu ákvað knattspyrnusamband Tógó að reka hinn nígeríska Stephen Keshi, þjálfarann sem kom liðinu á HM, úr starfi og við tók Pfister fyrir réttum þremur mánuðum. Mun sá tími vera nægur fyrir hann til þess að slípa saman nýja hugsun hjá buguðu liði?

**Leikmannahópurinn**
1. Ouro-nimini Tchagnirou, 29 ára, Djoliba
2. Dare Nibombe, 26 ára, Mons
3. Jean-paul Abalo, 31 árs, Apoel Nicosia
4. Emmanuel Adebayor, 22 ára, Arsenal
5. M. Tchangai, 28 ára, Benevento
6. Yao Aziawonou, 28 ára, Young Boys
7. Moustapha Salifou, 23 ára, Stade Brest
8. Kuami Agboh, 29 ára, Beveren
9. Thomas Dossevi, 27 ára, Valenciennes
10. Cherif Toure Mamam, 23 ára, Metz
11. Robert Malm, 33 ára, Stade Brest
12. Eric Akoto, 26 ára, Admira
13. R. Forson, 26 ára, JA Poire sur Vie
14. A. Olufade, 26 ára, Al Sailiya
15. A. Romao, 22 ára, Louhans-Cuiseaux
16. Kossi Agassa, 28 ára, Metz
17. Kader Mohamed, 27 ára, Guingamp
18. Yao Junior Senaya, 22 ára, YF Juventus
19. L. Assemoassa, 26 ára, Ciudad Murcia
20. Affo Erassa, 23 ára, Moulins
21. Karim Guede, 21 árs, Hamburger SV
22. Kodjovi Obilale, 22 ára, Etoile Filante
23. T. Assimiou, 18 ára, Bayer Leverkusen



*Konurnar á myndinni eru félagar í kórum sem starfa í sönghúsinu Domus vox undir stjórn Margrétar J. Pálmadóttur*

# Hvert skref skiptir máli

# Tökum þátt í Kvennahlaupinu

## Ganga eða skokk - á þínum hraða

FABRIKAN

## Hlaupið verður á eftirtöldum stöðum:

**Garðabær: Garðatorg kl. 14**

**Akureyri: Ráðhústorg kl. 11 - Mosfellsbær: Íþróttavöllurinn kl. 11**

| | |
|---|---|
| Vogar | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Keflavík | Holtaskóli í Reykjanesbæ kl. 11 |
| Grindavík | Sundlaugin kl. 11 |
| Sandgerði | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Garður | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Kjós | Frá Kaffi Kjós Meðalfellsvatni kl. 14 |
| Akranes | Akratorgi, kl. 11 |
| Borgarnes | Íþróttamiðstöðin kl. 12 |
| Hvanneyri | Íþróttavöllurinn kl. 11 |
| Akurholt | kl. 13.30 |
| Stykkishólmur | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Flatey | Samkomuhúsið – Sjá sjova.is |
| Ólafsvík | Sjómannagarðurinn, 9. JÚNÍ kl. 19.30 |
| Búðardalur | Íþróttavöllurinn kl. 11 |
| Reykhólahr. | Sundlaugin kl. 14 |
| Ísafjörður | Íþróttahúsið Torfnesi kl. 14 |
| Bolungarvík | Sjá sjova.is |
| Patreksfjörður | Sjá sjova.is |
| Súðavík | Húsi Verk-Vest (gamla pósthúsinu) kl. 11 |
| Flateyri | Sundlaugin kl. 11 |
| Suðureyri | Grunnskólinn kl. 10 |
| Barðaströnd | Innri Múla kl. 14 |
| Tálknafjörður | Lækjartorg kl.11 |
| Bíldudalur | Slökkvistöðin kl. 14 |
| Þingeyri | Íþróttahúsið kl. 11 |
| Hólmavík | Söluskálinn kl. 13 |
| Drangsnes | Fiskvinnsla Drangs ehf kl. 11 |
| Hvammstangi | Sundlaugin kl. 11 |

| | |
|---|---|
| Blönduós | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Skagaströnd | Tjaldstæðið 11. JÚNÍ kl. 17 |
| Sauðárkrókur | Sundlaugin kl. 10.45 |
| Varmahlíð | Sundlaugin kl. 14 |
| Hofsós | Höfðaborg – Sjá sjova.is |
| Fljót | Haganesvík-Sólgarðar kl. 11 |
| Siglufjörður | Torgið kl. 11 |
| Akureyri | Ráðhústorgið kl. 11 |
| Hrafnagilsskóli | kl. 11 |
| Grenivík | Jónsbúð kl. 17 |
| Dalvík | Sjá sjova.is |
| Ólafsfjörður | Sjá sjova.is |
| Húsavík | Sundlaugin 9. JÚNÍ kl. 20 |
| Laugar | Sjá sjova.is |
| Reykjahlíð | Íþróttamiðstöðin kl. 13.15 |
| Kópaskeri | Heilsugæslustöðin og Grunnskólinn í Lundi kl. 11 |
| Raufarhöfn | Íþróttahúsið 9. JÚNÍ kl. 17 |
| Þórshöfn | Íþróttamiðstöðin Ver kl. 11 |
| Bakkafjörður | Grunnskólinn kl. 11 |
| Vopnafjörður | Grunnskólinn kl. 11 |
| Egilsstaðir | Tjarnagarður kl. 13 |
| Seyðisfjörður | Miðbæjartorgi kl. 11 |
| Reyðarfjörður | Andapollurinn kl. 11 |
| Eskifjörður | Skrúðgarðurinn kl. 11 |
| Neskaupsstaður | Kaffihúsið Nesbæ kl. 11 |
| Fáskrúðsfjörður | Leiknishúsið kl. 10 |
| Breiðdalsvík | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Djúpivogur | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |

| | |
|---|---|
| Höfn | Sporthöllin kl. 11 |
| Selfoss | Tryggvaskáli kl. 13 |
| Gaflsvegamót | kl. 11 |
| Árnes | kl. 13 |
| Sólheimar, Grímsn. | Vala verslun og listhús kl. 11.30 |
| Gljúfur, Ölfusi | Sjá sjova.is |
| Hveragerði | Verslunamiðst. Sunnumörk kl. 14 |
| Eyrarbakki | Rauða húsið kl. 12 |
| Stokkseyri | Sundlaugin kl. 11 |
| Hella | Sundlaugin kl. 11 |
| Borg | kl. 11 |
| Holta- og Landsv. | Laugaland kl. 11 |
| Hvolsvöllur | Íþróttamiðstöðin kl. 10 |
| Seljalandsfoss | kl.14 |
| Vík | Íþróttamiðstöðin kl. 11 |
| Kirkjubæjarklaustur | Efri-Vík kl. 14 |
| Vestmannaeyjar | Íþróttamiðstöðin kl. 14 |
| Hraunborgir, Grímsnesi | Þjónustumiðstöðin kl. 14 |

**Einnig er hlaupið erlendis – m.a. á eftirtöldum stöðum: Danmörku (Kaupmannahöfn, Sönderborg, Horsens, Óðinsvéum, Árósum og Álaborg), Belgíu (Brussel), Namibíu (Walvis Bay), Bandaríkjunum (Maryland) og Kanada (Toronto, Winnipeg og Manitoba).**

**Upplýsingar um forsölu og hlaupastaði, tímasetningar, myndir o.fl. á www.sjova.is**

MÆTUM ALLAR!

**Þátttökugjald 1.000 kr.**

*Með kaupum á UNIFEM armbandi* styður þú konur í Afganistan. UNIFEM stuðlar að auknum réttindum afganskra kvenna, jafnrétti kynjanna og tryggir þátttöku kvenna í uppbyggingarstarfi. Hvert skref skiptir máli!*

United Nations Development Fund for Women
UNIFEM

**UNIFEM-armbandið kostar 500 kr.*

Ísland á iði
Hreyfa sig!

SJÓVÁ
*Aðalstyrktaraðili Kvennahlaups ÍSÍ*

LÝÐHEILSUSTÖÐ
– lífið heil

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
www.sjova.is

KVENNAHLAUPIÐ 10.06.2006

# H - RIÐILL



# Komast Spánverjar loksins alla leið?

Spánverjar hafa alltaf verið nefndir sem líklegir afreksmenn á HM og EM. Samt sem áður hefur þeim aldrei vegnað vel á stórmóti en verður langþráð bið þeirra ekki einhvern tímann endi að taka?

„Það er það sem gerist inni á vellinum sem skiptir máli. Það sem blaðamenn skrifa og segja á ekki að hafa nein áhrif á okkur og við erum satt best að segja orðnir þreyttir á þessu tali. Það sem skiptir máli er að við munum koma vel undirbúnir til leiks á HM og við ætlum okkur að gera okkar besta,“ segir Luis Aragones, landsliðsþjálfari Spánverja, en spænska pressan er með stór orð um framtíð hans og Spánverjum vegnar ekki vel í sumar.

Úkraínumenn taka í fyrsta skipti þátt á HM og eru óskrifað blað. Þeir þurfa að sanna að þeir séu meira en eins manna lið, en vissulega mun Andriy Shevchenko koma til með að ráða úrslitum fyrir þá. Túnis og Sádi-Arabía gætu komið á óvart að því leyti að þau lið hafa fáa þekkta menn innan sinna raða og erfitt að afla sér upplýsinga um þau. Ólíklegt verður þó að teljast að þau velgi Spánverjum og Úkraínu undir uggum.

## SPÁNN

**HEIMSÁLFA:** Evrópa
**ÍBÚAFJÖLDI:** 40,2 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 5.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1934, 1950, 1962, 1966, 1978, 1982, 1986, 1990, 1994, 1998, 2002.






**LÍKLEGT BYRJUNARLIÐ 4-4-2**



■ **ÞJÁLFARI:** Luis Aragones (f. 28. júlí 1938) Aragones býr yfir gríðarlegri reynslu sem þjálfari á Spáni og hefur hann þjálfað öll stærstu félög landsins, að undanskildu Real Madrid. Gera má ráð fyrir að þjálfarastarfið hjá Spáni verði hans síðasta á ferlinum, enda að verða 68 ára gamall. Vill enda með sigri á HM.

■ **KOMST Á HM** – með því að vinna Slóvaka örugglega í tveimur umspilsleikjum.

■ **FYLGSTU MEÐ:**

## David Villa



Sóknarmaður Valencia sem sló í gegn í úrvalsdeildinni á Spáni í vetur og hefur fest sig í sessi sem einn af lykilmönnum Aragones. Býr yfir öllum þeim kostum sem góður framherji þarf að hafa og hefur einstakt lag á að þefa uppi marktækifærin.

■ **STÓRA SPURNINGIN:** Er bjartsýnin að bera Spánverja, sem hafa aldrei náð langt á HM, ofurliði? Daginn eftir að hafa sigrað Slóvaka í umspilinu var fyrirsögnin í Marca, útbreiddasta dagblaði Spánar, á þennan veg: „Heimsmeistarakeppnin er okkar!“

**Leikmannahópurinn**
1. Iker Casillas, 25 ára, Real Madrid
2. Michel Salgado, 31 árs, Real Madrid
3. Asier Del Horno, 25 ára, Chelsea
4. Carlos Marchena, 27 ára, Valencia
5. Carlos Puyol, 28 ára, Barcelona
6. David Albelda, 29 ára, Valencia
7. Raul, 29 ára, Real Madrid
8. Xavi, 26 ára, Barcelona
9. Fernando Torres, 22 ára, Atletico Madrid
10. Jose Antonio Reyes, 23 ára, Arsenal
11. Luis Garcia, 28 ára, Liverpool
12. Antonio Lopez, 25 ára, Atletico M.
13. Andrés Iniesta, 22 ára, Barcelona
14. Xabi Alonso, 25 ára, Liverpool
15. Sergio Ramos, 20 ára, Real Madrid
16. Senna Marcos, 30 ára, Villarreal
17. Joaquin, 25 ára, Real Betis
18. Cesc Fabregas, 19 ára, Arsenal
19. Santiago Canizares, 37 ára, Valencia
20. Juanito, 30 ára, Real Betis
21. David Villa, 25 ára, Valencia
22. Pablo, 25 ára, Atletico Madrid
23. Jose Manuel Reina, 24 ára, Liverpool

■ **VISSIR ÞÚ....** Að spænska liðið hefur sjaldan eða aldrei litið eins sannfærandi út? Sést það best á þeirri staðreynd að liðið hefur ekki tapað leik í næstum tvö ár. Of mörg jafntefli í undankeppninni urðu þó til þess að Spánn þurfti að fara í umspil.



■ **LYKILMAÐUR:** Xavi

Leikstjórnandi Barcelona hefur náð sér af krossbandsslitum sem hann hlaut um mitt síðasta tímabil og verður klár í slaginn þegar HM hefst, Aragones til mikillar léttis. Xavi er og hefur verið hálfgerður hryggur í leik Spánar á síðustu árum, það er hann sem dreifir spilinu kantana á milli og leggur þannig grunninn að skemmtilegum sóknarleik liðsins.

## ÚKRAÍNA



**HEIMSÁLFA:** Evrópa
**ÍBÚAFJÖLDI:** 48 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 45.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** Aldrei

**ÞJÁLFARI:** Oleh Blokhin (f. 5. nóv. 1952)
**KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti í undanriðli 2 í Evrópu.

■ **LYKILMAÐUR: ANDRIY SHEVCHENKO** Rætt hefur verið um að Úkraína sé eins manns lið sem standi og falli með frammistöðu Shevchenko hverju sinni. Hann er fyrirliði liðsins og allt í öllu í sókninni. Allir leikmenn liðsins leitast eftir því að gefa á Shevchenko í hvert einasta sinn sem þeir fá boltann.

■ **VISSIR ÞÚ...** að öllum að óvörum varð Úkraína fyrsta liðið í Evrópu til að tryggja þátttökuréttinn í lokakeppni HM. Liðið var í einum sterkasta undanriðlinum en náði frábærum úrslitum gegn ekki ómerkari þjóðum en Danmörku, Tyrklandi og Evrópumeisturum Grikkja.

■ **STÓRA SPURNINGIN:** Geta Úkraínumenn brotist úr þeirri táknmynd að vera eins manns lið? Í undankeppninni vakti liðið athygli fyrir að vera vel skipulagt, erfitt að finna glufur í vörninni og skorar ekki mikið fleiri mörk en þörf er á. Minnir um margt á leik Evrópumeistara Grikkja árið 2004?

**Leikmannahópurinn**
1. O. Shovkovskiy, 31 árs, Dinamo Kiev
2. Andriy Nesmachniy, 27 ára, Dinamo Kiev
3. Serhiy Fedorov, 31 árs, Dinamo Kiev
4. A. Tymoschuk, 27 ára, Shakhtar Donetsk
5. V. Yezerskiy, 30 ára, Dnipro Dnipropetrovsk
6. A. Rusol, 23 ára, Dnipro Dnipropetrovsk
7. Andriy Shevchenko, 30 ára, AC Milan
8. O. Shelayev, 30 ára, Dnipro Dnipropetrovsk
9. Oleg Gusev, 23 ára, Dinamo Kiev
10. Andriy Voronin, 27 ára, Bayer Leverkusen
11. Serhiy Rebrov, 32 ára, Dinamo Kiev
12. Andriy Pyatov, 22 ára, Vorskla Poltava
13. D. Chigrynskiy, 20 ára, Shakhtar Donetsk
14. Andriy Gusin, 34 ára, CSK VVS Samara
15. Artem Milevskiy, 21 árs, Dinamo Kiev
16. Andriy Vorobey, 28 ára, Shakhtar Donetsk
17. Vladislav Vashchuk, 31 árs, Dinamo Kiev
18. S. Nazarenko, 26 ára, Dnipro Dnipropetrovsk
19. M. Kalinichenko, 27 ára, Spartak Moskva
20. Oleksiy Byelik, 25 ára, Shakhtar Donetsk
21. Ruslan Rotan, 25 ára, Dinamo Kiev
22. Vyacheslav Sviderskiy, 27 ára, Dinamo Kiev
23. Bogdan Shust, 20 ára , Shakhtar Donetsk

## TÚNIS



**HEIMSÁLFA:** Afríka
**ÍBÚAFJÖLDI:** 9,9 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 21.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1978, 1998, 2002

**ÞJÁLFARI:** Roger Lemerre (f. 18. júní 1941)
**KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti í undanriðli 5 í Afríku.

■ **LYKILMAÐUR: DOS SANTOS** Hinn 27 ára gamli framherji, sem ættaður er frá Brasilíu, skaust upp á stjörnuhimininn þegar Túnis sigraði í Afríkukeppninni árið 2004. Mikill markaskorari og þykir búa yfir ótrúlegri skothörku.

■ **VISSIR ÞÚ...** að þjálfarinn Lemerre hefur gengið í endurnýjun lífdaga eftir að hann tók við sem þjálfari hjá Túnis árið 2002? Hann var, og er ennþá af sumum, hataður í heimalandinu Frakklandi fyrir að hafa náð mjög slökum árangri með franska landsliðið, en hann er dýrkaður og dáður í Túnis fyrir að ná frábærum árangri, m.a. sigri í Afríkukeppninni árið 2004.

■ **STÓRA SPURNINGIN:** Mun Lemerre þjást af eftirköstum frá síðustu heimsmeistarakeppni, þar sem franska landsliðið undir hans stjórn beið afhroð? Frakkar voru ríkjandi meistarar en komust ekki upp úr sínum riðli eftir að hafa mistekist að vinna leik, hvað þá að skora eitt einasta mark.

**Leikmannahópurinn**
1. Ali Boumnijel, 40 ára, Africain
2. Karim Essediri, 27 ára, Rosenborg
3. Karim Haggui, 22 ára, Strasbourg
4. Alaeddine Yahia, 25 ára, Saint-Etienne
5. Zied Jaziri, 28 ára, Troyes
6. Hatem Trabelsi, 29 ára, Ajax
7. Mehdi Meriah, 27 ára, ES du Sahel
8. Mehdi Nafti, 28 ára, Birmingham City
9. Yassine Chikhaoui, 20 ára, ES du Sahel
10. Kaies Ghodhbane, 30 ára, Konyaspor
11. Dos Santos, 27 ára, Toulouse
12. Jaouhar Mnari, 30 ára, Nürnberg
13. Riadh Bouazizi, 33 ára, Erciyesspor
14. Adel Chedli, 30 ára, Nürnberg
15. Radhi Jaidi, 31 árs, Bolton
16. Adel Nefzi, 32 ára, US Monastir
17. Issam Jomaa, 22 ára, Lens
18. David Jemmali, 32 ára, Bordeaux
19. Anis Ayari, 24 ára, Samsunspor
20. Hamed Namouchi, 22 ára, Rangers
21. Karim Saidi 23 ára, Lecce
22. Hamdi Kasraoui 23 ára, Esperance
23. Sofiane Melliti 28 ára, Gaziantepspor

## SÁDI-ARABÍA



**HEIMSÁLFA:** Asía
**ÍBÚAFJÖLDI:** 24,3 milljónir
**SÆTI Á HEIMSLISTA:** 34.
**ÁÐUR TEKIÐ ÞÁTT Á HM:** 1994, 1998, 2002

**ÞJÁLFARI:** Paqueta (f. 27. ágúst 1958)
**KOMST Á HM** – með því að hafna í fyrsta sæti í lokariðli sínum í undankeppni Asíu.

■ **LYKILMAÐUR: SAMI AL-JABER** Lifandi goðsögn í heimalandi sínu. Hinn 33 ára gamli framherji mun nú taka þátt í sinni fjórðu heimsmeistarakeppni í röð og er staðráðinn í að leiða liðið til betri árangurs en í síðustu HM, en þá tapaði liðið öllum leikjum sínum í riðlakeppninni, meðal annars 8-0 fyrir Þýskalandi.

■ **VISSIR ÞÚ...** að brasilíski þjálfarinn Paqueta er sá fyrsti og eini í sögu fótboltans sem hefur orðið tvöfaldur heimsmeistari á sama árinu. Þetta afrekaði hann árið 2003 þegar hann stýrði bæði u-17 og u-20 ára liði Brasilíu til heimsmeistaratitils.

**STÓRA SPURNINGIN:** Í annað sinn á ekki löngum tíma ákveður knattspyrnusamband Sádi-Arabíu að reka þjálfarann sem kom liðinu á HM og ráða stærra nafn til að stjórna liðinu í sjálfri lokakeppninni. Mun Paqueta ná að slípa saman liðið eins og hann vill hafa það í tæka tíð eða enda þjálfaraskiptin með hörmungum eins og fyrir fjórum árum?

**Leikmannahópurinn**
1. Mohammed Al Deayea, 34 ára, Al Hilal
2. Ahmed Dokhi, 30 ára, Al Ittihad
3. Redha Tukar, 31 árs, Al Ittihad
4. Hamad Al Montashari, 24 ára, Al Ittihad
5. Naif Al Qadi, 27 ára, Al Ahli
6. Omar Al Ghamdi, 27 ára, Al Hilal
7. Mohammed Ameen, 26 ára, Al Ittihad
8. Mohammed Noor, 26 ára, Al Ittihad
9. Sami Al Jaber, 34 ára, Al Hilal
10. Mohammad Al Shlhoub, 26 ára, Al Hilal
11. Saad Al Harthi, 22 ára, Al Nasr
12. Abdulaziz Khathran, 33 ára, Al Hilal
13. Hussein Sulimani, 29 ára, Al Ahli
14. Saud Khariri, 26 ára, Al Ittihad
15. Ahmed Al Bahri, 26 ára, Al Ittihad
16. Khaled Aziz, 25 ára, Al Hilal
17. Mohammed Al Anbar, 21 árs, Al Hilal
18. Nawaf Al Temyat, 30 ára, Al Hilal
19. Mohammed Massad, 23 ára, Al Ahli
20. Yaser Al Kahtani, 24 ára, Al Hilal
21. Mabrouk Zaid, 27 ára, Al Ittihad
22. Mohammad Khojah, 24 ára, Al Shabab
23. Malek Mouath, 25 ára, Al Ahli

# Staðreyndirnar tala

## Byggingavörur á sanngjörnu verði



| Byggingavörur | MÚRBÚÐIN Verð kr. | BYKO Verð kr. | Mismunur á hæsta og lægsta verði |
|---|---|---|---|
| Útimálning 10 lítrar | 3.990,- Dekapro | *4.990,- Byko | 25% |
| Innimálning, glans 10% 10 lítrar | 3.515,- Dekacryl | *4.990,- Sadolin | 42% |
| Loftamálning 10 lítrar | 2.630,- Dekapro | 5.838,- Sadolin | 122% |
| Akryl þakmálning, rauð 10 lítrar | 5.260,- Scala | 10.648,- Þol | 102% |
| Olíugrunnur 4 lítrar | 1.957,- Deka 5 lítrar | 5.717,- Grunnal | 192% |
| Silan vatnsvari 5 lítrar | 2.790,- Deka | 6.546,- Málning | 134% |
| Terpentína 1 líter | 189,- Deka | 327,- Málning | 73% |
| Litaspray 400 ml | 295,- Technospray | 573,- Sadolin | 94% |
| Samskeytaspartl 17 lítrar | 1.390,- Knauf | *3.110,- Sheetrock | 124% |
| Undri penslasápa 1 líter | 591,- Undri | 690,- Undri | 17% |
| Rúllugerðin, rúlla no 2 | 690,- Rúllugerðin | 962,- Rúllugerðin | 39% |
| Medium spartl 10 lítrar | 2.026,- Dalapro | 3.598,- Nordsjö | 77% |
| Vatnsþynnt epoxy málning pr. kg | 897,- Deka | *1.165,- Sika | 30% |
| Pallaolía 5 lítrar græn | 2.690,- Deka | 3.490,- Kjörvari | 30% |
| Fúgukítti silicone 300 ml | 500,- Bostik | 1.188,- Mira | 137% |
| Maxit glersteinamúr 20 kg | 1.654,- Maxit | 2.690,- Maxit | 62% |
| Flotefni 25 kg | 1.396,- Dekaplan | *1.818,- Soloplan | 30% |
| Light Flex flísalím grátt C2 TE | 2.385,- Ardal/Bostik 18 kg. | 3.390,- Schomburg 15kg. | 42% |
| Waterplug 5 kg | 1.668,- Deka | 2.718,- BM Vallá | 63% |
| Fín múrblanda 25 kg | 545,- Maxit | 986,- BM Vallá | 81% |
| Einhell flísasög FSG 518/1 600 w | 5.690,- Einhell | 6.798,- Einhell | 19% |
| Genesis flísalisti, 9mm, 250 cm grár | 251,- Genesis | 431,- Genesis | 72% |
| Twine-Rope múrsnúra 1,2 mm-120 m, 100 g | 299,- TwineRope | 447,- TwineRope | 49% |
| Bar stálnaglar 2,7 x 35 mm 250 stk | 741,- Bar | 1.075,- Bar | 45% |
| Flísaþjöl, karbít 20 sm | 991,- Kaufman | 1.290,- Maxis | 30% |
| Mako hræripinni 5 kg | 396,- Mako | 1.260,- Mako | 218% |
| Plast pússbretti 20x36 cm | 603,- | 766,- | 27% |
| Flísaglattari 6 mm | 596,- Kaufman | 969,- Lux | 62% |
| Flísakrossar 3 mm 200 stk | 274,- Mako | 390,- Raimondi | 42% |
| „Mustang“ Steinskífa 30 x 60 cm, kr. $m^2$ | *2.198,- | *3.100,- | 41% |
| Kraiburg flísaundirlag, gúmmí 3 mm, 20 $m^2$ | 9.500,- Kraiburg | 16.700,- Kraiburg | 76% |
| Kraiburg parketundirlag, 3 mm, 20$m^2$ | 9.800,- Kraiburg | 16.700,- Kraiburg | 70% |
| Parketlím 1 þátta pr. kg | 257,- Bostik | 445,- Vakol | 73% |
| Byggingaplast 0,15 mm, 200 $m^2$ | 4.953,- Deka | 7.389,- Plastprent | 49% |
| Rakavarnarplast 0,2 mm, 140 $m^2$ | 8.316,- Deka | 15.180,- Polplast | 82% |
| Álréttskeið 2,5 m m/glasi og höldum | 4.940,- Richter | 5.696,- Lux | 15% |
| Mako framlenging /skaft no 765540 | 469,- Mako | 594,- Mako | 26% |
| Demantsbolli 125mm, tvöfaldur | 6.990,- Dimo | 9.990,- Scancut | 43% |
| Torx tréskrúfur 4 x 50 mm, 200 stk | 344,- Fruilsider | 438,- Byko | 27% |
| Múrboltar rafgalv. 10 x 90 mm | 59,- Fruilsider | 74,- Fischer | 25% |
| Stál skurðarskífa 125 x 1,6 mm | 198,- Karbosan | 298,- Pureva | 50% |
| BOSCH IXO skrúfvél | 2.990,- Bosch | 3.990,- Bosch | 33% |
| BOSCH rafhlöðuvél GSR 14,4 VE-2 | 25.491,- Bosch | 48.190,- Bosch | 89% |
| Teina & boltalím 2ja þátta 360 ml | 1.445,- Chemfix | 2.388,- Fischer | 65% |

## Innkaupakarfan sýnir verðmuninn



**kr. 124.849,-**

í Múrbúðinni




**kr. 210.032,-**

í BYKO

Mismunur er kr. **85.183,-** eða **68,2%**

Birt eru hilluverð frá í viku 21 í Byko og Múrbúðinni og sannreynd með vörukaupum. Ekki er tekið tillit til viðskiptakjara hjá báðum söluaðilum.

13 vörutegundir af 44 eru algerlega sama vara og er verðmismunur á þeim 71,6%. Í þrem vörutegundum til viðbótar er einnig um sömu vöru að ræða en seld undir öðrum vörumerkjum, verðmismunur á þeim er 62,3%. Innkaupakarfan inniheldur allar vörur á listanum í samanburðartöflunni. Birt eru og borin saman verð á 44 svipuðum vörutegundum í nokkrum vöruflokkum.



Notast var við reiknað einingaverð þar sem um mismunandi pakkningastærðir var að ræða.

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Táknar lægra verð

* Táknar tilboðsverð

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**

Meiri gæði · Lægra verð · MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is




Nicotinell tyggigúmmí er lyf sem er notað sem hjálparefni til að hætta eða draga úr reykingum. Það inniheldur nikótín sem losnar þegar tuggið er, frásogast í munninum og dregur úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt. Tyggja skal eitt stykki í einu, hægt og rólega til að vinna gegn reykingaþörf. Skammtur er einstaklingsbundinn, en ekki má tyggja fleiri en 25 stk. á dag. Ekki er ráðlagt að nota lyfið lengur en 1 ár. Nikótín getur valdið aukaverkunum, s.s. svima, höfuðverk, ógleði, hiksta og ertingu í meltingarfærum. Sjúklingar með slæma hjarta- og æðasjúkdóma eiga ekki að nota nikótínlyf. Lyfið ekki ætlað á meðgöngu / brjóstagjöf án samráðs við lækni. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota lyfið.Nicotinell tyggigúmmí er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema í samráði við lækni. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja pakkningunni. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Geymslu eða lagerhúsnæði til leigi 6-800 f2 í allt að 10-11 mán. Uppl. s. 897 2000 & 661 3131

## Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Sumarstörf**
Við óskum eftir þroskuðum einstaklingum til úthringistarfa í þjónustuverum okkar í sumar. Starfssvæði: Reykjavík, Akureyri, Blönduósi, Keflavík Vinnutími 17:00 - 22:00 mán - fös 12:00 - 16:00 lau
**Umsóknum skal skila á netfangið bm@bm.is sem fyrst merkt starfsstöð sem óskað er eftir. BM ráðgjöf eh.**

**Bortækni störf í boði : Sögun, borun og fleira, einnig á skrifstofu.**
Óskar eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einnig vantar vanan starfskraft á skrifstofu
**Upplýsingar í síma 693 7701 & 892 7544.**

**Eldhússtörf**
Viljum ráða hressan og áreiðanlegan starfsmann í eldhús eða vanan pizzabakara.
**Uppl. og umsókir á staðnum eða á www.kringlukrain.is**

**Nýtt fyrirtæki á Reykjarvíkurvegi**
Óskum eftir að ráða vaktmann í afgreiðslu. Um auðvelt starf er að ræða. 23 ára og eldri koma aðeins til greina. Viðkomandi verður að vera heiðarlegur, stundvís og áreiðanlegur. Verður að geta unnið sjálfstætt og hafa góða þjónustulund. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Meðmæla krafist.
**Upplýsingar sendist fréttablaðinu á smaar@frett.is merkt "Reykjavíkurvegur" fyrir 10. Júní**

**Veitingahúsið - Lauga-ás.**
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í eldhús. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila.
**Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1. S. 553 1620.**

**Vantar þig aukavinnu?**
Óskum eftir að ráða þjónustulundaða starfskrafta í hlutastörf á Shellstöðvarnar við Gylfaflöt og í Hraunbæ. Um er að ræða kvöldvaktir frá kl. 19:30 - 23:30 á Gylfaflöt en unnið er eftir ákveðnu kerfi (2x2x3). Í Hraunbænum vantar aðila aðra hvora viku, fimmtudag til sunnudag, frá kl. 15:30 - 23:30.
**Nánari upplýsingar fást í síma 444 3000 eða á starf@skeljungur.is. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á www.skeljungur.is**

**Grillturninn Sogavegi**
Óskum eftir duglegum og heiðarlegum starfskrafti við afgreiðslu og grill.
**Upplýsingar í síma 867 7517 og á grillturninn@internet.is**

**Vörubílstjóri óskast strax**
Verktakafyrirtæki vill ráða vörubílstjóra til starfa á fjögurra öxla vörubíl.
**Upplýsingar í síma. 892 0989.**

**Pumabúðin**
Pumabúðin óskar eftir þjónustuliprum, áreiðanlegum og stundvísum starfsmönnum í verslanir sínar.
**Umsóknum óskast skilað á pumabudin@pumabudin.is.**

**Viltu koma í Pizza Hut liðið?**
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í veitingasal og í eldhús. Um er að ræða hlutastarf. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á loa@pizzahut.is eða hafa samband við veitingastjóra á Pizza Hut Smáralind

FEGURÐ snyrtistofa

Snyrtistofan Fegurð óskar eftir svein eða meistara í fullt eða hlutastarf. Upplýsingar í síma 567 6677.

Óskum eftir blikksmið eða laghentum manni, þarf að geta unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 567 0570.

**Dekkja og smurverkstæði**
Óskum eftir verkstjóra og vönu fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

London Óskum að ráða aupair til að gæta 2ja stálpaðra barna næsta vetur. Verður að vera reyklaus. Uppl. anna.asg@virgin.net

Hársnyrtisv. eða meistari óskast á hársnyrtist. í Hafnarfirði, í hlutast. eða fullt starf. Uppl. í síma 822 3607.

**Vélamaður óskast!**
Vélamaður óskast á nýja hjólagröfu. Uppl. í s. 896 6676.

**Vantar þig ca. 100.000**
Leitum að hressu fólki í áskriftarsölu 4 kvöld í viku Allir starfsmenn fá fræðslu og gott aðhald. Hentar vel sem góð aukavinna. Ráðum ekki yngri en 20 ára. Hafðu samband, við bíðum eftir að heyra í þér ! Tímaritaútgáfan Fróði ehf. Höfðabakka 9, 110 Rvk. s.515 5552 / annasig@frodi.is

**Grillhúsið Tryggvagötu**
Óskar eftir aðstoðarmanni í eldhús í kvöld og helgarvinnu. Uppl. á staðnum og í s. 697 8888 Örn.

Vörubifreiðastjóri óskast. Upplýsingar í síma 893 1791.

Gröfumaður. Verktakafyrirtæki vill ráða gröfumann á 5t beltagröfu (vanann eða óvanann). Uppl. í síma 892 0989

**Skemmtileg og lærdómsrík störf!**
Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki. Ýmsar starfsprósentur. Uppl. í síma 5250900 og á www.smfr.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík. Sími 848 9931. www.aa.is

Vanir járnabindingarmenn geta bætt við sig verkum. Uppl. í s. 521 5959, Ingólfur Davíð.

Nú verður alltaf gott veður hjá okkur í sumar. Við vorum að opna nýtt svæði innandyra þar sem við erum með fjölbreytt úrval fugla, fiska og nagdýra. Sjón er sögu ríkari! Í garðinum er einnig að finna úrvals leiktækjaaðstöðu fyrir börn og fullkomna veitingaaðstöðu þar sem hægt að að versla mat og kaffi. Garðurinn verður opinn alla daga frá klukkan 10-18 frá og með 1. júní til 15. september. Pantanir eru teknar í síma 868-7626. www.slakki.is

Vorum að opna inniaðstöðu fyrir golfáhugamenn. Þar er að finna 350fm púttvöll ásamt 250fm 9 holu minipúttvelli. www.slakki.is

Vorum að opna inniaðstöðu fyrir golfáhugamenn. Þar er að finna 350fm púttvöll ásamt 250fm 9 holu minipúttvelli. www.slakki.is

Skinnsaumavél óskast. uppl. s. 863 5646.

## Ýmislegt

Endurvinnslan er opin alla virka daga frá 10 til 18. Endurvinnslan Knarrarvogi.

Opið hús laugardag klukkan 14 til 16. Menntaskólinn Hraðbraut.

Bátafjör. Bakkaflöt -Riverrafting.is

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 33.

Bingó í kvöld. Vinabær.

## Einkamál

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS










Símaspjall við yndislegar konur. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símat, 299,90 mín) og 535 9999 (kort, 199,90 mín).




Símaspjall við yndislegar konur. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símat, 299,90 mín) og 535 9999 (kort, 199,90 mín).

27 ára lagleg kona á Suðurlandi, aðal áhugamál hestar, v/kynnast myndarlegum karlm, 25-35, m/góðan vinskap og e.t.v. meira í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót í s. 905-2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa/Mastercard), auglnr. 8142.

55 ára kona vill kynnast ógiftum karlmanni á svipuðum aldri með náin kynni í huga. Augl. hennar er á Rauða Torginu Stefnumót í s. 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa/Mastercard), auglnr. 8247.

Ung kona "í miklu stuði" leitar skilaboða frá spennandi karlmönnum í mjög ítarlegri auglýsingu. Þú heyrir hana á KRT, s. 905 5000 (símatorg) og 535 9950 (Visa/Mastercard), augl.nr. 8330.

Símaspjall við yndislegar konur. Hver verður vinkona þín? Dömurnar á R.T., s. 908 6000 (símatorg) og 535 9999 (Visa/Mastercard, ódýrara).

**allt hús**
Alla mánudaga

## ATVINNA

**Hrafnista Reykjavík**

Sumarvinna – Aukavinna um helgar.
Starfsfólk óskast í sumarafleysingar.
Starfshlutfall samkomulag
Sveiganlegur vinnutími.
T.d stuttar vaktir frá 17.00-21.00.
Upplýsingar gefur Magnea í síma 585-9529
Netfang magnea @hrafnista.is

Einnig er hægt að sækja um atvinnu á heimasíðu hrafnistu
www.hrafnista.is

**Hrafnista Hafnarfirði**

Sumarvinna
Starfsfólk óskast í sumarafleysingar.
Starfshlutfall samkomulag
Sveiganlegur vinnutími.
Upplýsingar gefur Alma Birgisdóttir í Síma 585-3101 og 693-9564.
Netfang alma @hrafnista.is

Einnig er hægt að sækja um atvinnu á heimasíðu hrafnistu
www.hrafnista.is

## TIL SÖLU

Sláttuvélamarkaðurinn
Ný verslun á Vagnhöfða 8
NÝTT

Briggs & Stratton orf
4 gengis
Verð nú 26.900.-
Verð áður 37.900.-
Vagnhöfða 8, 110 Rvk. s.517-2010

Sláttuvélamarkaðurinn
Ný verslun á Vagnhöfða 8

4 Hö Briggs & Stratton m/ 75 l. safnara
Verð kr. 24.900.-
Vagnhöfða 8, 110 Rvk. s.517-2010

Sláttuvélamarkaðurinn
Ný verslun á Vagnhöfða 8

Steinsagir
fyrir atvinnumenn
12" án blaðs, verð 74.990.-
14" án blaðs, verð 76.900.-

Draumahús 530 1800



# Alltaf föst lág söluþóknun

Yfir 340 eignir á **www.draumahus.is**

Tvær skrifstofur: Mörkinnni 4, Reykjavík
og Strandgötu 41, Hafnarfirði

Draumahús ehf • Hjalti Pálmason hdl. og Sigurður J. Sigurðsson, löggiltir fasteignasalar
Mörkin 4 • 108 Reykjavík • Sími 530 1800 • Fax 530 1801 • www.draumahus.is • draumahus@draumahus.is

# Bolholt
GUESTHOUSE

Bolholt 6 * 105 Reykjavík * Sími: 517-4050

**Studio - íbúðir**



**Fallegar íbúðir í miðborg Reykjavíkur.**
**Nettenging í íbúðum.**
**Aðgangur að þvottahúsi.**
**www.bolholt.is**





VERKTAKAR
MAGNI

## Vantar bílstjóra og vélamenn til starfa strax

**Upplýsingar gefur Sölvi í síma 660-6100 eða 545-1805**



# B O R G A R H O L T S S K Ó L I

Nánari upplýsingar um einstakar námsbrautir eru á heimasíðu www.bhs.is.

**Innritun nemenda á haustönn 2006 stendur yfir og lýkur 12. júní. Innritun í dagskóla er rafræn á www.menntagatt.is**

**Iðnnám**
Grunndeild bíliðna
Bifvélavirkjun
Bifreiðasmíði
Bílamálun
Verslunarbraut
Fyrrihlutanám í málmiðnum
Vélsmíði
Rennismíði
Málmsuða (nem. komi til viðtals 7.-9. júní)
Blikksmíði
Stálsmíði
Upplýsinga- og fjölmiðlabraut

**Annað starfsnám**
Félagsliðabraut
Verslunarbraut
Námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum

**Listnám**
Margmiðlunarhönnun grafísk áhersla
Margmiðlunarhönnun fjölmiðlatækni

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut
Viðbótarnám til stúdentsprófs eftir iðn-, starfs- og listnám

**Almenn námsbraut**
Fyrir nýnema úr grunnskóla sem ekki standast inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir

**Við aðstoðum umsækjendur við rafræna innritun frá 6. júní. Opið hús verður í skólanum 9.júní kl. 9–16 og 12. júní kl. 11–18 þar sem námsleiðir eru kynntar.**

**Staðfest afrit námsferla á framhaldsskólastigi verða að berast skólanum ef við á svo hægt sé að taka umsóknir til afgreiðslu.**




Borgarholtsskóli, v/Mosaveg, 112 Reykjavík. Sími 535 1700. Bréfasími 535 1701





Salómon Jónsson - lögg. fast.sali
Ingvaldur Ingvaldsson - framkv.stjóri
Hrafnhildur Helgadóttir - sölumaður
Kristinn Erlendsson - sölumaður
Steinunn Á. Frímannsd. - sölumaður
Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali
Guðný Guðmundsdóttir - sölumaður
Ólafur H. Haraldsson - sölumaður

HÚSIÐ
FASTEIGNASALA
*Heilshugar um þinn hag*

# Suðurlandsbraut 50
## Bláu húsin v/Faxafen
## Sími 513 4300
## husid@husid.is

### 3ja herb. Sörlaskjól - Rvík



Glæsileg mikið endurnýjuð 90 fm, 3ja herbergja íbúð með sér inngangi í tveggja íbúða húsi. Fallegt nýtt eldhús með eikar innréttingu, vönduð tæki frá AEG, flísar á gólfi. Baðherbergi allt tekið í gegn með flísum á gólfi, baðkar og sturtuaðstaða. Stór og björt stofa með parketi á gólfi. Þvottahús innan íbúðar með flísum á gólfi. Heimtaug, mælagrind og nýr rafmagnsskápur. Skolp og dren endurnýjað. **ÍBÚÐ SEM VERT ER AÐ SKOÐA . Verð kr. 22,5 millj.**

### 4ra herb. Lautasmári - Kóp.



Mjög falleg og björt 4 herbergja íbúð á annari hæð, 115,8 fm að stærð í góðu fjölbýli ásamt sérmerktu bílstæði í lokaðri bílageymslu 16,7 fm að stærð, samtals 132,5 fm Íbúðin skiptist í anddyri, þvottahús, hol, 3 herbergi, baðherbergi, eldhús og stofu. Gólfefni íbúðar er fallegt parket á anddyri, eldhúsi, stofu og svalir. Plastparket á herbergjum. Flísar á baðherbergi og þvottahúsi. **Verð kr. 27,5 millj.**

### 3ja herb. Lautasmári - Kóp Gott útsýni



Glæsileg íbúð á 6. og efstu hæð í lyftuhúsi, snyrtileg og vel umgengin 3ja herbergja 80,1 fm, með mikilli lofthæð á frábærum stað með fallegu útsýni í Smáranum þar sem stutt er í alla verslun og þjónustu ásamt skólum, leikskóla og íþróttaraðstöðu. **Verð kr. 21,9 millj.**

Frum

### Sumarhús Þúfa í Kjós



Fallegur sumarbústaður í landi Þúfu í Kjós, Um er að ræða fallegt um 49,2 fm sumarhús á steyptum súlum. Húsið er á einni hæð með góðu svefnlofti ásamt óskráðri um 11 fm geymslu við húsið og annarri óskráðri geymslu á grillverönd nokkuð frá bústaðnum.
**Verð kr. 12,9 millj.**

### Sumarhús Sturlureykir Reykholtsdal



Glæsilegt 54,4 fm sumarhús á 5200 fm eignarlóð í landi Sturlureykja í Reykholtsdal. Húsið, sem er panilklætt, er með 2 svefnh., baðh. m/sturtu, forst., eldhúsi með góðri innrétt. og stofu. Stofa og eldhús eru í sama rými. Rúmg. svefnloft með spónaparketi. Hiti í gólfum hæðarinnar og flísar. Stór og góð verönd með heitum potti. Allt innbú getur fylgt. Einnig fylgir 1/15 partur í landi, einbýlishúsi og fjósi á jörðinni. Húsið er með 11 herb. sem er tilvalið undir fjölskyldu samkomur. **Verð kr. 15,5 millj. Bústaðurinn er vel staðsettur ofarlega í hlíð og þaðan er frábært útsýni yfir Reykholtsdalinn.**

### Sumarhús Tilbúið til flutnings



Glæsilegt 71 fm sumarhús með 25 fm svefnlofti tilbúið til flutnings. Húsinu verður skilað fullbúnu að utan og einangrað og plastað að innan og búið að setja upp grindur fyrir innveggi. Húsið er tilbúið til flutnings. Gert er ráð fyrir 3 herbergjum, eldhúsi, stofu, baðherbergi anddyri og geymslu. Um er að ræða tvö hús og er annað þeirra tilbúið til flutnings nú þegar og hitt ætti að vera tilbúið um mánaðarmótin júní/júlí. **Verð kr. 7,7 millj.**

### Sumarhús Eyrarskógi - Svínadal



Gullfallegt sumarhús í byggingu í Eyrarskógi í Hvalfjarðarstrandahreppi. Húsið er 61,9 fm með góðum sólpalli. Steyptir sökklar eru undir húsinu, gluggar eru úr harðviði með 6 pinna læsingu, einangruð gólf. Húsið verður afhent tilbúið að utan með bjálkaklæðningu en fokhelt að innan. Gert er ráð fyrir hitatúpu en heitt vatn er á svæðinu en ekki komið í þetta hverfi. Rafmagn er komið að lóðarmörkum. **Verð kr. 10,5 millj.**

### Sumarhús Réttarmói - Hellishólar



Um er að ræða 104,8 fm frístundarhús/tómstundahús auk svefnlofts að hluta og alls 37 fm sólpallar í kringum húsið. Húsið er byggt á steyptum sökkli og er hiti í öllum gólfum á rafmagnstúpu. Gufubað er á salerni og þaðan útgengt út á sólpall þar sem er gert ráð fyrir heitum rafmagnspotti. **Verð kr. 21,8 millj.**

### Sumarhús Kóngsvegur



Gott og vel um gengið 44,5 fm sumarhús á góðum, skógi vöxnum stað við Kóngsveg í Norðurkotslandi í Grímsnesi, 2 km austan við Þrastarlund. Húsið skiptist í stofu og eldhús, tvö svefnherbergi og baðherbergi með sturtu. Spónaparket á gólfum. Góður sólpallur er við húsið. Megnið af innbúi flygir. Hitaveita og kalt vatn, rafmagn. Húsið er upphitað allan ársins hring. **Bústaðurinn er staðsettur ca 65 km frá Reykjavík og það tekur u.þ.b. 45 mín. að keyra frá Rvk. Verð kr. 10,7 millj.**

**OPIÐ: Mánud. til föstud. kl. 9:00-17:00** **www.husid.is**

# TOPP 5: SÁLUMESSUR

Sálumessur fylgja flestar ákveðnu kaþólsku formi sem hefur viðgengist allt frá miðöldum og byggjast á því að söfnuðurinn biður guð almáttugan að losa hinn látna undan píslum helvítis og taka hann til sín og veita honum miskunn og frið. Mörg tónskáld hafa spreytt sig á því að skrifa sálumessur en nokkrar þeirra eru þó frægari en aðrar.



**1. Wolfgang Amadeus Mozart** samdi Requiem í d-moll stuttu fyrir dauða sinn 1791. Hann náði ekki að klára verkið en við það lauk nemandi hans Sussmayr.

**2. Hector Berlioz**. Grande Messe des Morts er eitt af best þekktu verkum tónskáldsins. Það er skrifað fyrir stóra hljómsveit með mikla áherslu á blást-urs- og ásláttarhljóðfæri. Verkið tekur um 90 mínútur í flutningi.

**3. Giuseppe Verdi**. Requiem Verdis byrjar á orðunum, Requiem aeternam dona eis, Domine. Verdi samdi verkið til flutnings þegar ár var liðið frá dauða ítalska skáldsins Alessandro Manzoni, en hann var í miklum metum hjá Verdi.

**3. Johannes Brahms**. Þýsk sálu-messa, Ein deutsches Requiem, er eitt glæsilegasta verk Brahms og jafnframt það sem notið hefur hvað mestra vinsælda. Það kom mörgum á óvart að Johannes Brahms skyldi taka upp á því að semja sálumessu. Hann var ekki ýkja trúrækinn og gerði lítið af því um dagana að semja kirkjuleg verk. Þýska sálumessan er heldur engin venjuleg sálumessa. Brahms lætur hinn hefðbundna texta lönd og leið en safnar saman textum héðan og þaðan úr heilagri ritningu og það á þýsku en ekki latínu.

**4. Gabriel Fauré**. Requiem í d-moll samdi Fauré á árunum 1877-1890. Sálumessan er þekktust af stærri verkum tónskáldsins en frægasti kafli hennar er án efa sópranarían Pie Jesu, sem oft er sungin af drengja-rödd.

**5. Andrew Lloyd Webber** er þekkur fyrir margt annað en að skrifa klass-íska tónlist. Hann skrifaði Requiem í minningu föður síns, William Lloyd Webber, sem lést árið 1982.

# FJALLIÐ: ESJA

## *Vinsælt útivistarsvæði*

Esja eða Esjan eins og hún er oft kölluð í daglegu tali er fjall sem stendur við Kjalarnes í Reykjavík og er eitt af einkennum höfuðborgarsvæð-isins. Útsýni yfir fjallið hefur í gegnum tíðina haft áhrif á fasteignaverð á svæðinu, og til er fólk sem segist geta spáð fyrir um veðrið út frá litunum í fjallinu. Hæsti tindur Esjunnar er 914 metrar. Nokkrar gönguleiðir eru upp á fjallið og þar eru vinsæl útivistar-svæði. Esja er syðsta blágrýtisfjall á Íslandi.



ESJAN ER EITT AF EINKENNUM HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## VISSIR ÞÚ...

...að hraðskreiðasta húsgagn veraldar er breskur sófi? Hann kallast Casual Lofa og er smíðaður af Bretunum Edd China og David Davenport. Sófinn nær 140 km/klst og er hann fullkomlega löglegur sem farartæki á breskum vegum. Hann er með 1.300 cc vél úr Mini sem nú þegar á að baki 10.008 km í sófanum.

...að lengsta ferð á sláttuvél sem farin hefur verið fór Kaninn Gary Hatter á sláttutraktor sínum árið 2000? Ferðin var 23.487,5 km. Á leiðinni heimsótti Gary öll fylki Bandaríkjanna (nema Alaska og Hawaii) auk Kanada og Mexíkó.

...að árið 2000 stökk Japaninn Yasu-hiro Kubo úr flugvél í 3.000 m hæð? Þetta væri ekki í frásögur færandi ef hann hefði haft fallhlíf. 50 sekúnd-um síðar greip hann fallhlíf sem hent hafði verið úr flugvélinni skömmu áður en hann stökk.

...að síðan 1989 hefur Bretinn Edward Peter Hannaford prjónað 18,7 km langan prjónabút? Ætli það sé ekki lengsti trefill í heimi?

...að það er ótúlegt hvað fólk gerir til að setja met? Marco Hort frá Sviss tróð 249 sogrörum upp í sig og hélt þeim þar í 10 sekúndur.

...að annar ruglukollur, Ashrita Fuhr-man frá Bandaríkjunum, staflaði 75 hálfslítra bjórglösum á hökuna á sér þar sem þau stóðu í 10,6 sekúndur?

...að árið 2005 festi Garry Turnar frá Bretlandi 159 hefðbundnar þvottaklemmur í andlit sitt? Ekki spyrja af hverju.

...að Paum van der Merwe tókst að kasta tappa af bjórflösku 69,9 m á flugvelli í Suður-Afríku? Það fylgir ekki sögunni hversu lengi hann hafði æft sig.

...að Paun Hunn getur ropað svo hátt að flestir bjórþambandi karlmenn skammast sín í viðurvist hans? Rop-inn mælist 104,9 dB að styrk. Hvort sem það er vegna eða þrátt fyrir þennan hæfileika er Paul giftur.

...að Japaninn Kunihiko Terada getur raðað vel stokkuðum spilastokki í rétta röð í höndunum á innan við 41 sekúndu? Rétt röð er frá ás upp í kóng; lauf, tígull, hjarta og spaði.

...að Hans Van Dan Helzel frá Banda-ríkjunum gerði 51 jójóbragð á einni mínútu í sjónvarpsþætti í Bretlandi? Þetta gerði hann 2004, löngu eftir að jójó-æðið kom og fór.

...að Indverjinn S. Namasivayam getur státað sig af því að hafa í júlímánuði árið 2004 sippað 234 sinnum á einni mínútu? Lítill áhugi virðist vera á því að slá metið.

...að Alesya Goulevich tókst að láta 99 húllahringi snúast um líkama sinn í Big Apple sirkustjaldinu í Boston í Bandaríkjunum? Alesya er frá Hvíta-Rússlandi þar sem fólk hefur greinilega lítið annað merkilegt við tíma sinn að gera en að húlla.

...að á 53 árum kláruðu Suður-Afr-íkumennirnir dr. Reinhart Straszacker og dr. Hendrik Roelof van Huyssteen 112 bréfskákir. Þegar þeir hættu bréfaskiptunum höfðu þeir unnið jafn margar skákir. Það má þó segja að Straszacker hafi tapað því ástæða þess að þeir hættu var að hann dó.


Tjarnadagar

~30% afsláttur af tjarnarfiskum til 11. júní
~Ókeypis ráðgjöf til að gera tjörnina þína að lifandi náttúruperlu.
~Hvergi meiri reynsla í lífríki vatnafiska



Fiskabúraþjónusta

~Tilbúin fiskabúrasett af öllum stærðum
~Sérsmíðum fiskabúr eftir máli
~Þjónustusamningar á viðhaldi fiskabúra fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili
~Útkallsþjónusta og ráðgjöf



DÝRARÍKIÐ

~Grenásvegi s: 5686668
~Skútuvogi, Blómavalshúsinu s: 5680020
~Akureyri, Blómavalshúsinu s: 4612540
~www.dyrarikid.is

# Hugdirfska eða fífldirfska

UMRÆÐAN
UMFERÐARÖRYGGI



EINAR MÁR MAGNÚSSON
UPPLÝSINGAFULLTRÚI UMFERÐARSTOFU

*Það eru mestar líkur á því að þú, lesandi góður, sért ekki í hópi þeirra sem tileinka sér fífldirfskuna. Sá hópur er sem betur fer fámennur en mjög hættulegur.*

Meðal fornmanna voru þeir sem gátu bælt eðlislægan ótta, eða í það minnsta haldið aftur af honum, í mörgum tilfellum líklegri til að þrauka – komast lífs af.

Þetta átti helst við um einstaklinga sem þurftu að standa frammi fyrir hættum sem oft á tíðum voru óumflýjanlegar í þess tíma lífsbaráttu. Þeir hugrökku voru líklegri til að afla nauðsynlegra nytja þrátt fyrir aðsteðjandi hættur auk þess að vernda hópinn eða fjölskyldu sína gegn árásum rándýra eða óblíðrar náttúru.
Hugrekkið grundvallaðist af reynslu, kænsku og vísdómi um það að tefla aldrei djarft að nauðsynjalausu og að geta greint á milli þess hvort það væri skynsamlegra að takast á við hættuna eða flýja. Til varð orðið hugdirfska.

Öðru máli gegnir um þá sem fyrir einhvern furðulegan misskilning eða líklegan greindarskort leita viðurkenningar á dirfsku sinni með því að tefla lífi sínu og annarra í hættu í algeru tilgangsleysi.

Í dag er eitt algengasta birtingarform þessa þegar einstaklingur hagar sér þannig í umferðinni að hætta stafar af. Stundum til þess að vekja á sér athygli. Í þessum hópi eru einstaklingar sem aka t.d. á ofsahraða, eða viðhafa aðra áhættuhegðun í umferðinni, haldnir þeim misskilningi að þeir og aðrir sem á vegi þeirra verða séu ódauðlegir.

Meðal fornra samfélaga var litið svo á að sá sem tefldi lífi sínu og annarra í hættu í algeru tilgangsleysi og fíflaskap væri í besta lagi útskúfaður og settur í flokk andlegra niðursetninga enda taldist slík hegðun til marks um alvarlegan greindarskort. Til varð orðið fífldirfska og hámarki náði heimskan þegar viðkomandi hreykti sér af.

Í dag er tekið blíðar á slíkum einstaklingum þótt alvarleiki gjörða þeirra sé síst minni. Þeir eru t.d. látnir sæta sektum eða tímabundinni sviptingu ökuréttinda og í einhverjum tilfellum fangelsi. Það er algengast að menn láti sér afskipti lögreglu eða annað tiltal að kenningu verða en þó eru þeir til sem ekkert læra.

Það eru mestar líkur á því að þú, lesandi góður, sért ekki í hópi þeirra sem tileinka sér fífldirfskuna. Sá hópur er sem betur fer fámennur en mjög hættulegur. En ef svo er, gefðu þér þá góðan tíma í að komast í eftirsóttan hóp hinna hugdjörfu. Þeirra sem taka tillit til lífs og þarfa annarra. Þeirra sem sýna ábyrgð og fyrirhyggju. Það er hvorki erfitt né flókið og það þarf ekki mikla greind til.

Komum heil heim.

# *Föðurbetrungur*

UMRÆÐAN
SÍMHLERANIR



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON
ALÞINGISMAÐUR

Björn Bjarnason er mikill áhugamaður um símhleranir. Það þurfti ekki að koma mjög á óvart að Björn Bjarnason væri fyrirmunað að sjá að nokkuð væri athugavert við embættisfærslu föður síns Bjarna Benediktssonar, þegar Bjarni heimilaði símhleranir hjá pólitískum andstæðingum sínum.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra tjáir sig um málið á heimasíðu sinni og má greina í gegnum skrifin sérkennilega hræru af gremju og gleði. Það skín gleði í gegn yfir því að vera dottinn aftur í tíma kalda stríðsins og síðan gremja og ólund yfir því að það sé yfir höfuð talið óeðlilegt nú í dag að hleranir tíðkuðust á símum sósíalista.

Björn Bjarnason hefur átt erfitt með að komast út úr hugsanagangi kalda stríðsins og er greinilega fyrirmunað að sjá að eitt og annað sem viðgekkst þá hafi orkað tvímælis. Ég þekki það í gegnum störf mín á Alþingi að Björn er einstakur áhugamaður um hleranir og hefur hann lagt fram hvert frumvarpið á fætur öðru þar sem hefur átt að rýmka allar heimildir til hlerana. Birni hefði verið í lófa lagið að svara fyrir þetta mál með því að skipa nefnd og fara í gegnum margra áratuga sagnfræði með málefnalegum hætti en manninum virðist algerlega fyrirmunað að laga hugsanagang sinn að nútímanum.

Það sem ég vonast til þess að komi út úr þeirri umræðu sem nú fer af stað um hleranir er hvernig staðið er að þeim í dag og nauðsyn þess að skipuð sé þverpólitísk þingnefnd sem hafi eftirlit með hlerunum og fyrirhugaðri greiningadeild ríkislögreglustjóra.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!






# Vanmetin sjúkraliðamenntun

**UMRÆÐAN**
SJÚKRALIÐA-MENNTUN



**HELGA DÖGG SVERRISDÓTTIR**
KENNARI OG SJÚKRALIÐI

Í Fréttablaðinu 10. maí sl. birtist grein undir fyrirsögninni Menntun sjúkraliða stórlega vanmetin, þar sem formaður Sjúkraliðafélagsins fjallar m.a. um sjúkraliðamenntun á Íslandi og í Danmörku. Formaðurinn telur menntun sjúkraliða á Íslandi ívið meiri en Dananna. Hér tel ég ranglega vegið að danskri sjúkraliðamenntun.

Danir telja nám í vikum, annaskipti er ekki að finna í danska náminu. Ég breyti önnum í íslenskum skóla yfir í vikur til að fá sambærilegan samanburð.

**Danska sjúkraliðamenntunin**

Í Danmörku fer nemandi í 20 vikna nám sem undirbúning að félagsliða-, sjúkraliða- eða almennu námi. Þetta er grunnnám sem Danir kalla Grundforløb og fögin sem kennd eru, eru m.a. danska, enska, efnafræði, náttúrufræði og sálfræði. Starfskynningar innan félags- og heilbrigðisgeirans eru í náminu en störf og starfssvið stéttanna eru kynnt. Hafi nemandi undanfarann sleppir hann grundforløbs-náminu.

Social- og sundhedshjælperuddannelsen, eða SSH-námið, tekur við af grunnmenntuninni og er 54 vikur, 24 vikur á skólabekk, 30 kennslustundir á viku og 30 vikna verknám, 37 vinnustundir. Námsgreinarnar eru almennt nám, sérgreinafög, auk valfaga. Valfögin endurspegla það sem nemandi hyggst starfa við. Hér getur nemandi valið að hætta, þá sem Social- og sundhedshjælper (SSH), sem er félagsliði, eða haldið áfram í sjúkraliðanám.

Nemandi hefur nám með SSH-menntuna eða sambærilega menntun úr öðrum skóla. SOSU-námið tekur 78 vikur, bóklegt og verklegt nám. Bóknámið tekur 32 vikur, 30 kennslustundir á viku, og verknámið er 46 vikur, 37 vinnustundir. Námgreinarnar eru almennar greinar, valgreinar og faggreinar sem skipa stærri sess í náminu. Þegar nemandi hefur lokið menntuninni er hann Social- og sundhedsassisent (SOSU) og jafngildir menntunin sjúkraliða með sérmenntun, þó talað sé um sjúkraliða hér á landi.

*Danir voru forsjálir fyrir fimmtán árum. Skortur á hjúkrunarfræðingum gerði vart við sig og grípa þurfti inní áður en ófremdarástand skapaðist. SOSU menntunin var svar við þeirri vöntun og sjúkraliðar gátu tekið við hluta af þeim störfum sem áður heyrði undir hjúkrunarfræðing.*

Skólarnir í Danmörku útvega verknámspláss en hér á landi þurfa nemarnir að útvega sér starfsþjálfunarpláss. Hér getur nemandi valið að hætta, þá sem Social- og sundhedsassistent (SOSU), eða haldið áfram námi og farið t.d. í hjúkrunarfræði.

Það eru fimmtán ár síðan Danir breyttu námsskrá sjúkraliðamenntunarinnar og hefur eldri sjúkraliðum verið gefinn kostur á að bæta við sig námi til að mæta þeim menntunarkröfum sem gerðar eru til SOSU, en það tekur eitt ár. Inngangskröfurnar eru að sjúkraliðinn hafi sygehjælpernámið, hafi starfað sem sjúkraliði í 3 ár á undanförnum fimm árum.

**Íslenska sjúkraliðamenntunin**

Einstaklingur getur hafið nám strax eftir grunnskólann. Námið spannar þrjú ár og er 86 kennsluvikur, 32 kennslustundir. Námsgreinarnar eru almennt bóknám, sérnám í heilbrigðisgeiranum og sérgreinar sjúkraliðabrautar auk valgreina og verklegrar þjálfunar. Starfsþjálfun tekur við í 16 vikur sem nemandi þarf sjálfur að útvega þegar hann hefur lokið bóklegu námi.

Sjúkraliði sem hefur starfað í fjögur ár og hefur undanfara í lyfhrifafræði kemst í þetta nám sem tekur 10 mánuði. Í sérnáminu eru 28 kennsluvikur og eru einingarnar 27. Verknám fer fram í maí og júní, alls 8 vikur og vegur 16 einingar í náminu, námið í heild er 43 einingar.

Menntun danskra sjúkraliða er í engu minni en þeirra íslensku en nám þeirra dönsku svarar til náms sjúkraliða hér á landi með sérmenntun í öldrun.

Sjúkraliðanám eftir grunnskóla í Danmörku er 152 vikur og þú hefur viðkomandi SOSU-menntunina. Á Íslandi er sjúkraliðamenntunin 101 vika. Íslenski sjúkraliðinn hefur möguleika eftir fjögur ár í starfi að ná sér í viðbótarmenntun sem tekur 40 vikur.

Af þessu má sjá að Danir standi okkur Íslendingum framar þegar kemur að menntun sjúkraliða og meiri samfellu er að finna í námi sjúkraliðanna, þar sem sérnámið í öldrun fellur inn í hið almenna sjúkraliðanám í Danmörku. Sjúkraliði með sérnám á Íslandi er sambærilegur við SOSU-menntunina í Danmörku.

**Starfssvið**

Formaður Sjúkraliðafélagsins kom inn á starfssvið sjúkraliða hér á landi og get ég tekið undir orð hans, hæfni þeirra er vannýtt inni á mörgum stofnunum. Starfssvið danskra sjúkraliða er ívið meira en sjúkraliða á Íslandi.

Danir voru forsjálir fyrir fimmtán árum. Skortur á hjúkrunarfræðingum gerði vart við sig og grípa þurfti inn í áður en ófremdarástand skapaðist. SOSU-menntunin var svar við þeirri vöntun og sjúkraliðar gátu tekið við hluta af þeim störfum sem áður heyrðu undir hjúkrunarfræðinga. Því miður eigum við Íslendingar ekki því láni að fagna að hafa lausn í sjónmáli og virðist allt stefna í óefni þegar litið er til heilbrigðisstétta sem sinna hjúkrun og umönnun, allt of seint er gripið í taumana.

# Hvers vegna kom Jesús Kristur?

**ÖRN LEÓ GUÐMUNDSSON**
MARKAÐSMAÐUR SKRIFAR UM BIBLÍUNA

*Þetta er kjarninn í boðskap Biblíunnar, í því sem að okkur snýr í dag og kallar á viðbrögð okkar sem viljum meðtaka þennan boðskap. Þú og ég eigum val. Við þurfum að gera það sem Biblían býður okkur að gera og fresta því ekki.*

Ég hef boðskap til þín sem ert andlega leitandi, og þekkir ekki Jesúm Krist, nema af afspurn. Boðskap sem varðar sáluhjálp þína og mína, en mætir stöðugum og miklum fordómum og neikvæðni á Íslandi og víða um heim.

Hefur þú einhverntímann af fullri alvöru og einlægni gefið þér tíma til að biðja Guð að tala til þín og upplýsa þig um hinn eiginlega boðskap kristinnar trúar og leitað svara við spurningum eins og: Hvers vegna kom Jesús Kristur? Afhverju þurfti Guð að senda okkur son sinn, Jesúm Krist? Hver var kjarninn í boðskap Jesú Krists, sem var svo mikilvægur að Hann gaf líf sitt fyrir hann? Og af hverju þurfti Jesús að líða óheyrilegar þjáningar og deyja á krossi á Golgatahæð? Er Biblían Guðs orð til mannanna og Hans verk eða er hún hugsmíð manna? Hafa svörin við þessum spurningum einhverja þýðingu fyrir mig og þig í dag?

Biblían segir okkur á skýran hátt að maðurinn þarf að frelsast til að eignast eilíft líf. Það er mikilvægast í lífinu öllu að skilja þetta. Þetta er kjarninn í boðskap Biblíunnar, í því sem að okkur snýr í dag og kallar á viðbrögð okkar sem viljum meðtaka þennan boðskap. Þú og ég eigum val. Við þurfum að gera það sem Biblían býður okkur að gera og fresta því ekki. Þú veist ekki hvort þú hafir tækifæri til þess á morgun. Þó að við skildum aðeins þetta af öllu því sem skrifað er í Biblíunni, þá höfum við skilið það sem er mikilvægast fyrir okkur sem einstaklingar.

Í Rómverjabréfinu 10:8-10 og Jóhannesarguðspjalli 1:9-12 er sagt frá því hvernig við getum frelsast, eins í 1. Korintubréfi 15:1-7 og víðar í Biblíunni. Guðs orð segir m.a. í Jesaja 59: 1-2: „Sjá hönd Drottins er eigi svo stutt að Hann geti ekki hjálpað, og eyra Hans er ekki svo þykkt að Hann heyri ekki. Það eru misgjörðir yðar sem skilnað hafa gjört milli yðar og Guðs yðar, og syndir yðar sem byrgt hafa auglit Hans fyrir yður svo að Hann heyrir ekki.“ En orð Guðs segir okkur líka, hver lausn Guðs var á þessu: „Því að svo elskaði Guð heiminn/okkur, að Hann gaf son sinn eingetinn til að hver sem á Hann trúir, glatist ekki heldur hafi eilíft líf,“ Jóhannesarguðspjall 3:16.

Fagnaðarerindið er að Jesús Kristur kom í heiminn til að frelsa synduga menn. Biblían segir okkur að „syndin er að þið trúðuð ekki á mig/Jesús“ og boðskap hans. Jesús segir við þig í dag: Gjör iðrun og trúðu fagnaðarerindinu. Það er gæska Guðs sem vill leiða mennina til iðrunar, og vilji Hans að allir verði hólpnir. Vilt þú þiggja stærstu og mestu kærleiksgjöf sögunnar, hjálpræðið í Jesú Kristi, og eignast um leið, þá fullvissu að vera hólpinn? Milljónir manna, kvenna og barna um heim allan, sem fylgja Jesú heilshugar, geta vitnað um þá gleði og lífsfyllingu, lækningu og lausn sem þau hafa upplifað gegnum trú sína á Jesúm Krist.

Biblían segir okkur í Postulasögunni 4:12 Ekki er hjálpræðið í neinum öðrum. Og ekkert annað nafn er mönnum gefið um víða veröld sem getur frelsað oss. Jesús sagði: Hvern þann sem kemur til mín mun ég alls eigi burtu reka. Leitaðu til Hans í dag.




Brúðkaupsgleði
Komdu og skoðaðu rómantísku vöruna fyrir sumarbrúðkaupin hjá okkur!
Listaverk til sölu og sýnis
Samsonite ferðatöskur
Brúðkaupsvörur frá Sia
Skreyttur brúðarbíll
Vínkynning frá Vín tríó
Brúðartertur til sýnis
Kjólar frá Brúðarkjólaleigu Dóru til sýnis
Uppdekkað veisluborð frá Villeroy & Boch
Skreytingar frá Blómahönnun
Frábært úrval af föndurvörum til kortagerðar
Brúðaralbúm og gestabækur
Glæsilegur gjafapappír og gjafakort
Myndavélar og upptökuvélar
Kerti og servíettur
Brúðartímarit í miklu úrvali
Ókeypis förðun frá MAC (tímapantanir í síma 515 5170)
Rómantískur sumarleikur
Allir sem versla hjá okkur í Borgartúni 29 fylla út þátttökuseðil og geta átt von á glæsilegum vinningum.
Dregið verður í leiknum 1. júlí nk.
6 gjafabréf í flug til Parísar með Icelandair
1 gjafabréf fyrir tvo á Hótel Búðir
6 gjafabréf í slökunarnudd í Bláa lóninu
5 snyrtitöskur frá Samsonite
10 gjafabréf frá Nings
ODDI
SKRIFSTOFUVÖRUR
Hönnun Oddi Vob0089
Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið virka daga kl. 8 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16 • www.oddi.is
ICELANDAIR
blómahönnun vinnustofa
BLUE LAGOON ICELAND
NINGS
MAC
HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ
HÓTEL BÚÐIR

**RAY COMBS (1956-1996) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Aldrei lenda í rifrildi við manneskju með geðklofa og segja: Hver heldur þú eiginlega að þú sért?“*

***Bandaríski brandarakarlinn Ray Combs framdi sjálfsmorð inni á geðspítala aðeins fertugur að aldri.***




# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST: 2. JÚNÍ 1953

## *Elísabet önnur krýnd drottning*



Þennan dag árið 1953 var Elísabet önnur Bretadrottning krýnd þjóðhöfðingi yfir Stóra-Bretlandi í íburðarmikilli athöfn. Þúsundir gesta voru viðstaddar krýninguna í Westminster Abbey í Lundúnum. Tugir milljóna hlustuðu á athöfnina sem var útvarpað um allan heim eða fylgdust með þegar krýningin var sýnd í beinni útsendingu í sjónvarpi.

Milljónir gegnumblautra áhorfenda hylltu hina 27 ára drottningu og eiginmann hennar, hinn þrítuga Filippus prins, þegar þau keyrðu um borgina eftir athöfnina í gylltum hestvagni.

Elísabet fæddist árið 1926, dóttir Georgs prins sem var annar sonur Georgs V konungs. Sá dó árið 1936 og tók elsti sonurinn Játvarður III við konungstigninni. Hann afsalaði sér þó titilinum til að giftast Wallis Simpson sem var bandarísk og fráskilin. Því varð það svo að faðir Elísabetar varð Georg VI Bretakonungur.

Elísabet var í Kenía þegar faðir hennar dó í febrúar 1952. Hún tók þá strax við þjóðhöfðingjatigninni en var ekki krýnd fyrr en rúmlega ári síðar.

Vinsældir Elísabetar hafa varla dvínað á þeim fimm áratugum sem hún hefur setið á valdastóli. Hún hefur ferðast meira en nokkur annar þjóðhöfðingi Breta og var sú fyrsta sem heimsótti Suður-Ameríku og löndin við Persaflóa. Hún á fjögur börn, þau Karl, Önnu, Andrés og Játvarð.

## MERKISATBURÐIR

**1707** Stóra bóla berst til landsins. Hún geisaði í tvö ár og þriðjungur Íslendinga lést úr henni. Þetta var mannskæðasta sótt síðan „svarti dauði” herjaði á landann þremur öldum áður.

**1865** Borgarastyrjöldinni í Bandaríkjunum lýkur.

**1924** Indjánum í Bandaríkjunum er veittur ríkisborgararéttur.

**1934** Dalvíkurskjálftinn eyðileggur 22 hús á Dalvík og á annað hundrað skemmast í nágrannabyggðum.

**1957** Hrafnista DAS í Reykjavík er tekin í notkun.

**1979** Jóhannes Páll páfi annar heimsækir heimaland sitt, Pólland.

GUÐRÚN AGNARSDÓTTIR: 65 ÁRA Í DAG

# Alltaf á allra besta aldri

Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins, á 65 ára afmæli í dag. Hún ætlar að sýna danskri fjölskyldu sinni lömbin og snjóinn í Svarfaðardalnum í dag og kannski gefa þeim gott að borða í tilefni dagsins.

„Það var nú bara algjör tilviljun að það hittist þannig á að þau koma á afmælinu,“ segir Guðrún. Frænka hennar er systkinabarn við hana og hefur alist upp í Danmörku og kemur með alla fjölskylduna, eiginmann sinn, son, tengdadóttur og barnabörn ásamt bróðurdóttur og kærasta hennar. „Þetta er hópur sem hefur lengi langað að koma hingað til Íslands. Við ætlum að fara norður í Svarfaðardal þar sem við eigum jörð og sýna þeim litlu lömbin sem eru að fæðast þessa dagana, fallegu fjöllin og náttúruna.“

Guðrún segist hafa verið minnug á afmælin sín, sérstaklega á sínum fyrri árum. „Ég er frekar mikið fyrir að hitta fólk og eiga góðar stundir en afmæli eru oft tilvalin tilefni til þess. Kannski var ég meira afmælisbarn framan af ævinni því mér finnst ég gleyma því frekar núna að ég eigi afmæli,“ segir hún og furðar sig á gleymskunni í sér. „Kannski er þetta einhver varnarháttur í mér, eins og ég vilji ekki fylgjast með því þegar ég eldist. En mér finnst ég samt ekki vera að eldast heldur vera alltaf á allra besta aldri. Mér finnst hvert ár sem ég lifi vera mikill ávinningur og er mjög þakklát fyrir það.“

Aðspurð minnist Guðrún þess sérstaklega að hafa átt skemmtilegt sextugsafmæli. „Þá gengum við hjónin á Hvannadalshnúk ásamt vinafólki okkar og fleirum. Ég ætlaði þá að halda upp á afmælið en svo vildi til að það bar upp á hvítasunnu og margir búnir að ákveða eitthvað annað. Ég fékk þá boð um að fara með á Hvannadalshnúk þannig við slógum til enda fannst mér það skemmtileg leið til að halda upp á afmælið.“ Guðrún segist hafa staðið á tindinum á sjálfum afmælisdeginum sem hafi verið góð tilfinning þrátt fyrir hríðina sem geisaði á hnúknum og blindaði allt útsýni. „Svo reyndi ég aftur við Hvannadalshnúk en þá var svo hvasst að ekki var stætt á toppnum. Ég á því eftir að reyna í þriðja sinn og fá gott útsýni.“ Aðspurð um hvort sjötugsafmælið sé ekki tilvalinn dagur fyrir þriðju gönguna segir Guðrún að ekkert sé útilokað í þeim efnum. „Kannski verður það líka fyrr,“ bætir hún svo við.



**GUÐRÚN AGNARSDÓTTIR FORSTJÓRI KRABBAMEINSFÉLAGSINS** Á sextugsafmæli sínu kleif Guðrún Hvannadalshnúk sem hún segir skemmtilega leið til að halda upp á afmæli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Þorvarðarson**

skipstjóri, Kleppsvegi 62, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi 29. maí, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju í dag, föstudaginn 2. júní, kl. 13.00.

**Helga Jónsdóttir**
**Aðalbjörg S. Gunnarsdóttir**
**Björg Gunnarsdóttir** **Finnbogi Sigurðsson**
**Ágústa Gunnarsdóttir**
**Þorvarður Gunnarsson** **Þórlaug Ragnarsdóttir**
**Jón Gunnarsson** **Sigríður G. Sverrisdóttir**
**Helga Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Jóhann Eggert Jóhannsson**

vélstjóri og pípulagningameistari, Lerkihlíð 9, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju í dag, 2. júní, kl. 13:00.

**Unnur Guðmundsdóttir**
**Guðjón Jóhannsson** **Auður Inga Ingvarsdóttir**
**Margrét Jóhannsdóttir** **Jón Þór Sigurðsson**
**Ægir Jóhannsson** **Gróa Másdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Valdimar Jóhannsson** **Jóhanna Þ. Aðalsteinsdóttir**



*Elskulegur eiginmaður minn, stjúpfaðir og afi,*

**Magnús S. Jósepsson**

bóndi, Fremri-Hrafnabjörgum, Hörðudal, Dalasýslu,

sem andaðist 24. maí sl. á Hjúkrunarheimilinu Skjóli, verður borinn til grafar frá Snóksdalskirkju laugardaginn 3. júní kl. 11.00 árdegis.

**Ólafía K. Hjartardóttir**
**Hinrik Hinriksson** **Ólafía H. Bjargmundsdóttir**
**Ólafía M. Hinriksdóttir**
**Halldóra G. Hinriksdóttir** **Páll L. Sigurðsson**
**Bjargey Una Hinriksdóttir** **Róbert E. Jensson**
**Hinrik Ingi Hinriksson**



*Okkar elskaði*

**Páll Jónsson**

Hóli, Hvítársíðu,

lést mánudaginn 29. maí.

**Edda Magnúsdóttir**
**Jón Magnús Pálsson** **Hrafnhildur Hróarsdóttir**
**Finnbogi Pálsson** **Hrönn Vigfúsdóttir**
**Páll Bjarki Pálsson** **Eyrún Anna Sigurðardóttir**
**Erlendur Pálsson** **Guðrún Harpa Bjarnadóttir**
**Þorbjörg Pálsdóttir** **Ragnar Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ragna Grönvold Ragnars**

lést að morgni mánudagsins 29. maí. Jarðsungið verður frá Dómkirkjunni föstudaginn 2. júní kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hennar eru beðnir að láta Hjartavernd njóta þess.

**Guðrún Grönvold** **Preben P. Petersen**
**Ragnar Grönvold** **Linda Káradóttir**
**Gústaf Grönvold**
**Magnús Grönvold**
**og barnabörn.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

## ANDLÁT

**Bergur Magnús Guðbjörnsson**, Reynigrund 47, Akranesi, varð bráðkvaddur sunnudaginn 28. maí.

**Einar Nikulásson**, forstjóri, Breiðagerði 25, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 28. maí.

**Fanney Daníelsdóttir**, Túngötu 4, Húsavík, lést á heimili sínu mánudaginn 29. maí.

**Hafþór Sigurgeirsson**, til heimilis á Holtateigi 2, Akureyri, lést af slysförum laugardaginn 27. maí.

**Helga Þóra Kjartansdóttir**, Hveralind 4, Kópavogi, lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 29. maí.

**Páll Jónsson**, Hóli, Hvítársíðu, lést mánudaginn 29. maí.

**Steingrímur Sigvaldason** lést á hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 30. maí.

## JARÐARFARIR

11.00 **Aðalbjörg Jóakimsdóttir**, frá Hnífsdal, Drápuhlíð 27, verður jarðsungin frá Háteigskirkju.

11.00 **Margrét Friðriksdóttir**, ljósmóðir, Grettisgötu 46, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

11.00 **Þórey Ólafsdóttir**, Háagerði 51, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Gunnar Þorvarðarson**, skipstjóri, Kleppsvegi 62, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju.

13.00 **Guðjóna Guðnadóttir**, Hrauntungu 119, Kópavogi, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

13.00 **Jóhann Eggert Jóhannsson**, vélstjóri og pípulagningameistari, Lerkihlíð 9, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju.

13.00 **Ragna Grönvold Ragnars** verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

13.30 **María Jónsdóttir**, Víðilundi 20, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Kjartan J. Hallgrímsson**, Tjörnum, Skagafirði, verður jarðsunginn frá Hofsóskirkju.

14.00 **Tryggvi Jónsson**, Einbúa, Bárðardal, verður jarðsunginn frá Þorgeirskirkju að Ljósavatni.

14.00 **Þorkell Bjarnason** verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju.

15.00 **Þorgerður Gunnarsdóttir**, fyrrverandi bankastarfsmaður, til heimilis í Hörðalandi 10, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

# 1928
VERSLUN • VÖRUHÚS

www.1928.is

## SÍGILD OG FALLEG HÚSGÖGN ÚR GEGNHEILUM KIRSUBERJAVIÐ

NÝTT KORTATÍMABIL

**20%** afsl. af kirsu-berjahúsgögnum frá auglýstu verði

LÁGT VERÐ

Veggkertastjaki
kr. ~~2.500~~
Nú: 2.000

Hornsófaborð m/ hillu og skúffu
60x60x47cm
verð ~~15.000~~
Nú: 12.000

Sófaborð m/ hillu og skúffu
1200x600x470 cm
verð ~~24.000~~ Nú: 19.200

Funkistóll
verð 29.900
Nú 19.900

Skammel 5.900

Sporöskjulaga borð m/ skúffu og hillu.
54x43x70cm
verð ~~12.900~~
Nú: 10.300

Glerskápur
47x5x35,5x190cm
verð ~~29.000~~
Nú: 23.200

Bókaskápur m/ skúffu
80x39x187cm
verð ~~39.000~~ Nú: 31.200

Sófaborð m/blaðahillu og skúffu
81x43x55cm
verð ~~13.900~~
Nú: 11.100

Kommóða
52,5x36x95cm
Nú: 23.200

Náttborð m/skúffu og blaðahillu
55x39x76cm
verð ~~19.700~~ Nú: 15.800

Náttborð
40x38x64cm
verð ~~15.700~~
Nú: 12.600

Kommóða
89x42x90cm
verð ~~39.000~~
Nú: 31.000

Náttborð
34x30x76cm
verð ~~15.000~~
Nú: 12.000

Hálfmáni m/ lyklaskúffu og hillu
83,5x35x76cm
verð ~~15.900~~ Nú: 12.700

Kollur/blómaborð
36x30x46,5cm
verð ~~6.900~~
Nú: 5.500

Fæst einnig í: versluninni Í tilefni dagsins Selfossi, Draumalandi Keflavík, Versluninni Þórðarhöfða Sauðárkróki og Hólmar húsgagnaverslun á Reyðarfirði

43x49x88,5cm
verð ~~12.500~~ Nú: 10.000

80x99x55cm
verð ~~11.500~~
Nú: 9.200

94,5x61x18cm
verð ~~16.900~~
Nú: 13.500

**Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480**

Opnunartími: mán - föst 10-18 og lau 11-16


899 kr. kg
1498
Goða hamborgarhryggur
40% afsláttur
25% afsláttur
599 kr. kg
799
Móa Veislufugl með fyllingu
Krónu skinka
159 kr/pk
30% afsláttur
1358 kr. kg
1698
Krónu þurrkryddaðar svínakótilettur
2 lítrar af 100% safa, 3 tegundir
279 kr/stk
Krónu samlokur
149 kr/stk
20% afsláttur
El Rio tortilla chips 3 tegundir
159 kr/pk
Konfekt epli
169 kr/pk
Blómkál
199 kr/kg
30% afsláttur
1049 kr. kg
1499
Búkonu graflax eða reyktur lax í bitum
Salsa sósur verð frá
139 kr/stk
Virk Sam-keppni
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN
SKEIFAN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-18
BÍLDSHÖFÐI: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar 12-19
HRINGBRAUT: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
BREIÐHOLT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
NORÐURBRÚN: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
HVALEYRARBRAUT: virkir dagar 11-21, laugardagar 11-21, sunnudagar 12-21
MOSFELLSBÆR: Allir dagar 12-23
SELFOSS: virkir dagar 11-19, föstudagar 11-20, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
VESTMANNAEYJAR: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað
ÞORLÁKSHÖFN: virkir dagar 11-19, laugardagar 11-19, sunnudagar lokað


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
40% afsláttur
335 kr. kg
478
Goða kryddaðir lambarifjabitar
30% afsláttur
299 kr. pk
498
4 Krónuhamborgarar og 4 hamborgarabrauð
Wagner pizzur
299 kr/stk
BKI Kaffi Classic
326 kr/pk
Krónubrauð stórt og gróft
99 kr/stk
Kjörís frostpinnar grænir eða gulir
249 kr/pk
15% afsláttur af Elvital Nutri gloss
Heimilis servíettur 100 stk
399 kr/pk
Baðhandklæði 70x140 ýmsir litir
898 kr/stk
3 eldhúsrúllur
379 kr/pk
Krónu súkkulaðikex 2 pakkar
299 kr/pk
Gæða svissneskt súkkulaði
79 kr/pk
Alltaf frábær tilboð alla daga




# STUÐ MILLI STRÍÐA Allt í drasli

**EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR** ER ORÐIN LEIÐ Á FLUTNINGUM.



Síðustu daga er ég búin að standa í stórtækum flutningum þar sem ég þurfti að skipta um íbúð núna um mánaðamótin. Ég viðurkenni fúslega að það að flytja er eitt það leiðinlegasta sem ég geri en síðustu árin hef ég gert tölvert af því.

Flutningar eru mikil vinna þar sem fyrst þarf að pakka ýmsu niður og síðan að bera endalaust magn húsgagna, kassa og heimilistækja. Mér finnst alls ekki verst að flytja húsgögnin þó að þau séu þyngst, þar sem ég fæ yfirleitt hjálp góðra einstaklinga við að bera þau. Mér finnst heldur ekki verst að flytja fötin mín, sem virðast fjölga sér sjálf í skápunum hjá mér þrátt fyrir það að ég eigi aldrei neitt til þess að fara í. Mér finnst verst að eiga við allt óskilgreinanlega draslið sem safnast að mér á hverjum stað og ég veit eiginlega ekki hvað ég á að gera við. Alls konar drasl sem ég hef ekki tímt að henda en hef samt ekkert með að gera.

Þegar ég fór að hreinsa út úr skápunum hjá mér í vikunni komu ótrúlegustu hlutir í ljós. Alls konar smáhlutir, pokar, bæklingar og kassar, sem ég hef einhverra hluta vegna talið að væri betra að setja inn í skápana hjá mér heldur en beint í ruslið, flæddu út. Í þetta skiptið fóru þeir þá leið sem þeir hefðu átt að fara upphaflega en sennilega fór lengri tími í það að flokka eigur mínar og henda öllu draslinu heldur en að pakka þessu eigulega og flytja það.

Stundum lenda fjölskyldur í því að þurfa að fara í gegnum eigur látinna ættingja sem hafa búið á sama stað í tugi ára með nóg af plássi og hafa því getað safnað að sér ógrynni af drasli. Oft kemur í ljós að stór hluti eigna viðkomandi á best heima í ruslinu þar sem enginn hefur neitt með þær að gera en það getur tekið langan tíma að flokka þær.

Ég er því farin að velta því fyrir mér hvort að það sé nokkuð svo slæmt að flytja reglulega eftir allt saman. Á meðan ég geri það safna ég að minnsta kosti ekki að mér eins miklu drasli.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Överli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott








**Sandalar**
bleikir, bláir
st. 21-33

TILBOÐ
**2.999 kr**
Verð áður 3.499,-



**Sportskór**
hvítir, bleikir, bláir
st. 22-35

**3.499 kr**



**Sportskór** m/ljósum
bleikir, bláir
st. 22-35

TILBOÐ
**2.999 kr**
Verð áður 3.499,-



**Stígvél** m/bakpoka
bleik, blá
st. 21-33

**3.499 kr**

Gildir til 7. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

**Kl. 20.00**

*Leikritið Þuríður og Kambsránið eftir Sigurgeir Hilmar Friðþjófsson, sem nýlega hlaut verðlaun sem athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2005-2006, verður sýnt í Þjóðleikhúsinu. Leikstjóri er Jón St. Kristjánsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Listræn aðkoma mannsins



Á morgun opnar Gunnsteinn Gíslason sýningu á verkum sínum í Óðinshúsi á Eyrarbakka. Á sýningunni eru liðlega þrjátíu verk, öll unnin á síðustu tveimur árum. Gunnsteinn hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í fjölda samsýninga heima og erlendis. Myndverkin á þessari sýningu eru tileinkuð íslenskri náttúru og aðkomu mannsins að henni. Undanfarin 5 ár hefur Gunnsteinn haft vinnustofu að í Ólabúð á Eyrarbakka, sem er merk verslun frá fyrrihluta 20. aldar en þar er að finna upprunalegar innréttingar verslunarinnar.
Gunnsteinn Gíslason lauk prófi í frjálsri myndlist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands, BA-gráðu í Mural design frá Listaháskóla Edinborgar og prófi í kennslufræðum myndlistar frá Konstfackskolan í Stokkhólmi. Samhliða myndlistinni hefur Gunnsteinn starfað við kennslu í myndlist m.a. við Fjölbrautaskólann í Breiðholti, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og gegnir nú dósentsstöðu við Kennaraháskóla Íslands.
Gunnsteinn Gíslason var skólameistari Myndlistar- og handíðaskóla Íslands 1994-1998 og vann á sínum tíma að undirbúningi Listaháskóla Íslands.
Gunnsteinn vinnur aðallega á sviði veggskreytinga, í múrristu og járn. Hann hefur unnið veggskreytingar í margar opinberar byggingar og fyrirtæki hér á landi og erlendis. Verk hans eru að finna á listasöfnum og í einkaeign.
Sýningin í Óðinshúsi verður opin á föstudögum, laugardögum, sunnudögum og helgidögum frá klukkan 14-18 til 18. júní.

### > Ekki missa af...

leikritinu Dans sem unglingadeild Leikfélags Kópavogs sýnir leikritið í Hjáleigunni í Kópavogi. Nýtt verk eftir Hrund Ólafsdóttur sem jafnframt leikstýrir verkinu.

blúshátíð á Akureyri um helgina. Fram koma Lamont Cranston Blues Band, Blúskompaní Magnúsar Eiríkssonar og Blúsmenn Andreu. Einvalalið og öndvegisblús.

gjörningi listamannsins Paul Hurley í Hafnarhúsinu milli kl. 17-19 í dag. Gjörningurinn er hluti af alþjóðaverkefinu Site Ations - Sense in Place og mun listamaðurinn sýna verkið „Becoming Snail“ sem felur í sér verulega forvitnilega ummyndun og óvanalega hegðun.

# Fagrir og fornir tónar

Jónína Erna Arnardóttir píanóleikari er einn af skipuleggjendum tónlistarhátíðar Isnord sem fer fram í Borgarnesi um hvítasunnuhelgina en þar verður mikið um dýrðir, til dæmis verður rímnatónlist flutt í hinum sögufræga Surtshelli og tónverk Jónanna fjögurra munu hljóma í Reykholtskirkju.

„Þetta kom til af því að á sínum tíma var ég við nám í Noregi og hafði mikinn áhuga á norrænni tónlist. Mér finnst við almennt ekki nógu dugleg að spila norræna og íslenska tónlist hér á landi svo mér datt í hug að efna til þessa tónlistarfestivals í Borgarfirði þar sem áherslan væri á fyrrgreinda tónlist,“ segir Jónína Erla. „Hátíðin var haldin í fyrsta skipti í fyrra en nú ákváðum við að leggja áherslu á forna eða fornaldartónlist í tilefni af opnun Landnámssetursins hér í Borgarfirði.“

Þrennir tónleikar verða haldnir og hefst dagskráin í Reykholtskirkju í kvöld þar sem Egilssaga verður flutt í tónum. „Ég frétti af verki sem enskt tónskáld hafði samið við texta úr Höfuðlausn – mjög flott verk sem okkur tókst að grafa upp eftir tónskáldið Gavin Briars. Davíð Ólafsson bassasöngvari syngur Egil ásamt Kammerkór Vesturlands og félagar úr Sinfóníuhljómsveit Norðurlands leika með .“

Á morgun verða síðan tónleikar í Surtshelli þar sem rímatónlistin mun óma í stórkostlegu landslagi en flytjendur verða Diddi fiðla, Bára Grímsdóttir og Steindór Andersen.

Dagskránni lýkur síðan í Borgarneskirkju á mánudaginn þar sem íslensk tónlist verður í öndvegi. „Við leituðum uppi lög sem íslensk tónskáld hafa samið við forna texta og þar er það aðallega Jón Leifs en einnig fleiri. Fyrst við vorum orðin svona þjóðleg þá ákváðum við að spila verk Jónanna – eins og það er rætt um Bach, Beethoven og Brahms getum við talað um fjóra stóra Jóna í íslenskri tónlist svo auk Jóns Leifs munum við leika verk eftir Jón Þórarinsson, Jón Ásgeirsson og Jón Nordal.“ Á tónleikunum syngur Gunnar Guðbjörnsson tenór en Jónína Erna leikur með ásamt Eygló Dóru Davíðsdóttur fiðluleikara.

Nánari upplýsingar um tónleikana má nálgast á heimasíðunni isnord.is.

-khh



**DAVÍÐ ÓLAFSSON BASSASÖNGVARI** Syngur hlutverk Egils Skallagrímssonar í tónverki Gavin Briars sem byggir á Höfuðlausn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞORVALDUR

# Dældir og duldir

Myndlistarkonan Erla Þórarinsdóttir opnar í dag sýningu á verkum sínum í gallerii Animu við Ingólfsstræti 8. Á sýningunni eru ný og tímalaus verk en fram kemur í fréttatilkynningu að efnisgerðir þeirra séu úr steini, silfri, ljósi, tíma og bronsi. Sýninguna kallar Erla „Dældir og duldir“ og vísar heitið til „dældarinar sem á samsvörun við duld hugans sem fyllir hana innihaldi og jafnvel dældin sem fyllist dæld finnur líkamlega duld og þannig heldur þetta áfram“.



**ERLA ÞÓRARINSDÓTTIR SÝNIR Í GALLERÍI ANIMU** Listakonan vinnur með ólíkar efnisgerðir, stein, silfur, ljós tíma og brons.

Sýningin verður opnuð kl. 17 en hún stendur til 24. júní. -khh



**VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON RITHÖFUNDUR**

# Afturelding gerir það gott

**Spennusögur Viktors Arnar Ingólfssonar njóta mikilla vinsælda hérlendis og nú vex vegur hann einnig á meginlandinu. Þýskir lesendur fagna þýðingunni á nýjustu bók hans, Aftureldingu, sem strax skaust upp þarlenda metsölulista.**

Viktor Arnar er að vonum ánægður með viðtökurnar í Þýskalandi en önnur bók hans, Flateyjargáta, sem kom út þar í landi í fyrra er líka á góðri siglingu. Bækurnar tvær verma sæti á topp tíulista útgefandans Lübbe og Afturelding komst strax ofarlega á almenna sölulista þar í landi. „Um leið og þær sölutölur birtust og tilkynnt var að hún hefði komist í 30. sæti á sölulistanum þá kom tilboð frá forlaginu í bókina Engin spor sem ég gaf út árið 1998. Hún mun koma út í þýskri þýðingu eftir ár og þeir eru strax farnir að huga að kápu og þýskum titli á hana,“ segir höfundurinn.

**Allt önnur útgáfustarfsemi**

Viktor Arnar útskýrir að útgáfumálum í Þýskalandi sé öðruvísi háttað en hér á landi. „Þar eru bækur sem bókabúðir kaupa frá forlögunum samasem seldar, búðirnar hafa ekki skilarétt eins og hér. Markaðssetningin snýst um að fá bókabúðirnar til þess að taka inn titlana. Þess vegna er svo mikilvægt að vera hjá útgáfu sem hefur trú á manni. Það er svo gífurlegt magn af bókum sem koma út, það koma tugir titla út á hverjum degi hjá þessum stóru forlögum,“ segir Viktor Arnar.

Stefnt er að því að Afturelding komi einnig út í Hollandi á næstunni.

**Fyrstu skrefin**

Spennusögurnar heilluðu Viktor Arnar frá upphafi. „Ég ætlaði mér aldrei annað en að skrifa glæpasögur,“ segir Viktor Arnar sem nú er að skrifa sína sjöttu skáldsögu. „Ég var að skrifa fystu söguna í kringum 1978, þá rétt liðlega tvítugur og þá hafði ekki komið út glæpasaga hér síðan fyrir stríð,“ segir hann kíminn. Nokkrum árum síðar þótti það tíðindum sæta að tveir aðrir höfundar stigu fram og gáfu út glæpasögur og Viktor Arnar gantast með hann hafi verið á undan þeim Gunnari Gunnarssyni og Jóni Birgi Péturssyni í glæpasagnaútgáfunni.

Viktor Arnar vill þó minnst ræða um fyrstu bækurnar sínar sem voru skiljanlega bernskuverk. „Ég grínast stundum með það við bókasafnsfræðingana að ég heimsæki bókasöfnin og fari reglulega í hillurnar til þess að fela þessar gömlu og færi þær til svo enginn finni þær. Það er náttúrulega grín en mér finnst ekkert skemmtilegt þegar fólk sem hefur lesið nýrri bækurnar fer að leita að meira efni og finnur bara þær.“ Sjálfur kveðst höfundurinn lesa alls kyns bækur.

**Söguleg glæpaalda**

Mörgum hefur orðið tíðrætt um öldu eða tísku í íslenskum bókmenntum þar sem glæpasögum er hampað sem aldrei fyrr. Viktor Arnar útskýrir að þá þróun megi að hluta til þakka stofnun og starfssemi Hin íslenska glæpafélags sem flýtti talsvert fyrir þeirri byltingu sem varð á viðtökum glæpasafna hérlendis. Félag þetta var stofnað árið 1999 og hefur allt frá upphafi stuðlað að viðgangi og kynningu glæpasagna hér á landi og átt í samstarfi við sambærileg félög á Norðurlöndunum, meðal annars um úthlutun verðlaunanna sem kennd eru við Glerlykilinn. „Daginn sem félagið var stofnað hitti ég í fyrsta sinn annan glæpasagnahöfund, þá hitti ég Arnald Indriðason,“ segir Viktor Arnar.

Varðandi uppgang glæpasögunnar áréttar Viktor Arnar að glæpasöguhöfundar séu ekki að taka lesendur frá „fagurbókmenntunum“ heldur búi þeir til nýja lesendur. „Aðrir rithöfundar og aðrar bókmenntagreinar njóta góðs af lestrinum. Á mínum yngri árum las ég glæpasögur út í eitt og hafði lítinn áhuga á öðru en síðar fékk maður áhuga á því að kynna sér öðruvísi bækur.“ Hann bætir því við að sumir glæpasöguhöfundanna sem hann las þá hafi fylgt honum alla tíð, höfundar eins og Sjövall og Wahlöö og P. D. James.

**Ótrauður áfram**

Viktor Arnar segir að næsta bók muni að öllum líkindum koma út á næsta ári eða árið á eftir. Auk ritstarfanna starfar Viktor hjá Vegagerðinni en hann er menntaður byggingingatæknifræðingur.
„Maður verður að fylgja þessu eftir, þegar maður er kominn í stöðu sem allir vilja vera í. Bækurnar þurfa að koma örar og þá reynir á að vinna skipulegar en áður. Nú getur maður ekki nostrað jafn mikið við þetta. Bókin Engin spor var á borðinu hjá mér í 10 ár, maður var lengi að velta sér upp úr hlutunum, persónurnar voru orðnar eins og fjölskylduvinir og það var gaman að geta leyft sér það. Þegar maður er kominn með sögu sem manni finnst skemmtileg þá tímir maður vart að láta hana frá sér. Nú get ég ekki leyft mér þann lúxus og kannski þarf maður líka að setjast niður og vinna þó maður sé ekki alveg í stuði.“

kristrun@frettabladid.is


fullt af fjöri
á að grilla
um hvítasunnuna?
NOW 20% MORE
THICK AND RICH
SINCE 1890
Hunt's
ORIGINAL
BARBECUE SAUCE
Ný og stærri flaska
Meiri grömm
meira grill
Hunt's®

Alveg brilljant skilnaður

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur um allt land.

Kirkjubæjarklaustur 3. júní.

Miðasala í síma 487-4840 til kl. 13:00 síðan í 897-1987

Landsbankinn

Viðskiptavinir Landsbankans fá 500 króna afslátt af miðaverði




LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasýning
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS
SUN. 11. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning
FIM. 15. JÚNÍ KL. 19 - Aukasýning

„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S - Fréttablaðið

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
Í kvöld kl. 20 | Í kvöld kl.22:30
Má 5/6 kl. 20 | Þri 6/6 kl. 20 UPPS.
Fö 9/6 kl. 20 UPPS. | Fö 9/6 kl. 23
Má 12/6 kl. 20 | Þri 13/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN
Í kvöld kl. 20 UPPS. | Lau 3/6 kl. 20 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 | Fi 8/6 kl. 20
Fö 9/6 kl. 20 | Lau 10/6 kl. 20 UPPS.
Su 11/6 kl. 20 AUKAS. | Fi 15/6 kl. 20

GRÍMAN 2006
Íslensku leiklistarverðlaunin 16/6 kl. 19
Grímuballið 16/6 kl. 22 Allir velkomnir

25 TÍMAR
Dansleikhússamkeppnin 2006
Fi 8/6 kl. 20 MIÐAVERÐ 2.500

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ
Frumsýning í kvöld fös. 2/6 uppselt, mið. 7/6 örfá sæti laus, fös. 9/6, lau. 10/6. Aðeins þessar 4 sýningar. Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.
ÞURÍÐUR OG KAMBSRÁNIÐ
Í kvöld fös. 2/6 örfá sæti laus.
Leikfélag Selfoss - Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

30 31 1 **2** 3 4 5

### Föstudagur

#### TÓNLEIKAR

- **00.00 Jagúar** spilar á **Nasa**. Hljómsveitin **Nortón** vermir skarann.
- **22.00** Hljómsveitin **Quiritatio** frá Noregi leikur á **Dillon**. Húsið opnar kl. 22 en hljómsveitin mætir klukkutíma síðar. 20 ára aldurstakmark. Hljómsveitin **Sólstafir** loka kvöldinu.

#### LEIKLIST

- **20.00 Þuríður og Kambsránið**, athyglisverðasta áhugaleiksýning leikársins 2005-2006 verður sýnd í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Leikstjóri **Jón St. Kristjánsson.**
- **21.00 Sokkabandið** sýnir verkið **Ritskoðarinn** eftir **Anthony Neilson** í sal **Sjóminjasafnins** við **Grandagarð 8.** Leikstjóri er **Jón Páll Eyjólfsson**.

#### OPNANIR

- **17.00 Erla Þórarinsdóttir** opnar myndlistarsýningu í **Galleríi Animu** í **Ingólfsstræti 8.**
- **Bergljót Svanhildur Sveinsdóttir** sýnir vatnslitamyndir í **Byggðasafni Garðskaga**. Safnið er opið frá kl. 13.00 alla daga, sýningin stendur til 14. júní.

#### FYRIRLESTRAR

- **12.10 Peter Hennessy** flytur fyrirlestur á vegum **Sagnfræðingafélags Íslands** á **Þjóðminjasafni Íslands**. Fyrirlesturinn ber heitið **Frá leyniríki kalda stríðsins til nýs varnarríkis.**

#### SÍÐUSTU FORVÖÐ

- Tékkneski listamaðurinn **Zdenek Patak** opnar sýningu í **Gallerí Gyllinhæð** að Laugavegi 23. Sýningin stendur í sólarhring.

#### LISTAHÁTÍÐ

- **09.00 Skyn(sam)leg rými - rými, list og umhverfi.** Ráðstefna í **Öskju, Náttúrufræðahúsi HÍ** um hugmyndir um rými og hvernig það er skynjað og upplifað bæði í borg og byggð sem og í náttúru.
- **17.00** Listamaðurinn **Paul Hurley** flytur gjörninginn **Becoming Snail** í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi**. Sýningin er liður í alþjóðalistverkefninu **Site Ations - Sense in Place**.
- **20.00** Óperan **Galdraskyttan** eftir **Weber** í **Þjóðleikhúsinu**. Frumflutningur með efnilegustu söngvurum yngri kynslóðarinnar.
- **21.00 Tríó Anders Widmark** leikur **Carmen** eftir **Bizet** í óvenjulegri útsetningu. Tónleikarnir fara fram á **Nasa** við Austurvöll.

#### BJARTIR DAGAR

- **10.00** Börn úr 4. bekk grunnskólanna í Hafnarfirði ganga fylgtu liði niður á **Thorsplan** og syngja nokkur lög.
- **12.00 Bastien og Bastienne** í **Hafnarfjarðarleikhúsinu.** Í samvinnu við barnaóperuna **Piccolino** frá **Vínarborg** munu þrír hafnfirskir söngvarar, **Þóra Björnsdóttir, Örvar Már Kristinsson** og **Ívar Helgason**, sýna barnaóperu eftir **W.A. Mozart.** Sýningar Kl. 12.00 og 13.30 Aðgangur ókeypis.
- **17.00 Brynja Árnadóttir** skólaliði opnar sýningu á verkum sínum og listfenginna barna í gamla **Lækjaskóla.**
- **19.00** Hljómsveitakeppni í **Gamla bókasafninu** og hljómsveitin **Mogadon** leikur á **A. Hansen**.
- **20.00 Agnes High Quality** leiksýning í **Jaðarleikhúsinu Miðvangi 41.**

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Úr Listvinahúsi



GUÐMUNDUR FRÁ MIÐDAL.

Listamaðurinn Guðmundur Einarsson frá Miðdal er þjóðkunnur fyrir framlag sitt til íslenskrar myndlistar og þá einkum leirmunagerðar en hann vann jöfnum höndum sem listmálari og myndhöggvari. Nú er komið út yfirlitsrit yfir rúmlega 170 styttur, líkneski, listgripi og nytjahluti úr hans fórum ásamt samantekt um sögu leirmunagerðar hans í Listvinahúsi frá 1930 til 1956.

Höfundar texta eru Eiríkur Þorláksson listfræðingur og Ari Trausti Guðmundsson rithöfundur og jarðeðlisfræðingur sem ritstýrði einnig verkinu. Myndgerð annaðist Ragnar Th. Sigurðsson. Upplag bókarinnar er aðeins 800 eintök.

Margir leirmunanna eru nú til sýnis á yfirlitssýningu á verkum Guðmundar í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, og í Náttúrustofu Kópavogs, sem opin er til 2. júlí. -khh



**NEMENDUR ÚR LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS SÝNA ÚTILISTAVERK Á BJÖRTUM DÖGUM Í HAFNARFIRÐI.** Eva Ísleifsdóttir, Katrín Inga, Logi Bjarnason, Svala Ragnarsdóttir og Una Björk Sigurðardóttir sýna vita við strandstíginn.

# Sífellt bjartari dagar

Hafnfirðingar og nágrannar gera sér glaðan dag um þessar mundir en í gær hófst hafnfirska menningarhátíðin Bjartir dagar. Að vanda verður boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir alla aldurshópa.

Meðal dagskrárliða á Björtum dögum að þessu sinni eru fjölmargir tónlistarviðburðir, í dag verður til dæmis barnaóperan Bastien og Bastienne eftir Mozart flutt í Hafnarfjarðarleikhúsinu. Um helgina verður líka söngvakeppnin Cantare haldin í samvinnu við Alþjóðahúsið en í þeirri keppni má hvorki syngja á eigin móðurmáli né á ensku og mikið er lagt upp úr skemmtilegri sviðsframkomu.

Á sunnudagskvöldið verður boðið upp á óvenjulega tónleika í Hafnarborg þar sem vínaróperan Nótt í Feneyjum eftir Jóhann Strauss verður flutt af sex söngvurum úr Óperustúdíói Íslensku óperunnar en skipuleggjandi tónleikanna er Antonía Hevesi. „Þessi ópera var flutt í Íslensku óperunni í vor og þá var ég æfingastjóri. Svo kom upp þessi hugmynd að flytja óperuna einu sinni enn svo við ákváðum að gera það núna, en með aðeins öðru sniði. Það verður ekki kór né hljómsveit heldur mun ég leika undir og kynna atriði. Söngvararnir verða í búningum og munu leika eins og kostur er. Við hlökkum öll til, ég held að allir ætli að sleppa sér dálítið.“ Óperan er að sögn Antóníu mjög létt og aðgengileg. „Þetta er svona tónlist sem maður fær alveg á heilann en sagan er líka skemmtileg – ást og svik og brúðkaup og allt þar á milli.“

Tónleikarnir eru samvinnuverkefni Íslensku óperunnar, Hafnarborgar og Hafnarfjarðarbæjar og fara fram í Hafnarborg á sunnudagskvöldið og hefjast tónleikarnir kl. 20, boðið verður upp á kaffi og konfekt í hléinu.

Frekari upplýsingar um dagskrá Bjartra daga má nálgast á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar, hafnarfjordur.is. -khh



**SÖNGNEMENDUR Í ÓPERUSTÚDÍÓI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR FLYTJA NÓTT Í FENEYJUM** Halda tónleika á Björtum dögum í Hafnarfirði á sunnudagskvöld.


Café/Restaurant
KRINGLU KRÁIN
-á góðri stund

Dans á Rósum
frá Vestmannaeyjum
í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérréttaseðill
ásamt tilboðsseðli öll kvöld.



**ÚR DANSVERKINU, „NO, HE WAS WHITE"** Samstarfsverkefni Sveinbjargar Þórhallsdóttur, Margrétar Söru Guðjónsdóttur, Rahel Avoldelli og Anne Tismer.

# Rauðar liljur og verkamannablús

„Dansverkin tvö eru mjög ólík. Annað sem er samstarfsverkefni mitt og þriggja annarra, nefnist „No he was white" og er það afar líflegt, enda er söngur og húmor fyrirferðarmikill í verkinu. Hitt verkið sem ég kalla „Rauðar liljur", samdi ég hins vegar alfarið ein en það tekur fyrir áleitin efni sambandið ófgafulla ástríðu og þráhyggju og sýnir þessa mannlegu bresti í ofsafenginni og oft gróteskri mynd. Þetta dansverk samdi ég ekki alls fyrir löngu í meistaranámi mínu við Tilburg í Hollandi sem ég er að ljúka um þessar mundir", segir Sveinbjörg Þórhallsdóttir einn stofnanda Panic Production og Nútímadanshátíðar Reykjavíkur.



**ÚR DANSVERKINU „RAUÐAR LILJUR"** Verk samið af Sveinbjörgu Þórhallsdóttur, flutt af Sögu Sigurðardóttir og Tönju Friðjónsdóttur ásamt fleirum.

„Verkin voru unnin á gjörólíkan hátt en „No, he was white" varð þannig til að við unnum ákveðinn spuna út frá tilteknu þema sem var verkamannablús. Hver og ein okkar lagði upp með að vinna út frá persónulegu áhugasviði sem snertir mannlegan veruleika og tilfinningar. Hin heimsþekkta þýska leikkona, Anne Tismer hafði til dæmis áhuga á að skoða hreyfingar fólks í verkamannavinnu og afréð að búa til spuna út frá því. Undirbúningsvinnan fólst því í að fylgjast með ýmsum að störfum," heldur Sveinbjörg áfram og hlær. „Ég hef aftur á móti lengi haft áhuga á ballöðum, ekki hvað síst vegna þess að mér finnst þær oft sprenghlægilegar. Verkefni mitt var því að skoða texta í nokkrum velvöldum ballöðum og vinna út frá þeim. Margrét Sara Guðjónsdóttir dansari og svissneska leikkonan Rahel Savoldelli unnu út frá öðru þema og loks komum við allar saman og suðum snilldarverk í sameiningu."

Að sögn Sveinbjargar eru „mörk dans og leiks óljós í verkinu „No, he was white" og verkið er í senn hrátt og einlægt þar sem eintal einmana sálar og samspil þátttakenda renna saman í brotakennda heild. Verkið var frumsýnt í Berlín febrúar og fékk það einróma lof gagnrýnenda þar í landi. „Þetta verk hefur þróast töluvert frá því það var frumsýnt og tekið á sig nýja mynd en ég get lofað að hún er engu síðri en sú fyrri," heldur Sveinbjörg áfram. Dansverkið vann hún út frá verkum Svövu Jakobsdóttur og Tom Waits en titill verksins er fengin úr samnefndu ljóði eftir kappann.

„Verkið er mjög kraftmikið og krefjandi fyrir dansarana þar sem leitast er við að ögra þeirra líkamlegu hömlum. Það eru frábærir dansarar í þessu verki. Þær Saga Sigurðardóttir og Tanja Friðjónsdóttir sem eru nýútskrifaðar úr Armhem-skólanum í Amsterdam.

„Ég studdist við dramatúrg í „Rauðum liljum" og undirbjó allt mjög vel áður en dansarnir voru kallaðir til. Þessu var öfugt farið í hinu verkinu þar sem enginn leikstjóri eða danshöfundur var fenginn til og ekki var stuðst við ákveðið handrit. Þessi aðferð að spinna meira bæði út frá persónulegri reynsu og eins sammannlegri og matreiða síðan verk úr því í sameiningu, er leið sem er mjög vinsæl í nútímadansi og fer sífellt vaxandi." Sveinbjörg lætur þess getið í lokin að tónlistin í dansverkinu Rauðar liljur verður flutt af Eiríki Orra Ólafssyni og Kristínu Önnu Valtýsdóttur sem halda utan um þann hluta og að sögn Sveinbjargar „gera það snilldarlega".

Sýningarnar fara báðar fram í Hafnarfjarðarleikhúsinu í Strandgötu 50, 10. og 11. júní næstkomandi.

Nánari upplýsingar er að finna á www.hhh.is

-brb

# Kærleiksbók

Önnur ljóðabók Rutar Gunnarsdóttur, Bleikt eins og kærleikurinn, er komin út hjá Lafleur útgáfunni. Fyrri bók hennar, Orðin sem liggja í loftinu, kom út haustið 2004 og sýndi höfundurinn þar djúpan þroska og innsæi.

Rut lést nýlega eftir hetjulega baráttu við krabbamein. Ljóðin sem birtast í nýju bókinni eru sum tekin úr fyrri bók hennar en önnur nýrri sendi Rut frá sér á banabeði sínum. Viðfangsefni ljóðanna eru fegurð og sannindi lífsins, kærleikurinn og sorgin og ótal birtingarmyndir þeirra tilfinninga.

-khh



**ÖNNUR LJÓÐABÓK RUTAR GUNNARSDÓTTUR** Miðlar kærleika í orðum.

# Hvað sjáum við?

**LEIKLIST**

SOKKABANDIÐ

**Ritskoðarinn**

EFTIR ANTHONY NEILSON

Sýnt í Sjóminjasafninu við Grandagarð / **Leikstjóri:** Jón Páll Eyjólfsson / **Hljóðmynd:** Hallur Ingólfsson / **Leikarar:** Arndís Hrönn Egilsdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir og Stefán Hallur Stefánsson

**Niðurstaða:** Leikararnir unnu sína vinnu vel en leikritið skildi ekkert eftir sig.



**SOKKABANDIÐ SÝNIR RITSKOÐARANN EFTIR ANTHONY NEILSON** Hispurslaus kvikmyndagerðarkona táldregur hlédrægan eftirlitsmann.

Það setti að mér gamalkunna tilfinningu að koma inn í hið hráa rými úti á Granda þar sem Sjóminjasafn Íslands er til húsa. Kaldir steinveggir, glært byggingaplast, kertaljós og andi sem kveikti minningar um hin gömlu grasrótarleikhús sem sýndu áleitin verk niðri í djúpum daunillum kjöllurum eða uppi á fúnum háaloftum vítt og breitt um bæinn fyrir um tveimur áratugum. Allir að reyna að afhjúpa einhvern sannleika um okkur sjálf eða varpa nýju ljósi á þjóðfélagið. Öllum svo mikið niðri fyrir og mál að segja eitthvað merkilegt. Kannski fyrst og síðast að snerta eða hreyfa við fólki. Halló! Vaknið! Ekki fljóta sofandi að feigðarósi. Málefnin brýn og þörf á að benda á agnúa og vankanta mannfélagsins. Hefja mannsandann upp yfir hversdagslegt amstur, staldra við, líta í kringum sig, temja sér gagnrýna hugsun og láta ekki aðra segja sér hvað er svart og hvað er hvítt.

Klám er eitt þeirra fyrirbæra mannfélagsins sem leikhúslistamenn ættu auðvitað að láta til sína taka. Það er ekkert nýtt fyrirbæri og löngu gengin menningarsamfélög voru gegnsýrð af því sem við köllum klám í dag. Holdsins lystisemdir hafa ávallt verið manninum hugleiknar og því engin nýlunda að klám skuli vaða yfir heiminn þegar svo einfalt er að dreifa því og svo margir sækjast eftir því. 15000 heimsóknir á dag á einni klámsíðu á netinu í Bandaríkjunum færir okkur heim sanninn um það. Leikrit um fyrirbærið hlýtur því að vera fagnaðarefni og ætti að geta gefið okkur tækifæri til að velta því fyrir okkur hvert stefnir. Hvaða áhrif hefur það á okkur. Hefur það yfirleitt nokkur áhrif? Hafa ekki klámbylgjur komið og farið í aldanna rás? Er ásókn í kynlíf eitthvað öðruvísi nú en áður?

Sú orðræða sem er að finna í leikriti höfundarins (sem mér skilst að hafi hneykslað breska gáfumenn) er á köflum býsna bersögul og áleitin og víða bregður fyrir glettilega skemmtilegum húmor þar sem höfundi tekst að snúa út úr fyrir sjálfum sér aftur og aftur. En mikið meira er það ekki. Kannski er það ekki að þykjast vera neitt meira og það er í góðu lagi mín vegna. Mér þykir hins vegar lítið spennandi að hlusta á orðræðu sem snýst nær eingöngu um kynlíf og á köflum voru orðin farin að hljóma eins og kennslustund í anatómíu.

Ég verð að viðurkenna að ég hugsaði um það meðan á sýningu stóð til hvers þetta leikrit væri sett á svið. Hvað vakti fyrir höfundi annað en að „sjokkera" liðið. Ég þarf nokkuð meira til að sjokkerast og eitt af því erfiðasta sem hægt er að framkvæma á sviði er einmitt það sem snýr að kynferðislegum tilburðum. Kynferðislegir tilburðir hjá leikurum á sviði verða alltaf einhvern veginn pínlegir sama hver á í hlut. Ég man aldrei eftir því að slíkt hefði nokkru sinni haft djúpstæð áhrif á mig nema í örfáum undantekningartilfellum en þá voru athafnirnar stílfærðar. Hér er reynt að pína áhorfandann til þrautar með því t.d. að láta hann vera ofan í leikurunum sem er þekkt stílbragð og virkar oft. Það má jafnvel segja að verk höfundarins geri beinlínis kröfu um það en þá er komið að þætti leikstjórans hvernig hann vinnur úr textanum með leikurunum.

Ekki ætla ég mér þá dul að benda á hvar betur hefði mátt fara – leikritið skildi ekkert eftir hjá mér svo mikið er víst. Ég var engu nær nema hvað ég fann til með veslings litla manninum sem glúpnaði frammi fyrir hispurslausri kvikmyndagerðarkonu sem vildi fá klámmyndina sína metna að verðleikum. Enginn „venjulegur" karlmaður hefði staðist hinar fimlegu atlögur konunnar ef við tökum mið af þeim tvöhundruð og fimmtíu sem stóðu í biðröð eftir að fá það hjá Önnu Bellu Chong sem gerði ekki annað en að bjóða líkama sinn til notkunar. En ritskoðarinn bældi (Stefán Hallur) stenst hana ekki (Elmu Lísu) til lengdar frekar en aðrir. Sem betur fer eru ekki allir eins og fólkið sem við sjáum í leikritinu og sem betur fer er ekki allur heimurinn á kafi í þessu bölvaða klámi. Margir hafa miklu þarfara við tíma sinn að gera. Líkast til endar með því að allir fá of stóran skammt af öllu saman og við horfum upp á nýja Viktoríutíma renna upp þegar fram líða stundir.

Hvað leikarana varðar þá unnu þeir vinnuna sína og hinn nýútskrifaði Stefán Hallur sýnir að hann er efni í prýðilegan leikara. Elma Lísa túlkar áreynslulaust sína persónu og hvað varðar hlutverk eiginkonunnar sem leikið var af Arndísi Hrönn Egilsdóttur þá hefði hreinlega mátt sleppa því, en það er ekki við leikkonuna að sakast.

-Valgeir Skagfjörð




HOT CHIP


RADIO 4

**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

*Ladytron: Witching Hour, Sleater-Kinney: The Woods, Hot Chip: The Warning, Pet Shop Boys: Fundamental, Panic at the Disco: A Fever You Can´t Sweat Out, Zero 7: the Garden og Radio 4: Enemies Like This.*

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Vekur athygli í Skotlandi

Íslenski tónlistarmaðurinn Baldvin Ringsted hefur gefið út fyrstu smáskífu sína undir nafninu Bela. Baldvin er búsettur í Glasgow og hefur verið duglegur við spilamennsku í Skotlandi undanfarið. Hann mun hafa vakið nokkra athygli fyrir tónlist sína og spilamennsku og um miðjan júní kemur fyrsta breiðskífa Baldvins út í Bretlandi og á Íslandi. Baldvin naut aðstoðar bæði íslenskra og breskra tónlistarmanna við gerð plötunnar en tónlist hans er að mestu borin uppi af kassagítar. Smáskífan Ticket for a Train er fáanleg til niðurhals á itunes.com, karmadownload.com og tonlist.is.






**> Plata vikunnar**

Gnarls Barkley: St. Elsewhere

„Frumraun Gnarls Barkley er nánast hin fullkomna poppplata. Ætti ekki að svíkja nokkurn mann. Svona á að gera popp!“

- BÖS


**WOLFMOTHER** Hljómsveitin Wolfmother heldur toppsæti X-Dómínóslistans með laginu Dimension.

## X-DÓMÍNÓSLISTINN

**TOPP TÍU LISTI X-FM**

1. **WOLFMOTHER** DIMENSION
2. **MEW** THE ZOOKEEPERS BOY
3. **SNOW PATROL** YOU´RE ALL I HAVE
4. **PLACEBO** INFRA-RED
5. **THE RACONTEURS** STEADY AS SHE GOES
6. **EDITORS** ALL SPARKS
7. **TOOL** VICARIOUS
8. **ARTIC MONKEYS** THE VIEW FROM THE AFTERNOON
9. **FLAMING LIPS** YEAH YEAH YEAH SONG
10. **DR. MISTER & MR. HANDSOME** IS IT LOVE?

## Dikta spilar í Danmörku

Hljómsveitin Dikta kemur fram á Spot-tónlistarhátíðinni í Árósum í Danmörku í kvöld og annað kvöld. Mugison mun einnig troða upp á hátíðinni.

Dikta mun jafnframt spila við opnun nýrrar verslunar 12 Tóna í Kaupmannahöfn í vikunni þar á eftir. Plata Dikta, Hunting For Happiness, er nýkomin út í Danmörku og hefur fengið ágætar viðtökur í danska ríkisútvarpinu.

Eftir tónleikana í Danmörku heldur Dikta til Englands þar sem hún mun spila á nokkrum tónleikum. Að þeim loknum liggur leiðin til Færeyja á Jóansvökuhátíðina.


**DIKTA** Hljómsveitin Dikta spilar í Danmörku í kvöld og annað kvöld. MYND/ÁRNI TORFASON





9. hver vinnur!

ÞÚ ÞARFT EKKI AÐ VERA STÓR TIL AÐ BJARGA HEIMINUM!

Sendu SMS skeytið BTC LKF á 1900.

Þú gætir unnið!

Aðalvinningur er DVD spilari og litli kjúllinn á DVD

Aukavinningar eru: Litli Kjúllinn á DVD • Pepsi kippur
Fullt af öðrum DVD myndum og margt fleira

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið. Þú færð 5.min til að svara spurningu.


# Dýnamískur kraftur

**Bandaríska kvennatríóið Sleater-Kinney heldur tónleika á Nasa á sunnudaginn. Sveitin hefur verið á ferð um Evrópu og haldið tónleika fyrir fullu húsi hvar sem hún hefur komið. Freyr Bjarnason ræddi við Corin Tucker, annan gítarleikara og söngvara sveitarinnar, og trommuleikarann Janet Weiss.**

Auk Corin og Janet er Sleater-Kinney skipuð Carrie Brownstein sem sér um gítarleik og söng rétt eins og Corin. Hljómsveitin hefur síðastliðin tíu ár heillað tónlistaráhugamenn út um allan heim. Þær eru ferskar og hráar frá norðvesturströnd Bandaríkjanna, nánar tiltekið frá Portland í Oregon-fylki. Alla tíð hefur sveitin haldið tryggð við indí-rætur sínar og er afar virt í þeim tónlistargeira.

**Gifti sig á Íslandi**

Corin hlakkar mikið til tónleikanna á Íslandi. „Reykjavík hefur orð á sér fyrir að sjá fólki fyrir miklu stuði,“ segir hún og reiknar með því að kíkja á frægt næturlíf borgarinnar. Janet er einnig mjög spennt. „Ég hef aldrei komið til Íslands og aðeins heyrt sögur af landinu. Corin gifti sig aftur á móti þar,“ segir hún.

**Upphitun fyrir Pearl Jam**

Alls hefur Sleater-Kinney gefið út sjö plötur og hlaut sú nýjasta, The Woods, einróma lof gagnrýnenda og var ofarlega á listum yfir bestu plötur síðasta árs. Var platan gefin út af Sub Pop-plötufyrirtækinu sem er frægt fyrir að hafa gefið út fyrstu plötu Nirvana, Bleach.

Tónlist sveitarinnar er einföld, tveir gítarar, raddir og trommur og þykir sveitin einkar skemmtileg á tónleikum. Hitaði hún upp fyrir Pearl Jam á tónleikaferð hennar um Kanada á síðasta ári, sem að sjálfsögðu þykir mikill heiður í rokkbransanum.

Tónleikaferð Sleater-Kinney um Evrópu hefur gengið vel að sögn Janet. „Það er reyndar erfitt að vera að heiman þegar veðrið er orðið svona gott þar en tónleikarnir í Bretlandi voru sérstaklega skemmtilegir. Áhorfendurnir þar voru mjög æstir og áhugasamir,“ segir hún.

**Þrífast á orku áhorfenda**

Corin segir að tónleikar Sleater-Kinney séu dýnamískir og að þá sé krafturinn í fyrirrúmi. Janet bætir því við að uppi á sviði sé hljómsveitin eins nálægt sínu eðli og hugsast getur. „Við höfum mikla ástríðu gagnvart tónlistinni okkar og þrífumst á ákefð og orku áhorfendanna. Það sem við gefum af okkur og fáum síðan til baka úr salnum skiptir öllu máli á tónleikum,“ segir hún. „Við erum síbreytilegar og ófeimnar við að prófa nýja hluti þegar okkur gengur vel.“


**SLEATER-KINNEY** Kvennatríóið Sleater-Kinney heldur tónleika á Nasa á sunnudaginn.

**PLÖTUR SLEATER-KINNEY**

- The Woods (2005)
- One Beat (2002)
- All Hands on the Bad One (2000)
- The Hot Rock (1999)
- Dig Me Out (1997)
- Call the Doctor (1996)
- Sleater-Kinney (1995)

**Í verslunarmiðstöð á Ítalíu**

Hvað varðar undarlegustu tónleika sveitarinnar nefnir Corin tónleika á Ítalíu fyrir nokkrum árum. „Við spiluðum einu sinni í verslunarmiðstöð á Ítalíu. Þetta var um kvöld og mömmur voru að ýta börnunum sínum áfram í kerrum framhjá búðunum á meðan við spiluðum,“ segir hún og minnist tónleikanna greinilega með hryllingi.

Janet man vel eftir tónleikum sem sveitin hélt í Denver. „Við töpuðum veðmáli við vini okkar í upphitunarbandinu The Gossip og spiluðum tónleikana með andlitsmálningu á okkur. Það var dálítið erfitt fyrir okkur að taka hverja aðra alvarlega á þeim tímapunkti.“

Sleater-Kinney er kvennatríó en þrátt fyrir það þvertekur Corin fyrir að hafa eitthvað á móti strákum. „Ef við værum strákahljómsveit, myndir þú spyrja okkur hvort við hefðum eitthvað á móti stelpum? Ég efa það.“ Janet er sama sinnis: „Þú hlýtur að vera að grínast með þessari spurningu?,“ spyr hún og hefur að sjálfsögðu rétt fyrir sér.

**Martsch og Mozart í uppáhaldi**

Eftir tónleikana á Íslandi, sem verða þeir síðustu í tónleikaferð þeirra, halda þær stöllur heim á leið til Portland til að njóta sumarsins en þær eru reyndar frá Olympia í Washington.

Í ágúst er sveitin síðan bókuð á Lollapalooza-hátíðina í Chicago og verður þar innan um fjölda annarra þekktra sveita, þar á meðal Red Hot Chili Peppers, Queens of the Stone Age og Sonic Youth, en Sleater-Kinney hefur m.a. verið líkt við síðastnefndu sveitina.

Einnig spilar á hátíðinni indírokksveitin Built To Spill, sem Corin hefur miklar mætur á. Nefnir hún forsprakka sveitarinnar, Doug Martsch, sem einn af uppáhaldstónlistarmönnunum sínum. Janet lítur aftur á móti mest upp til austurríska tónskáldsins Wolfgangs Amadeus Mozart.

Miðasala á tónleikana á Nasa, sem hefjast klukkan 21.00, fer fram á midi.is og í verslunum Skífunnar og BT. Miðaverð er 2500 krónur auk miðagjalds. Hljómsveitirnar Skakkamanage og Jakobínarína sjá um upphitun. ■

# Við erum Mazda

mazda




sóltilboð



**Mazda6 Touring 2,0i**
**4 dyra, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.525.000 kr.**
Bílasamningur 34.726 kr.
Rekstrarleiga 46.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
**5 dyra, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.575.000 kr.**
Bílasamningur 35.414 kr.
Rekstrarleiga 47.100 kr.



**Mazda6 Touring 2,0i**
**Wagon, sjálfskiptur***
**Sóltilboð 2.625.000 kr.**
Bílasamningur 36.102 kr.
Rekstrarleiga 48.700 kr.

## Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríið á sérstöku sóltilboði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.650.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltilboði Brimborgar.

**Það sem er umfram í Mazda6 Touring:**

- *2,0 lítra vél*
- *5 þrepa sjálfskipting*
- *Álfelgur*
- *Hraðastillir*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.mazdabrimborg.is

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú færð peninginn beint í vasann eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltilboði Brimborgar.

## Skoðaðu Mazda3 og Mazda5 á sóltilboði.



**Mazda3 Touring 1,6i**
**5 dyra, 5 gíra***
**Sóltilboð 1.890.000 kr.**
Bílasamningur 25.897 kr.
Rekstrarleiga 34.700 kr.



**Mazda3 Touring 1,6i**
**4 dyra, 5 gíra***
**Sóltilboð 1.920.000 kr.**
Bílasamningur 26.307 kr.
Rekstrarleiga 35.200 kr.



**Mazda5 Touring 2,0i**
**7 manna, 5 gíra***
**Sóltilboð 2.390.000 kr.**
Bílasamningur 32.748 kr.
Rekstrarleiga 43.400 kr.

## Við erum Mazda

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir aðeins til 16. júní n.k. eða meðan birgðir endast.**

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sóllúga. Skv. verðlista Toyota 05/06. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Sex hugmyndir að góðri helgi

Ein mesta ferðahelgi sumarsins er framundan og vafalítið ætla fjölmargir að leggja land undir fót. *Snæfríður Ingadóttir* skoðaði hvað er í gangi víðs vegar um landið.







### 1. BLÚS, GIFTINGAR OG GREIFARNIR Á AKUREYRI

Enginn ætti að verða svikinn af því að bruna til Akureyrar um helgina því þar verður ýmislegt um að vera um hvítasunnuna. Tónlistarhátíðin Akureyri International Music Festival verður í fullum gangi alla helgina en þar verður blúsinn í hávegum hafður. Minjasafnið á Akureyri opnar einnig sumarsýningu sína um helgina en hún ber heitið Ef þú giftist og fjallar um brúðkaupssiði fyrr og nú. Mörg söfn hafa lánað gripi og skjöl á sýninguna en þar er einnig að finna fjölda ljósmynda úr eigu Minjasafnisins og starfandi ljósmyndara á Akureyri sem sýna vel þróun klæðnaðar og ljósmyndahefðar frá seinni hluta 19. aldar og fram til dagsins í dag. Hinir einu og sönnu norðlensku Greifar slá svo upp balli í Sjallanum á laugardagskvöldið en hljómsveitin vinnur þessa dagana að nýrri plötu.

### 2. SÖNGUR OG BALL Á ESKIFIRÐI

Þeir sem leggja leið sína austur á firði geta skellt sér á ball með hljómsveitinni Í svörtum fötum sem spilar á Eskifirði á laugardagskvöldið. Áður en farið er á ballið er hægt að hlýða á tónlist ungs hæfileikafólks í Eskifjarðarkirkju en þar koma fram Þorsteinn Helgi Árbjörnsson og Janette A. Zilioli. Þorsteinn er heimamaður sem hefur verið við söngnám í Bandaríkjunum að undanförnu.

### 3. FUGLALÍF Í SKAGAFIRÐI

Ferðafélagið Útivist ætlar að sigla á milli eyja í Skagafirði um helgina. Meðal annars verður farið í Drangey, Málmey, Þórðarhöfða og Gerhallavík. Ekið er á eigin bílum norður og gist í húsi á Hólum í Hjaltadal. Nú er fuglalífið í algleymingi og því rétti tíminn til þess að heimsækja eyjarnar núna. Fararstjóri í þessarri ferð er Reynir Þór Sigurðsson.




### FERÐAVEÐRIÐ UM HELGINA

Veðurstofan spáir vestlægri átt, 5-10 metrum á sekúndu, við norðausturströndina á laugardag, en hægari annars staðar. Smáskúrir verða einkum vestan til á landinu en léttir víða til síðdegis. Hitinn verður á bilinu 7 til 17 stig, hlýjast á Suðausturlandi. Á sunnudag verður fremur hæg suðlæg átt og víða léttskýjað en það má búast við rigningu sunnan- og vestanlands með morgninum. Hiti verður á bilinu 10 til 18 stig, hlýjast á Norður- og Austurlandi. Á mánudag verður sunnanátt og rigning á Suðvesturlandi og vestanlands, en annars þurrt. Hiti svipaður og síðustu daga.





### 5. TÓNLEIKAR Í HELLI Í BORGARFIRÐI

Is Nord tónlistarhátíðin verður haldin í annað sinn í Borgarnesi um helgina en þar er megináhersla lögð á tónlist sem tengist söguarfi Íslands. Á föstudagskvöldið verða tónleikar í Reykholtskirkju þar sem koma fram félagar úr Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Kammerkór Vesturlands og fleiri. Á laugardagskvöldið verða tónleikar í Surtshelli en þar munu Diddi fiðla, Bára Grímsdóttir og Steindór Andersen kveða rímur og spila á gömul hljóðfæri við kertaljós. Á mánudag verða svo lokatónleikar hátíðarinnar haldnir í Borgarneskirkju. Það er annars nóg annað um að vera á Vesturlandi um hvítasunnuhelgina, og má þar telja víkingaleiki, tilboð á sjóferðum með Baldri og kynningu á frístundabyggðum en nánar má lesa um þá dagskrá á www.west.is



### 4. KAJAKMÓT Á STOKKSEYRI

Allir þeir sem einhvern áhuga hafa á kajaksportinu verða á Stokkseyri um helgina en þar fer fram hið árlega kajakmót Eiríks rauða. Sérstakir gestir mótsins í ár eru þau Jeff Allen frá Bretlandi og Hadas Feldman frá Ísrael en þau hafa í sameiningu róið umhverfis Japan og eyjuna Suður-Georgíu. Dagskrá mótsins er annars fjölbreytt og þar verða ýmis námsskeið í boði. Eitt af atriðum mótsins verður sýnikennsla í því hvernig maður lætur bjarga sér úr kajak og í þyrlu, en Landhelgisgæslan mun mæta með þyrlu á svæðið og atriðið verður sýnt við höfnina í Stykkishólmi.
Nánari upplýsingar um dagskrá mótsins má fá á www.seakayakiceland.com

### 6. ROKK OG DJASS Í HÖFUÐBORGINNI

Þeir sem vilja fara í styttri ferðalög innan borgarmarkanna geta til dæmis farið á Jómfrúna á laugardag en eins og síðustu ár er boðið upp á ókeypis djass á staðnum alla laugardaga milli kl. 16-18. Á fyrstu tónleikum sumarsins leikur kvartett víbrafónleikarans Árna Scheving og gítarleikarans Jóns Páls Bjarnasonar. Tónlistarhátíðin Reykjavík Trópík er líka í fullum gangi en hún fer fram í sirkustjaldi fyrir framan aðalbyggingu Háskóla Íslands en þar spila hljómsveitir á borð við Jeff who?, Leaves, Kimono og Supergrass. Búið er að opna Árbæjarsafn og þar er að venju margt að sjá. Tilvalið er að kíkja þangað á sunnudag en þá koma Fáksmenn í heimsókn og guðþjónusta verður í gömlu torfkirkjunni kl. 11. Annars er líka langur laugardagur á Laugaveginum og mikið um að vera.

# Kaninn kveður eftir hálfa öld

Útvarpsstöð varnarliðsins hætti í gær útsendingum sínum á miðbylgju eftir nær 55 ára starfsemi. Varnarliðið hóf tilraunaútsendingar á Keflavíkurflugvelli undir nafninu RADIO TFK á miðbylgju í nóvembermánuði 1951. Fordæmi voru fyrir útvarpssendingum breska og bandaríska herliðsins hér á landi í síðari heimsstyrjöldinni, en Bretar og Bandaríkjamenn leigðu sérstaka dagskrártíma fyrir hermenn sína í Ríkisútvarpinu. Þá var lítil útvarpsstöð starfrækt á Keflavíkurflugvelli í stríðslok. Var varnarliðinu veitt formlegt leyfi til reksturs útvarpsstöðvar allan sólarhringinn í maímánuði 1952 og varð þannig lögformlegur aðili að rekstri ljósvakamiðla á Íslandi.



**ÚTSENDINGUNNI HÆTT** Friðrik Haraldsson, tæknistjóri útvarps- og sjónvarpsstöðvar varnarliðsins, slekkur á sendinum og þar með var 54 ára sögu útvarpsstöðvarinnar lokið.

Auk eigin þáttagerðar flutti útvarpsstöðin gjarna flest það sem vinsælast var í bandarísku útvarpi líkt og tónlistarþætti Casey Kasem, American Top Forty, Charlie Tuna, Wolfman Jack, Gene Price, Dick Clark og fréttaþætti Pauls Harvey og Roberts. W. Morgan auk All Things Considered, að ógleymdum þáttum á borð við CBS Radio Mistery Theater og Golden Days of Radio. Starfsmenn útvarps- og sjónvarpsstöðvar varnarliðsins voru að jafnaði um 25 talsins, þar af þrír íslenskir tæknimenn.

# Jagúar snýr aftur

Fönkveitin Jagúar heldur sína fyrstu tónleika í langan tíma á Nasa í kvöld. Meðlimir sveitarinnar hafa verið uppteknir í hinum ýmsu verkefnum að undanförnu, bæði hér á landi sem erlendis. Eru þeir nú á leiðinni í æfingabúðir vegna nýrrar plötu sem er reiknað með að komi út með haustinu.

Fönkhljómsveitin Nortón mun hita upp fyrir Jagúar og plötusnúðurinn DJ Ingvar. Húsið opnar á miðnætti og er miðaverð 1000 krónur. Aldurstakmark er 20 ár.



**JAGÚAR** Fönkveitin Jagúar spilar á Nasa í kvöld í fyrsta sinn í langan tíma.



hagstæðustu heildarinnkaupin
allt í matinn á einum stað
frábært verð
GOÐI
899 kr.kg
Goða lambalæri frosið
þú sparar 635 kr/kg
GOÐI
959 kr.kg
Goða Bayonskinka
ný veiddur humar á grillið
699 kr.pk
Ný veiddur humar 500gr.
þú sparar 472 kr/kg
FJALLALAMB
1.415 kr/kg
Fjallalamb sirloin grillsneiðar
ÍSFUGL
30% afsláttur við kassa
Ísfugl kjúklingabringur
þú sparar 419 kr/kg
Kalkúna krásir
Kalkúnaborgarar
ÍSFUGL
979 kr.kg
Ísfugl kalkúnaborgarar
frábært að grilla um helgina
þú sparar 200 kr/kg
Matfugl
299 kr.kg
Tex Mex bitar
nauðsynlegar í grillveisluna
Lotus
Thirst POCKETS
Thirst POCKETS
3 for the price of 2
299 kr.pk
Lotus þykkar eldhúsrúllur
þetta er ekki plat
X-tra
99 kr/pk
X-tra franskar
lyginni líkast
X-tra
99 kr/pk
X-tra hvítlauksbrauð
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 2. júní til 4. júní eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

fjörið … Fólk
folk@frettabladid.is

# Kórónur og konungleg skemmtun

MEÐ HNÍF OG GAFFLI heitir vikulegur þáttur í Fréttablaðinu þar sem Þráinn Bertelsson lýsir upplifun sinni af því að sitja til borðs á einhverju veitingahúsi sem venjulegur matargestur, en ekki sem sérhæfður sælkeri. Í byrjun var ætlunin að gefa veitingahúsum einkunnir fyrir umhverfi og stemningu, þjónustu og matseld, en reynslan hefur sýnt að sú einkunnagjöf er full flókin fyrir stutta umfjöllun.

Því verður horfið að því ráði að Þráinn gefur þeim stöðum sem hann telur verðskulda viðurkenningu eina til fimm kórónur.

„Ég vel að gefa kórónur fremur en kokkahúfur,“ segir Þráinn, „vegna þess að þegar fólk nýtur lífsins er talað um að skemmta sér konunglega. Og þar að auki eru það ekki kokkarnir einir sem ráða því hvort heimsókn á veitingahús er konungleg upplifun eða ekki. Þar kemur fleira til, svo sem umhverfið, innrétting, stemning og öll umgjörð máltíðarinnar. Gestinum á að líða vel. Henni eða honum á að líða eins og kóngi eða drottningu í ríki sínu,“ útskýrir Þráinn. „Í öðru lagi er það þjónustan. Gestinum á að finnast að hann sé velkominn, að húsráðendur fagni því að fá hann í heimsókn, að hann sé í góðum og öruggum höndum og allir fúsir til að gera honum til hæfis.“ Í þriðja lagi sé það síðan maturinn sem á að vera úr góðu hráefni, matreiddur af kunnáttu og áður en hann gælir við bragðlaukana á hann að gleðja augað.

„Ég fer út að borða í þeirri von að hver staður verðskuldi fimm kórónur,“ segir Þráinn. „Ég er búinn að fjalla um fjóra staði. Ósushi í Lækjargötu fær eina kórónu, Salt við Pósthússtræti fær þrjár, Við fjöruborðið á Stokkseyri fær líka þrjár og Ítalía á Laugavegi 11 fær eina. Ef mér líður eins og hreppstjóra eftir máltíðina fær staðurinn eina stjörnu, og þótt ég persónulega vildi heldur vera hreppstjóri en kóngur ætla ég að halda áfram að leita að stöðum sem verðskulda fimm kórónur.“ ■



**ÞRÁINN BERTELSSON** Ætlar að leita uppi staði sem láta honum líða eins og kóngi og verðskulda þar af leiðandi fimm kórónur.



**RÓBERT MARSHALL** Stjórnar nýjum þætti á NFS í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Marshall á skjáinn

„Þátturinn heitir Pressan og í honum verður farið yfir fréttir liðinnar viku,“ segir Róbert Marshall sem mun leysa Egil Helgason af hólmi á NFS í sumar. Fyrsti þátturinn verður á dagskrá á sunnudaginn. Egill Helgason ætlar að dveljast á Grikklandi í sumar og segir Róbert að það hafi verið ódýr og þægileg redding að hann leysti hann af. Róbert er sem kunnugt er forstöðumaður NFS.

„Ég hef gert þetta áður en það er orðið nokkuð langt síðan,“ segir Róbert en rúmt ár er komið síðan hann lét af störfum sem fréttamaður á Stöð 2. Aðspurður segir hann að nýi þátturinn verði blanda af yfirferð yfir fréttir vikunnar með gestum í sjónvarpssal, en einnig verði kafað dýpra ofan í stórviðburði á borð við atburðina á Vatnajökli í vikunni. ■

# Tók upp nýja plötu Will Oldham

**Tónlistarmaðurinn Will Oldham sendir frá sér nýja plötu með haustinu undir nafninu Bonnie „Prince“ Billy. Valgeir Sigurðsson í Gróðurhúsinu stjórnaði upptökum á plötunni.**

„Ég held að þetta sé að einhverju leyti nýtt sánd hjá honum. Það er kannski ástæðan fyrir því að hann vildi breyta til og gera þetta svona,“ segir Valgeir Sigurðsson sem stjórnaði upptökum á nýjustu plötu tónlistarmannsins Bonnie „Prince“ Billy. Upptökur fóru fram í Gróðurhúsinu, hljóðveri Valgeirs í Breiðholti, og mætti Bonnie til leiks með fimm manna hljómsveit. Will Oldham, eins og tónlistarmaðurinn heitir réttu nafni, er þekktur fyrir tónlist sína sem oft er flokkuð sem alt-kántrí. Maðurinn er sannkallað goð í óháða tónlistargeiranum.

### Unnu báðir með Björk

Valgeir segir að röð atvika hafi leitt til þess að hann og Will Oldham ákváðu að vinna saman. „Við hittumst baksviðs á tónleikum í Bandaríkjunum. Hann var forvitinn um það sem ég hafði verið að gera, enda spáir hann mikið í fólki og því sem það gerir. Eftir það vorum við í tölvupóstssambandi og ræddum möguleika á því að vinna eitthvað saman. Svo hittumst við aftur þegar ég og Björk vorum að vinna tónlistina fyrir kvikmyndina Drawing Restraint en hann söng eitt lag þar,“ segir Valgeir. Eftir að þeir höfðu unnið í fyrsta skipti saman í hljóðveri héldu þeir sambandi og á síðasta ári kom að því að Oldham ákvað að taka næstu plötu sína upp hér á landi.

„Platan var tekin upp á tveimur vikum í desember og svo kom hann aftur í janúar og við hljóðblönduðum plötuna.“ Þær sögur fara af Will Oldham að hann sé ekki allra. Valgeir er því vitanlega spurður hvernig samvinna þeirra hafi gengið.

„Nei, hann er vissulega ekki allra, það er kannski það sem gerir hann að því sem hann er. Það var samt mjög gott að vinna með honum. Við lentum í smá byrjunarörðugleikum, við þurftum að læra hvor á annan. Þetta var brothætt í fyrstu og um tíma var alveg spurning um hvort þetta myndi hafast. Svo small þetta mjög vel saman,“ segir Valgeir. Hann segir að það hafi vissulega verið ákveðin áhætta fyrir Oldham að koma hingað til lands til að taka upp plötu og þar að auki með heila hljómsveit með sér. Sú áhætta virðist þó hafa borgað sig vel.



**WILL OLDHAM** Eða Bonnie „Prince“ Billy eins og hann kallar sig á næstu plötu sinni, sem tekin var upp á Íslandi.

### Miklar væntingar til plötunnar

Nýja platan mun heita Then the Letting Go og kemur út í september. Hún er fyrsta hefðbundna plata Wills Oldham í nokkur ár, en hann hefur undanfarið einbeitt sér að endurgerðum og samstarfsverkefnum. Síðast gerði hann kóverplötu með hljómsveitinni Tortoise, þar á undan gerði hann plötu með Matt Sweeney og enn fyrr endurgerði hann eigin lög sem hann hafði áður gefið út undir nafninu Palace Music. Oldham er þekktur fyrir að velja sér nýja samstarfsmenn í hvert sinn sem hann gerir plötu. Að þessu sinni fékk hann þó bróður sinn Paul til að spila á bassa en þeir hafa oft unnið saman áður.



**VALGEIR SIGURÐSSON** Þrátt fyrir byrjunarörðugleika gekk honum vel að stjórna upptökum á næstu plötu Will Oldham. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þótt Valgeir hafi stjórnað upptökum á plötu Oldhams og mixað hana er alls óvíst hvernig hans verður getið á kápu plötunnar. „Ég hef heyrt að á smáskífunni sem kemur í júlí sé ég skráður sem hluti af hljómsveitinni. Það verður því bara að koma í ljós hvað hann titlar mig á plötunni,“ segir Valgeir sem kláraði endanlega útgáfu plötunnar fyrir skemmstu og sendi út til Oldham. Þetta er því orðinn ansi langur tími sem hann hefur unnið að plötunni. „Það er komið rúmt ár síðan við byrjuðum að tala saman um þetta verkefni. Maður er því orðinn ansi samdauna plötunni.“

Valgeir segir erfitt að meta það hvort samstarfið með Oldham sé stærsta verkefnið hans til þessa. Samstarf hans og Bjarkar Guðmundsdóttur komi þar sömuleiðis til álita. „Það samstarf þróaðist í mörg ár og þetta verkefni var öðruvísi að því leyti. Maður veit náttúrlega ekki hvert þessi plata á eftir að fara. Ég veit það eitt að það eru margir mjög spenntir fyrir henni, menn eiga von á miklu.“

Helddurðu að þið eigið eftir að vinna meira saman?

„Það er ekkert útilokað en hefur ekki verið rætt. Ég myndi alla vega ekki segja nei.“

hdm@frettabladid.is

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

FYNDNUSTU STELPUR ÍSLANDS

Í leikstjórn Ragnars Bragasonar í kvöld kl. 20:55




Dark Side Of The Moon
Pink Floyd
UPPSELT Á SVÆÐI A
MIÐAVERÐ:
SVÆÐI A: KR. 8.900 + 540 KR miðagjald
Svæði B Kr. 7.900 + 540 kr. miðagjald
Miðasala á midi.is og í Skífuverslunum
Laugavegi, Kringlunni og Smáralind.
Eins í BT Akureyri og BT Selfossi
Roger Waters
EGILSHÖLL MÁNUDAGINN 12. JÚNÍ
HLJÓMLEIKARNIR HEFJAST STUNDVÍSLEGA KL. 20.00
Veitingasala hefst í Skautahöllinni Egilshöll kl: 16.00
Íslandsprent
Radisson SAS
TUBORG
NJÓTTU LÍFSINS TIL FULLS
midi.is
20 % AFSLÁTTUR TIL NÁMSMANNA Á MIÐAVERÐI




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| X-MEN 3 | kl. 5.40, 8, 8.30, 10.20 og 10.50 B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 4, 5, 7, 8, 10 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| DA VINCI SÝND Í LÚXUS | kl. 5, 8 og 11 B.I. 14 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6 |
| RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI | kl. 3.50 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| 16 BLOCKS | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 14 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 6 og 9 B.I. 14 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 6 |
| PRIME | kl. 8 og 10.15 |
| CRY WOLF | kl. 8 B.I. 16 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| 16 BLOCKS | kl. 6, 8 og 10 B.I. 14 ÁRA |
| X-MEN 3 | kl. 6 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI

París Hilton er skotin í stelpu. París sparaði ekki hrósið er hún talaði á dögunum um nýju bestu vinkonuna sína Kimberly, sem er dóttir Rods Stewart. „Kimberly er stórhlægileg. Hún er 1,8 m á hæð, ljóshærð, falleg og hefur glitrandi



blá augu. Hún er sexí. Mér líður svo þægilega í kringum hana og get verið ég sjálf," sagði hún við tímaritið Top of the Pops. París ber greinilega einhverjar tilfinningar til Kimberly, en hún er þó á föstu með Matt Leinart.



Ofurstjarnan Beyonce Knowles hefur sérstaka ástæðu til að fagna 25. afmælisdeginum þann fjórða september næstkomandi, því hennar önnur sólóplata, B-Day, kemur út þann dag. Jay-Z, kærastinn hennar, fær að koma við sögu á plötunni en hann syngur með henni á fyrstu smáskífunni, Déja Vu. Beyonce er einn af framleiðendum nýja disksins og hún er líka höfundur laganna. Miðað við gengi fyrri sólóplötu Beyonce, sem fékk fimm Grammy-verðlaun og seldist grimmt, má búast við miklu Beyonce-æði í september. Nú er lokið tökum á myndinni Dreamgirls sem Knowles leikur í og frumsýnd verður 22. desember. Beyonce létti sig um níu kíló fyrir leik sinn í myndinni.

Jared Leto lék fréttamenn grátt á dögunum þegar hann ýjaði að því að hann væri samkynhneigður. Leto sagði nýlega í viðtali við bandarískan fréttamann að hann væri „samkynhneigður eins svanur," en enska orðið „gay" getur einnig þýtt „hress". Leto reyndi að bæta um betur í viðtalinu til að sannfæra blaðamanninn um að hann væri samkynhneigður, og líkti sjálfum sér við söngvarann Morrissey, sem er þekktur fyrir að gefa óskýr skilaboð um kynhneigð sína.










# Jack White slær gull, aftur

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Þetta er nýja grúppan hans Jacks White úr The White Stripes. Ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna hann hefur fundið hjá sér ástæðu til þess að stofna nýja hljómsveit. Kannski var hann orðinn svona leiður á því að vera stöðugt á tónleikaferðalagi með stelpu?

Önnur ástæða gæti verið sú að hann hafi langað til að vinna með Brendan Benson sem semur með honum öll lögin auk þess að syngja nokkur lög, þá annaðhvort með eða án Jack White.

Eins og flest annað sem White snertir þá er þessi plata virði þyngdar sinnar í gulli. Eðal blúsrokk með sönglínum sem festast í heilanum. Það er líka svolítið gaman að heyra einkennandi fuzzgítarhljóm White í nýjum hljóðheimi. Það er líka nokkuð augljóst að White hefur langað til að brjóta þá þröngu ramma sem hann hefur á vinnuferlinu við upptökur á plötum The White Stripes. Þið munið kannski eftir hvöt hans til þess að tilkynna aðdáendum sínum í plötuumslögum að öll platan hafi verið hljóðrituð á analog-segulbandstæki, eins og það skipti einhverju höfuð máli. Hljómur The Raconteurs er mun stærri og tilbúnari, hljóðfærum hlaðið ofan á og líklegast eitthvað lagað til eftir á. Og það er bara allt í góðu lagi, því platan hljómar eins og góðar rokkplötur eiga að gera.

Hér eru bæði hæg og hröð lög. Það undarlegasta er að hröðu lögin minna svolítið á White Stripes, eins og hið frábæra titillag Broken Boy Soldier, en hægu lögin minna á eitthvað allt annað. Þannig er lagið Together til dæmis sláandi líkt útgáfu Faith No More af laginu Easy eftir The Commodores. Held að það sé meira að segja sami hljómagangur í þessum lögum. Lokalag plötunnar, Blue Veins, minnir mig svolítið á sólóplötur Roberts Plants á níunda áratugnum.

Í heildina er þetta mjög vönduð og sterk plata. Öll lögin tíu hafa upp á eitthvað að bjóða og manni finnst maður aldrei vera svikinn. Ég held nú samt að ég fari varlega í það að kalla þessa sveit „ofurgrúppu“ eins og svo margir kollegar mínir úti í hinum stóra heimi eru að gera þessa dagana. Þetta er bara fín blúsrokkplata, með eftirminnilegum lögum og beittum önglum.

**Birgir Örn Steinarsson**




**THE RACONTEURS: BROKEN BOY SOLDIERS**

NIÐURSTAÐA:

**Frumraun** nýjustu sveitar Jack White er engin vonbrigði. Fyrsta flokks blúsrokk með grípandi lögum og textum.

# Hátíð aflýst

Tónlistarhátíðinni Reykjavík rokkar 2006 sem fara átti fram 29. júní til 1. júlí hefur verið aflýst.

Ástæðan er slök byrjun aðgöngumiðasölu á hátíðina en þar áttu meðal annarra að koma fram David Gray, The Darkness, Motörhead, Hjálmar, Trabant, Ham, Mínus, Ampop, Kate og Dr. Spock.

Allir aðgöngumiðar sem keyptir voru með kreditkorti á útsölustöðum, í gegnum síma eða á netinu bakfærast sjálfkrafa. Allir aðgöngumiðar sem keyptir voru með debetkorti eða reiðufé á útsölustöðum fást endurgreiddir hjá midi.is, Klapparstíg 16, 3. hæð frá og með miðvikudeginum 7. júní til 14. júní.



**DARKNESS** Hljómsveitin The Darkness mun ekki halda tónleika hér á landi um næstu mánaðarmót.



**FABRIZIO** Skiptineminn Fabrizio kynnir hátíðina fyrir blaðamönnum inni í tjaldinu þar sem hljómsveitirnar koma fram. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Reykjavík Trópík hefst í dag

Tónlistarhátíðin Reykjavík Trópík hefst á lóð Háskóla Íslands í dag. Hljómsveitin Jakobínarína mun ríða á vaðið klukkan 16.30 en síðar um kvöldið koma meðal annars fram Girls in Hawaii, Hjálmar, Ladytron og Apparat.

Á morgun troða upp sveitir á borð við Supergrass, Leaves og Jeff Who? og á sunnudag er síðan röðin komin að Kid Carpet, Dr. Spock, Ghostigital, ESG og Trabant.

„Þetta verður flott hátíð og mikið af góðum tónlistarmönnum munu koma fram, „segir Ragnar Kjartansson, söngvari Trabant. „ESG er til dæmist mest „samplaða“ sveit í heimi og það verður mjög gaman að sjá hana spila.“

Trabant tók nýverið upp myndband við lagið The One. Sveitin fer síðan í tónleikaferð þann 7. júní sem stendur yfir í fimm daga. Mun hún spila í Rússlandi og á tónleikahátíð á Spáni og víðar.

Gunnhildur Oddsdóttir og Fabrizio Frascaroli, skiptinemar við Félagsvísindadeild Háskólans, eru skipuleggjendur Reykjavík Trópík. Ákváðu þau að snúa sér að tónleikahaldi í framhaldi af vel heppnuðu starfi þeirra í Stúdentakjallaranum. Vonast þau til að hátíðin verði árlegur viðburður í framtíðinni.

Hægt er að kaupa passa sem gildir á alla hátíðina sem kostar 6500 krónur. Einnig er hægt að kaupa miða á hvern dag fyrir sig. Miðasala fer fram á midi.is, í Skífunni og BT á Akureyri og Selfossi.

## DAGSKRÁ REYKJAVÍK TRÓPÍK

**FÖSTUDAGUR**

| | |
|---|---|
| 16.30-17.00 | Jakobínarína |
| 17.20-17.50 | Cynic Guru |
| 18.10-18.40 | Daníel Ágúst |
| 19.00-19.40 | Benni Hemm Hemm |
| 20.00-20.40 | Girls in Hawai |
| 21.00-22.00 | Hjálmar |
| 22.30-23.40 | Ladytron |
| 00.00-01.00 | Apparat Organ Kvartett |

**LAUGARDAGUR**

| | |
|---|---|
| 15.30-16.00 | Skátar |
| 16.20-16.50 | The Foghorns |
| 17.10-17.40 | Jan Mayen |
| 17.50-18.20 | Stilluppsteypa |
| 18.40-19.20 | Úlpa |
| 19.40-21.10 | Johnny Sexual |
| 20.30-21.10 | Kimono |
| 21.30-22.10 | Jeff Who? |
| 22.30-23.20 | Leaves |
| 23.50-01.00 | Supergrass |

**SUNNUDAGUR**

| | |
|---|---|
| 15.30-16.00 | Nortón |
| 16.10-16.40 | Hermigervill |
| 17.00-17.20 | Forgotten Lores |
| 17.30-18.00 | Hairdoctor |
| 18.20-19.00 | Flís & Bogomil Font |
| 19.20-20.20 | Kid Carpet |
| 20.40-21.30 | Dr. Spock |
| 21.40-22.20 | Ghostigital |
| 22.40-23.40 | ESG |
| 23.40-00.20 | President Bongo |
| 00.20-01.00 | Trabant |



**TRABANT** Er á leiðinni til Rússlands og Spánar en spilar fyrst á Reykjavík Trópík.



**SUPERGRASS** Breska hljómsveitin Supergrass spilar í beinni útsendingu á Rás 2 á laugardagskvöld.

# Supergrass í beinni

Rás 2 mun senda beint út frá tónlistarhátíðinni Reykjavík Trópík næstkomandi laugardagskvöld. Þá spila hljómsveitirnar Supergrass, Leaves, Jeff Who?, Kimono og Hairdoctor.

Þátturinn Poppland mun jafnframt hita upp fyrir Reykjavík Trópík á föstudag, en fyrstu hljómsveitirnar koma á svið skömmu eftir að þættinum lýkur. Tónleikahátíðin verður haldin í 2000-manna sirkustjaldi fyrir framan aðalbyggingu Háskóla Íslands frá föstudegi til sunnudags.



## Ragnhildur til Danmörku

Skyttan Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir úr Haukum hefur samið við danska liðið Skive sem leikur í næstefstu deild. Ragnhildur skoraði að meðaltali 3,6 mörk fyrir Hauka í DHL-deild kvenna en samningurinn við Skive er til tveggja ára.

**sport**

sport@frettabladid.is

HINN ÓTRÚLEGA FJÖLHÆFI HEIÐMAR FELIXSON: SPILAR KNATTSPYRNU MEÐ ÞÓR Í SUMAR

# *Maður hefur fótboltann í sér líka*

Heiðmar Felixson er ekkert á því að taka sér sumarfrí frá atvinnumennskunni í handboltanum en hann leikur með þýska liðinu Hannover-Burgdorf. Heiðmar er kominn hingað til lands og auk þess að starfa í lögreglunni á Dalvík spilar hann knattspyrnu með Þór í 1. deildinni í sumar.

„Maður hefur fótboltann í sér líka, ég fer þetta á stærðinni og hraðanum. Ég hef nánast aldrei hætt í fótbolta en það eru komin þrjú ár síðan ég var síðast í honum á fullu. Ég hlakka mikið til sumarsins með Þór og líst vel á þetta,“ sagði Heiðmar, en hann spilaði sinn fyrsta leik á miðvikudaginn þegar Þór vann Tindastól í VISA bikarnum, 6-1. Heiðmar skoraði eitt mark og lagði auk þess upp tvö.

Framtíð hans í handboltanum er öllu óskýrari en lið hans var á barmi gjaldþrots og leit út fyrir að allir leikmenn þyrftu að fara frá liðinu.

„Þetta lítur betur út núna, það eru komnir góðir peningar inn í klúbbinn en við missum reyndar Robertas Pauzuolis, okkar besta mann. Ég veit að ég get verið þarna áfram eins lengi og ég vil en hugurinn er farinn að stefna heim. Ég geri þó fastlega ráð fyrir því að ég klári þetta tímabil og komi síðan heim, enda á ég eitt ár eftir af samningnum. Ætli ég komi þá ekki heim og fari í fótboltann,“ sagði Heiðmar léttur í bragði en hann staðfesti að hann hefði talað við handknattleiksdeildir sinna gömlu liða, KA og Þórs.



Heiðmar er orðinn víðfrægur fyrir heimasíðu sína Heiðmar.de, sem hefur vakið athygli fyrir léttleika og skemmtilegheit og ber jafnan á góma samkeppni á milli hans og hins dýnamíska Loga Geirssonar, sem heldur uppi heimasíðunni logi-geirsson.de. „Ég er miklu betri en Logi! Neinei, við erum báðir góðir en síðurnar eru ekkert svipaðar,“ sagði Heiðmar, sem er með þrjá menn í því að uppfæra heimasíðuna, en uppstilltar myndir af honum hafa vakið hvað mesta lukku á síðunni.

## > Ólafur á heimaslóðir

Markvörðurinn Ólafur Gíslason hefur náð munnlegu samkomulagi við handknattleiksdeild Vals eftir árs dvöl hjá Pfadi Winterthur í Sviss. Ólafur er 25 ára en hann hóf ferilinn hjá Valsmönnum en lék svo með Aftureldingu og ÍR áður en hann hélt út. Hann er fjórði leikmaðurinn sem gengur til liðs við Val á skömmum tíma og á að veita Pálma Péturssyni samkeppni eftir að Hlynur Jóhannesson lagði skóna á hilluna. Ólafur og Markús Máni Michaelsson skrifa formlega undir hjá Val í næstu viku.





**TEKUR VÍTIN** Lampard heldur hlutverki sínu sem vítaskytta. NORDICPHOTOS/AFP

Frank Lampard, Englandi:

# Ég mun taka vítin áfram

**FÓTBOLTI** Frank Lampard, miðjumaður enska landsliðsins, segist ætla að halda áfram sem vítaskytta liðsins þrátt fyrir að hfa misnotað víti í æfingaleiknum gegn Ungverjalandi. Gabor Kiraly varði spyrnuna frá Lampard í 3-1 sigurleik enska liðsins en samt sem áður vill Lampard halda áfram að taka vítin. „Maður getur alltaf klúðrað einn daginn en samt sem áður vil ég halda áfram,“ segir Lampard en hann segist ekki hafa getað æft vítin af krafti að undanförnu þar sem hann hafi verið upptekinn við aðra hluti.

Annars er það að frétta úr herbúðum enska landsliðsins að Gary Neville missti af æfingu í gær vegna smávægilegra meiðsla. „Þetta er alls ekkert alvarlegt, bara smámunir eftir leikinn á þriðjudag. Hann verður orðinn klár í slaginn fyrir fyrsta leik,“ sagði talsmaður enska knattspyrnusambandsins.

- egm

# Fimm íþróttamenn styrktir

**Í gær voru undirritaðir samningar við fimm íþróttamenn um styrk fyrir Ólympíuleikana í Peking árið 2008. Ólafur Rafnsson, formaður ÍSÍ, segir að þetta gefi íþróttamönnunum gott tækifæri til að undirbúa sig sem best fyrir leikana.**

**ÍÞRÓTTASTYRKIR** Nú þegar 27 mánuðir eru í Ólympíuleikana í Peking er undirbúningur margra þegar hafinn. Ólympíusamhjálpin, sem er hluti af Alþjóða Ólympíunefndinni, hefur ákveðið að styrkja fimm unga íslenska íþróttamenn um 1.000 dollara hvern á mánuði fram að leikunum, sem nemur 72 þúsund krónum. Íþróttamennirnir fimm eru Ásdís Hjálmsdóttir, frjálsíþróttamaður, Björn Þorleifsson, taekwondomaður, sundkappinn Jakob Jóhann Sveinsson, Ragna Ingólfsdóttir, badmintonkona og Rúnar Alexandersson, fimleikamaður.

Styrkurinn er til viðbótar þeim styrkjum sem íþróttamennirnir fimm njóta nú þegar frá Afreksjóði ÍSÍ. Ásdís og Rúnar er fyrir á A-styrk, sem nemur 160.000 krónum á mánuði, Björn, Jakob Jóhann og Ragna eru á B-styrk, en hann nemur helmingi af A-styrk, 80 þúsund krónum.

„Þetta skapar krökkunum frábært tækifæri til að undirbúa sig með eðlilegum hætti fyrir Ólympíuleikana og til að ná þeim markmiðum sem þeir setja sér. Að byrja undirbúninginn svona snemma, mun fyrr en áður fyrr er að ég held að það sé í takti við þessa auknu þróun, það er komið meira um langtímamarkmið.

Hreyfingin er að verða mun faglegri en hún hefur verið áður, og ekki síst sérsamböndin sem eru



**SKRIFAÐU HÉRNA VINUR** Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, bendir Rúnari Alexanderssyni hvar hann á að skrifa undir í dag. Til vinstri er Ragna Ingólfsdóttir, badmintonkona og til hægri er Ólafur Rafnsson, nýkjörinn forseti ÍSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN

að standa að baki þessum áhorfendum,“ sagði Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, í gær.

Hann segir þó að þrátt fyrir fjárveitinguna verði ekki sett nein aukа pressa á styrkhafana fimm. „Ég sagði það í og með í gríni að við kölluðum eftir medalíum á leikunum. Ég held að það sé ekki bara vilji heldur einnig krafa og markmið íþróttamannanna. Við munum ekki skamma þau ef þau koma ekki heim með verðlaunapeninga um hálsinn, ég er viss um að þau muni gera sitt besta og það er það eina sem við förum fram á,“ sagði Ólafur, en greinilegt er að mikið verður lagt úr leikunum.

„Ólympíuleikar og heimsmeistaramót eru hámark hvers íþróttamanns og þetta er það stærsta hjá okkur á næstunni. Við erum að setja mikið púður í þetta og við munum beita öllum úrræðum sem við höfum til að leggja allt í leikana.

Þetta eru allt glæsilegir íþróttamenn og verðugir fulltrúar Íslands á leikunum og miðað við hvernig staðan er núna er ekki nokkur ástæða til annars en að vera fullur bjartsýni fyrir leikana,“ sagði Ólafur Rafnsson.

hjalti@frettabladid.is



**ÍSLANDSMEISTARI** Ragna með Íslandsmeistarabikarinn 2006 í höndunum en hann vann hún fyrir ekki alls löngu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Ragna Ingólfsdóttir:

# Ekki hægt án styrksins

**BADMINTON** „Ef ég fengi ekki styrkinn væri þetta ekki hægt, það er því varla hægt að lýsa því hversu mikilvægt þetta er,“ sagði Ragna Ingólfsdóttir, badmintonkona við styrkveitingu ÍSÍ í gær.

„Ég er í Evrópskri æfingaáætlun þar sem ég var valin ásamt tuttugu öðrum badmintonspilurum sem eiga góða möguleika á því að komast á leikana árið 2008 og þann hóp hitti ég nokkrum sinnum á ári. Annars verð ég að æfa mikið á Íslandi og fara út öðru hvoru til að taka þátt í mótum,“ sagði Ragna, sem hefur þegar sett sér markmið fyrir leikana í Kína.

„Ég vonast til að bæta metið á leikunum sem er einn sigur, það væri ekki leiðinlegt að ná í það minnsta tveimur, það er markmiðið núna,“ sagði Ragna glaðbeitt að lokum.

- hþh

Michael Ballack:

# Gagnrýnir Klinsmann

**FÓTBOLTI** Þýski landsliðsfyrirliðinn Michael Ballack gagnrýnir leikaðferð Jürgens Klinsmann, en nú er aðeins ein vika í heimsmeistaramótið í heimalandi þeirra kumpána. Ballack sagði að honum litist illa á að halda áfram að spila á sama hátt og Þjóðverjar gerðu í 2-2 jafnteflinu gegn Japönum í æfingaleik í vikunni.

„Jürgen Klinsmann hefur verið að búa til ungt og nýtt lið síðustu tvö ár en við erum alltaf að gera sömu mistökin og þurfum að styrkja vörnina til muna. Við sækjum mjög mikið og það sýndi sig gegn Japan að það þýðir að þegar við töpum boltanum, erum við í



**KLINSMANN** Fær það óþvegið frá landsliðsfyrirliða sínum. NORDICPHOTOS/AFP

miklum vandræðum. Við verðum að einbeita okkur að vörninni en ekki sókninni,“ sagði Ballack, sem hefur aldrei gagnrýnt Klinsmann áður.

„Þjálfarinn veit hvað ég er að hugsa og allir aðrir leikmenn gera það líka. Við höfum þegar talað um þetta, en það verður undir Klinsmann komið að ákveða hvað við gerum,“ sagði Ballack. - hþh






Halldór Ingólfsson, leikmaður Hauka í Hafnarfirði:

# Semur líklega við Stavanger Handball

**HANDBOLTI** Halldór Ingólfsson, leikmaður og aðstoðarþjálfari Hauka, mun að öllum líkindum semja við norska handknattleiksfélagið Stavanger Handball. Halldór hélt út í vikunni til viðræðna við félagið, sem gerði honum tilboð, en Halldór sendi þeim gagntilboð til baka.

„Ég er ekki búinn að skrifa undir en ég lagði fram mínar óskir og þeir munu senda mér annað tilboð um helgina. Þetta ætti að skýrast endanlega þá en það munaði ekki ýkja miklu á tilboðunum. Ég geri ráð fyrir því að þetta klárist og stefnum að því,“ sagði Halldór við Fréttablaðið í gær en hann var þá á heimleið frá Noregi.

„Þetta er gamall og fornfrægur klúbbur sem er að byggja upp um þessar mundir. Þeir hafa nokkrir leikmenn farið frá þeim og því er unnið hörðum höndum að því að styrkja liðið. Ég lagði fram mínar hugmyndir og hlustaði á þeirra,“ sagði Halldór sem útilokaði að taka með sér leikmenn frá Haukum, en sagði að



**HALLDÓR** Er hugsaður fyrst og fremst sem þjálfari Stavanger en kæmi til með að spila eitthvað með liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

íslenskir leikmenn kæmu alveg eins til greina ef sú staða kæmi upp.

Halldór stjórnaði æfingu hjá liðinu og fékk forsmekkinn af því sem koma skal hjá liðinu, ef hann tæki við. „Það voru ágætis strákar í liðinu en það vantaði kannski leikmenn sem sköruðu framúr,“ sagði Halldór, sem talar ágæta norsku sem gerir honum auðveldara fyrir en ella. - hþh



**Á BOGAHESTINUM** Rúnar er hér í æfingum sínum á bogahesti á Ólympíuleikunum í Aþenu 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Rúnar Alexandersson:

# Æfir með þeim bestu í Riga

**FIMLEIKAR** Fimleikakappinn Rúnar Alexandersson var í skýjunum með styrkinn sem hann fékk frá ÍSÍ í gær. „Með þessum styrk get ég farið á fleiri mót erlendis og það gefur mér kleift að æfa enn meira. Ég er að æfa þrekið á fullu þessa dagana og er aðallega að æfa í Riga í Lettlandi, þar sem einn af Ólympíumeisturum í gólfæfingum er einnig við æfingar. Ég er því að æfa við topp aðstæður með topp íþróttamönnum,“ sagði Rúnar.

„Það er heimsmeistaramót í Danmörku í október og undankeppnin fyrir Ólympíuleikana er svo í byrjun næsta árs. Vonandi tekst mér að vinna mér inn sæti á leikunum árið 2008 þar,“ sagði Rúnar.

- hþh




**FÓTBOLTASUMARIÐ 2006** Aldrei verið veglegra.

Fótboltasumarið 2006:

## Fullt blað af fróðleik

**FÓTBOLTI** Sem fyrr kemur hið veglega blað Fótboltasumarið út í upphafi knattspyrnuvertíðar. Það er óvenju glæsilegt í ár eða 164 síður og stútfullt af upplýsingum og fróðleik um íslenska fótboltann og Landsbankadeildirnar. Blaðið er einnig veglega myndskreytt með stórum myndum.

Einnig er að finna í blaðinu samantekt um dómgæslu og dómarana sem dæma í Landsbankadeildinni. Svo eru rifjuð upp áhugaverð atvik í boltanum á síðustu árum og svo ryðjast nokkrir pistlahöfundar fram á ritvöllinn og tjá sig um boltann og íslenskt knattspyrnulíf.

Blaðið er gefið út í 25 þúsund eintökum og því er dreift frítt í útibúum Landsbankans sem og hjá félögunum í Landsbankadeildunum.

Skólamót Norðurlandanna:

## Sigur hjá Reykjavík

**FÓTBOLTI** Reykjavík sigraði á skólamóti höfuðborga Norðurlandanna sem fram fór í Helsinki í Finnlandi. Liðin voru skipuð strákum fæddum 1992. Reykjavíkurúrvalið vann heimamenn 4-1 í gær og tryggði sér þar með sigur á mótinu. Rúrik Andri Þorfinnsson úr Fram skoraði þrennu í leiknum en fyrr um daginn gerði liðið 1-1 jafntefli gegn Stokkhólmsliðinu og skoraði Ingólfur Sigurðsson úr Val eina mark Íslendinga.

Á fyrri degi mótsins unnu Íslendingar Óslóarliðið 5-1 og þá burstuðu strákarnir liðið frá Kaupmannahöfn 12-2. Reykjavík varð í fyrsta sæti á betri markatölu en Stokkhólmur en í jafnteflisleiknum milli liðanna höfðu reykvísku strákarnir mikla yfirburði og voru óheppnir vinna ekki leikinn.

- egm

Detroit Pistons heldur enn í vonina eftir að það minnkaði muninn gegn hinu sterka liði Miami Heat:

# Detroit Pistons neitar að leggjast niður og gefast upp

**NBA** Leikmenn Detroit Pistons sýndu að þeir eru hvergi nærri hættir og ekki enn farnir að hugsa um komandi sumarfrí. Þeir lögðu Miami Heat í fyrrinótt, 91-78, á heimavelli í fimmtu viðureign liðanna í úrslitum austurdeildarinnar.

Tayshaun Prince fór mikinn í liði Detroit og skoraði 29 stig en eftir jafnan fyrri hálfleik, þar sem staðan var 47-43, tók Detroit að sigla fram úr í þeim síðari. Miamiliðið missti dampinn og fór illa að ráði sínu í lokaleikhlutanum þar sem aðeins voru skoruð þrettán stig, og brenndi liðið meðal annars af níu síðustu skotum sínum í leiknum.

Ekki er hægt að segja að sagan sé á bandi Detroit, því lið sem hafa lent 3-1 undir í átta liða- og undanúrslitum NBA á undanförnum árum hafa tapað slíkum einvígjum í 40 af síðustu 43 skiptum – og þar af þeim 16 síðustu í röð.

„Við mættum bara dýrvitlausir til leiks eins og við vorum búnir að lofa,“ sagði Chauncey Billups hjá Detroit eftir leikinn. „Nú er pressan að færast aðeins yfir á þá, því þeir vilja auðvitað tjalda öllu til í næsta leik – enginn vill koma hingað í oddaleik,“ sagði Billups, en Dwayne Wade, stigahæsti maður Miami í leiknum með 23 stig, var ekki alveg sammála.

„Það er engin pressa á okkur. Við viljum auðvitað klára dæmið á heimavelli, en pressan er öll á þeim – það eru þeir sem eru tvöfaldir austurdeildarmeistarar,“ sagði Wade.

- hþh



**EINKENNANDI** Myndin sýnir James Posey reyna sig gegn feikisterkri vörn Detroit, sem Miami átti í stökustu vandræðum með. NORDICPHOTOS/AFP


# Norður Evrópumótið í borðtennis 2006

**TBR ÍÞRÓTTAHÚSINU við GNOÐARVOG**

**2006 North European Table Tennis Championships**

**Reykjavík, Iceland, 2-4 June TBR SPORT CENTER – GNODARVOGUR 1**




**FRIDAY 2 JUNE 2006 / FÖSTUDAGUR 2. JÚNÍ 2006:**

| | | |
|---|---|---|
| 09:30-19:00 | Team Events and Mixed Doubles. | Liðakeppni og tvenndarkeppni. |

**SATURDAY 3 JUNE 2006 / LAUGARDAGUR 3. JÚNÍ 2006:**

| | | |
|---|---|---|
| 09:00-17:00 | Team Events, Singles and Doubles | Liðakeppni, einliða- og tvíliðaleikur. |
| 16:45-18:00 | Semi-final and Final: Mixed Doubles. | Undanúrslit og úrslit í tvenndarkeppni. |

**SUNDAY 4 JUNE 2006 / SUNNUDAGUR 4. JÚNÍ 2006:**

| | | |
|---|---|---|
| 10:00-10:45 | Semi-final: Men's and Women's Doubles. | Undanúrslit í tvíliðaleik karla og kvenna. |
| 10:45-11:30 | Semi-final: Men's and Women's Singles. | Undanúrslit í einliðaleik karla og kvenna. |
| 11:30-12:15 | Final: Men's and Women's Doubles. | Úrslit í tvíliðaleik karla og kvenna. |
| 12:15-13:50 | Final: Men's and Women's Singles. | Úrslit í einliðaleik karla og kvenna. |
| 13:00-14:00 | Winners Ceremony. | Verðlaunaafhending. |

Margar gerðir af **ljósum!**



RAFSÓL
Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is







Hinn nýi forseti ítalska knattspyrnusambandsins, Guido Rossi, opnar sig:

# Staða knattspyrnumála verri en ég hafði ímyndað mér

**FÓTBOLTI** Guido Rossi heitir maðurinn sem fær það vandasama verk að endurheimta orðspor ítalskrar knattspyrnu eftir stöðugar fréttir um svindl, mútur og ólögleg veðmál. Hann er nýtekinn við sem forseti knattspyrnusambandsins og hann játar að staðan sé verri en hann hafði ímyndað sér.

„Ég átti ekki von á því að staðan væri svona rosalega slæm. Það er ómögulegt að bæta fyrir þennan skaða og við verðum að byggja upp orðsporið á nýjan leik," sagði Rossi sem vonar að ítalska landsliðið í knattspyrnu fái að vera í friði á HM vegna málsins.

Rossi hitti Marcello Lippi landsliðsþjálfara að máli á dögunum til að fara yfir stöðu mála í ítalskri knattspyrnu en fastlega má reikna með því að Ítalir verði í mörg ár að hreinsa mannorð fótboltaheimsins.


**NÓG AÐ GERA** Guido Rossi fær að vinna fyrir kaupinu sínu næstu árin.

# Launakostnaður minnkar

**Samkvæmt nýrri skýrslu fara laun knattspyrnumanna lækkandi á ný. Fjárhagsstaða liða fer batnandi samfara því og á sú þróun eftir að halda áfram.**

**FÓTBOLTI** Laun leikmanna í ensku úrvalsdeildinni eru nú loksins farin að lækka hægt og bítandi eftir stöðuga hækkun í áratug. Frakkinn Thierry Henry er kannski ekki farinn að finna fyrir þessari lækkun en flestir aðrir leikmenn í deildinni sjá laun sín lækka lítillega eftir að veski þeirra var farið að þenjast óhemju mikið út. Þetta er gleðiefni fyrir fótboltaheiminn en fjárhagsstaða félagsliða fer batnandi.

Nýr samningur Henry við Arsenal færir honum um 130.000 pund í vikulaun og Michael Ballack, landsliðsfyrirliði Þýskalands, verður með eitthvað svipað hjá Chelsea eftir heimsmeistaramótinu lýkur. Samanlagður launakostnaður í deildinni lækkaði um heil þrjú prósent tímabilið 2004/05 samkvæmt skýrslu sem gefin var út í gær. Annars staðar í Evrópu fer launakostnaður einnig lækkandi og fór hann niður um tvö prósent á Ítalíu.

Dan Jones, hjá endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte, segir þetta mjög jákvæða þróun á viðskiptahlið fótboltans. „Síðasta áratug höfum við séð laun í ensku úrvalsdeildinni fara yfir öll mörk og hækka um að meðaltali tuttugu prósent milli ára. Nú er að komast á meira jafnvægi milli innkomu og útgjalda, ekki bara í Englandi heldur í allri Evrópu. Ástandið virðist vera mun betra en það var fyrir fimm árum," sagði Jones.

Fjárhagur liða á Englandi er bestur af öllum þjóðum Evrópu þó ástandið fari ört batnandi á Ítalíu og Þýskalandi. Tekjur liðanna í Bundesligunni og Seríu-A hefur hækkað um sautján og sextán prósent en samkvæmt skýrslunni er forysta Englands á peningalista Evrópu afgerandi.

„Tekjumöguleikar enskra liða virðast vera meiri en í öðrum deildum í Evrópu. Það má fastlega reikna með að fjárhagsstaða liða í úrvalsdeildinni eigi eftir að styrkjast enn frekar á komandi árum. Sumir héldu að launakostnaður myndi halda áfram að hækka endalaust en nú hefur annað komið í ljós, toppnum hefur verið náð," sagði Alan Switzer, einn af sérfræðingum Deloitte.

- egm


**ÚT OG INN** Michael Ballack mun fá góð laun hjá Chelsea sem að sama skapi fær háar fjárhæðir úr sjónvarpssamningum. NORDICPHOTOS/AFP

BBC flettir ofan af enska knattspyrnuliðinu Arsenal:

# Arsenal gæti misst sæti sitt í meistaradeild Evrópu

**FÓTBOLTI** Fréttaskýringaþátturinn „Newsnight" varpaði sprengju inn í breskt knattspyrnulíf í gærkvöldi með innslagi sínu um enska félagið Arsenal. Ef innslag þáttarins á við rök að styðjast er ljóst að Arsenal hefur brotið lög alþjóða knattspyrnusambandsins, FIFA, og gæti átt yfir höfði sér harða refsingu. Brottvikning úr meistaradeildinni er möguleg refsing.

Þátturinn greindi frá því að lögreglurannsókn í Belgíu hefði leitt í ljós að Arsenal hefði lagt eina milljón punda í belgíska félagið Beveren. Arsenal neitar ásökunum og segist ekki hafa sett krónu í félagið. BBC hefur aftur á móti undir höndum gögn frá rannsóknaraðilum sem þeir segja sanna sitt mál.

Arsenal á að hafa lagt peningana inn hjá Beveren árið 2001 er liðið var í miklum fjárhagsörðugleikum og félagið neitaði ávallt að greina frá því hvaðan það hefði fengið pening. Á sama tíma losaði félagið sig við flesta belgíska leikmenn félagsins á kostnað leikmanna frá Fílabeinsströndinni. Belgísk yfirvöld töldu í fyrstu að þarna væri mafían að verki og var því nokkuð brugðið er þeir komust að því að peningarnir væru ættaðir frá Arsenal.

Beveren og Arsenal hafa verið í samstarfi á undanförnum árum um að spila æfingaleiki og lána leikmenn en Arsenal hefur ávallt neitað að hafa lagt peninga í félagið. Belgísk yfirvöld sögðu enn fremur í skýrslu að ákveðið hefði verið að fara í viðskiptin þar sem Arsene Wenger, stjóri Arsenal, og Jean Marc Guillou, framkvæmdastjóri Beveren, ættu í mjög góðum samskiptum. Sýndir hafa verið samningar sem David Dein, yfirmaður knattspyrnumála hjá Arsenal, hefur skrifað undir og eigi að sanna sekt Arsenal í málinu.

Arsenal sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem félagið hafnar því að hafa nokkurn tímann átt eitthvað í félaginu. Félagið viðurkennir þó að hafa sett peninga í Beveren árið 2001 en það hafi eingöngu verið að ná til að hjálpa félaginu að ná fjárhagslegum stöðugleika.

- hbg


**DAVID DEIN** Öll spjót standa nú að yfirmanni knattspyrnumála hjá Arsenal.




# HVER ER AYAAN HIRSI ALI?

–þú veist það ef þú lest Fréttablaðið

FRÉTTABLAÐIÐ

– Vel lesið!

Fiton/SIA



**ÍSLENSK BÓK Á ENSKU** Bókaútgáfan Hólar er búin að gefa út tilvitnanabók á ensku á Íslandi.

Hvað sögðu Rauðu djöflarnir?

## Tilvitnanabók um Man. Utd

**FÓTBOLTI** Bókaútgáfan Hólar hefur gefið út bókina „What the Red Devils said“ en hún er tileinkuð minningu knattspyrnugoðsagnarinnar George Best.

Bókin inniheldur tilvitnanir framkvæmdastjóra og leikmanna Man. Utd hver um annan í gegnum tíðina. Nægir þar að nefna menn eins og Sir Alex Ferguson, David Beckham og Eric Cantona.

Bókin er á ensku og það var Guðjón Ingi Eiríksson sem safnaði saman tilvitnunum.

Cesc Fabregas:

## Við getum unnið HM

**FÓTBOLTI** Cesc Fabregas, miðjumaður Spánverja, segir að liðið geti vel unnið HM í sumar. Fabregas gæti fengið sæti í byrjunarliðinu þegar Spánn mætir Úkraínu 14. júní.

„Markmiðið okkar er á endanum, alltaf að vinna mótið og við getum það vel. Eins og ég hef sagt áður þá verður það reyndar mjög erfitt, við erum með mjög ungt lið. Fyrir marga okkar er þetta okkar fyrsta stórmót en það þýðir ekki að við séum alveg reynslulausir, við höfum margir hverjir mikla reynslu frá klúbbunum okkar og við spilum fyrir stór lið,“ sagði Fabregas. **- hþh**

# Ísland í vandræðum með Andorra

Íslenska U21 landsliðið er komið í undankeppni Evrópumótsins eftir að hafa náð að leggja Andorra að velli, 2-0, í tveimur leikjum í forkeppni. Strákarnir sýndu þó engan stjörnuleik enda erfitt gegn liði sem er eins varnarsinnað og Andorra. Sigurinn skipti þó vissulega öllu þegar upp er staðið.



**ELTINGARLEIKUR** Íslensku strákarnir máttu hafa vel fyrir hlutunum í gær og fór oft góður tími í að elta boltann uppi en hér er það Húsvíkingurinn Pálmi Rafn Pálmason sem skeiðar á eftir knettinum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**FÓTBOLTI** Íslenska U21 landsliðið þurfti að taka á honum stóra sínum til að ryðja Andorra úr vegi á leið sinni í undankeppni Evrópumótsins, Fyrri leikurinn ytra endaði með markalausu jafntefli en Ísland náði að setja tvö mörk á Andorra á Akranesi í gær.

Guðjón Baldvinsson, leikmaður Stjörnunnar, fékk tvö bestu færin í fyrri hálfleiknum. Eftir aðeins þrjár mínútur náði varnarmaður Andorra með naumindum að bjarga á marklínu frá Guðjóni og þegar rúmar fimm mínútur voru eftir af hálfleiknum fékk hann sannkallað dauðafæri. Emil Hallfreðsson gerði vel á vinstri vængnum og renndi boltanum á Guðjón sem skaut hins vegar lausu skoti beint á markvörð gestana, fór illa með ansi gott tækifæri.

Andorra lagði áherslu á varnarleikinn en besta færið sem liðið fékk í fyrri hálfleik kom eftir mistök frá Hrafni Davíðssyni, markverði Íslands, sem náði síðan að bjarga andlitinu. Oft á tíðum var mikill atgangur í vítateig Andorra en það gekk ekki að koma boltanum í netið og staðan markalaus í leikhléi.



**ÁHYGGJUFULLIR ÞJÁLFARAR** Lúkas Kostic og aðstoðarmaður hans, Magnús Gylfason, voru oft þungir á brún í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Seinni hálfleikurinn fór ansi rólega af stað og illa gekk hjá íslenska liðinu að skapa sér færi allt fram á 65. mínútu. Þá kom stórskotahríð að markinu en á einhvern óskiljanlegan hátt tókst gestunum að koma í veg fyrir mark. Þeir náðu síðan að snúa vörn í sókn skömmu síðar og fengu óvænt mjög gott færi en skotið framhjá.

Lið Andorra spilaði með öfluga varnarmúr og notaði hvert einasta tækifæri til að tefja leikinn og fór það mikið í taugarnar á leikmönnum íslenska liðsins. Það var loksins á 80. mínútu sem tókst að brjóta ísinn en þá fékk Ísland vítaspyrnu eftir að brotið var á Bjarna Þór Viðarssyni og Emil Hallfreðsson skoraði af öryggi. Eftir þetta var aldrei spurning hvoru megin sigurinn yrði og Rúrik Gíslason, leikmaður Charlton, bætti við öðru marki í uppbótartíma eftir að Theódór Elmar Bjarnason gaf á hann.

„Þessi leikur var bara framlenging á því sem gerðist í Andorra. Flæðið í okkar spili var ekki nægilega gott í fyrri hálfleik en það er ljóst að við áttum að skora miklu fyrr. Guðjón sagði við mig að hann hefði átt að skora sex mörk og það segir sitt,“ sagði Lúkas Kostic, þjálfari U21 landsliðsins, eftir leikinn. „Það er erfitt að spila á móti liði sem liggur svona rosalega í vörn, þeir gera allt til að drepa tempóið í leiknum og komust upp með að liggja lengi þó að ekkert væri að þeim.“

Ísland mætir nú Austurríki úti þann 16. ágúst og svo Ítalíu heima þann 1. september í undankeppni EM. **elvar@frettabladid.is**






**HENRY** Fagnar hér marki sínu gegn Dönum í fyrradag. NORDICPHOTOS/AFP

Franski framherjinn frá Arsenal, Thierry Henry:

## Við getum enn bætt okkur

**FÓTBOLTI** Franski sóknarmaðurinn Thierry Henry segir að landsliðið geti enn bætt sig töluvert eftir 2-0 sigur gegn Dönum í æfingaleik. Henry skoraði fyrra markið en Silvain Wiltord það síðara úr vítaspyrnu en Frakkar vonast til að binda enda á HM martröðina frá 2002 þegar liðið fór í gegnum riðlakeppnina án þess að vinna leik og án þess að skora.

„Við vörðumst vel og sýndum skemmtilega takta í sókninni. Það er gaman að hafa spilað gegn sterku liði á borð við Danmörku, sem gekk frá okkur á HM 2002. Við héldum ró okkar og skoruðum á mikilvægum tímum sem gaf okkur færi á að slaka aðeins á, en við getum klárlega gert mun betur,“ sagði Henry, sem skoraði þarna sitt 32. mark, og færðist enn nær 41 marks meti Michel Platini.

„Það er mikilvægt fyrir alla að skora mörk fyrir HM. Mér er alveg sama um einhver met, ég fylgist ekkert með þeim,“ sagði þessi magnaði Frakki. **- hþh**

Íslenskir kylfingar í eldlínunni erlendis:

## Misjafnt gengi hjá íslensku kylfingunum erlendis

**GOLF** Íslenskir kylfingar eru komnir á fullt og keppa víða þessa dagana. Birgir Leifur Hafþórsson datt úr keppni á áskorendamóti í Englandi þótt hann hafi bætt sig um tíu högg á milli hringja. Fyrri dagurinn hjá Birgi Leifi var mjög slakur og það felldi hann. Nokkrir Íslendingar taka síðan þátt á opna austurríska áhugamannamótinu og þar hefur Sigmundur Einar Másson leikið best en hann kom í hús á pari.

Úkraínski sóknarmaðurinn Andriy Shevchenko er genginn í raðir Chelsea:

# Dýrastur í sögu enska boltans

**FÓTBOLTI** Andriy Shevchenko er formlega orðinn leikmaður enska úrvalsdeildarliðsins Chelsea en hann skrifaði undir fjögurra ára samning við félagið á miðvikudagskvöld. „Ég lít á þetta sem mikla áskorun og hlakka til að reyna að sanna mig í þessari deild,“ sagði Shevchenko sem er dýrasti leikmaður í sögu Chelsea, keyptur á um 30 milljónir punda frá ítalska liðinu AC Milan. Hann er einnig sá dýrasti í sögu ensku úrvalsdeildarinnar.

„Ég fer frá einu stórliði til annars og er kominn í hóp með meisturum. Ég held að ég sé kominn hingað á réttum tíma. Það er raunhæft markmið að sigra í meistaradeildinni á næsta tímabili en það er margt annað sem skiptir máli. Félagið stefnir á að vinna enska meistaratitilinn þriðja árið í röð og mér líkar vel við það að í Chelsea er stefnt á sigur í öllum leikjum,“ sagði Shevchenko sem er 29 ára.

Shevchenko er frá Úkraínu og hefur sannað sig sem einn allra fremsti markaskorari samtímans. Hann hlaut gullknött Evrópu 2004 fyrir að vera valinn besti knattspyrnumaður Evrópu. Hann er markahæsti leikmaður meistaradeildarinnar frá upphafi og er svo sannarlega martröð varnarmannsins, er alltaf í toppformi og margir vilja meina að hann sé hættulegastur á lokamínútunum.

„Ef ég hefði hugsað um peningana þá hefði ég ekki komið hingað heldur verið áfram hjá Milan. Það er mér mikið gleðiefni að mál mín eru frágengin fyrir heimsmeistaramótið, nú get ég farið til Þýskalands sem stoltur leikmaður Chelsea,“ sagði Shevchenko sem hóf feril sinn hjá Dynamo í Kænugarði. Hann er þriðji leikmaðurinn sem Chelsea hefur keypt síðan tímabilinu lauk, fylgir Michael Ballack og Salomon Kalou. Þá ætlar Jose Mourinho að krækja í brasilíska bakvörðinn Roberto Carlos frá Real Madrid og portúgalska markvörðinn Hilario.

- egm



**TIL CHELSEA** Shevchenko er hér í leik með AC Milan gegn Chelsea árið 1999 en hann er nú kominn í búning Chelsea. NORDICPHOTOS/AFP



**CAPELLO** Hefði án efa áhuga á því að fara til Spánar ef hann færi frá Juventus. NORDICPHOTOS/AFP

Fabio Capello:

## Á leiðinni til Real Madrid?

**FÓTBOLTI** Miklar líkur eru taldar á því að Fabio Capello snúi baki við vandræðum Juventus og taki við Real Madrid. Capello fór á fund með forráðamönnum Juventus í gær, en ekkert hefur verið gefið upp hvað gerðist þar.

Capello sást á fundi með Ramon Calderon í vikunni en hann er í framboði til forseta Madrídarliðsins. Sá síðarnefndi hefur lofað því að ef hann verði kjörinn, muni hann ráða Capello til sín. Þjálfarinn viðurkenndi að hafa setið fundinn, en neitaði að greina nánar frá málum.

Real Madrid hefur enn ekki ráðið nýjan knattspyrnustjóra en eftir yfirvofandi forsetakosningar hjá klúbbnum, ætti málið að skýrast á næstu vikum.

- hþh

Fortune á leið frá United:

## Fortune ræðir við Celtic

**FÓTBOLTI** Suður-Afríski landsliðsmaðurinn Quinton Fortune á í viðræðum við skosku meistarana í Glasgow Celtic. Þessi 29 ára leikmaður var látinn á frjálsa sölu hjá Manchester United en honum tókst ekki að vinna sér inn fast sæti hjá liðinu vegna meiðsla í hné.

Fortune getur spilað á miðjunni eða sem vinstri bakvörður en Bolton Wanderers og Manchester City hafa einnig áhuga á að fá hann. „Ég vil fara að spila reglulega á ný og er nokkuð spenntur fyrir Celtic. Roy Keane hefur lagt inn gott orð en ég mun líka skoða aðra möguleika,“ sagði Fortune.

- egm






## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I can hip-hop, be-bop, dance till ya drop, and yo yo yo, make a mean cup of coco.“**

Svar: Mrs. Doubtfire úr Mrs. Doubtfire frá 1993.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: BERGSTEINN SIGURÐSSON LÆTUR HRÆÐA ÚR SÉR LÍFTÓRUNA

# Draugabanar og týndar sálir

Stöð tvö sýndi í vetur frábæra breska þætti þar sem miðill vopnaður myndavél reynir að afhjúpa drauga og forynjur í hinum og þessum krummaskuðum á Bretlandseyjum.

Sá ófreski er vörpulegur karlmaður á miðjum aldri, Derek að nafni ef ég man rétt, reyndar full metró fyrir minn smekk með eyrnalokka og aflitað ár. Honum fylgir hersing fólks, sumir halda á myndavélum en aðrir fylgja með til að sannreyna reimleikann, þar á meðal „víðsýnn efasemdamaður“, eins og það er orðað. Yfirleitt fær teymið boð frá kráareigendum í hinum og þessum afdölum sem eru að missa alla kúnnana sökum draugagangs. Derek mætir þá á svæðið og þræðir myrkvaða ganga með næturmyndavél og er ekki að sökum að spyrja að ýmislegt leynist í myrkrinu.

Skrípin eru af öllum sortum; oftar en ekki löngu dauðir morðingjar hvers sálir eru svo eitraðar að þær geta ekki horfið frá jarðvist sinni og eru til ama.



**JIM MORRISON** Vofa hans lét öllum illum látum.

Stundum tóku þau sér bólfestu í Derek sem fór þá í trans og lét öllum illum látum, áður en hann yfirbugaði drauginn og særði hann í burtu með töfraþulu. Á meðan fylgdist furðulostið fylgdarliðið með öllu saman og hrekkur í kút við hvert þrusk og marr í gólffjölum og hurðum.

Bandaríkjamenn eru að sjálfsögðu búnir að apa þáttinn upp, en þeir láta sér ekki nægja hvaða drauga sem er heldur leita eingöngu að framliðnum sálum Hollywod-leikara og rokkstjarna og flakka jafnvel um allan heim í þeim tilgangi. Í Bandaríkjunum er allt stærra en annars staðar og miklu meira fútt í draugunum þar vestra en kollegum þeirra á Bretlandi. Um daginn sá ég þátt þar sem Jim Morrison braut allt og bramlaði og hrinti manni og öðrum.

Þrátt fyrir hasarinn hafa bandarísku þættirnir ekki roð við bresku fyrirmyndinni því Derek er illu heilli víðs fjarri.



▶ 21.55 *Spenna*

OUT OF SIGHT



▶ 20.30 *Gaman*

TWO AND A HALF MEN



▶ 20.30 *Gaman*

STACKED



▶ 19.00 *Gaman*

FRASIER



▶ 21.10 *Skýringar*

48 HOURS

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Ævintýri H.C. Andersen (13:26)

**18.30** **Ungar ofurhetjur (7:26)** (Teen Titans II)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljós**
**20.10** **Þrír menn og stúlkubarn** (3 Men and a Little Lady) Bandarísk bíómynd frá 1990. Sylvia er að flytjast til Englands og karlarnir þrír sem hafa fóstrað dóttur hennar eru ekki sáttir við það.
▶ **21.55** **Úr augsýn** (Out of Sight) Bankaræningi strýkur úr fangelsi og á í ástarsambandi við löggæslukonu sem er send á eftir honum. Leikstjóri er Steven Soderbergh og meðal leikenda eru George Clooney, Jennifer Lopez og Ving Rhames. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**23.55** Gullmót í frjálsum íþróttum **1.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah **10.20** My Wife and Kids **10.40** Alf **11.05** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Kóngur um stund **13.55** Blue Collar TV **14.20** 3rd Rock From the Sun **14.45** Punk'd **15.10** Arrested Development **15.35** Entourage **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.40** **Mr. Bean** (Herra Bean) Hinn eini sanni herra Bean snýr aftur í þessum kostulega gamanþætti.
**20.05** **Simpsons (18:21)**
▶ **20.30** **Two and a Half Men (9:24)** (Tveir og hálfur maður)
**20.55** **Stelpurnar (19:24)**
**21.20** **Beauty and the Geek 2 (1:9)** (Fríða og nördinn 2) Hér er á ferð önnur þáttaröð þessa stórsniðuga veruleikaþáttar.
**22.05** **The Clearing** (Uppgjörið) Vandaður spennutryllir með stórleikurunum Robert Redford, Helen Mirren og Willem Dafoe. Redford og Mirren leika hjón sem notið hafa mikillar velgengni í lífinu.

**23.35** Star Trek: Nemesis (Bönnuð börnum) **1.30** I Spy (B. börnum) **3.05** Bang, Bang, You're Dead (Bönnuð börnum) **4.35** Simpsons (18:21) **4.55** Mr. Bean **5.20** Fréttir og Ísland í dag

## SIRKUS TV

**18.30** **Fréttir NFS**
**19.00** **Ísland í dag**
**20.00** **Sirkus RVK (e)**
▶ **20.30** **Stacked (5:6) (e)** (Stacked) Skyler Dayton hefur fengið nóg af eilífum partíum og lélegu vali á karlmönnum. Hún er staðráðin í því að breyta lífsstíl sínum og fær óvænt atvinnutilboð.
**21.00** **Jake in Progress (2:13)** (Stand By Your Man) Bandarískur grínþáttur um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York.
**21.30** **Tívolí**
**22.00** **Supernatural (16:22) (e)** (Shadow) Yfirnáttúrulegir þættir af bestu gerð.
**22.45** **X-Files (e)** (Ráðgátur)

**23.30** Light It Up (Stranglega bönnuð börnum)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.20** Ripley's Believe it or not! (e) **16.05** Game tíví – lokaþáttur (e) **16.35** Dr. 90210 (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

▶ **19.00** **Frasier** Aðdáendur vandaðra gamanþátta þurfa ekki að örvænta, því um leið og fastagestir krárinnar í Boston eru kvaddir fylgjum við sálfræðingnum Frasier Crane áfram í hinum sprenghlægilegu þáttum Frasier.
**19.30** **Everybody loves Raymond (e)**
**20.00** **One Tree Hill** Ungstirnið Chad Michael Murray fer með aðalhlutverk í þessum dramatísku unglinga- og fjölskylduþáttum.
**21.00** **The Bachelorette III** Þriðja syrpa þessa vinsæla raunveruleikaþáttar.
**22.00** **Law & Order: Criminal Intent**
**22.50** **Uppistand 2006**

**23.00** The Dead Zone (e) **23.45** C.S.I: Miami (e) **0.30** Rockface (e) **1.20** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.50** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið fréttaviðtal. **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** 5fréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Ernir Rúnarsson Logi Bergmann Eiðsson, Edda Andrésdóttir o.fl.
**21.00** **Fréttir**
▶ **21.10** **48 Hours** (48 stundir) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður**

**23.30** Fréttavaktin fyrir hádegi **2.30** Fréttavaktin eftir hádegi

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Barber of Siberia **8.55** Thumbelina **10.20** Valerie Flake **12.00** Little Black Book **14.00** The Barber of Siberia **16.55** Thumbelina **18.20** Valerie Flake **20.00** **Little Black Book** (Svarta bókin) Rómantísk gamanmynd með Brittany Murphy í hlutverki ungrar forvitinnar konu. **22.00** **Broken Arrow** (Brotin ör) John Travolta og Christian Slater fara með aðalhlutverk í þessari háspennumynd leikstjórans Johns Woo. Söguþráðurinn er á þá leið að flugmaðurinn Vic og Riley félagi hans eru í leynilegri sendiför með kjarnaodda þegar vélinni er rænt. Riley áttar sig fljótlega á því að Vic stendur á bak við ránið og verður að beita öllu því sem hann hefur lært af Vic til að bjarga jörðinni frá tortímingu. Str. b. börnum. **0.00** Derailed (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** An American Rhapsody (Bönnuð börnum) **4.00** Broken Arrow (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** THS Tyra Banks **14.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **15.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **16.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **17.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Tori Spelling **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** THS Tyra Banks **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** THS Kate Moss **0.00** THS Tori Spelling **1.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **2.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15




## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Mr. Bean Stöð 2 kl. 19.40



### *Sprellarinn síkáti*

Hinn eini sanni herra Bean er einhver alvinsælasta grínpersóna sem Bretar hafa sent frá sér en þær eru þó fjölmargar. Þættirnir um hann og undarleg uppátæki hans verða til sýninga í allt sumar og ætti því öll fjölskyldan að kætasta. Í þessum allra fyrsta Mr. Bean þætti lendir hann í hremmingum í prófi, reynir að fara í sundskýlu án þess að afklæðast og verður sér til skammar í messu en allt eru þetta orðin sígild atriði í breskri grínsögu.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 8 | 7 | 5 | 1 | 2 | 3 | 6 | 4 |
| 4 | 3 | 6 | 8 | 9 | 7 | 2 | 1 | 5 |
| 5 | 7 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 |
| 6 | 9 | 8 | 2 | 5 | 4 | 7 | 3 | 1 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 5 | 8 | 2 | 9 |
| 8 | 4 | 9 | 6 | 2 | 3 | 1 | 5 | 7 |
| 7 | 2 | 5 | 9 | 8 | 1 | 6 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 6 | | | | | |
| | 1 | | | 5 | 9 | 6 | 7 | |
| 9 | 8 | | | | 4 | | | |
| | | | | | | 7 | | 4 |
| 1 | | | | | | | | 3 |
| 5 | | 2 | | | | | | |
| | | | 4 | | | | 9 | 1 |
| | 4 | 9 | 7 | 3 | | | 5 | |
| | | | | | 5 | | | |



▶ 21.30 *Spil*

WORLD POKER

sýn besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Gillette Sportpakkinn** (Gillette World Sport 2006)
**19.00 Motorworld**
**19.30 NBA úrslitakeppnin** (NBA Playoffs) Útsending frá leik Dallas og Phoenix í NBA úrslitakeppninni.
▶ **21.30 World Poker** (Heimsbikarinn í póker) Snjöllustu pókerspilarar veraldar koma saman á heimsmótaröðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins. Á seinni árum hefur póker átt miklum vinsældum að fagna víða um heim og kemur margt til.

**23.00** Sænsku nördarnir **0.00** NBA úrslitakeppnin

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Flakk **16.10** Veðurfregnir **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **18.50** Dánarfregnir og auglýsingar **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Innsta þrá í óskahöllum **21.55** Orð kvöldsins **22.10** Veðurfregnir **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson **12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis **18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður

VEGGFÓÐUR. tímarit
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS






TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í ÁSKRIFT MEÐ **30% AFSLÆTTI** Á AÐEINS **489 KR.** EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA GJÖF Í KAUPBÆTI




# GLÆNÝTT
## VEGGFÓÐUR ER KOMIÐ ÚT

- Birta Björnsdóttir fatahönnuður og Jón Páll listamaður í 100 ára gömlu húsi við Miðstræti
- Uppskrift af austurlensku partítjaldi og allt sem þig vantar til að gera garðinn frægan
- Rautt og bleikt þema
- Listrænt fúnkíshús við Vatnsenda
- Ofursvöl piparsveinaíbúð í 101 Reykjavík



## HRÓSIÐ ...

*fær Herdís Þorgeirsdóttir prófessor fyrir að standa glæsilega að ráðstefnunni Tengslanet III – Völd til kvenna.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR: HARPA PÉTURSDÓTTIR SLEIKIR SÓLINA Á SPÁNI

# *Stelpusól*

Á dögunum varð ég 25 ára. Mörgum finnst það stór biti að kyngja að vera orðinn hálfþrítugur og til að gera upplifunina bærilegri voru mínir nánustu svo sætir að halda veglega veislu mér til heiðurs. Nokkrar af mínu bestu vinkonum voru ennfremur svo óhemjusniðugar og sætar að gefa mér frábærustu afmælisgjöfina – vikuferð í sólina á Spáni.

Ég og tvær vinkonur mínar ákváðum að fara saman út í afslöppun, kokteildrykkju og sólbað í eitt stykki viku til að undirbúa okkur fyrir gott sumar á Íslandi. Við pökkuðum að sjálfsögðu öllum efnislitlu fötunum okkar niður, glamúrglingri, góðum bókum og tónlist til að geta átt sem bestar stundir saman. Að sjálfsögðu var ætlunin líka að borða góðan mat, drekka marga kokteila og hlæja óhemjumikið, en aðalatriðið var að við ætluðum að gera þetta þrjár saman.

Það fyndna er að allir karlmennirnir í kringum okkur tóku þessari ferð sem hömlulausum djammdaðursleiðangri. Karlmenn sjá svona ferðir iðulega fyrir sér í hillingum þar sem stelpurnar eru í víkulöngum koddaslag og bera olíu hver á aðra. Við komum að sjálfsögðu af fjöllum þar sem raunin er svo allt önnur. Auk þess erum við eiginlega of gamlar fyrir diskótek og höfum afskaplega takmarkaðan áhuga á öllum þessum Juan Carlosum og Raulum sem virðast vera á hverju strái, svo ekki sé minnst á Hanzana og Fredrichana.

Ég verð að viðurkenna að mér brá örlítið í brún þegar ég heyrði þetta. Af hverju ættum við að leita út fyrir landsteinana að karlmönnum þar sem hinn sanni fjársjóður er heima á Íslandi? Ég held að þetta sé frekar skýrt dæmi um muninn á hugsanagangi karla og kvenna. Það mætti halda að í hugum karlmanna sé tilgangurinn með svona ferð eingöngu sá að fleka blóðheitar spænskar stúlkur og hanga blekaðir á „untjs-untsj-klúbbum“. Hins vegar lítum við konur á ferðina sem endurnæringu, gæðastundir saman og erum hreint út sagt sjálfum okkur nógar! Við nýtum tímann vel til að haga okkur eins og kjánar fjarri athugulum augum föðurlandsins, þá sjaldan maður fær frí frá þeim!

Því miður verðum við að skemma fyrir ykkur karlmönnum þessa erkiímynd stelpuferðanna sem er límd í hausnum á ykkur. Við fáum alveg nóg af daðri og djammi heima! Alvöru íslenskir karlmenn eru mun merkilegri en tunguliprir latinogaurar sem afklæða okkur með augunum, flauta og kalla og eru allt of agressívir fyrir okkar smekk. Salud fyrir hinum íslenska karlmanni!





**LÁRÉTT**
**2** bera að garði **6** kringum **8** frostskemmd **9** kann **11** tveir eins **12** skordýr **14** nuddast **16** bardagi **17** sigti **18** niður **20** bor **21** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1** hryggdýr **3** klafi **4** land **5** einkar **7** álitinn **10** traust **13** framkoma **15** hnappur **16** flana **19** tveir eins.

**LAUSN:**

**LÁRÉTT:** **2** Koma, **6** Um, **8** Kal, **9** Get, **11** Ll, **12** Lirfa, **14** Núast, **16** At, **17** Sía, **18** Suð, **20** Al, **21** Arða. **LÓÐRÉTT:** **1** Fugl, **3** Ok, **4** Malasía, **5** All, **7** Meintur, **10** Trú, **13** Fas, **15** Tala, **16** Asa, **19** Ðð

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Edda Heiðrún Backman
2 30 ár
3 Steve Nash

allt bílar
Alla laugardaga

## STRÁKARNIR Á STÖÐ 2: FARA Í NÝ VERKEFNI EFTIR SUMARFRÍ

# Snúa aftur með nýja þætti í haust

„Strákarnir fara í sumarfrí í júlí og þegar þeir snúa aftur munu þeir einbeita sér að því að þróa ný verkefni sem þeir fara í hér á Stöð 2,“ segir Heimir Jónasson, dagskrárstjóri Stöðvar 2. Ákveðið hefur verið að hinir sívinsælu Strákar, Sverrir Sverrisson, Auðunn Blöndal og Pétur Jóhann Sigfússon, fari í ný verkefni með haustinu. Það þýðir að Strákarnir hætta í þeirri mynd sem verið hefur en strákarnir sjálfir munu halda áfram að birtast landsmönnum á skjánum.

Heimir segir að gerður hafi verið nýr samningur við Strákana fyrir nokkrum mánuðum þar sem gert var ráð fyrir að þeim gætu verið falin ný verkefni. Ákveðið hafi verið að nú væri rétti tíminn til að prófa eitthvað nýtt.

„Þetta er enn á of viðkvæmu stigi til að segja nákvæmlega hvað þeir munu taka sér fyrir hendur. Það eina sem ég get sagt er að ekki er víst að þeir þrír muni endilega vinna allir saman, þó að einhverjir þeirra kunni að gera það,“ segir Heimir.

Heimir segir ennfremur að ástæðan fyrir þessu sé ekki sú að áhorf á Strákana hafi minnkað. Það hafi þvert á móti aukist talsvert í síðustu fjölmiðlakönnun. „Þeir eldast eins og aðrir og vilja þroskast. Þeir eru líka búnir að taka allar áskoranir sem til eru. Við teljum einfaldlega að það sé betra að hætta á toppnum og gera eitthvað nýtt og spennandi í stað þess að strákarnir fái jafnvel leið hver á öðrum og þátturinn drabbist niður,“ segir Heimir.



**HEIMIR JÓNASSON** Felur Strákunum ný verkefni í haust.



**STRÁKARNIR** Stjórna nýjum þáttum á Stöð 2 í haust. Ekki er víst að þeir muni vinna allir saman. Sveppi segir þá sátta við breytingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Undir þetta tekur Sveppi, hann segir jákvætt að þeir séu enn mjög góðir vinir. „Við skiljum sáttir allir sem einn og þetta lítur allt mjög vel út,“ segir Sveppi.

Rétt eins og þegar þeir félagar hættu með 70 mínútur á Popptíví og færðu sig yfir á Stöð 2 munu þeir taka sér góðan tíma til að móta nýja þættina. Heimir fæst ekki til að upplýsa nánar um hvers konar þættir verður um að ræða, segir einfaldlega að það verði betra fyrir alla að stöðin bjóði upp á þrjár sprengjur í stað einnar. Talsverðar breytingar eru annars fyrirhugaðar á dagskrá Stöðvar 2 í haust að sögn Heimis. „Það verður fullt af nýjum eldflaugum sem við kynnum í sumar.“ **hdm@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Landsmenn munu eflaust sitja límdir við sjónvarpsskjáina í kvöld þegar Kastljósið verður sýnt í Ríkissjónvarpinu. Meðal gesta þáttarins í kvöld eru þeir **Bubbi Morthens** söngvari og **Eiríkur Jónsson** blaðamaður sem síðustu misserin hafa átt í harðvítugum deilum um skrif þess síðarnefnda um þann fyrrnefnda í Hér og nú og DV. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem Bubbi og Eiríkur hittast síðan deilur þeirra hófust á síðasta ári. Þátturinn var tekinn upp í gær og urðu starfsmenn RÚV varir við talsverða spennu þeirra á milli á meðan upptökurnar voru undirbúnar. Vel fór þó á með Bubba og Eiríki í þættinum, en samt ekki betur en svo að þeir tókust ekki í hendur í lok þáttarins.



Annars er sterkur orðrómur á kreiki um það að **Eiríkur Jónsson** muni koma til starfa á Séð og heyrt við hlið nýs ritstjóra, **Mikaels Torfasonar**. Góð vinátta er með þeim og má telja líklegt að Eiríki hugnist vel að starfa aftur við hlið Mikaels.



Þeir **Björn Ingi Hrafnsson** og **Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson** voru stoltir í bragði þegar þeir tilkynntu um nýtt meirihlutasamstarf í Reykjavík fyrir utan hús Vilhjálms í vikubyrjun. Einkunnarorð nýs meirihluta eru að þeir stundi athafnastjórnmál. Mörgum þeim sem fylgdust með fundi þeirra í sjónvarpinu þótti því skjóta nokkuð skökku við að sjá glitta í jólaskraut sem enn hékk utan á húsi Vilhjálms nú þegar sumarið er óneitanlega komið.
**- hdm**





Nýr humar, grillpinnar
sólþurrkaður saltfiskur

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

# Hundraðasta brúðkaupið

Elín María Björnsdóttir, stjórnandi Brúðkaupsþáttarins Já, fer í sumar í sitt eitt hundraðasta brúðkaup.

Þátturinn er að fara í gang í sjöunda sinn á Skjá einum og ávallt hefur Elín María verið við stjórnvölinn. Hún segist ekki hafa átt von á því að fara í svona mörg brúðkaup þegar þátturinn hóf göngu sína. „Það hvarflaði aldrei að mér. Þetta var áhugamál sem virkaði bara svona vel,“ segir Elín María. „Það hafa verið ótrúlegar viðtökur við þessum þætti og ég átti ekki von á að ég yrði ennþá í þessu. Þetta er bara mannlífsflóran og við erum að sýna hlutina eins og þeir eru,“ segir hún.

Nýja þáttaröðin verður í svipuðu formi og áður að sögn Elínar. „Auðvitað breytast þættirnir lítillega og við höfum alltaf komið með nýjungar en kjarninn virkar vel og þá erum við ekkert að breyta til.“

Elínu til halds og traust í sumar verða þau Sigríður Klingenberg, sr. Bjarni Karlsson og sr. Jóna Hrönn Bolladóttir með góð ráð fyrir þau pör sem ætla að ganga í það heilaga.

**-fb**



**ELÍN MARÍA BJÖRNSDÓTTIR** Elín María fer í sitt eitt hundraðasta brúðkaup í sumar.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS MAM 31712 06/2006

Mamma™






# Við

## ætlum að sjá um öll þægindi heimilisins

Hjá Mömmu er vöruframboðið einfalt. Hjá Mömmu bjóðast bestu kjörin og starfsfólk Mömmu kemur heim til þín, tengir, stillir og gerir það sem þarf að gera svo þú getir notið **sjónvarpsins, símtalsins, internetsins** og **öryggisins.**

Þegar framboðið af **sjónvarpi**, **síma**, **interneti** og **heimavörn** er orðið umfangsmikið og flókið er gott að geta leitað til Mömmu.

Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.

Mamma.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

**Roger Waters**
**www.midi.is**



**BAKÞANKAR**
ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTURS

## *Milljón Íslendingar*

Ég horfði á kvenréttindakonuna Germaine Greer í Kastljósinu fyrir nokkrum dögum. Þessi merkilega kona lýsti því meðal annars yfir í viðtalinu að hún væri í raun hissa á því að ungar konur kysu að eignast börn þar sem aðstæður til þess væru svo erfiðar nú.

**ÍSLENSKAR** konur standa sig vel þegar kemur að barneignum og eignast fleiri börn en konur í sumum Evrópulöndum. Íslendingum fjölgar á sama tíma og ákveðnar þjóðir glíma við fólksfækkun. Hér er atvinnuþátttaka kvenna sömuleiðis mjög mikil. Í raun er atvinnuþátttaka kvenna forsenda núverandi lífskjara hér á landi.

**AÐ** sumu leyti er staðan á Íslandi því nokkuð góð. En margt þarf að gera betur til þess að eðlilegt jafnvægi náist í lífi fjölskyldufólks. Og væri þá ekki skynsamleg nálgun að líta á barneignir sem fjárfestingu í stað þess að líta á fæðingarorlof, leikskóla og aðrar aðgerðir sem miða að því að létta undir með foreldrum, sem byrði fyrir samfélagið? Hér ríkir skilningur á því að fyrirtæki verði að búa við hagstæð skilyrði og sveigjanlegan markað til þess að standa undir því að skila af sér arði. Skilningurinn stafar sennilega ekki síst af því að allir telja sig græða á því ef atvinnulífið dafnar og af vitneskjunni um, að ef aðstæður eru óhagstæðar flytja fyrirtæki sig einfaldlega um set.

**VIÐMIÐIN** um starfsumhverfi ungra foreldra, og kannski sérstaklega mæðra, eru önnur. Við lítum ekki svo á að allir græði á að fólki fjölgi á landinu. Fjölgun er samt forsenda þess að samfélagið standi undir sér. Ef konur hætta að eignast börn tapa allir. Enn erum við föst með hugmyndir um að barneignir séu einkamál sem koma vinnuveitanda ekki við, hvað þá samfélaginu í heild. En barneignir eru auðvitað ekki einkamál. Og það er í raun furðulegt hve lítið menn tengja fólksfækkun við stöðu í jafnréttismálum.

**EINHVERN** tímann heyrði ég því haldið fram að Íslendingar þyrftu að vera um milljón talsins til þess að þjóðarbúið yrði hagkvæm rekstrareining. Við eigum auðvitað langt í land með það.

**OG** auðvitað getur það gerst hér, eins og annars staðar, að fólksfækkun verði niðurstaðan ef það ríkir ekki skilningur á því að ungt fólk verður að búa við hagstæð skilyrði og sveigjanleika til þess að það sjái sér fært að eignast börn. Og fjölga þjóðinni.

**Yfir 150.000 gestir daglega**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



## Þú átt ósýnilegan vin

Við stöndum vörð um virðingu og réttlæti á vinnumarkaði. Sem félagi í VR hefur þú aðgang að sérfræðingum í kjaramálum og reyndum lögfræðingum sem styðja þig ef ágreiningur verður við vinnuveitanda eða fyrirtækið sem þú vinnur hjá lendir í greiðsluerfiðleikum. Sérfræðingar okkar aðstoða einnig við gerð ráðningarsamninga og innheimtu launakrafna.

**Félagi í VR er aldrei einn í heiminum.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR